

Stjórnartíðindi

1988 - A-deild

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI

1988

A-DEILD



REYKJAVÍK — 1988
RÍKISPRENTSMÍÐJAN GUTENBERG

Útgefandi: Dómsmálaráðuneytið.

Efnisyfirlit

í tímaröð.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1	5. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum	1–6
2	5. jan.	Lög um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum	6–8
6	5. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum	21–22
8	5. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 84/1986, um breyting á lögum nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu	23
3	8. jan.	Lög um stjórn fiskveiða 1988–1990	9–14
7	8. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 38 5. maí 1986, um Útflutningsráð Íslands	22
4	11. jan.	Lög um útflutningsleyfi o.fl.	15
5	14. jan.	Lánsfjárlög fyrir árið 1988	16–20
9	18. jan.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	24
11	29. jan.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	29
10	10. mars	Lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988	25–29
12	15. mars	Auglýsing um breyting á viðauka I við lög nr. 55 30. mars 1987, tollalög sbr. lög nr. 96 31. desember 1987, um breyting á þeim lögum	30–37
15	15. mars	Lög um breyting á lögum nr. 19 4. nóvember 1887, um aðför	42–43
13	16. mars	Lög um aðgerðir í sjávarútvegi	38–39
16	28. mars	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	43
17	8. apríl	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	43
21	26. apríl	Lög um breyting á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978	53
82	2. maí	Þingsályktun um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis	212–215
18	5. maí	Lög um Háskólann á Akureyri	44–46
19	5. maí	Lög um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá	47–48
20	5. maí	Lög um brottfall ýmissa laga á sviði viðskiptamála	49–53
46	11. maí	Forsetabréf um þinglausnir	90
68	13. maí	Lög um breyting á lögum nr. 40/1976 um sálfræðinga	171
69	13. maí	Lög um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	172–173
22	16. maí	Lög um heimild fyrir Reykjavíkurborg til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnna Vatsenda í Kópavogskaupstað	54
23	16. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins	54–55

IV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
24	16. maí	Lög um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum	55
25	16. maí	Lög um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum	56
27	16. maí	Lög um heimild til hækkunar á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum	57
28	16. maí	Lög um breyting á lögum nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum 57	
30	16. maí	Lög um breyting á lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum	68–75
26	18. maí	Lög um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986	56
29	18. maí	Lög um Kennaraháskóla Íslands	58–67
31	18. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála	76
32	18. maí	Lög um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974	76
33	18. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum	77
34	18. maí	Lög um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks	78–79
35	18. maí	Lög um breyting á lögum nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun	79–80
36	18. maí	Lög um lögreglusamþykktir	80–81
45	18. maí	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 78/1979 fyrir Háskóla Íslands	90
52	18. maí	Lög um eiturefni og hættuleg efni	115–122
70	18. maí	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	173
37	19. maí	Lög um veitingu ríkisborgaréttar	82–83
38	19. maí	Lög um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum	83–84
41	19. maí	Lög um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974	87–88
48	19. maí	Lög um fangelsi og fangavist	92–97
49	19. maí	Lög um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971, með síðari breytingum	97
53	19. maí	Læknalög	123–128
54	19. maí	Lög um breyting á lögum um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, með síðari breytingum	129–137
57	19. maí	Lög um framhaldsskóla	149–158
58	19. maí	Lög um Listasafn Íslands	159–161
14	20. maí	Bráðabirgðalög um aðgerðir í efnahagsmálum	40–41
39	20. maí	Lög um bifreiðagjald	85–86
40	20. maí	Lög um heimild fyrir fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs til að selja fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34 og jarðhús í Ártúnsbrekku við Elliðaár	87
42	20. maí	Lög um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda	88

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
47	20. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar	91
55	20. maí	Lög um breytingu á vegalögum nr. 6 frá 25. mars 1977	137
56	20. maí	Lög um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum	138–148
59	20. maí	Lög um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 79 2. júlí 1985	162–163
61	20. maí	Lög um breytingu á lögum um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20 30. apríl 1986	164
67	20. maí	Lög um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu	170–171
50	24. maí	Lög um virðisaukaskatt	98–114
51	24. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum	114
60	24. maí	Lög um heimild til að selja hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu	163
62	24. maí	Lög um breytingu á umferðarlögum nr. 50 30. mars 1987	164–165
63	24. maí	Lög um breytingu á þinglýsingalögum nr. 39 10. maí 1978	166–167
64	24. maí	Lög um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976	167
65	24. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 37/ 1961, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum	168–179
66	24. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum	170
71	25. maí	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	174
72	25. maí	Auglýsing um þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir árin 1988–1991	174–180
73	30. maí	Auglýsing um þingsályktun um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1987–1990	181–190
43	31. maí	Auglýsing frá forsætisráðuneytinu	89
44	31. maí	Bráðabirgðalög um breytingu á bráðabirgðalögum nr. 14, 20. maí 1988, um aðgerðir í efnahagsmálum	89
75	8. júní	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum	192–194
76	3. júlí	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	194
77	9. júlí	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	194
80	10. júlí	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	196
78	27. júlí	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum	195–196
81	3. ágúst	Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit	197–212
79	5. ágúst	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	196
74	26. ágúst	Bráðabirgðalög um frestun á hækkun launa og búvöruverðs	191
83	28. sept.	Bráðabirgðalög um efnahagsaðgerðir	216–220
84	28. sept.	Auglýsing um skipting starfa ráðherra	221

VI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
85	28. sept.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 10. október 1988	222
86	28. sept.	Lög um Húsnæðisstofnun ríkisins	223–256
87	5. okt.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	256
88	9. okt.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	257
89	19. okt.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	257
90	27. okt.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	257
91	9. nóv.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	258
92	19. nóv.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	258
93	2. des.	Lög um breyting á lögum um getraunir, nr. 59/29. maí 1972	258
94	23. des.	Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1989 o. fl.	259
96	23. des.	Auglýsing um breyting á viðauka I við lög nr. 55, 30. mars 1987, tollalög, sbr. lög nr. 96/31. desember 1987, um breyting á þeim lögum	266–269
95	27. des.	Lög um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald	260–265
97	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 75/1987, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum	270–273
98	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum	273–274
99	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum	274–277
100	29. des.	Lög um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	276–278
101	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu 1988	278
102	29. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 96/1987, um breytingu á lögum nr. 55/30. mars 1987, tollalögum	279
103	29. des.	Lög um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988	279
104	29. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 8/1988, um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu	280
105	29. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum	280
106	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum, sbr. lög nr. 101/1987	281
107	29. des.	Lög um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 57/1988	281
108	29. des.	Lög um breytingu á lagaákvæðum og niðurfellingu laga vegna breytinga á skipan sveitarstjórnarmála samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986	282–291
109	29. des.	Lög um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988	291–292
110	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt	293
111	29. des.	Lög um veitingu ríkisborgaréttar	293–294

Yfirlit

eftir málaflokkum.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Alþingi.			
46	11. maí	Forsetabréf um þinglausnir	90
82	2. maí	Þingsályktun um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis .	212–215
85	28. sept.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 10. október 1988	222
Alþjóðastofnanir.			
27	16. maí	Lög um heimild til hækkunar á hlutafé Íslands í Alþjóðabank- anum	57
Atvinnuleysistryggingar, sjá Félagsmál.			
Atvinnuréttindi.			
47	20. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreið- ar	91
53	19. maí	Læknalög	123–128
68	13. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 40/1976 um sálfræðinga	171
Atvinnuvegir, sjá Iðnaður; Landbúnaður; Sjávarútvegur.			
Ábyrgðarheimildir, sjá Ríkisábyrgðir.			
Áfengismál.			
38	19. maí	Lög um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum	83–84
Bankamál.			
27	16. maí	Lög um heimild til hækkunar á hlutafé Íslands í Alþjóðabank- anum	57
Bifreiðar.			
39	20. maí	Lög um bifreiðagjald	85–86
47	20. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreið- ar	91
Bókhald.			
35	18. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun .	79–80

VIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
Bráðabirgðalög.			
14	20. maí	Bráðabirgðalög um aðgerðir í efnahagsmálum	40–41
44	31. maí	Bráðabirgðalög um breyting á bráðabirgðalögum nr. 14, 20. maí 1988, um aðgerðir í efnahagsmálum	89
74	26. ágúst	Bráðabirgðalög um frestun á hækkun launa og búvöruverðs	191
83	28. sept.	Bráðabirgðalög um efnahagsaðgerðir	216–220
Búnaðarmál, sjá Landbúnaður.			
Dómsmál.			
15	15. mars	Lög um breyting á lögum nr. 194. nóvember 1887, um aðför	42–43
31	18. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála	76
32	18. maí	Lög um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974	76
41	19. maí	Lög um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974	87–88
54	19. maí	Lög um breyting á lögum um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, með síðari breytingum	129–137
63	24. maí	Lög um breytingu á þinglýsingalögum nr. 39 10. maí 1978	166–167
82	2. maí	Þingsályktun um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis	212–215
Efnahagsmál.			
14	20. maí	Bráðabirgðalög um aðgerðir í efnahagsmálum	40–41
44	31. maí	Bráðabirgðalög um breyting á bráðabirgðalögum nr. 14, 20. maí 1988, um aðgerðir í efnahagsmálum	89
74	26. ágúst	Bráðabirgðalög um frestun á hækkun launa og búvöruverðs	191
83	28. sept.	Bráðabirgðalög um efnahagsaðgerðir	216–220
Endurskoðun, sjá Bókhald.			
Fangelsi.			
48	19. maí	Lög um fangelsi og fangavist	92–97
Fasteignir.			
40	20. maí	Lög um heimild fyrir fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs til að selja fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34 og jarðhús í Ártúnsbrekku við Elliðaár	87
Ferðamál.			
59	20. maí	Lög um breyting á lögum um skipulag ferðamála, nr. 79 2. júlí 1985	162–163
Félagsmál.			
23	16. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins	54–55

IX

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
24	16. maí	Lög um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum	55
25	16. maí	Lög um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum	56
34	18. maí	Lög um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks	78–79
56	20. maí	Lög um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum	138–148
86	28. sept.	Lög um Húsnæðisstofnun ríkisins	223–256
105	29. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum	280
109	29. des.	Lög um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988	291–292

Fiskveiðar, sjá Sjávarútvegur.**Fjárlög, ríkisreikningur.**

5	14. jan.	Lánsfjárlög fyrir árið 1988	16–20
10	10. mars	Lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988	25–29
94	23. des.	Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1989 o.fl.	259
101	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu 1988	278

Flugmál.

72	25. maí	Auglýsing um þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir árin 1988–1991	174–180
----	---------	--	---------

Forseti Íslands.

9	18. jan.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	24
11	29. jan.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	29
16	28. mars	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	43
17	8. apríl	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	43
70	18. maí	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	173
71	25. maí	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	174
76	3. júlí	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	194
77	9. júlí	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	194
79	5. ágúst	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	196
80	10. júlí	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	196
87	5. okt.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	256

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
88	9. okt.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	257
89	19. okt.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands .	257
90	27. okt.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	257
91	9. nóv.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands .	258
92	19. nóv.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	258
Getraunir.			
93	2. des.	Lög um breyting á lögum um getraunir, nr. 59/29. maí 1972 . .	258
Gjöld, sjá Skattar, gjöld.			
Háskóli Íslands.			
45	18. maí	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 78/1979 fyrir Háskóla Íslands	90
75	8. júní	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum	192–194
78	27. júlí	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum	195–196
Heilbrigðismál.			
8	5. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 84/1986, um breyting á lögum nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu	23
30	16. maí	Lög um breyting á lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum	68–75
53	19. maí	Læknalög	123–128
81	3. ágúst	Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit	197–212
103	29. des.	Lög um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988	279
104	29. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 8/1988, um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu	280
105	29. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum	280
Húsnæðismál.			
23	16. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins	54–55
24	16. maí	Lög um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum	55
25	16. maí	Lög um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum	56

XI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
56	20. maí	Lög um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum	138–148
86	28. sept.	Lög um Húsnæðisstofnun ríkisins	223–256
109	29. des.	Lög um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988	291–292
Iðnaður.			
21	26. apríl	Lög um breyting á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978	53
30	16. maí	Lög um breyting á lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum	68–75
Innflutningsmál.			
67	20. maí	Lög um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu	170–171
Jarðir.			
22	16. maí	Lög um heimild fyrir Reykjavíkurborg til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað	54
60	24. maí	Lög um heimild til að selja hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu	163
64	24. maí	Lög um breyting á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976	167
Kennarar, sjá Menntamál.			
Kópavogur.			
22	16. maí	Lög um heimild fyrir Reykjavíkurborg til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað	54
Landbúnaður.			
6	5. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum	21–22
51	24. maí	Lög um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum	114
74	26. ágúst	Bráðabirgðalög um frestun á hækkun launa og búvöruverðs	191
Launamál.			
14	20. maí	Bráðabirgðalög um aðgerðir í efnahagsmálum	40–41
74	26. ágúst	Bráðabirgðalög um frestun á hækkun launa og búvöruverðs	191
83	28. sept.	Bráðabirgðalög um efnahagsaðgerðir	216–220
Lántökur.			
94	23. des.	Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1989 o.fl.	259
101	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu 1988	278

Listir, sjá Menntamál.

XII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
Lögreglumál.			
36	18. maí	Lög um lögreglusamþykktir	80–81
Matvælaeftirlit.			
51	24. maí	Lög um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum . . .	114
Mengun, sjá Umhverfisvernd.			
Menntamál.			
18	5. maí	Lög um Háskólann á Akureyri	44–46
29	18. maí	Lög um Kennaraháskóla Íslands	58–67
57	19. maí	Lög um framhaldsskóla	149–158
58	19. maí	Lög um Listasafn Íslands	159–161
69	13. maí	Lög um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	172–173
107	29. des.	Lög um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 57/1988 . .	281
Ofbeldiskvikmyndir.			
106	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum, sbr. lög nr. 101/1987	281
Rannsóknir.			
69	13. maí	Lög um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	172–173
Ráðherrar, sjá Ríkisstjórn.			
Reykjavík.			
22	16. maí	Lög um heimild fyrir Reykjavíkurborg til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað	54
Réttarfar, sjá Dómsmál.			
Ríkisábyrgðir.			
65	24. maí	Lög um breyting á lögum nr. 37/ 1961, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum	168–179
Ríkisborgararéttur.			
37	19. maí	Lög um veitingu ríkisborgararéttar	82–83
111	29. des.	Lög um veitingu ríkisborgararéttar	293–294
Ríkisjarðir, sjá Jarðir.			
Ríkisreikningur, sjá Fjárlög, ríkisreikningur.			

XIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Ríkisstjórn.			
43	31. maí	Auglýsing frá forsætisráðuneytinu	89
84	28. sept.	Auglýsing um skipting starfa ráðherra	221
Ríkisstofnanir.			
7	8. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 38 5. maí 1986, um Útflutningsráð Íslands	22
35	18. maí	Lög um breyting á lögum nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun	79–80
61	20. maí	Lög um breytingu á lögum um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20 30. apríl 1986	164
Samgöngumál, sjá Bifreiðar; Flugmál; Siglingar, skip; Umferðarmál; Vegamál.			
Sálfræðingar.			
68	13. maí	Lög um breyting á lögum nr. 40/1976 um sálfræðinga	171
Siglingamálastofnun ríkisins.			
61	20. maí	Lög um breytingu á lögum um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20 30. apríl 1986	164
Siglingar, skip.			
61	20. maí	Lög um breytingu á lögum um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20 30. apríl 1986	164
Sjávarútvegur.			
3	8. jan.	Lög um stjórn fiskveiða 1988–1990	9–14
13	16. mars	Lög um aðgerðir í sjávarútvegi	38–39
34	18. maí	Lög um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks	78–79
83	28. sept.	Bráðabirgðalög um efnahagsaðgerðir	216–220
Sjóðir.			
19	5. maí	Lög um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá	47–48
Skattar, gjöld.			
1	5. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum	1–6
2	5. jan.	Lög um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum	6–8
10	10. mars	Lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988	25–29
12	15. mars	Auglýsing um breyting á viðauka I við lög nr. 55 30. mars 1987, tollalög sbr. lög nr. 96 31. desember 1987, um breyting á þeim lögum	30–37
13	16. mars	Lög um aðgerðir í sjávarútvegi	38–39

XIV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
28	16. maí	Lög um breyting á lögum nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum	57
33	18. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum	77
39	20. maí	Lög um bifreiðagjald	85–86
42	20. maí	Lög um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda	88
50	24. maí	Lög um virðisaukaskatt	98–114
66	24. maí	Lög um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum	170
95	27. des.	Lög um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald	260–265
96	23. des.	Auglýsing um breyting á viðauka I við lög nr. 55, 30. mars 1987, tollalög, sbr. lög nr. 96 31. desember 1987, um breyting á þeim lögum	266–269
97	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 75/1987, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum	270–273
98	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum	273–274
99	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum	274–27
100	29. des.	Lög um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði . . .	276–278
102	29. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 96/1987, um breytingu á lögum nr. 55 30. mars 1987, tollalögum	279
110	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt . . .	293

Skip, sjá Siglingar, skip.

Skólar, sjá Háskóli Íslands; Menntamál.

Sveitarstjórnarmál.

26	18. maí	Lög um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986	56
33	18. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum	77
36	18. maí	Lög um lögreglusamþykktir	80–81
49	19. maí	Lög um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971, með síðari breytingum	97
108	29. des.	Lög um breytingu á lagaákvæðum og niðurfellingu laga vegna breytinga á skipan sveitarstjórnarmála samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986	282–291

Tekjustofnar sveitarfélaga, sjá Skattar, gjöld; Sveitarstjórnarmál.

Tollamál, sjá Skattar, gjöld.

Umboðsmaður Alþingis.

82	2. maí	Pingsályktun um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis .	212–215
----	--------	---	---------

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Umferðarmál.			
62	24. maí	Lög um breyting á umferðarlögum nr. 50 30. mars 1987	164–165
Umhverfisvernd.			
30	16. maí	Lög um breyting á lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum	68–75
81	3. ágúst	Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit	197–212
Utanríkismál, sjá Alþjóðastofnanir.			
Útflutningur.			
4	11. jan.	Lög um útflutningsleyfi o. fl.	15
7	8. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 38 5. maí 1986, um Útflutningsráð Íslands	22
67	20. maí	Lög um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu	170–171
Vegamál.			
55	20. maí	Lög um breytingu á vegalögum nr. 6 frá 25. mars 1977	137
73	30. maí	Auglýsing um þingsályktun um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1987–1990	181–190
Verðlagsmál.			
6	5. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum	21–22
74	26. ágúst	Bráðabirgðalög um frestun á hækkun launa og búvöruverðs	191
Verðtrygging.			
44	31. maí	Bráðabirgðalög um breyting á bráðabirgðalögum nr. 14, 20. maí 1988, um aðgerðir í efnahagsmálum	89
Verslun.			
20	5. maí	Lög um brottfall ýmissa laga á sviði viðskiptamála	49–53
67	20. maí	Lög um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu	170–171
100	29. des.	Lög um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	276–278
Öryggismál.			
52	18. maí	Lög um eiturefni og hættuleg efni	115–122
103	29. des.	Lög um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988	279

Skrá um útgáfudaga A-deildar 1988

A 1, nr. 1–2	6. janúar
A 2, nr. 3	8. janúar
A 3, nr. 4–8	15. janúar
A 4, nr. 9	2. febrúar
A 5, nr. 11	10. mars
A 6, nr. 12–13	17. mars
A 7, nr. 14	20. maí
A 8, nr. 15–42	31. maí
A 9, nr. 43–46	31. maí
A 10, nr. 47–73	8. júní
A 11, nr. 74	27. ágúst
A 12, nr. 75–82	5. október
A 13, nr. 83–84	28. september
A 14, nr. 85	5. október
A 15, nr. 86–87	11. október
A 16, nr. 88–93	5. desember
A 17, nr. 94	23. desember
A 18, nr. 95–96	27. desember
A 19, nr. 97–111	30. desember

Endurprentuð blöð: 32, 33, 34, 37, 90, 201, 204, 280

Leiðréttingar: sjá bls. 29

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1988

5. janúar 1988

1

Nr. 1

LÖG

um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. og 3. mgr. 1. gr. falli niður.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 124/1984, orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 25% — tuttugu og fimm af hundraði — söluskatt, sbr. þó III. kafla laga þessara.

3. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Sala eftirtalinna vara, verðmæta, starfsemi eða þjónustu er undanþegin söluskatti:

A. *Vörur og verðmæti:*

1. Vörur sem seldar eru úr landi.
2. Fullunnar umbúðir um söluvörur.
3. Veidarfæri, svo og efni til veidarfæragerðar og viðgerðar veiðarfæra. Ákvæði þetta tekur þó ekki til sporttækja og efnis í þau.
4. Salt, annað en í smásöluumbúðum.
5. Beita ætluð til veiða í atvinnuskyni.
6. Tilbúinn áburður annar en í smásöluumbúðum.
7. Grasfræ og trjáfræ.
8. Fóðurmjöl og hey svo og annað dýrafóður, þó ekki ef vörur þessar eru seldar í smásöluumbúðum.
9. Fasteignir, skip og flugvélar. Undanþágan tekur aðeins til báta sem eru gerðir út í atvinnuskyni og flugvéla sem notaðar eru í flugrekstri.
10. Eldsneyti fyrir loftför sem rekin eru í atvinnuskyni af aðilum sem eru handhafar flugrekstrarleyfa.
11. Varahlutir, vélar og tæki fyrir flugvélar, eftir ákvörðun fjármálaráðherra og með þeim takmörkunum og skilyrðum sem hann setur.

A 1

12. Svartolía og gasolía.
13. Kol og koks til iðnaðarframleiðslu, húshitunar og hitunar laugarvatns.
14. Rekaviður.
15. Kvikmyndir sem keyptar eru eða leigðar til sýninga í kvikmyndahúsum eða sjónvarpsstöðvum sem leyfi hafa til útvarpsrekstrar.
16. Vélar, tæki og búnaður til notkunar í fiskvinnslu sem falla undir tollskrárnúmer 3923.1001, 8413.7000, 8413.9100, 8414.3000, 8414.9000, 8418.6109, 8418.6909, 8418.9900, 8422.1900, 8438.8000 og 8438.9000.
17. Eftirtaldar vélar og tæki til notkunar í landbúnaði: Mjaltavélar, mjólkurkælar, fjárvogir, fjárklippur, sláttuvélar aðrar en garðsláttuvélar, rakstrar- og snúningsvélar, múgavélar, rúllubindivélar, heybindivélar, heyblásarar, ámoksturstæki fyrir almennar hjóladráttarvélar, vagnar búnir tækjum til losunar eða lestunar á heyi, áburðardreifingar eða heyyvinnslu, plógar, herfi, valtarar og flagjafnarar, áburðar- og mykjudreifarar, kartöfluníðursetningarvélar, upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti og flokkunarvélar.
18. Vörur sem um ræðir í 5. gr. tollalaga, nr. 55/1987.
19. Lausafé sem seljandi hefur notað í eigin þágu eða við starfsemi sína enda geti salan ekki talist til atvinnurekstrar.
20. Heimilisnotkun bónda á eigin framleiðsluvörum.
21. Innlend dagblöð og hliðstæð blöð svo og tímarit sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni.
22. Auglýsingar í dagblöðum, bókum, tímaritum og ritlingum sem skattskyldar eru til sérstaks söluskatts skv. III. kafla laga þessara.

B. Undanþegin starfsemi og þjónusta:

1. Vinna manna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð svo og við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja. Á þetta við um hvers konar mannvirki og skiptir ekki máli hver lætur vinnuna í té. Undanþágan tekur einvörðungu til vinnu á byggingarstað en ekki til vinnu við framleiðslu eða aðvinnslu byggingarvara í verksmiðju, verkstæði eða starfsstöð. Þó er fjármálaráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að frá heildarsöluverði verksmiðjuframleidds íbúðar- eða atvinnuhúsnæðis megi framleiðandi þess draga við söluskattsuppgjör tiltekinn hundraðshluta verðsins. Skal frádráttarhlutfallið ákveðið sérstaklega fyrir hvert afhendingarstig húsnæðisins og taka mið af því að sú verksmiðjuvinna verði undanþegin söluskatti er unnin hefði verið söluskattsfrjáls á byggingarstað við smíði húss á hefðbundinn hátt.
2. Vinna við skipa- og flugvélaviðgerðir.
3. Vinna við viðgerðir veiðarfæra, þó ekki sporttækja.
4. Vöru- og fólksflutningar.
5. Upp- og útskipunargjöld svo og geymsla vara í vörugeymslum.
6. Húsaleiga, þar með talin leiga gistihbergja, önnur en leiga veitinga- og samkomuhúsnæðis.
7. Prestþjónusta og útfararþjónusta.
8. Rekstur sjúkrahúsa, sjúkrahúsnæðis, fæðingarstofnana, heilsuhæla, elliheimila, vöggustofa, barnaheimila og þvílíkra stofnana.
9. Lækningar, þar með talið ljós- og nuddlækningar, störf ljósmæðra, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga og uppeldisfræðinga, dýralækningar, tannlækningar, tannsmíði svo og framleiðsla gervilma og umbúnaðar fyrir lamað fólk.
10. Sala fasteigna, skipa, flugvéla svo og verðbréfa, hlutabréfa, einkaleyfa og annarra þvílíkra verðmæta þegar ekki er um að ræða sölu þeirra sem vöru, þ.e. prentvarnings eða söfnunargripa.

11. Sala listamanna á eigin verkum. Enn fremur sala á einkarétti eða höfundarétti að uppfinningu eða hugverki. Undanþágan tekur einungis til sölu höfundar á frumverkinu.
12. Sala á vatni frá vatns- og hitaveitum ásamt mælaleigu svo og íssala til fiskiskipa. Sama á við um rafmagn til hitunar húsa, laugarvatns, varmadælna og dælingar hitaveitna.
13. Þjónusta banka, sparisjóða og annarra lánastofnana svo og verðbréfamiðlun.
14. Aðgangseyrir að íþróttasýningum, íþróttamótum, sundstöðum og skíðalyftum.
15. Fæðissala mötuneyta skólafólks. Undanþágan tekur aðeins til fæðissölu þessara mötuneyta en ekki til sölu á hráefni til starfseminnar.
16. Skipa- og loftfaraleiga til aðila sem stunda skipaútgærd eða flugrekstur.
17. Prentun blaða og tímarita sem um ræðir í 21. tölul. A-liðar þessarar greinar svo og prentun bæklinga og rita, sem dreift er erlendis til vöru- eða landkynningar, vörumiða og umbúða um söluvöru.
18. Hafnar-, vita- og lendingargjöld.
19. Iðgjöld af seldum líftryggingum, farmtryggingum vegna flutnings milli Íslands og annarra landa, skipa- og loftfaratryggingum, slysa- og starfshæfnistryggingum flug-áhafna svo og slysatryggingum sem atvinnurekendur eru skuldbundnir samkvæmt kjarasamningum til að kaupa fyrir starfsmenn sína.
20. Aðgangseyrir að leiksýningum og tónleikum eftir nánari reglum og skilyrðum sem ráðherra setur.
21. Vinnsla á rekavið sem eigandi eða réttihafi rekans stundar.
22. Þjónusta og starfsemi sem skattskyld er til sérstaks söluskatts skv. III. kafla laga þessara.
Ráðherra kveður nánar á um það sem fellur undir undanþáguákvæði þessarar greinar svo og um framkvæmd.

4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að fella niður eða endurgreiða söluskatt af:

1. Efni, vinnu, vélum og tækjum í skip og báta sem smíðaðir eru innan lands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á rúmlest.
2. Kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur.
3. Vélum og tækjum, vélahlutum og varahlutum til samkeppnisiðnaðar. Með samkeppnisiðnaði er í þessu sambandi átt við iðngreinar sem framleiða iðnaðarvörur sem falla undir tollalækkunarákvæði fríverslunarsamninga Íslands við EFTA og EB við innflutning til Íslands.
4. Efni, vélum og tækjum í raforkuveitur, hitaveitur og vatnsveitur. Sama á við um eldsneytisstöðvar (varaafsstöðvar) opinberra orkuveitufyrirtækja.
5. Sjúkrabifreiðum, ásamt sérútbúnaði og tækjum í þær, leitarbifreiðum björgunarsveita svo og sérhönnuðum snjósléðum og snjóbifreiðum sem notaðar eru til sjúkraflutninga og eru í eigu björgunarsveita, slökkvi- og stigabifreiðum slökkviliða, brunaslöngum og tengistykkjum fyrir þær, reykköfunarbúnaði og hlífðarbúnaði fyrir slökkviliðsmenn ásamt öðrum sérútbúnaði sem sannanlega er einungis notaður til brunavarna og slökkvistarfa. Sama á við um sérbúnar bifreiðar til notkunar við flutning á fötluðu fólki.
6. Fjarskiptatækjum leitar- og björgunarsveita fyrir metra-, desimetra- og millibylgjur (VHF, UHF og SSB).
7. Hljóð- og sjónvarpstökubúnaði, senditækjum, viðtækjum og öðrum slíkum tækjum sem sérstaklega eru framleidd fyrir sjónvarps- og útvarpsstarfsemi svo og filmum, myndböndum og hljóðböndum sem keypt eru af aðilum sem leyfi hafa til útvarpsrekstrar.

- Heimildin tekur einnig til búnaðar sem nauðsynlegur er til móttöku á truflaðri útvarpsendingu útvarpsstöðva sem leyfi hafa til útvarpsrekstrar.
8. Dráttarvélum sem bændur á lögbýlum kaupa til notkunar við búrekstur.
 9. Neyðar- og kallkerfum sem sett eru upp í vernduðum þjónustuíbúðum fyrir aldraða og fatlaða og byggðar eru í samræmi við ákvæði laga nr. 91/1982, um málefni aldraðra, og laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.
 10. Eftirtöldum búnaði til notkunar við leitar- og björgunarstörf úr sjávarháaska:
 - a. Línubyssum, merkjabyssum og merkjaskotum.
 - b. Björgunar- og öryggisnetum til notkunar um borð í skipum eða höfnum.
 - c. Sérhönnuðum björgunarbátum og utanborðsvélum í slöngubáta leitar- og björgunar-sveita.
 - d. Flot- og björgunarbúningum, sem viðurkenndir eru af Siglingamálastofnun, til notkunar um borð í skipum.
 - e. Sérhönnuðum neyðarleifturljósum (strobe-lights) á björgunarvesti og björgunarbúninga.
 11. Skíðalyftum og snjótroðurum til notkunar á skíðasvæðum sem opin eru almenningi.
 12. Orgelum til notkunar í kirkjum.
 13. Fjárfestingarvörum til nota við loðdýrarækt, loðkanínurækt, fiskeldi, hafbeit og fiskrækt, þar með talið byggingarefni og jarðvinnu. Heimildin tekur þó ekki til ökutækja.
 14. Flugleiðsögutækjum, aðflugsbúnaði, lýsingarbúnaði flugvalla, snjóhreinis- og ísvarnarbúnaði og öðrum sérhæfðum öryggistækjum og fylgihlutum þeirra sem eingöngu eru ætluð til notkunar vegna þjónustu ríkisins við flugstarfsemi.
 15. Vélum og tækjum til orkurannsóknaborana og borana til vinnslu jarðvarma.
 16. Tækjum og búnaði sem keypt eru fyrir fé úr Vísindasjóði eða Rannsóknasjóði, sbr. II. og IV. kafla laga nr. 48/1987.
 17. Vörum sem um ræðir í 3.–7., 9.–13. og 15.–21. tölul. 6. gr. tollalaga.
 18. Búnaði og efni til mengunarvarna í sjó.
 19. Gjöfum til björgunarsveita svo og til mannúðar- eða líknarstarfsemi.
 20. Vogum og rafeindabúnaði í flokkunarvélar, enda séu tæki þessi eingöngu ætluð til notkunar í fiskiðnaði.
 21. Greiðslum samkvæmt samningum um fjármögnunar- eða kaupleigu véla, tækja og búnaðar til atvinnurekstrar.
 22. Vörum sem erlendir ferðamenn hafa með sér er þeir hverfa úr landi.
- Ráðherra setur nánari reglur um það sem fellur undir undanþáguheimildir þessarar greinar svo og um framkvæmd. Honum er í því sambandi heimilt að setja nánari skilyrði sem uppfylla þarf fyrir undanþágu eða endurgreiðslu samkvæmt greininni.

5. gr.

4. mgr. 8. gr. orðist svo:

Nú hefur söluskattsskyldur aðili, sbr. 5. gr., keypt vöru, vinnu eða þjónustu með söluskatti, sem hann síðan endurselur í atvinnuskyni, og er honum þá heimilt að draga innkaupsverðið frá söluskattsskyldri veltu sinni. Hafi hann hins vegar enga söluskattsskylda veltu fram að telja eða söluskattsskyld velta hans nemur lægri fjárhæð en nefnd innkaup er heimilt að endurgreiða honum þann söluskatt sem hann hefur þannig ofgreitt. Endurgreiðsla kemur þó eigi til greina nema hinn ofgreiddi söluskattur sé minnst 50 000 kr. á mánuði.

6. gr.

Í stað „10 000 kr.“ í 5. mgr. 12. gr. komi: 100 000 kr.

7. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi kafli:

III. KAFLI

Sérstakur söluskattur.

18. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 12% — tólf af hundraði — sérstakan söluskatt af endurgjaldi fyrir eftirtalda þjónustu, starfsemi eða verðmæti:

1. Lögfræðiþjónustu, verkfræðiþjónustu, tækniþjónustu, hagfræðiþjónustu, viðskiptafræðiþjónustu, arkitektþjónustu, náttúrufræðiþjónustu, landafræðiþjónustu, endurskoðendþjónustu og hliðstæða þjónustu svo og þjónustu skjalapýðenda, dóm-túlka og hliðstæðra aðila.
2. Bókhaldsþjónustu, framtalsaðstoð, tollskýrslugerð, álits- og matsgerðir, tölvuþjónustu og tölvuvinnslu, þar með talda þjónustu kerfisfræðinga og hvers konar ráðgjöf, svo sem viðskipta-, rekstrar- eða tækniráðgjöf og hliðstæða sérfræðiþjónustu. Sama á við um ráðningarþjónustu, útleigu vinnuafis, vaktþjónustu, sbr. þó 2. mgr., þjónustu rannsóknastofnana, útgáfu- og auglýsingaþjónustu, svo sem gerð, miðlun og ráðgjöf varðandi auglýsingar svo og hönnun umbúða, ársreikninga, eyðublaða, dreifirita, bæklinga og aðra hliðstæða þjónustu.
3. Þjónustu fasteignasala og seljenda notaðra bifreiða.

Til skattskyldrar þjónustu eða starfsemi samkvæmt þessum kafla telst ekki þjónusta lækna, tannlækna og önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta, svo sem ljós- og nuddlækningar, störf ljósmæðra og hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga, uppeldisfræðinga, tannsmíði og tannviðgerðir, svo og dýralækningar og framleiðsla gervilima og þess háttar umbúnaður fyrir lamaða. Sama á við um vaktþjónustu presta og útfararþjónustu.

19. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að setja fyllri ákvæði um skattskyldu samkvæmt þessum kafla, svo og um önnur atriði er lúta að framkvæmd. Þá er honum heimilt að undanþiggja tiltekna þjónustu eða starfsemi sérstökum söluskatti umfram það sem gert er í 2. mgr. 18. gr. teljist slíkt nauðsynlegt til þess að samræmis gæti í skattlagningu á sambærilegri eða hliðstæðri þjónustu. Að öðru leyti skulu ákvæði II. og IV. kafla laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, þar á meðal um refsingar, gilda eftir því sem við á um sérstakan söluskatt samkvæmt þessum kafla.

8. gr.

1. mgr. 20. gr. falli niður.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 12/1980, um orkujöfnunargjald, 21. gr. laga nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð, 1. másl. 4. gr. laga nr. 107/1985, um Jarðboranir hf., 6. gr. laga nr. 121/1978, um kjaramál, og 35. gr. laga nr. 11/1975, um ráðstafanir í efnahagsmálum, svo og II. kafli bráðabirgðalaga nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum.

Ákvæði til bráðabirgða.**I**

Ákvæði 114. gr. tollalaga, nr. 55/1987, skulu eftir því sem við getur átt, eiga við um innheimtu söluskatts við tollafgreiðslu á vörum sem teknar hafa verið til tollmeðferðar við gildistöku laga þessara.

II

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu sem undanþegin hefur verið söluskatti fram að þeim tíma, en afhending hins selda fer fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna er svarar söluskatti, að frádregnum sérstökum söluskatti hafi hann verið innheimtur af hinu selda, nema sannað sé að söluskatturinn hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

III

Hafi verið gerður samningur fyrir gildistöku laga þessara um afhendingu vinnu eða þjónustu sem skattskyld er til sérstaks söluskatts, en afhending hins selda fer fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna er svarar mismun á sérstökum söluskatti skv. 7. gr. laga þessara og sérstökum söluskatti skv. II. kafla bráðabirgðalaga, nr. 68/1987, nema sannað sé að mismunurinn hafi verið talinn með í kaupverðinu eða þóknuninni við ákvörðun hennar.

Gjört í Reykjavík, 5. janúar 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI**Breytingar á einstökum greinum.**

1. gr.

4. tölul. 31. gr. laganna falli niður.

2. gr.

1. tölul. 38. gr. laganna orðist svo:

Skip og skipsbúnaður, svo og fólksbifreiðar fyrir færri en níu menn, aðrar en leigubifreiðar 10%.

3. gr.

Við 52. gr. bætist:

4. Þær greiðslur vegna kaupleigu eða fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en níu menn, öðrum en leigubifreiðum, sem eru umfram fyrningar reiknaðar samkvæmt ákvæðum þessara laga að viðbættum reiknuðum vöxtum af fyrningargrunni þegar frá hafa verið dregnar reiknaðar fyrningar fyrir ára. Ríkisskattstjóri setur reglur um reikning fyrninga og vaxta í þessum tilvikum.

4. gr.

2. másl. 1. mgr. 54. gr. orðist svo:

Hámark fjárfestingartillags skal vera 30% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá tekjum hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.–10. tölul. 31. gr.

5. gr.

72. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur lögðila, sbr. 2. gr., skal vera 45% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

6. gr.

Á 74. gr. verði þessar breytingar:

1. Lokamálsliður 4. tölul. falli niður.

2. 3. másl. 1. mgr. 5. tölul. orðist svo:

Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól sem miðast við vísitölu í janúar á næsta ári eftir lok reikningsárs.

3. 1. másl. 2. mgr. 5. tölul. orðist svo:

Útistandandi skuldir skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól sem miðast við vísitölu í janúar á næsta ári eftir lok reikningsárs nema sannað sé að þær séu minna virði.

7. gr.

2. másl. 1. mgr. 76. gr. orðist svo:

Með skuldum í þessu sambandi teljast áfallnar verðbætur á höfuðstól þeirra sem miðast við vísitölu í janúar á næsta ári eftir lok reikningsárs.

II. KAFLI

Ákvæði til bráðabirgða.

8. gr.

Við álagningu tekjuskatts á árinu 1988, vegna tekna ársins 1987, er heimilt að færa niður um allt að 5% matsverð vörubirgða í árslok 1987 og færa þá fjárhæð til frádráttar skattskyldum tekjum. Við álagningu eignarskatts á árinu 1988, vegna eigna í árslok 1987, er heimilt að draga allt að 5% frá reiknuðu matsverði samkvæmt nú breyttum 4. tölul. 74. gr. laga nr. 75/1981.

III. KAFLI

Gildistaka.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1988 vegna tekna ársins 1987 og eigna í lok þess árs.

Gjört í Reykjavík, 5. janúar 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1988

8. janúar 1988

9

Nr. 3

LÖG

um stjórn fiskveiða 1988–1990.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fiskistofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

2. gr.

Fyrir 15. nóvember ár hvert skal sjávarútvegsráðherra, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann afla sem veiða má úr helstu botnfisktegundum við Ísland á komandi ári og skulu heimildir til botnfiskveiða samkvæmt lögum þessum miðast við það magn. Ráðherra er heimilt innan ársins að hækka eða lækka aflamark sem ákveðið er samkvæmt þessari málsgrein enda sé sú ákvörðun tekin fyrir 15. apríl.

Ráðherra er og heimilt að ákveða í reglugerð og veiðileyfum þann afla sem veiða má úr öðrum einstökum stofnum sjávardýra við Ísland á ákveðnu tímabili eða vertíð og skulu veiðileyfi, sem veitt eru skv. 12. gr., miðast við það magn.

3. gr.

Enginn má stunda eftirtaldar veiðar nema að fengnum sérstökum leyfum: botnfiskveiðar, rækjuveiðar, humarveiðar, skelfiskveiðar, síldveiðar og loðnuveiðar. Í reglugerð má ákveða að aðrar veiðar en framangreindar eða veiðar í ákveðin veiðarfæri skuli leyfisbundnar. Binda má úthlutun leyfa og leyfin sjálf skilyrðum m.a. um að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni gerð eða stærð eða skip er hafa áður stundað tilteknar veiðar; enn fremur má setja skilyrði um útbúnað veiðarfæra, veiðisvæði, veiðitíma og meðferð afla.

4. gr.

Við veitingu veiðileyfa skv. 3. gr. koma til greina þau skip sem leyfi fengu til botnfiskveiða á árinu 1985 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri, einnig ný og nýkeypt sambærileg skip sem koma í stað skipa sem leyfi fengu 1985. Enn fremur skip þau sem sérstök veiðileyfi hafa fengið samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 97 20. desember 1985, um stjórn botnfiskveiða 1986–1987.

5. gr.

Leyfi til botnfiskveiða fiskiskipa 10 brl. og stærri eru tvenns konar:

- A. Botnfiskleyfi með aflamarki, þ.e. heimild til að veiða tilgreint magn af ákveðnum botnfisktegundum.
- B. Botnfiskleyfi með sóknarmarki, þ.e. heimild til að stunda botnfiskveiðar í ákveðinn dagafjölda, þó með takmörkunum á þorskafla. Ráðherra getur ákveðið sérstakar takmarkanir á afla annarra fisktegunda hjá ákveðnum flokkum fiskiskipa.

Þeir sem gera út veiðiskip 10 brl. og stærri skulu árlega, fyrir þau tímamörk sem ráðherra auglýsir, velja milli botnfiskleyfis með aflamarki og botnfiskleyfis með sóknarmarki. Hafi útgerðaraðili ekki valið á milli fyrir auglýst tímamörk skal skipi úthlutað botnfiskleyfi með aflamarki. Skip, sem loðnuveiðar stunda, skulu aðeins eiga kost á botnfiskveiðileyfi með aflamarki, sbr. 12. gr.

Geti skip, sem fengið hefur leyfi með sóknarmarki, vegna óviðráðanlegra atvika ekki nýtt sóknardaga í fjóra mánuði samfellt eða lengur er heimilt að úthluta því botnfiskleyfi með því aflamarki sem það hefði fengið í upphafi árs hefði það valið þann kost.

Ráðherra getur ákveðið að fiskur, sem veiðist á línu, skuli ekki eða aðeins að hluta talinn með í aflamarki eða sóknarmarki fiskiskips, sömuleiðis að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta í slíku afla- eða sóknarmarki. Þá getur ráðherra ákveðið að afli á ákveðnum fisktegundum, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með allt að 15% álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki eða aflahámarki skips er náð hverju sinni.

Missi skip veiðileyfi skv. 12. eða 20. gr. eða fái skip slíkt leyfi má endurskoða afla- eða sóknarmark þess með hliðsjón af væntanlegum tekjumissi eða tekjuauka vegna afla þess af sérveiðunum. Sama gildir séu fyrirsjáanlegar verulegar breytingar í aflatekjum af sérveiðum milli ára.

6. gr.

Við úthlutun aflamarks skv. 5. gr. skal leggja til grundvallar úthlutun fyrir árið 1987 eins og hún var ákveðin samkvæmt reglugerð nr. 518 22. desember 1986, um stjórn botnfiskveiða 1987, þó með hlutfallslegum breytingum sem leiðir af breyttu heildaraflamarki milli ára, sbr. 2. gr., og að teknu tilliti til ákvæða 11. gr.

Skip, sem eigendaskipti urðu að á árinu 1986 eða 1987, eiga kost á botnfiskleyfi með aflamarki skv. 1. mgr. með þeirri takmörkun sem leiðir af 2. mgr. 14. gr.

7. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja reglur varðandi sóknardagafjölda, skiptingu þeirra í tímabil, flokka skipa, aflahámark, veiðisvæði o.fl. fyrir skip þau sem hljóta botnfiskleyfi með sóknarmarki.

8. gr.

Við ákvörðun aflamarks og þorskaflahámarks 1988 fyrir fiskiskip þau, sem stunduðu botnfiskveiðar með sóknarmarki 1987, gilda eftirfarandi reglur:

- A. Aflamark þeirra af einstökum fisktegundum skal ákveðið sem reiknað aflamark þeirra fyrir árið 1987 með þeim breytingum sem leiða af breyttu heildaraflamarki milli ára og teknu tilliti til 11. gr.
- B. Sóknaraflahámark skal ákveðið þannig að það sé annaðhvort meðalaflamark fiskiskipa í hverjum flokki, stærð og veiðisvæði samkvæmt reglugerð settri skv. 7. gr. eða reiknað aflamark viðkomandi skips skv. A-lið með 10% álagi.

Við ákvörðun aflamarks í upphafi árs eftir árið 1988 skal endurmeta aflamark þeirra skipa sem stunduðu botnfiskveiðar samkvæmt sóknarmarki árið á undan. Skal afli þeirra það ár veða helming við ákvörðun aflamarks á móti reiknuðu aflamarki fyrra árs. Endurmat á aflaheimildum sóknarmarksskipa skal þó ekki valda því að heildarhlutdeild þeirra skipa, sem sóknarmark völdu, breytist miðað við heildarhlut þeirra skipa sem aflamark völdu sama ár. Skal endurreiknuðu aflamarki sóknarmarksskipa því breytt til hækkunar eða lækkunar með því hlutfalli sem þarf til að jöfnuður náist milli þessara flokka skipa. Sóknaraflahámark skal ákveðið samkvæmt reglu B-liðar 1. mgr. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar.

Til afla samkvæmt ofansögðu telst hvorki afli umfram leyfileg aflamörk, afli fluttur milli skipa, sbr. 13. gr., né afli sem ekki telst til aflamarks eða sóknarmarks skv. 4. mgr. 5. gr. Afli, sem fluttur er milli ára skv. 9. gr., telst í þessu sambandi til afla síðara ársins.

9. gr.

Heimilt er að veiða umfram úthlutað aflamark af tiltekinni fisktegund allt að 5% af heildarverðmæti aflaúthlutunar, enda skerðist aflamark á öðrum tegundum hlutfallslega miðað við verðmæti samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins í upphafi árs. Engin takmörkun er þó á heimild til þess að breyta þorskaflamarki yfir í aðrar tegundir.

Hafi aflamark eða hluti þess verið flutt milli skipa skv. 13. gr. flyst heimild til breytinga skv. 1. mgr. frá skipi, sem flutt er af, til þess skips sem flutt er til.

Heimilt er að flytja allt að 10% af aflamarki hvernar botnfisktegundar og 10% af aflahámarki frá einu ári yfir á næsta ár á eftir en heimild þessi fellur niður nýtist hún ekki á því ári.

Þá er og heimilt að veiða allt að 5% umfram aflamark hvernar fisktegundar og 5% umfram þorskaflahámark miðað við úthlutað botnfiskleyfi það ár, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun afla- og sóknarmarks næsta árs á eftir.

Heimild skv. 3. mgr. tekur ekki til aflamarksskipa fyrr en nýttar eru heimildir skv. 1. mgr.

Heimild skv. 4. mgr. rýmkar ekki heimildir til breytinga milli fisktegunda skv. 1. mgr.

Heimild til flutnings milli ára gildir einungis um flutning milli ára innan gildistíma laganna.

10. gr.

Botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. skulu háðar eftirgreindum takmörkunum:

- A. Allar botnfiskveiðar báta 6 brl. og stærri skulu háðar sérstökum veiðileyfum, enn fremur botnfiskveiðar þeirra báta undir 6 brl. sem heimild fá til netaveiða skv. C-lið þessarar greinar.
- B. Bátum, sem eingöngu stunda veiðar með línu- og handfærum, eru ekki heimilar veiðar í tíu daga um páskahelgi og tíu daga um verslunarmannahelgi og í sjö daga í hvorum mánaðanna júní og október samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Enn fremur frá og með 1. janúar til og með 15. janúar og frá og með 10. desember til og með 31. desember.

Heimilt er að veita þessum bátum veiðileyfi með aflahámarki sé þess óskað sérstaklega. Skal aflahámarkið miðast við fyrri veiðireynslu samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Bátar, sem slík veiðileyfi fá, eru undanþegnir veiðibönnum samkvæmt þessum staflið.

- C. Bátum 6 brl. og stærri, sem netaveiðar stunda, skal úthlutað sérstöku veiðileyfi með aflahámarki samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Skulu þeir bátar fylgja al-

- mennum reglum um netaveiðar en eru undanþegnir veiðbönnum skv. B-lið. Jafnframt getur ráðherra ákveðið í reglugerð mismunandi aflahámark með hliðsjón af stærðum báta í þessum flokki og fyrri veiðireynslu.
- D. Bátum undir 6 brl. eru bannaðar allar þorskfisknetaveiðar. Þó er heimilt að veita þeim, sem þorskfisknetaveiðar hafa stundað á bátum undir 6 brl. á árunum 1986 eða 1987, leyfi til þorskfisknetaveiða og eru þeir bátar þá undanþegnir veiðibönnum skv. B-lið og gilda um botnfiskveiðar þeirra ákvæði C-liðar þessarar greinar samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.
- E. Aflahámark skv. 2. mgr. B-liðar, svo og skv. C- og D-liðum, er óframseljanlegt.
- F. Heimilt er að setja sérstakar reglur um botnfiskveiðar báta undir 10 brl. sem leyfi fá til skel- eða rækjuveiða.
- G. Einungis er heimilt að úthluta bátum veiðileyfi, sbr. A-lið, sem skráðir eru á skipaskrá hjá Siglingamálastofnun ríkisins 31. desember 1987. Þó er heimilt að úthluta nýjum og nýkeyptum bátum veiðileyfi, þar á meðal sérstöku veiðileyfi skv. 2. mgr. B-liðar og C- og D-lið þessarar greinar, komi þeir í stað sambærilegra báta sem slík veiðileyfi hafa fengið og horfnir eru varanlega úr rekstri. Bátar sem bindandi samningur hefur verið gerður um smíði á fyrir gildistöku laga þessara eiga kost á veiðileyfi samkvæmt reglum hér að framan enda sé smíði þeirra sannanlega hafin fyrir sömu tímamörk eða a.m.k. þriðjungur umsamins kaupverðs sannanlega greiddur fyrir 31. desember 1987 og afhending fari fram fyrir 1. júlí 1988.

11. gr.

Pegar meta skal, við úthlutun botnfiskveiðileyfa, heildarafla þeirra skipa sem velja sóknarmark skal miða við að þau hefðu fengið veiðileyfi með aflamarki, sbr. 6. og 8. gr., og áætlaðan afla báta skv. 10. gr.

12. gr.

Við úthlutun annarra leyfa en til botnfiskveiða skv. 5. gr., sbr. 3. gr., getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksafla úr einstökum stofnum sjávardýra milli ákveðinna gerða veiðarfæra, gerða fiskiskipa og einstakra skipa. Getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksafla milli skipa, m.a. með hliðsjón af fyrri veiðum þeirra, stærð eða gerð.

Við úthlutun leyfa til veiða á úthafs-rækju samkvæmt skilgreiningu Hafrannsóknastofnunar getur ráðherra flokkað veiðiskip í sérstaka flokka með hliðsjón af öðrum veiðiheimildum þeirra og fyrri veiðum samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Ráðherra getur í reglugerð ákveðið reglur um veiðiheimildir einstakra skipaflokka skv. 2. mgr. Getur hann ákveðið skiptingu aflamarks skipa innan hvers skipaflokks, m.a. með hliðsjón af botnfiskheimildum þeirra og fyrri rækjuveiðum, eða úthlutað þeim veiðiheimildum ákveðið tímabil með aflahámarki á rækju. Jafnframt getur ráðherra gefið kost á vali milli aflamarks í rækju eða sóknarmarks með aflahámarki innan hvers skipaflokks. Heimilt er að veita skipum sérstakar veiðiheimildir til úthafs-rækjuveiða, enda afsali þau sér rétti til botnfiskveiða að hluta eða öllu leyti.

13. gr.

Heimilt er að færa aflamark milli skipa sömu útgerðar eða skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð, eftir því sem hlutaðeigandi útgerðaraðilar koma sér saman um. Sama gildir um skipti á aflamarki milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð, enda sé um jöfn skipti að ræða að mati ráðuneytisins.

Tilkynna skal sjávarútvegsráðuneytinu fyrir fram um flutning aflamarks milli skipa og öðlast hann ekki gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest móttöku tilkynningar um flutninginn frá þeim sem hlut eiga að máli.

Annar flutningur á aflamarki milli skipa er óheimill nema með samþykki ráðuneytisins og að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð.

Óheimilt er að flytja aflahámark sóknarmarksskipa milli skipa.

Heimilt er að takmarka framsalsheimild þeirra skipa er sérleyfisveiðar stunda. Enn fremur er ráðherra heimilt að setja sérstakar reglur um flutning sérveiðiheimilda milli skipa.

14. gr.

Sé rekstri skips hætt, sbr. 4. gr., er heimilt að úthluta nýju skipi í eigu sama aðila botnfiskleyfi með því afla- eða sóknarmarki sem hið eldra skip hefði fengið, enda sé um sambærileg skip að ræða. Þá er og heimilt með samþykki ráðuneytisins að sameina aflamark skips, sem hætt er rekstri á, aflamarki annarra skipa.

Við eigendaskipti að fiskiskipi fylgir því botnfiskveiðileyfi, nema aðilar geri sín á milli skriflegt samkomulag um annað sem ráðuneytið staðfestir. Þó fylgir fiskiskipi aldrei við sölu herra aflamark en nemur meðalaflamarki skipa í sama flokki, sbr. 7. gr., og á sama svæði að mati samráðsnefndar, sbr. 15. gr., mælt í þorskígildum.

Heimilt er að breyta aflamarki einstakra fisktegunda ef sýnt þykir, vegna breytinga í rekstri skips, að það geti ekki nýtt sér ákveðnar fisktegundir, enda breytist ekki heildarverðmæti úthlutaðs aflamarks að mati ráðuneytisins.

15. gr.

Sérstök samráðsnefnd, skipuð einum fulltrúa tilnefndum sameiginlega af samtökum sjómanna og einum tilnefndum af samtökum útvegsmanna, auk formanns sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim og gera tillögur til ráðherra um úrlausn þeirra.

16. gr.

Ráðherra skal setja nánari reglur varðandi framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Útgerðarmönnum, skipstjórnamönnum og kaupendum afla, svo og umboðsmönnum og útflytjendum, er skylt að láta ráðuneytinu ókeypis í té og í því formi, sem óskað er eftir, allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara.

18. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum að upphæð 2000–14 000 gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, og upptöku afla samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafila.

Reynist afli fara yfir úthlutað aflamark eða þorskaflahámark, sbr. þó 9. gr., skal með slík brot fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976. Stundi skip veiðar fram yfir leyfilegan sóknardagafjölda skal það auk viðurlaga skv. 1. mgr. varða upptöku afla samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976. Fari veiðiferð að hluta fram yfir leyfilegan sóknardagafjölda skal ráðuneytið meta að hve miklu leyti afli þeirrar veiðiferðar skuli gerður upptækur.

Ráðuneytinu er enn fremur heimilt, vegna brota gegn ákvæðum laga þessara, reglna settra samkvæmt þeim og leyfisbréfa, að svipta skip heimild til veiða í tiltekinn tíma og varða veiðar eftir leyfissviptingu viðurlögum skv. 1. mgr. Sama gildir verði um að ræða vanskil á greiðslu andvirðis ólöglegs sjávarafla sem sætt hefur upptöku.

19. gr.

Prátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, með áorðnum breytingum, skulu veiðar með vörpu heimilaðar á vannýttum fisktegundum á ákveðnum svæðum samkvæmt reglum er ráðherra setur.

20. gr.

13. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, með áorðnum breytingum, orðist svo:

Prátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu dragnótaveiðar heimilaðar samkvæmt sérstökum leyfum ráðherra. Ráðherra getur bundið leyfi þessi og úthlutun þeirra þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1990. Jafnframt eru á gildistíma þessara laga felldar úr gildi 10. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Við úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum fyrir árið 1988 skal afli frá 1. janúar 1988 til gildistöku laganna koma til frádráttar heildaraflaheimildum á árinu. Við mat á því aflamagni skulu gilda ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Hjá þeim skipum er sóknarmark velja skulu sóknardagar frá 1. janúar 1988 til gildistöku laganna koma til frádráttar heildarsóknardagafjölda á 1. tímabili ársins 1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd samkvæmt tilnefningu þingflokka og helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi til að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar að loknum gildistíma laga þessara. Jafnframt skal nefndin móta tillögur um breytingar á lögum þessum á gildistíma þeirra eftir því sem tilefni verður til. Nefndin skal meðal annars kanna áhrif laganna á afkomu og hagkvæmni í sjávarútvegi og skynsamlega nýtingu fiskistofna. Einnig skal hún athuga tilhögun veiðiheimilda, m.a. heimilda sem ekki séu bundnar við skip. Nefndin skal hefja störf hið allra fyrsta og starfa á gildistíma laganna. Skal hún skila fyrsta álitu eigi síðar en haustið 1989.

II

Sjávarútvegsráðherra skal í lok hvers árs setja reglugerð um meginþætti stjórnar botnfiskveiða á komandi ári og hafa við það samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi.

Gjört að Bessastöðum, 8. janúar 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 3 — 1988

11. janúar 1988

15

Nr. 4

LÖG

um útflutningsleyfi o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Utanríkisráðuneytinu er heimilt að ákveða að ekki megi bjóða, selja né flytja vörur til útlanda nema að fengnu leyfi. Útflutningsleyfi getur ráðuneytið bundið skilyrðum sem nauðsynleg þykja.

Útflytjendur eru skyldir að veita ráðuneytinu þær upplýsingar, sem það óskar, um allt er varðar sölu og útflutning vara sem seljast eiga til útlanda.

2. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum, settum samkvæmt þeim, varða sektum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað má auk sektar dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að fjórum árum. Þá má svipta hann atvinnurétti, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga, um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna skv. 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi 13. gr. laga nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

Gjört í Reykjavík, 11. janúar 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÁNSFJÁRLÖG

fyrir árið 1988.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka allt að 4 260 000 þús. kr. lán innan lands á árinu 1988.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 905 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána eftirtöldum aðilum á árinu 1988:

1. Rafmagnsveitum ríkisins, allt að 160 000 þús. kr. til greiðslu erlends skammtímaláns sem tekið var á árinu 1987 vegna greiðsluerfiðleika fyrirtækisins.
2. Oddeyri hf. Akureyri, allt að 120 000 þús. kr. til greiðslu erlendra skammtímalána sem tekin voru á smíðatíma raðsmíðaskips.
3. Nökkva hf. Blönduósi, allt að 125 000 þús. kr. til greiðslu erlendra skammtímalána sem tekin voru á smíðatíma raðsmíðaskips.
4. Ljósavík hf. Þorlákshöfn, allt að 145 000 þús. kr. til greiðslu erlendra skammtímalána sem tekin voru á smíðatíma raðsmíðaskips.
5. Jarlinum hf. Keflavík, allt að 175 000 þús. kr. til greiðslu erlendra skammtímalána sem tekin voru á smíðatíma raðsmíðaskips.
6. Sæbergi hf. Ólafsfirði vegna hraðfrystitogarans Mánabergs, allt að 180 000 þús. kr. til greiðslu erlendra skammtímalána í tengslum við breytingar á skipinu í frystitogara.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1988 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 600 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Próunarfélagi Íslands hf. er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 50 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífi.

5. gr.

Heimilt er að taka lán til framkvæmda og skuldbreytingar sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra sem hér segir:

1. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 120 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 8 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

3. Hitaveita Eyra, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 10 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Hitaveita Siglufjarðar, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 20 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Hitaveita Rangæinga, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 10 500 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
6. Fjarhitun Vestmannaeyja, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 45 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
7. Hitaveita Suðurnesja, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 150 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
8. Aðrar framkvæmdir eða skuldbreytingar, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 30 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 750 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Herjólfur hf., Vestmannaeyjum, er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt að fengnu samþykki fjármálaráðherra, samgönguráðherra og fjárveitinganefndar Alþingis til hönnunar og smíði ferju.

8. gr.

Flóabátnum Baldri hf., Stykkishólmi, er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til smíði ferju.

9. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána þeim aðilum, sem nefndir eru í 3.–8. gr., með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II. KAFLI

10. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi nema hærri fjárhæð en 34 600 þús. kr. á árinu 1988 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bændu.

11. gr.

Prátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs falla niður á árinu 1988.

12. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 2. tölul. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra að meðtöldum tekjum af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 180 000 þús. kr. á árinu 1988.

13. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tölul. 2. gr. laga nr. 34/1979, um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands falla niður á árinu 1988.

14. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 20 000 þús. kr. á árinu 1988.

15. gr.

Prátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1988.

16. gr.

Prátt fyrir ákvæði 3. tölul. 9. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 25 000 þús. kr. á árinu 1988.

17. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 28 000 þús. kr. á árinu 1988.

18. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 60 000 þús. kr. á árinu 1988.

19. gr.

Prátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957, um menningarsjóð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi fara fram úr 9 090 þús. kr. á árinu 1988.

20. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979, um Framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingajónustu í sveitum, falla þær greiðslur niður á árinu 1988 og skulu þess í stað greiðast af tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins skv. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971.

21. gr.

Prátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985 og lög nr. 55/1986, um atvinnuleysistryggingar, skal heildarframlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs skv. 4. gr. fjárlaga eigi fara fram úr 500 000 þús. kr. á árinu 1988.

22. gr.

Prátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1988 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

23. gr.

Prátt fyrir ákvæði 10. gr. laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, skal greiðsla ríkissjóðs á framlagi til jarðabóta vegna framkvæmda á árinu 1987 ekki fara fram úr 141 000 þús. kr. á árinu 1988, en lokagreiðsla komi árið 1989.

24. gr.

Prátt fyrir ákvæði laga nr. 31/1973, um framlög til búfjárræktar, skal framlag ríkissjóðs til búfjárræktarstyrkja eigi nema hærri fjárhæð en 9 000 þús. kr. á árinu 1988.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, skal framlag ríkissjóðs vegna bóta fyrir eyðingu refa og minka falla niður á árinu 1988.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, laga nr. 21/1976, um flokkun og mat ullar, og laga nr. 22/1976, um flokkun og mat á gærum, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögnum leiðir.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilásjóðs falla niður á árinu 1988.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1988 eigi nema hærri fjárhæð en 1 540 000 þús. kr.

III. KAFLI

29. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að láns-samningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka láns-samninga að nýju nema laga-heimild liggja fyrir.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að selja skuldabréf að því marki sem þarf til að standa undir endurgreiðslu spariskírteina með óhagstæðum kjörum og endurgreidd eru vegna uppsagnar fyrir eindaga.

Enn fremur er fjármálaráðherra heimilt að selja ríkisvixla til endurgreiðslu áður útgefinna ríkisvixla og til að bæta stöðu ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi í Sedlabankanum.

30. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta, þar sem mótaðili ríkissjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánnum sem ríkissjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Ríkissjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Enn fremur er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að samþykkja slík skulda- og/eða vaxtaskipti lána sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs, enda séu að mati fjármálaráðherra nægar tryggingar fyrir ábyrgð ríkissjóðs þegar til slíkra samninga er stofnað.

31. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán þegar lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftatíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánnum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983, þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

Jafnframt er Landsvirkjun heimilt að stofna til svokallaðra skulda- og/eða vaxtaskipta vegna erlendra lána sinna sem hún hefur tekið með viðeigandi heimildum og samþykki eignaraðila.

32. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili Framkvæmdasjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem Framkvæmdasjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Framkvæmdasjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Nýti Framkvæmdasjóður lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánsamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánsamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

33. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Byggðastofnun er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili Byggðastofnunar í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem Byggðastofnun tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Byggðastofnun tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Nýti Byggðastofnun lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er henni heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánsamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánsamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

34. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr. á árinu 1987.

35. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar, er heimilt að semja við Hitaveitu Rangæinga, Hitaveitu Suðureyrar og Hitaveitu Siglufjarðar um ráðstafanir til að bæta fjárhag veitnanna í framtíðinni.

36. gr.

Lántökuheimildir skv. I. kafla gilda á árinu 1988. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. júlí 1989 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. janúar 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við d-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 3. tölul., svohljóðandi:
Sérstakt grunngjald sem má nema allt að fjórum krónum af hverju kg hinnar innfluttu vöru.

2. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Sérstakt grunngjald skv. 3. tölul. d-liðar 1. mgr. er grunntaxti. Ráðherra er heimilt að hækka hið sérstaka grunngjald allt að því að það hækki í réttu hlutfalli við hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunntaxtinn er miðaður við vísitölu 1. júlí 1987, þ.e. 100 stig.

3. gr.

32. gr. orðist svo:

Sé ákveðið að lækka fóðurgjöld sem lögð hafa verið á samkvæmt heimild í d-lið 30. gr. eða fella þau niður skal endurgreiða hlutfallslega það sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar lækkun eða niðurfelling er ákveðin.

Séu heimildir til álagningar fóðurgjalda samkvæmt d-lið 1. mgr. 30. gr. nýttar skal á sama hátt heimilt að láta hækkun ná til fóðurbirgða sem eru í vörslu innflutnings- og dreifingaraðila er hækkun tekur gildi. Þessir aðilar skulu veita nauðsynlega aðstoð við talningu á birgðum, en tollstjórar skulu staðreyna birgðauppgjör og annast innheimtu og skil gjaldanna, sbr. 33. gr.

4. gr.

1. mgr. 34. gr. orðist svo:

Tekjur af grunngjaldi og sérstöku grunngjaldi skv. 1. og 3. tölul. d-liðar 30. gr. renna í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1988 skal allt að 202 milljónum króna af tekjum ríkissjóðs af grunngjaldi og sérstöku grunngjaldi skv. 1. og 3. tölul. d-liðar 1. mgr. 30. gr. laga, sbr. 4. gr. laga þessara, varið til að draga úr röskun sem söluskattsskylda þessara afurða frá 1. janúar 1988 veldur á verðhlutföllum milli þeirra og dilkakjöts. Í þessu skyni er heimilt að endurgreiða framleiðendum afurða alifugla og svína að hluta eða öllu leyti þau grunngjöld sem þeir hafa greitt við fóðurkaup. Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð, að höfðu samráði við fjármálaráðherra, nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslna þessara.

Jafnframt er heimilt að greiða framleiðendum nautakjöts allt að 93 milljónum króna á árinu 1988 í sama skyni.

Endurgreiðslur á grunngjaldi og hinu sérstaka grunngjaldi samkvæmt þessu ákvæði skulu leiða til lækkunar á búvöruverði.

Gjört í Reykjavík, 5. janúar 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um breyting á lögum nr. 38 5. maí 1986, um Útflutningsráð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „viðskiptaráðherra“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna komi: utanríkisráðherra.

2. gr.

Í stað „viðskiptaráðherra“ í 3. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna komi: utanríkisráðherra.

3. gr.

Í stað „ráða viðskiptafulltrúa . . . að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið og utanríkisráðuneytið“ í 7. gr. laganna komi: ráða viðskiptafulltrúa . . . að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið.

4. gr.

Í stað „Viðskiptaráðherra“ í 8. gr. laganna komi: Utanríkisráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. janúar 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 84/1986, um breyting á lögum nr. 59/1983,
um heilbrigðisþjónustu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 84/1986 orðist svo:

Í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæminu Garðakaupstað skal frestur þessi standa til ársloka 1988.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. janúar 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 18. janúar 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Benediktsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 5 — 1988

10. mars 1988

25

Nr. 10

LÖG

um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um breytingu gjalda og tekna í fjárlögum 1988.

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1988 að hækka ríkisútgjöld um 461 000 þús. kr.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1988 að hækka ríkistekjur um 488 000 þús. kr.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skuldbreyta lánnum fyrirtækja í sjávarútvegi við ríkissjóð samkvæmt skuldabréfum sem út voru gefin á árunum 1984–1985 til greiðslu á opinberum gjöldum og lánnum veittum skv. 1. gr. laga nr. 10/1984. Jafnframt er heimilt að skuldbreyta lánnum fyrirtækja í útflutningsiðnaði allt að 10 000 þús. kr.

II. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 5/1988, lánsfjárlögum fyrir árið 1988.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1988 skal heimild Landsvirkjunar til að taka lán á árinu 1988 eigi nema hærri fjárhæð en 525 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1988 skal heimild Próunarfélags Íslands hf. til að taka lán á árinu 1988 eigi nema hærri fjárhæð en 25 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1988 skal heimild Herjólfss hf. í Vestmannaeyjum til að taka lán á árinu 1988 eigi nema hærri fjárhæð en 75 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt að fengnu samþykki fjármálaráðherra, samgönguráðherra og fjárveitinganefndar Alþingis, til hönnunar og smíði ferju.

7. gr.

25. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1988 falli brott.

8. gr.

Prátt fyrir ákvæði í 27. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1988 skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilásjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 15 000 þús. kr. á árinu 1988.

9. gr.

Prátt fyrir ákvæði 28. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1988 skulu greiðslur ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1988 eigi nema hærri fjárhæð en 1 142 000 þús. kr.

III. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum.

10. gr.

1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 87/1987, orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 3,5% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Um hlutdeild opinberra byggingarsjóða í tekjum af launaskatti fer eftir ákvæðum laga nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, svo og ákvæðum lánsfjárlaga og fjárlaga hverju sinni.

11. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 87/1987, orðist svo:

Undanþegin skattskyldu eru vinnulaun og þóknanir:

1. Fyrir störf hjá fyrirtækjum sem flokkast undir fiskveiðar eða iðnað skv. 1., 2. eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.
2. Fyrir störf við landbúnað, jafnt vinna bóndans sjálfs og þeirra sem hann greiðir laun, svo og vegna jarðræktarframkvæmda og annarra byggingarframkvæmda á bújörðum en þeirra sem tengjast fiskræktarstöðvum. Vinna við skógrækt telst landbúnaðarstarf í þessu sambandi.

12. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 87/1987, orðist svo:

Reki aðili fjölþættan atvinnurekstur eða starfsemi sem ýmist er launaskattsskyld eða er undanþegin launaskatti, sbr. 1. gr. og 3. mgr. 2. gr., skal hann aðgreina launagreiðslur í bókhaldi sínu þannig að séð verði hvað af þeim tilheyri hverjum þætti.

Greiðslum fyrir yfirstjórn og öðrum slíkum greiðslum, sem ekki eru beint tengdar ákveðnum þáttum starfseminnar, skal skipt í gjaldflokka launaskatts, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 2. gr., í sömu hlutföllum og eru milli heildargreiðslna í hvorum gjaldflokki, sbr. 1. mgr., áður en umræddar yfirstjórnargreiðslur eru meðtaldar og reikna launaskatt af þeim í samræmi við það.

IV. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

13. gr.

72. gr. laganna orðist svo:

62. gr. Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 48% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul.

V. KAFLI

Um gjald af erlendum lánum, leigusamningum o.fl.

14. gr.

Innlendir aðilar skulu greiða gjald til ríkissjóðs af erlendum lántökum, fjármögnunar-leigu, kaupleigu og hliðstæðum samningum að því marki sem umsamdar lántökuheimildir eru notaðar og með þeim takmörkunum sem gerðar eru í lögum þessum. Gjaldskyldan hvílir á lántaka eða leigutaka.

Til innlendra aðila skv. 1. mgr. teljast einstaklingar, búsettir hér á landi, án tillits til ríkisfangs, stofnanir og fyrirtæki, skrásett hér á landi, og erlendir einstaklingar og fyrirtæki, búsettir eða skrásett erlendis, að því leyti sem þau reka starfsemi hér á landi.

15. gr.

Gjald skv. 13. gr. reiknast af höfuðstól gjaldskyldra samninga sem hér segir:

- | | |
|--|----|
| a. Samningur til 6 mánaða eða skemmri tíma | 2% |
| b. Samningur til lengri tíma en 6 mánaða en þó ekki lengri tíma
en eins árs | 4% |
| c. Samningar til lengri tíma en árs | 6% |

Samanlagður gildistími samninga segir til um í hvaða gjaldflokk þeir falla.

16. gr.

Auk samninga um peningalán nær gjaldskylda skv. 14. gr. til samninga um kaup eða leigu á vöru, vinnu eða þjónustu gegn útgáfu hvers konar skuldaviðurkenninga eða formlegra lánsamninga. Sama gildir um hvers konar reikningsviðskipti til lengri tíma en 60 daga. Með reikningsviðskiptum er átt við vöruviðskipti, kaup á vinnu eða þjónustu, þar sem hvorki er gefin út formleg skuldarviðurkenning né formlegur lánsamningur gerður vegna viðskiptanna.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. telst aðeins gjaldskyld neikvæð nettóstaða banka og sparisjóða á reikningum þeirra hjá erlendum viðskiptabönkum vegna daglegra gjaldeyrisviðskipta eins og hún er að meðaltali á hverjum ársfjórðungi. Nettóstadan reiknast eftir vikulegum skýrslum um gjaldeyrisjöfnuð og skal gjaldið reiknast af neikvæðri stöðu eins og hún er að meðaltali á hverjum ársfjórðungi.

17. gr.

Banki eða sparisjóður, sem hefur milligöngu um gerð eða framkvæmd gjaldskyldra samninga skv. 14. og 16. gr., skal innheimta gjald samkvæmt þessum kafla án endurgjalds. Gjaldið greiðist eigi síðar en við fyrstu afhendingu samningsandvirðis.

Innheimtu gjaldi skulu bankar og sparisjóðir skila inn á reikning ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands fyrir 10. dag næsta mánaðar eftir að innheimtan á sér stað. Greiðslu skal fylgja skilagrein í því formi og með þeim gögnum sem Seðlabanki Íslands ákveður. Gjald, sem ákvarðast skv. 2. mgr. 16. gr., skal greitt innan 10 daga frá lokum hvers ársfjórðungs.

Skili bankar og sparisjóðir ekki innheimtu gjaldi í síðasta lagi á gjalddaga skulu þeir greiða dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af hinni vangoldnu fjárhæð frá og með þeim degi.

18. gr.

Sé gjaldskyldur samningur samkvæmt þessum kafla gerður án milligöngu banka eða sparisjóðs skal skuldari leggja fram samningsskjöl í Seðlabanka Íslands innan fimm virkra daga frá því að samningur var gerður og greiða gjaldið um leið. Greiði þeir sem um ræðir í

Þessari grein ekki gjaldið innan tilskilins frests skal þeim gert að greiða álag er nemi 5% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir gjalddagann, þó ekki hærra en 25%. Eftir það skulu þeir greiða dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, er reiknast skulu frá og með 15. degi næsta mánaðar eftir gjalddagann.

Heimflutningur lánsandvirðis, sem er í reiðufé, skal fara um hérlendan banka eða sparisjóð. Yfirfærsla gjaldeyris í banka eða sparisjóði vegna gjaldskyldra samninga samkvæmt ákvæðum þessa kafla er óheimil nema gjaldið hafi verið greitt.

19. gr.

Ríkissjóður skal undanþeginn gjaldi samkvæmt þessum kafla svo og stofnanir hans og ríkisfyrirtæki eftir því sem ráðherra kann að ákveða með reglugerð.

Skuldbreytingar milli sömu aðila á samsvarandi samningsfjárhæð útistandandi viðskipta, er stofnað var til fyrir gildistöku laga þessara, skulu undanþegnar gjaldi samkvæmt þessum kafla.

Fjármálaráðherra er heimilt að undanþiggja eftirtalda lánessamninga gjaldi samkvæmt þessum kafla:

1. Afurðalán vegna útflutnings, útflutningslán og birgðalán sem tekin eru erlendis eða endurlánað erlent lánsfé til útflytjenda í því skyni að flýta uppgjöri söluandvirðis við framleiðendur útflutningsafurða, svo og önnur lán sem falla undir auglýsingu nr. 309/1986 um erlend lán vegna útflutningsafurða.
2. Lán vegna hráefnakaupa fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisiðnaði. Sama á við um lán sem tekin eru erlendis vegna reksturs flugvéla og kaupskipa.
3. Ný lán sem tekin eru til greiðslu á ógjaldföllum hluta eldra láns enda sé sýnt fram á að hin nýja lántaka hafi ekki í för með sér aukningu erlendra skulda viðkomandi aðila eða lengingu á lánstíma og að með hinni nýju lántöku sé aðeins stefnt að því að fá hagstæðari lánskjör.

20. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessa kafla. Getur hann m.a. kveðið nánar á um það sem fellur undir undanþáguheimildir 19. gr., svo og um önnur skilyrði sem hann telur nauðsynleg. Þá getur hann kveðið nánar á um að greiðslum megi skipta í fleiri en eina greiðslu til samræmis við afhendingartíma samningsandvirðis sé það reitt af höndum í áföngum.

Heimilt er að fela Seðlabanka Íslands að hafa með höndum umsjón og eftirlit með framkvæmd ákvæða þessa kafla.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Ákvæði XII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum, skulu gilda um refsingar vegna brota gegn ákvæðum V. kafla.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur IV. kafla bráðabirgðalaga nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum, úr gildi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu ákvæði III. kafla laganna ekki öðlast gildi fyrr en 1. júlí 1988 og taka til launa vegna starfa sem unnin eru frá og með þeim tíma.

Ákvæði IV. kafla laganna skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði V. kafla laganna falla úr gildi 31. desember 1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

Samningar, sem um ræðir í 14. og 16. gr. og gerðir voru og formlega gengið frá fyrir 10. júlí 1987, þó svo að afhending samningsandvirðis til skuldara fari ekki fram fyrr en eftir framangreint tímamark, eru undanþegnin gjaldskyldu skv. V. kafla.

Af samningum, sem um ræðir í 14. og 16. gr. og gerðir voru og formlega gengið frá á tímabilinu 10. júlí 1987 til gildistöku laga þessara, þó svo að afhending samningsandvirðis fari fram síðar, skal greiða gjald samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 68/1987.

Gjört í Reykjavík, 10. mars 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L.S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

29. janúar 1988

Nr. 11

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 29. janúar 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Benediktsson.

LEIÐRÉTTING

Í endurútgáfu laga um eftirlaun til aldraðra, nr. 2 14. febrúar 1985, hefur 3. málsg. 16. gr. laganna fallið niður. Rétt er 16. gr. þannig:

Stjórnir hlutadeigandi lífeyrissjóða úrskurða eftirlaun og annast greiðslu þeirra. Eigi hlutadeigandi eftirlaunþegi samkvæmt I. kafla ekki lífeyrisrétt í neinum lífeyrissjóði, skal stjórn lífeyrissjóðs stéttarfélags hans úrskurða eftirlaunin og greiða þau, nema samkomulag sé um annað milli þess sjóðs og lífeyrissjóðs fyrirtækis, sem félaginn hefur starfað hjá. Umsjónarnefnd eftirlauna annast úrskurðun og greiðslu eftirlauna samkvæmt II. kafla, sé ekki um lífeyrissjóðsaðild að ræða, enda hafi ráðherra ekki ákveðið aðra tilhögun, sbr. 18. gr.

Nú upplýsir lífeyrissjóður, sem afgreiðir umsókn samkvæmt I. kafla, að réttindatími sé á sviði fleiri en eins lífeyrissjóðs, og getur þá Umsjónarnefnd að beiðni sjóðsins úrskurðað um skiptingu greiðslna milli hlutadeigandi sjóða, en gefa skal hún hlutadeigandi sjóðum kost á að láta í ljós álit sitt áður en úrskurður er kveðinn upp.

Eftirlaun skulu ekki greidd lengra aftur en tvö ár, reiknað frá lokum næsta mánaðar áður en umsókn berst Umsjónarnefnd eftirlauna.

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við lög nr. 55 30. mars 1987, tollalög,
sbr. lög nr. 96 31. desember 1987, um breyting á þeim lögum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tollskrá í viðauka I:

a) Eftirfarandi tollskrárnúmer í 1. gr. viðaukans falli brott og auðkennið „1)“ aftan við viðkomandi tollskrárnúmer í tollskránni: 1704.1000, 1704.9001, 1704.9003— 1704.9009, 1806.1000, 1806.2009—1806.3209, 1806.9009, 1905.1000—1905.9009, 2009.1109, 2009.1909, 2009.2009, 2009.3009, 2009.4009, 2009.5009, 2009.6009, 2009.7009, 2009.8009, 2009.9009, 2101.1001—2101.3000, 2105.0001, 2105.0009, 2106.9019, 2106.9022, 2106.9029, 2106.9031, 2202.1001—2203.0009 og 2403.9901.

b) Á einstökum köflum tollskrárinnar eru jafnframt gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Við 2. kafla:

Tnr. 0208.9001 og 0209.9002 orðist svo:

9001 – – Hvalkjöt, fryst	0
9002 – – Hvalafurðir, ót.a., frystar	0

2. Við 3. kafla:

a. Í stað tnr. 0303.3101 og 0303.3102 komi tnr. 0303.3101, 50303.3102 og 0303.3103 er orðist svo:

3101 – – – Grálúða, landfryst	0
3102 – – – Grálúða, sjófryst	0
3103 – – – Lúða	0

b. Tnr. 0303.6000 orðist svo:

– Porskur (*Gadus morhua*, *Gadus ogac*, *Gadus macrocephalus*), þó ekki lifur og hrogn:

6001 – – Landfrystur	0
6002 – – Sjófrystur	0

c. Tnr. 0303.7200 orðist svo:

– – Ýsa (*Melanogrammus aeglefinus*):

7201 – – – Landfryst	0
7202 – – – Sjófryst	0

d. Tnr. 0303.7300 orðist svo:		
-- Ufsi (<i>Pollachius virens</i>):		
7301 -- -- Landfrystur		0
7302 -- -- Sjófrystur		0
e. Tnr. 0303.7901—0303.7903 orðist svo:		
7901 -- -- Loðna, landfryst		0
7902 -- -- Loðna, sjófryst		0
7903 -- -- Langa		0
Jafnframt bætast við tnr. 0303.7907 og 0303.7908 er orðist svo:		
7907 -- -- Karfi, landfrystur		0
7908 -- -- Karfi, sjófrystur		0
f. Í stað tnr. 0304.1030 komi tnr. 0304.1031, 0304.1032 og 0304.1039 er orðist svo:		
1031 -- -- Lax		0
1032 -- -- Silungur		0
1039 -- -- Annar		0
g. Í stað tnr. 0304.2011—0304.2039 komi:		
-- Frest flök:		
-- Landfryst:		
2001 -- -- Síld		0
2002 -- -- Loðna		0
2003 -- -- Lúða, blokkfryst		0
2004 -- -- Lúða, önnur flök		0
2005 -- -- Grálúða, blokkfryst		0
2006 -- -- Grálúða, önnur flök		0
2007 -- -- Skarkoli, blokkfrystur		0
2008 -- -- Skarkoli, önnur flök		0
2009 -- -- Annar flatfiskur, blokkfrystur		0
2011 -- -- Annar flatfiskur, önnur flök		0
2012 -- -- Háfur, blokkfrystur		0
2013 -- -- Háfur, önnur flök		0
2014 -- -- Hámeri, blokkfryst		0
2015 -- -- Hámeri, önnur flök		0
2016 -- -- Karfi, blokkfrystur		0
2017 -- -- Karfi, önnur flök		0
2018 -- -- Langa, blokkfryst		0
2019 -- -- Langa, önnur flök		0
2021 -- -- Keila, blokkfryst		0
2022 -- -- Keila, önnur flök		0
2023 -- -- Skata, blokkfryst		0
2024 -- -- Skata, önnur flök		0
2025 -- -- Steinbítur, blokkfrystur		0
2026 -- -- Steinbítur, önnur flök		0
2027 -- -- Ufsi, blokkfrystur		0
2028 -- -- Ufsi, önnur flök		0
2029 -- -- Ýsa, blokkfryst		0
2031 -- -- Ýsa, önnur flök		0

2032	— — —	Porskur, blokkfrystur	0
2033	— — —	Porskur önnur flök	0
2034	— — —	Lax, blokkfrystur	0
2035	— — —	Lax, önnur flök	0
2036	— — —	Silungur, blokkfrystur	0
2037	— — —	Silungur, önnur flök	0
2038	— — —	Önnur, blokkfryst	0
2039	— — —	Önnur	0
	— —	Sjófryst:	
2041	— — —	Síld	0
2042	— — —	Loðna	0
2043	— — —	Lúða, blokkfryst	0
2044	— — —	Lúða, önnur flök	0
2045	— — —	Grálúða, blokkfryst	0
2046	— — —	Grálúða, önnur flök	0
2047	— — —	Skarkoli, blokkfrystur	0
2048	— — —	Skarkoli, önnur flök	0
2049	— — —	Annar flatfiskur, blokkfrystur	0
2051	— — —	Annar flatfiskur, önnur flök	0
2052	— — —	Háfur, blokkfrystur	0
2053	— — —	Háfur, önnur flök	0
2054	— — —	Hámeri, blokkfryst	0
2055	— — —	Hámeri, önnur flök	0
2056	— — —	Karfi, blokkfrystur	0
2057	— — —	Karfi, önnur flök	0
2058	— — —	Langa, blokkfryst	0
2059	— — —	Langa, önnur flök	0
2061	— — —	Keila, blokkfryst	0
2062	— — —	Keila, önnur flök	0
2063	— — —	Skata, blokkfryst	0
2064	— — —	Skata, önnur flök	0
2065	— — —	Steinbítur, blokkfrystur	0
2066	— — —	Steinbítur, önnur flök	0
2067	— — —	Ufsi, blokkfrystur	0
2068	— — —	Ufsi, önnur flök	0
2069	— — —	Ýsa, blokkfryst	0
2071	— — —	Ýsa, önnur flök	0
2072	— — —	Porskur, blokkfrystur	0
2073	— — —	Porskur, önnur flök	0
2074	— — —	Önnur, blokkfryst	0
2079	— — —	Önnur	0

h. Í stað tnr. 0305.3001—0305.3009 komi:

	— —	Söltuð:	
3011	— — —	Porskur	0
3012	— — —	Porskur, í smásöluumbúðum	0
3013	— — —	Ufsi	0
3014	— — —	Síld	0
3019	— — —	Önnur	0
3020	— —	Önnur	0

i. Tnr. 0305.5906 orðist svo: 5906 – – – Harðfiskur	0	
j. Tnr. 0305.6103 falli brott.		
k. Tnr. 0305.6903 falli brott, jafnframt því sem tnr. 0305.6902 orðist svo: 6902 – – – Ufsi	0	
l. Í stað tnr. 0305.6909 kómi: 6909 – – – Í smásöluumbúðum	0	
6919 – – – Annars	0	
m. Í stað tnr. 0306.1301 og 0306.1309 kómi: – – – Landfryst: 1311 – – – – Skelflett	0	
1319 – – – – Annað	0	
– – – Sjófryst 1321 – – – – Skelflett	0	
1329 – – – – Annað	0	
n. Í stað tnr. 0307.9900 kómi: – – – Fryst: 9911 – – – – Kúfiskur	0	
9919 – – – – Annað	0	
9920 – – – Annars	0	
3. Við 5. kafla: Tnr. 0511.9112 og 0511.9113 orðist svo: 9112 – – – Beitusíld, fryst	0	
9113 – – – Loðna til beitu, fryst	0	
4. Við 10. kafla. Tnr. 1001.9001 og 1001.9009 verði tnr. 1001.9000 og orðist svo: 9000 – Annað	0	
5. Við 16. kafla.		
a. Tnr. 1604.1901 orðist svo: 1901 – – – Niðursoðin, léttreykt regnbogasilungsflök	20	0
b. Tnr. 1604.2005 orðist svo: 2005 – – – Niðursoðin reykt- og kryddsíldarpasta	20	0
c. Í stað tnr. 1604.2009 kómi: 2009 – – Niðursoðin fiskflök í sósum, ót.á.	20	0
2019 – – Annars	20	0
d. Við nr. 1604 bætist tnr. 1604.3005 er orðist svo: 3005 – – Niðurlögð murtuhrogn	20	0

- e. Tnr. 1605.4011 — 1605.9090 orðist svo:
- Önnur krabbadýr:
 - 4001 – – Í loftþéttum umbúðum 20 0
 - 4009 – – Í öðrum umbúðum 20 0
 - Annað:
 - – Í loftþéttum umbúðum:
 - 9011 – – – Niðursoðinn hörpudiskur 20 0
 - 9012 – – – Kræklingur 20 0
 - 9019 – – – Annað 20 0
 - – Annars:
 - 9021 – – – Kræklingur 20 0
 - 9029 – – – Annað 20 0
6. Við 20. kafla:
- a. Tnr. 2002.9001 orðist svo:
- 9001 – – Mauk (pururé) 30 0
- b. Vöruliður 2006 orðist svo:
- Ávextir, hnetur, ávaxtahýði og aðrir plöntuhlutar, varið skemmdum með sykri (gegndreypt, gljásykrað eða kristallað).
- c. Í stað orðanna „Safi úr hvers konar öðrum ávaxta- eða matjurtasafa:“ í vörulið 2009 komi:
- Safi úr hvers konar öðrum ávöxtum eða matjurtum:
7. Við 22. kafla:
- a. Tnr. 2208.1000 orðist svo:
- Áfengisblöndur sem notaðar eru til framleiðslu á drykkjarvörum:
 - 1001 – – Sem í er meira en 2,25% af vínanda að rúmmáli 0
 - 1009 – – Aðrar 20 0
- b. Tnr. 2208.9001 orðist svo:
- 9001 – – Áfengi sem meira er í en 2,25% af vínanda að rúmmáli 0
- c. Við nr. 2208 bætist tnr. 2208.9004 er orðist svo:
- 9004 – – Líkjörar 0
8. Í stað tnr. 2513.1100 komi:
- – Öunninn í óreglulegum hlutum, þar með talinn mulinn vikur (bimskies):
 - 1101 – – – Byggingarvikur 0
 - 1102 – – – Þvottavikur 0
 - 1109 – – – Annar 0
9. Við 28. kafla:
- a. Tnr. 2827.1000 og 2827.2000 orðist svo:
- 1000 – Ammoníumklóríð 0
 - 2000 – Kalsíumklóríð 0

- b. Tnr. 2844.4000 orðist svo:
 4000 – Geislavirk frumefni, samsætur og sambönd, þó ekki sambönd í nr.2844.10—30; málmblendi, dreifur (þar með talið keramikmelmi), leirvörur og blöndur sem innihalda þessi frumefni, samsætur eða sambönd; geislavirkar leifar 0
10. Við 30. kafla:
 Tnr. 3003.1001—3003.9009 orðist svo:
 1000 – Sem innihalda penisilín eða afleiður þeirra, með byggingu penisilínsýru, eða streptómýsín eða afleiður þeirra 0
 2000 – Sem innihalda önnur fúkalyf 0
 – Sem innihalda hormón eða aðrar vörur í nr. 2937 en innihalda ekki fúkalyf:
 3100 – – Sem innihalda hormón eða aðrar vörur í nr. 2937 en innihalda ekki fúkalyf 0
 3900 – – Önnur 0
 4000 – Sem innihalda lýtinga eða afleiður þeirra, en innihalda ekki hormón eða aðrar vörur í nr. 2937 eða fúkalyf 0
 – Önnur:
 9001 – – Sælgæti (medicated sweets) 20 0
 9009 – – Annars 0
11. Við 39. kafla:
 a. Í stað 3926.3000 komi ný númer er orðist svo:
 – Smávarningur til að búa, slá og leggja með ýmsa hluti svo sem húsgögn, vagna o.þ.h.:
 3001 – – Til ökutækja 30
 3009 – – Annar 0
- b. Í stað tnr. 3926.9021 og 3926.9022 komi:
 9021 – – Netahringir 0
 9022 – – Neta- og trollkúlar 0
 9023 – – Vörur til veiðarfæra, ót.a. 0
 9024 – – Tengikassar fyrir raflagnir 5 0
 9025 – – Björgunar- og slysavarnartæki 0
12. Við 48. kafla:
 Tollur í tnr. 4818.2000 og 4818.3000 verði 10% í A-dálki en 0% í E-dálki.
13. Við 51. kafla:
 a. Í stað tnr. 5105.2900 komi:
 – – Annað:
 2901 – – – Plötulopi 0
 2909 – – – Annars 0
- b. Í stað tnr 5109.1000 komi:
 – Sem í er 85% eða meira að þunga af ull eða fíngerðu dýrahári:
 1001 – – Hespulopi 0
 1002 – – Ullarband 0
 1009 – – Annað 0

14. Við 56. kafla:

a. Vöruliður 5604 orðist svo:

Gúmmíþráður og gúmmísnúra, hjúpað með spunaefni; spunagarn og ræmur o.þ.h. sem lýst er í nr. 5404 eða 5405, gegndreypt, húðað, hjúpað eða klætt með gúmníi eða plasti:

b. Við nr. 5608 bætist tnr. 5608.1902 sem orðist svo:

1902 – – – Björgunarnet 0

15. Við 73. kafla:

Í stað tnr. 7326.9005—7326.9009 komi:

9005 – – Botnrúllur	0	
9006 – – Toghlerar	0	
9007 – – Toghleraskór	0	
9008 – – Vörur til veiðarfæra, ót.a.	0	
9009 – – Pípu- og kapalfestingar, klemmur, krókar o.þ.h.	0	
9011 – – Tengikassar, tengidósir o.þ.h. fyrir raflagnir	5	0
9019 – – Annað	10	0

16. Við 76. kafla:

Við nr. 7616 bætist tnr. 7616.9011 er orðist svo:

9011 – – Forskaut
 0 |

17. Við 83. kafla:

Tollur í tnr. 8302.2000 verði 0.

18. Við 84. kafla:

a. Tnr. 8425.3100 orðist svo:

– – Knúnar rafhreyfli:

3101 – – – Sjálfvirkar færavindur
 0 |

3109 – – – Annars
 0 |

b. Tnr. 8425.3900 orðist svo:

– – Annars:

3901 – – – Sjálfvirkar færavindur, knúnar vökvahreyfli
 0 |

3909 – – – Annars
 0 |

19. Við 85. kafla:

a. Tollur í tnr. 8519.2900, 8519.3100 og 8519.3900 verði 15%.

b. Tnr. 8529.9001 orðist svo:

9001 – – Til tækja í nr. 8525, 8526, 8527.9001, 8528.1001 og
8528.2001
 0 |

c. Tnr. 8441.1000 orðist svo:

1000 – Skurðarvélar
 0 |

20. Við 87. kafla:

a. Við nr. 8703 bætist tnr. 8703.1013 er orðist svo:

1013 – – – Sjúkrabifreiðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins
 0 |

- b. Málsliðurinn „ – – – Til fólksflutninga eingöngu með sprengirými meira en 2000 cm³ til og með 2500 cm³:“ á undan tnr. 8703.3231 orðist svo: – – – Til fólksflutninga eingöngu með sprengirými meira en 2000 cm³ til og með 2300 cm³.
- c. Tnr. 8703.3321 og 8703.3329 ásamt undanfarandi orði „ – – – Önnur“ orðist svo:
- – – Önnur, til fólksflutninga eingöngu:
 - 3321 – – – – Með alhjóladrifi 10
 - 3322 – – – – Önnur, ný 10
 - 3329 – – – – Önnur, notuð 10
 - – – Önnur:
 - 3331 – – – – Sjúkrabifreiðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 0
 - 3339 – – – – Önnur 10
21. Við 89. kafla:
- a. Tnr. 8901.9000 orðist svo:
- Önnur för til flutninga á vörum og önnur för til flutninga bæði á mönnum og vörum:
 - 9001 – – – Notuð 0
 - 9009 – – – Annars 0
- b. Tnr. 8902.0011—8902.0090 orðist svo:
- Vélskip:
 - – Meira en 250 rúmlestir:
 - 0011 – – – Notuð 0
 - 0019 – – – Önnur 0
 - – Meira en 100 til og með 250 rúmlestir:
 - 0021 – – – Notuð 0
 - 0029 – – – Önnur 0
 - – 10 til og með 100 rúmlestir:
 - 0031 – – – Notuð 0
 - 0039 – – – Önnur 0
 - – Önnur:
 - 0041 – – – Notuð 0
 - 0049 – – – Annars 0

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 6. og 143. gr. laga nr. 55 30. mars 1987, tollalaga, sbr. lög nr. 96 31. desember 1987, um breyting á þeim, til að öðlast gildi 1. apríl 1988.

Fjármálaráðuneytið, 15. mars 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Sigurgeir Jónsson.

Endurprentað blað.

LÖG

um aðgerðir í sjávarútvegi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjárveitingu ársins 1987 vegna endurgreiðslu söluskatts í sjávarútvegi skal varið sem hér segir:

- a. Til fiskvinnslufyrirtækja skulu renna 455 m.kr. í hlutfalli við áætlaða uppsöfnun söluskatts í hverri vinnslugrein og í hlutfalli við fob-verðmæti útfluttra sjávarafurða hvers fyrirtækis eftir reglum sem sjávarútvegsráðherra setur.
- b. Helmingur þeirra 220 m.kr., sem skyldu renna til Fiskeiðasjóðs Íslands á árinu 1987, skal lagður inn á sérstakan bundinn reikning í vörslu sjóðsins. Ráðherra getur að fengnum tillögum sjóðsstjórnar sett reglur um ráðstöfun fjár af þessum reikningi til niðurgreiðslu vaxta vegna stofnfjárlána fiskiskipa.
- c. Til Útflutningsráðs Íslands skulu á árinu 1987 renna 25 m.kr.

2. gr.

Greiða skal sérstakt gjald af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað eins og nánar er ákveðið í lögum þessum. Gjaldið rennur í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Flytji skip eigin afla á erlendan markað er sá afla undanþeginn gjaldi skv. 1. mgr.

Gjaldið skal ákveðið sem tiltekin fjárhæð á hvert kíló ísfisks. Sjávarútvegsráðherra skal að fenginni umsögn stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins ákveða með reglugerð fjárhæð gjaldsins til þriggja mánaða í senn og má gjaldið vera mishátt eftir fisktegundum. Við þessa ákvörðun skal taka mið af áætlaðri inngreiðslu til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins vegna útflutnings á botnfiskafurðum miðað við hvert kíló hráefnis samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar.

3. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík hefur eftirlit og yfirumsjón með innheimtu gjalds skv. 2. gr. laga þessara.

Lýsi útflytjandi gjaldskylds ísfisks því skriflega yfir fyrir viðkomandi tollstjóra að fiskurinn sé ætlaður til sölu erlendis fellur gjald skv. 2. gr. í gjalddaga við skil á gjaldeyri vegna sölunnar, þó eigi síðar en þrjátíu dögum eftir brottfarardag flutningsfars. Liggi slík yfirlýsing ekki fyrir við afgreiðslu flutningsfars er gjaldið kræft þegar í stað og er viðkomandi tollstjóra þá óheimilt að afgreiða flutningsfar nema gegn greiðslu gjaldsins.

Viðskiptabanki útflytjanda skal við gjaldeyrisstil halda eftir því gjaldi sem ákveðið er í 3. mgr. 2. gr. laga þessara og skila því til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

4. gr.

Sé gjald skv. 2. gr. laga þessara ekki greitt á gjalddaga skal greiða dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af vangreiddri fjárhæð. Gjaldið nýtur lögtaksréttar. Útflytjandi og eigandi útflutts ísfisks bera óskipta ábyrgð á greiðslu gjalds skv. 2. gr. og getur tollstjórinn í Reykjavík gengið að hvorum þeirra um sig til greiðslu gjaldsins. Tollstjóri getur stöðvað afgreiðslu útflutningsskjala þeirra aðila sem eru í vanskilum með gjald skv. 2. gr. laga þessara.

5. gr.

Gjaldi til Verðjöfnunarsjóðs skv. 2. gr. skal skipt milli deilda sjóðsins í hlutfalli við heildarútflutningsverðmæti botnfiskafurða er undir hverja deild falla á næstliðnu ári.

6. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um innheimtu gjalds til Verðjöfnunarsjóðs, eftirlit með skilum þess og upplýsingaskyldu gjaldskyldra aðila. Honum skal og heimilt að setja fyllri ákvæði um gjaldskyldu og skiptingu innheimts gjalds.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Gjald skv. 2. gr. skal innheimt vegna útflutnings frá og með 15. júlí 1987.

Gjört í Reykjavík, 16. mars 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um aðgerðir í efnahagsmálum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Forsætisráðherra hefir tjáð oss að ríkisstjórnin hafi ákveðið aðgerðir í efnahagsmálum er hafi að markmiði að tryggja að gengisbreyting krónunnar 16. maí sl. beri tilætlaðan árangur við að skapa undirstöðugreinum atvinnulífsins viðunandi rekstrarskilyrði, koma í veg fyrir sjálfvirkt víxlgengi verðlags, gengis, launa og fjármagnskostnaðar, og leggja grunn að jafnvægi í efnahagslífinu. Til að þessu markmiði verði náð beri brýna nauðsyn til að tryggja samræmi í launaþróun, verja kaupmátt lægstu launa og draga úr verðbólguáhrifum gengisbreytingarinnar.

Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

Laun, þ.e. launataxtar og kjaratengdir liðir, þ. á m. kauptrygging sjómanna, í síðast gildandi kjarasamningum, skulu hinn 1. júní 1988 hækka um það sem kann að vanta á 10% hækkun frá 31. desember 1987 að telja. Hinn 1. september 1988 skulu laun hækka um það sem kann að vanta á 12,75% hækkun á tímabilinu frá 31. desember 1987 að telja. Hinn 1. desember 1988 skulu laun hækka um það sem kann að vanta á 14,45% hækkun á tímabilinu frá 31. desember 1987 að telja. Hinn 1. mars 1989 skulu laun hækka um það sem kann að vanta á 15,9% hækkun á tímabilinu frá 31. desember 1987 að telja.

Gildandi kjarasamningar sem ákveða minni hækkun launa en felst í 1. mgr. þessarar greinar breytast í samræmi við hana.

Ákvæði þessarar greinar raska þó ekki þeim ákvæðum gildandi kjarasamninga sem fela í sér meiri hækkun launa en kveðið er á um í 1. mgr.

2. gr.

Fjárhæðir launaliða í verðlagsgrundvelli búvöru skulu taka þeim hækkunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 1. gr.

3. gr.

Fjárhæðir launaliða í gjaldskrá sjálfstætt starfandi sérfræðinga skulu ekki hækka meira en greinir í 1. mgr. 1. gr. Sama gildir um hvers kyns útselda vinnu og þjónustu.

4. gr.

Með þeim breytingum á kaupgjaldsákvæðum kjarasamninga sem kveðið er á um í lögum þessum framlengjast allir gildandi og síðast gildandi kjarasamningar til 10. apríl 1989.

Verkbönn, verkföll, þar með taldar samúðarvinnustöðvanir, eða aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi mæla fyrir um eru óheimilar.

5. gr.

Atvinnurekendum er óheimilt að hækka laun, þóknanir, og hlunnindagreiðslur hvers konar umfram það sem samið hefur verið um í kjarasamningum eða kveðið er á um í lögum þessum.

6. gr.

Rísi ágreiningur um túlkun á ákvæðum laga þessara við framkvæmd kjarasamninga einstakra starfsgreina geta verkalýðsfélög eða vinnuveitendafélög vísað honum til úrskurðar sérstaks gerðardóms. Gerðardómur skal skipaður þremur mönnum. Skal hvor aðila kjarasamnings tilnefna einn mann og Hæstiréttur hinn þriðja, og er hann formaður dómsins. Úrskurður gerðardóms er fullnaðarúrskurður. Kostnaður við gerðardóm greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Frá gildistöku laga þessara skulu hækkanir á gjaldskrár ríkisfyrirtækja háðar samþykki ríkisstjórnarinnar.

8. gr.

Verðtrygging nýrra fjárskuldbindinga til skemmri tíma en tveggja ára er óheimil frá 1. júlí 1988.

9. gr.

Seðlabanka Íslands er heimilt að ákveða að verðbréfasjóðir skuli verja allt að 20% af aukningu ráðstöfunarfjár frá 1. júlí 1988 til kaupa á markaðshæfum skuldabréfum ríkissjóds.

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 121. gr. laga nr. 75, 1981, um tekjuskatt og eignarskatt sbr. lög nr. 49, 1987, skal hækkun persónuafsláttar flýtt þannig að hún komi til framkvæmda 1. júní 1988 í stað 1. júlí s.á.

11. gr.

Forsætisráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 10. apríl 1989.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Magnús Thoroddsen.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 19 4. nóvember 1887, um aðför.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 25. gr. laganna orðist svo:

Segi dómfelldi eða sá sem málstað hans tekur eigi til má dómhafi tiltaka þá muni er taka skuli fjárnámi. Eins má dómhafi segja til ef dómfelldi er kvaddur til gerðarinnar eftir 2. mgr. 33. gr. en hann mætir eigi eða nokkur til að taka málstað hans.

2. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Þegar aðfararheimild er fyrir hendi og fógæti álítur að öðru leyti ekkert því til fyrirstöðu að verða við beiðni um aðför tiltekur hann stund til aðfarar svo sem verða má eftir óskum dómhafa.

Ef dómhafi óskar þess skal aðför hefjast á skrifstofu fógæta en kveðja skal þá dómfellda til gerðarinnar með ábyrgðarbréfi, símskeyti eða öðrum sannanlegum hætti með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara. Að öðrum kosti skal aðför hefja á heimili dómfellda. Jafnan má þó aðför hefja þar sem dómfelldi hittist annars staðar fyrir.

Ef maður er dæmdur til að framselja muni eða að láta þá af hendi má aðför hefja þar sem þeir eru fyrir.

Nú á dómfelldi eigi heimili hér á landi og er þá rétt að hefja aðför þar sem hann hittist fyrir eða munir hans sem til fullnægingar má nota.

3. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Eigi verður af aðför nema dómhafi sé viðstaddur eða löghæfur umboðsmaður hans.

Eigi tálmar það aðför þótt dómfelldi sé eigi viðstaddur eða einhver í umboði hans. Nú hefur dómfelldi verið kvaddur til gerðarinnar eins og segir í 2. mgr. 33. gr. og má þá gera aðför þótt enginn sé viðstaddur til að taka málstað hans. Annars skal fógæti skora á maka dómfellda eða annan lögráða heimilismann að taka málstað hans. Ef enginn þessara manna er viðstaddur eða vill takast það á hendur skal fógæti beina líkri áskorun að þeim sem kunnugur er dómfellda en ella öðrum lögráða manni sem viðstaddur er.

4. gr.

2. mgr. 45. gr. laganna orðist svo:

Því næst kveður fógeti svo á í bókinni að hinir uppskrifuðu munir séu teknir fjárnámi fjárnámshafa til fullnægingar og lætur dómfellda vita að upp frá þessu varði það hegningu að gera nokkrar þær ráðstafanir um muni þessa er komi í bága við rétt dómhafa. Sé dómfelldi eigi viðstaddur og heldur enginn heimilismanna hans skal fógeti tilkynna honum um þetta með ábyrgðarbréfi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 15. mars 1988.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Jón Sigurðsson.***AUGLÝSING****um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytið, 28. mars 1988.***Þorsteinn Pálsson.**

*Guðmundur Benediktsson.***AUGLÝSING****um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytið, 8. apríl 1988.***Þorsteinn Pálsson.**

Guðmundur Benediktsson.

LÖG

um Háskólann á Akureyri.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Hlutverk.

1. gr.

Háskólinn á Akureyri skal vera vísindaleg fræðslustofnun. Hann skal veita nemendum sínum menntun er geri þá hæfa til að sinna ýmsum störfum í atvinnulífnum og ábyrgðarstöðum í þjóðfélaginu eða stunda frekara háskólanám.

Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

II. KAFLI

Stjórn.

2. gr.

Stjórn háskólans er falin háskólanefnd og rektor. Háskólanefnd hefur úrskurðarvald í málefnum háskólans eftir því sem lög mæla og nánar er ákveðið í reglugerð. Rektor er yfirmaður stjórnarsýslu háskólans. Hann hefur daglegt eftirlit með rekstri háskólans, kennslu og annarri starfsemi.

Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

3. gr.

Rektor er skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára. Skal staðan auglýst og leitað úmsagnar háskólanefndar um umsækjendur. Heimilt er að endurskipa sama mann rektor önnur fimm ár.

4. gr.

Háskólanefnd skal þannig skipuð:

- a. Rektor sem jafnframt er formaður nefndarinnar.
- b. Forstöðumenn deilda háskólans.
- c. Einn fulltrúi lausráðinna kennara kjörinn til eins árs á almennum fundi þeirra.
- d. Tveir fulltrúar nemenda kjörnir til eins árs á almennum fundi þeirra.
- e. Skrifstofustjóri á sæti á fundum nefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

5. gr.

Rektor boðar til funda í háskólanefnd eftir þörfum. Skylt er að boða til fundar ef tveir eða fleiri nefndarmenn krefjast þess. Háskólanefnd er ályktunarhæf ef tveir þriðju hlutar nefndarmanna sækja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði rektors.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumenn deilda háskólans til þriggja ára að fengnum tillögum rektors. Að loknu fyrsta skipunartímabili skal forstöðumaður hvernar deildar kjörinn á deildarfundi samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sbr. 8. gr.

Menntamálaráðherra skipar skrifstofustjóra og bókavörð að fengnum tillögum háskólanefndar.

Rektor ræður annað starfslíð við stjórnsýslu og rekstur eftir því sem fjárveitingar leyfa og heimildir standa til.

7. gr.

Nánara skal ákveðið í reglugerð um verksvið og starfsskyldur háskólanefndar, rektors, forstöðumanna deilda og annars starfsfólks háskólans, sbr. og 9. gr.

III. KAFLI

Kennarar og deildir háskólans.

8. gr.

Í upphafi eru í háskólanum heilbrigðisdeild og rekstrardeild. Menntamálaráðherra getur samþykkt stofnun fleiri deilda að fengnum tillögum háskólanefndar og innan marka fjárveitingar í fjárlögum. Hverri deild má skipta í námsbrautir.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um deildir háskólans.

9. gr.

Fastir kennarar háskólans eru lektorar, dósentar eða prófessorar. Einnig starfa stundakennarar við skólann. Dósent- eða prófessorsstöðu skal því aðeins stofna að forsendur séu fyrir því að staðan tengist rannsóknarstörfum.

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra lektora og dósentar. Rektor ræður stundakennara.

Þá eina má skipa fasta kennara sem lokið hafa fullnaðarprófi frá háskóla eða annarri sambærilegri stofnun í aðalgrein þeirri er þeir eiga að kenna.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors eða dósentar. Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina, Háskóli Íslands annan, háskólanefnd Háskólans á Akureyri hinn þriðja og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar í greininni. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um að sams konar dómnefnd fjalli um hæfi umsækjenda um lektorsstöður.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda svo og námsferli hans og störfum megi ráða að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndar skal höfð til hliðsjónar er embættið er veitt og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentstarf við Háskólann á Akureyri nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit að hann sé hæfur til þess.

Enn fremur skal leita álits háskólanefndar Háskólans á Akureyri um umsækjendur hvort heldur eru lektorar, dósentar eða prófessorar.

Um starfsskyldur og réttindi kennara fer eftir kjarasamningum og nánari ákvæðum í reglugerð.

IV. KAFLI

Nemendur, kennsla og próf.

10. gr.

Háskólaárið telst vera frá 1. september til jafnlengdar næsta ár. Kennsluárið skiptist í tvö missiri, haustmissiri frá 1. september til 15. janúar og vormissiri frá 16. janúar til 31. maí. Háskólanefnd getur ákveðið aðra missiraskiptingu fyrir einstakar deildir og námsbrautir. Leyfi og önnur kennsluhlé skulu ákveðin í reglugerð.

11. gr.

Hver sá, sem staðist hefur fullnaðarpróf frá íslenskum skóla sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, hefur rétt til að skrá sig til náms við háskólann gegn því að greiða skrásetningargjald. Háskólanefnd er heimilt að leyfa skrásetningu einstaklinga er lokið hafa öðrum prófum en að ofan greinir ef hlutaðeigandi deild eða námsbraut telur um að ræða fullnægjandi undirbúning til náms við háskólann.

Setja skal í reglugerð ákvæði er mælir fyrir um árlega skráningu nemenda. Skrásetningargjöld skulu háð árlegu samþykki háskólanefndar og menntamálaráðherra.

12. gr.

Í reglugerð háskólans skal setja ákvæði um prófgreinar, próftíma, fullnaðarpróf, einkunnir, prófdómara og annað er að prófum lýtur.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

13. gr.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum háskólanefndar, reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd laganna.

14. gr.

Lög þessi skulu endurskoðuð áður en þrjú ár eru liðin frá setningu þeirra og skulu niðurstöður lagðar fyrir Alþingi fyrir árslok 1991.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Til og með 31. maí 1990 skal háskólanefnd, sbr. 2. gr., þannig skipuð:

- a. Rektor sem jafnframt er formaður nefndarinnar.
- b. Einn fulltrúi tilnefndur af bæjarstjórn Akureyrar.
- c. Einn fulltrúi tilnefndur af Fjórðungssambandi Norðlendinga.
- d. Tveir fulltrúar tilnefndir af menntamálaráðherra.
- e. Forstöðumenn deilda háskólans.
- f. Einn fulltrúi nemenda, kjörinn til eins árs á almennum fundi þeirra.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Birgir Ísl. Gunnarsson.

L Ö G

um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög þessi taka til sjóða og stofnana sem starfa samkvæmt skipulagsskrá staðfestri af dómsmálaráðherra samkvæmt lögum þessum eða samkvæmt skipulagsskrá staðfestri af forseta Íslands eða konungi fyrir gildistöku laga þessara, sbr. þó 2. mgr.

Undanskildir lögum þessum eru þó þeir sjóðir og stofnanir sem stofnað er til með lögum, ákvörðunum Alþingis eða milliríkjasamningum enda þótt skipulagsskrá þeirra sé staðfest.

2. gr.

Stofnfé sjóðs eða stofnunar skal vera 300 000 kr. hið minnsta miðað við lánskjaravísitölu þá sem í gildi er við gildistöku laganna og breytist síðan árlega í samræmi við þá vísitölu í janúarmánuði. Skal dómsmálaráðherra auglýsa árlega lágmarksupphæð. Heimilt skal þó ef sérstakar ástæður þykja mæla með að stofnfé nemi lægri upphæð.

Í skipulagsskrá skal greina stofnfé og hvaðan það er runnið, svo og hvert skuli vera markmið sjóðs eða stofnunar og hvernig fé skuli varið til að ná þeim markmiðum. Þá skal greina skýrt hvernig stjórn sjóðs eða stofnunar skal skipuð og hver bera skuli ábyrgð á fjárvörslu.

Dómsmálaráðherra skal halda skrá um alla sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og nefnist hún sjóðaskrá.

Staðfestar skipulagsskrár og breytingar á þeim skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Sá sem ábyrgð ber á sjóði eða stofnun skal eigi síðar en 30. júní ár hvert senda Ríkisendurskoðun reikning sjóðsins eða stofnunarinnar fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðs eða stofnunar hefur verið ráðstafað á því ári.

Stjórn sjóðs eða stofnunar skal jafnframt tilkynna sjóðaskrá hverjir skipi stjórn hverju sinni.

Ríkisendurskoðun skal halda skrá yfir heildartekjur og gjöld svo og eignir og skuldir allra skráðra sjóða og stofnana, svo og athugasemdir sínar við framlagða reikninga. Skal færa nýjar upplýsingar í skrána eftir því sem þær berast. Aðgangur að upplýsingum í skránni er öllum frjáls og skal láta í té afrit af henni til þeirra sem eftir því leita.

4. gr.

Hafi skýrsla og reikningur sjóðs eða stofnunar eigi borist í eitt ár eða reikningsskil reynast ófullkomin getur dómsmálaráðherra, að fengnum tillögum Ríkisendurskoðunar, falið lögreglustjóra að rannsaka fjárreiður sjóðsins eða stofnunarinnar og taka í sína vörslu skjöl og eignir. Skal lögreglustjóri hafa fjárvörsluna á hendi þar til dómsmálaráðherra hefur skipað málum á annan veg.

Kostnað, sem leiðir af rannsókn á fjárreiðum og vörslu sjóðs, má leggja á viðkomandi sjóð eða stofnun eftir mati dómsmálaráðherra og í samráði við Ríkisendurskoðun.

5. gr.

Eigi má selja eða veðsetja fasteignir sem eru eign sjóðs eða stofnunar, nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra. Áður en tekin er afstaða til umsóknar um veðsetningu eða sölu slíkrar fasteignar skal leitað umsagnar Ríkisendurskoðunar.

6. gr.

Nú hafa þjóðfélagshættir og aðstæður breyst svo mjög frá því að skipulagsskrá sjóðs eða stofnunar var staðfest að markmiðum þeim, sem skipulagsskrá gerir ráð fyrir, verður eigi náð eða stjórn verður ekki skipuð samkvæmt ákvæðum hennar og er dómsmálaráðherra þá heimilt að breyta skipulagsskrá. Við slíka breytingu skal þess gætt að fara eftir óskum stofnenda svo sem unnt er. Ef unnt er skal fá samþykki stjórnar sjóðs eða stofnunar til breytinganna.

Eftir sömu reglum og greinir í 1. mgr. er dómsmálaráðherra heimilt að sameina tvo eða fleiri sjóði eða stofnanir í einn sjóð eða stofnun. Þá er dómsmálaráðherra heimilt að leggja niður staðfestan sjóð eða stofnun en eignum skal varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum.

Áður en breytt er staðfestri skipulagsskrá, sjóðir eða stofnanir sameinaðar eða lagðar niður skal ætíð leita umsagnar Ríkisendurskoðunar. Ríkisendurskoðun getur einnig átt frumkvæði að því að tekin verði afstaða til aðgerða samkvæmt framansögðu.

7. gr.

Dómsmálaráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um efni og gerð skipulagsskráa og önnur atriði sem varða framkvæmd laga þessara. Má í því sambandi og í samráði við Ríkisendurskoðun setja nánari reglur um samstarf dómsmálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar eftir því sem þurfa þykir.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989. Jafnframt falla þá úr gildi lög um eftirlit með opinberum sjóðum, nr. 20 20. maí 1964.

Ákvæði til bráðabirgða.

Dómsmálaráðherra skal láta gera skrá um þá sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt skipulagsskrá staðfestri fyrir gildistöku laga þessara. Jafnframt skal kannað hvort eigi er ástæða til að breyta gildandi skipulagsskrám eða sameina sjóði eða stofnanir eða leggja niður. Skal þessu verki lokið fyrir árslok 1991.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

LÖG

um brottfall ýmissa laga á sviði viðskiptamála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verslunarvinnu.

1. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna falli brott.

2. gr.

3. mgr. 9. gr. laganna, sem verði 2. mgr., hljóði svo:

Leyfi til verslunar fyrir landið allt veitir leyfishafa rétt til smásöluverslunar utan lögsagnarumdæmis þar sem leyfi er gefið út. Lögreglustjóra á þeim stað er verslun á að reka hverju sinni er heimilt að takmarka leyfið við verslun með vörutegundir sem ekki er verslað með í því lögsagnarumdæmi.

II. KAFLI

Um brottfall laga um löggilta verslunarstaði.

3. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi eftirtalin lög og önnur lagafyrirmæli:

1. Opið bréf frá 28. desember 1836, innihaldandi nákvæmari ákvarðanir, með tilliti til tilskipananna um þá íslensku kauphöndlun og skipaferðir.
2. Lög nr. 13/1903, um stækkun verslunarlóðarinnar í Reykjavík.
3. Lög nr. 48/1935, um verslunarlóð Ísafjarðar.
4. Lög nr. 43/1919, um ákvörðun verslunarlóðarinnar í Hafnarfjarðarkaupstað.
5. Lög nr. 31/1918, um stækkun verslunarlóðarinnar í Ólafsfirði.
6. Lög nr. 51/1919, um takmörk verslunarlóðarinnar á Sauðárkróki.
7. Lög nr. 29/1891 og lög 72/1907, um stækkun verslunarlóðarinnar í Keflavík.
8. Lög nr. 30/1887, um stækkun verslunarstaðarins á Eskifirði.
9. Lög nr. 33/1897, um stækkun verslunarlóðarinnar á Eskifirði.
10. Lög nr. 18/1912, um stækkun verslunarlóðarinnar á Flateyri við Önundarfjörð.
11. 1842 14. des. Opið bréf, viðvíkjandi fullgilding Seyðisfjarðar í Íslands norður- og austuramti, svo og Portlands eður Dyrhóla í Íslands suðuramti, til að vera kaupskaparpláss.
12. 1846 23. des. Opið bréf um skipun tveggja kauptúnastæða á Íslandi við Þórshöfn í norðausturamtinu og á Borðeyri við Hrútafjörð í vesturamtinu.
13. 1863 19. jan. Opið bréf um löggilding þriggja verslunarstaða á Íslandi.
14. 1867 22. mars. Opið bréf um löggilding verslunarstaðar á Borgarnesi við Brákarpoll í Mýrasýslu í vesturumdæminu á Íslandi.
15. Lög nr. 21/1875, um löggilding verslunarstaðar við Blönduós í Húnavatnssýslu.
16. Lög nr. 13/1877, um löggilding verslunarstaðar í Þorlákshöfn í Árnessýslu.
17. Lög nr. 14/1877, um verslun á Geirseyri við Patreksfjörð.
18. Lög nr. 14/1879, um löggiltan verslunarstað við Jökulsá á Sólheimasandi.
19. Lög nr. 26/1879, um kauptún við Kópaskersvog í Norður-Þingeyjarsýslu.

20. Lög nr. 27/1879, um löggilding verslunarstaðar á Hornafjarðarós í Austur-Skaftafellssýslu.
21. Lög nr. 17/1881, um löggilding verslunarstaðar á Hesteyri við Hesteyrarfjörð innan Ísafjarðarsýslu.
22. Lög nr. 18/1881, um löggilding verslunarstaðar við Kolbeinsárós í Skagafirði.
23. Lög nr. 30/1883, um löggilding nýrra verslunarstaða.
24. Lög nr. 29/1887, um löggilding verslunarstaðar á Vík í Vestur-Skaftafellssýslu.
25. Lög nr. 3/1890, um löggilding verslunarstaðar að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp.
26. Lög nr. 4/1890, um löggilding verslunarstaðar við Hólmavík í Steingrímsfirði.
27. Lög nr. 5/1890, um löggilding verslunarstaðar að Stapa í Snæfellsnessýslu.
28. Lög nr. 6/1890, um löggilding verslunarstaðar á Búðareyri við Reyðarfjörð.
29. Lög nr. 39/1905, um stækkun verslunarlóðarinnar á Búðareyri við Reyðarfjörð.
30. Lög nr. 7/1890, um löggilding verslunarstaðar að Múlahöfn við Héraðsflóa.
31. Lög nr. 4/1892, um löggilding verslunarstaðar (við Ingólfshöfða (Kárahöfn) í Austur-Skaftafellssýslu).
32. Lög nr. 5/1892, um löggilding verslunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði.
33. Lög nr. 39/1893, um löggilding verslunarstaðar að Hlaðsbót í Arnarfirði.
34. Lög nr. 41/1893, um löggilding verslunarstaðar á Búðum í Fáskrúðsfirði.
35. Lög nr. 42/1893, um löggilding verslunarstaðar við Vogavík (í Gullbringusýslu).
36. Lög nr. 14/1894, um löggilding verslunarstaðar á Svalbarðseyri (við Eyjafjörð).
37. Lög nr. 7/1895, um löggilding verslunarstaðar að Hrafneyri við Hvalfjörð.
38. Lög nr. 8/1895, um löggilding verslunarstaðar að Stakkhamri í Miklaholtshreppi.
39. Lög nr. 9/1895, um löggilding verslunarstaðar við Kirkjubólshöfn í Stöðvarfirði.
40. Lög nr. 10/1895, um löggilding verslunarstaðar að Seleyri við Borgarfjörð.
41. Lög nr. 39/1895, um löggilding verslunarstaðar (á Bakka og Bakkagerði) í Borgarfirði (í Norður-Múlasýslu).
42. Lög nr. 40/1895, um löggilding verslunarstaðar við Hvammstanga (austanvert við Miðfjörð í Húnavatnssýslu).
43. Lög nr. 41/1895, um löggilding verslunarstaðar við Salthólmavík hjá Tjaldanesi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu.
44. Lög nr. 42/1895, um löggilding verslunarstaðar að Skálavík við Berufjörð í Suður-Múlasýslu.
45. Lög nr. 35/1897, um löggilding verslunarstaðar á Grafarnesi við Grundarfjörð.
46. Lög nr. 36/1897, um löggilding verslunarstaðar á Firði í Múlahreppi í Barðastrandar-sýslu.
47. Lög nr. 37/1897, um löggilding verslunarstaðar við Haganesvík í Fljótum.
48. Lög nr. 38/1897, um löggilding verslunarstaðar á Hjalteyri við Eyjafjörð.
49. Lög nr. 39/1897, um löggilding verslunarstaðar hjá Hallgeirsey í Rangárvallasýslu.
50. Lög nr. 36/1899, um löggilding verslunarstaðar að Suðureyarmölum í Ísafjarðarsýslu.
51. Lög nr. 37/1899, um löggilding verslunarstaðar við Norðurfjörð í Strandasýslu.
52. Lög nr. 45/1901, um löggilding verslunarstaðar á Hjallasandi í Neshreppi utan Ennis innan Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.
53. Lög nr. 46/1901, um löggilding verslunarstaðar við Sandgerðisvík í Gullbringusýslu.
54. Lög nr. 41/1902, um löggilding verslunarstaðar við Flatey á Skjálfanda.
55. Lög nr. 42/1902, um löggilding verslunarstaðar við Járngerðarstaðavík í Grindavík.
56. Lög nr. 43/1902, um löggilding verslunarstaðar við Óshöfn við Héraðsflóa.
57. Lög nr. 54/1903, um löggilding verslunarstaðar við Selvík í Skagafjarðarsýslu.
58. Lög nr. 55/1903, um löggilding verslunarstaðar við Kálfshamarsvík í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu.

59. Lög nr. 56/1903, um löggilding verslunarstaðar í Bolungarvík í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.
60. Lög nr. 15/1922, um ákvörðun verslunarlóðarinnar í Bolungarvík í Hólshreppi.
61. Lög nr. 57/1903, um löggilding verslunarstaðar á Grenivík við Eyjafjörð.
62. Lög nr. 58/1903, um löggilding verslunarstaðar á Ökrum í Hraunhreppi í Mýrasýslu.
63. Lög nr. 59/1903, um löggilding verslunarstaðar við Heiði á Langanesi í Norður-Pingeyjarsýslu.
64. Lög nr. 60/1903, um löggilding verslunarstaðar á Óspakseyri við Bitrufjörð í Strandasýslu.
65. Lög nr. 35/1905, um löggilding verslunarstaða.
66. Lög nr. 27/1907, um löggilding verslunarstaðar að Bakkabót við Arnarfjörð.
67. Lög nr. 65/1907, um löggilding verslunarstaðar að Kirkjuvogi í Hafnahreppi í Gullbringusýslu.
68. Lög nr. 66/1907, um löggilding verslunarstaðar að Bæ á Höfðaströnd í Skagafjarðarsýslu.
69. Lög nr. 67/1907, um löggilding verslunarstaðar að Tjaldanesi í Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.
70. Lög nr. 68/1907, um löggilding verslunarstaðar að Kalmansárósi við Hvalfjörð í Borgarfjarðarsýslu.
71. Lög nr. 69/1907, um löggilding verslunarstaðar í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu.
72. Lög nr. 101/1935, um verslunarlóðina í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu.
73. Lög nr. 70/1907, um löggilding verslunarstaðar að Króksfjarðarnesi í Geiradalshreppi.
74. Lög nr. 71/1907, um löggilding verslunarstaðar að Eysteins eyri við Tálknafjörð.
75. Lög nr. 47/1909, um löggilding verslunarstaða.
76. Lög nr. 48/1909, um löggilding Dalvíkur.
77. Lög nr. 48/1911, um löggilding verslunarstaða.
78. Lög nr. 17/1912, um löggilding verslunarstaða.
79. Lög nr. 39/1913, um löggilding verslunarstaða í Karlseyjarvík við Reykhóla og í Hagabót í Barðastrandarsýslu.
80. Lög nr. 42/1914, um löggilding verslunarstaðar að Stóra-Fjarðarhorni við Kollafjörð í Strandasýslu.
81. Lög nr. 69/1915, um löggilding verslunarstaðar að Höfn í Sléttuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.
82. Lög nr. 28/1918, um löggilding verslunarstaðar við Hvalsíki í Vestur-Skaftafellssýslu.
83. Lög nr. 46/1919, um löggilding verslunarstaðar við Syðstabæ í Hrísey.
84. Lög nr. 49/1919, um löggilding verslunarstaðar við Gunnlaugsvík (sunnan megin Hvammsfjarðar).
85. Lög nr. 54/1919, um löggilding verslunarstaðar á Mýramel (í Dýrafirði).
86. Lög nr. 20/1920, um löggilding verslunarstaðar í Valþjófsdal í Mosvallahreppi og á Lambeyri við Tálknafjörð.
87. Lög nr. 18/1921, um löggilding verslunarstaðar á Suðureyri við Tálknafjörð.
88. Lög nr. 16/1922, um löggilding verslunarstaðar að Kaldrananesi við Bjarnarfjörð.
89. Lög nr. 9/1924, um löggilding verslunarstaðar í Hindisvík á Vatnsnesi við Húnaflóa.
90. Lög nr. 14/1924, um löggilding verslunarstaðar við Málmeyjarsund innan við Votaberg.
91. Lög nr. 20/1924, um löggilding verslunarstaðar í Fúlúvík í Staðarsveit í Snæfellsnes-sýslu.
92. Lög nr. 23/1925, um löggilding verslunarstaðar á Hellnum í Breiðuvíkurehrei.
93. Lög nr. 8/1926, um löggilding verslunarstaða.

94. Lög nr. 19/1927, um löggilding verslunarstaða.
95. Lög nr. 18/1928, um löggilding verslunarstaða.
96. Lög nr. 8/1929, um löggilding verslunarstaða.
97. Lög nr. 20/1930, um löggilding verslunarstaða.
98. Lög nr. 33/1930, um löggilding verslunarstaðar í Selárvík í Árskógshreppi.
99. Lög nr. 25/1931, um löggilding verslunarstaðar að Súðavík við Álftafjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu.
100. Lög nr. 51/1931, um löggilding verslunarstaðar að Rauðuvík við Eyjafjörð.
101. Lög nr. 44/1935, um löggilding verslunarstaða.
102. Lög nr. 46/1935, um löggilding verslunarstaðar á Hvalskeri við Patreksfjörð.
103. Lög nr. 87/1935, um löggilding verslunarstaðar í Hraunhöfn á Melrakkaslétu.
104. Lög nr. 96/1935, um löggilding verslunarstaðar í Buðlungahöfn (við Axarfjörð).
105. Lög nr. 64/1936, um löggilding verslunarstaðar í Hjarðardal í Öndarfirði.
106. Lög nr. 76/1936, um löggilding verslunarstaða.
107. Lög nr. 23/1937, um löggilding verslunarstaðar í Örlygshöfn í Barðastrandarsýslu.
108. Lög nr. 14/1938, um löggilding verslunarstaðar við Paralátursfjörð.
109. Lög nr. 86/1940, um löggilding verslunarstaðar í Auðkúlubót í Auðkúluhreppi í Arnarfirði.
110. Lög nr. 14/1953, um löggilding verslunarstaðar í Vogum í Gullbringusýslu.
111. Lög nr. 27/1958, um löggilding verslunarstaðar að Skriðulandi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu.
112. Lög nr. 37/1960, um löggilding á verslunarstað við Arnarnesvog í Garðahreppi í Gullbringusýslu.
113. Lög nr. 10/1967, um löggilding á verslunarstað í Egilsstaðakauptúni í Suður-Múlasýslu.
114. Lög 61/1905, um ákvörðun verslunarlóða.
115. Lög nr. 47/1911, um verslunarlóðina í Vestmannaeyjum.
116. Lög nr. 32/1924, um lögreglusamþykktir í löggiltum verslunarstöðum.

III. KAFLI

Um brottfall ýmissa lagaákvæða um verslunarlóðir.

4. gr.

Eftirtalin ákvæði um verslunarlóðir falli úr gildi:

1. 2. gr. laga nr. 34/1895, um stækkun lögsagnarumdæmis og bæjarfélags Akureyrarkaupstaðar.
2. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 61/1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði.
3. 3. gr. laga nr. 30/1918, um bæjarstjórn á Siglufirði.
4. 3. gr. laga nr. 48/1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði.
5. 3. gr. laga nr. 45/1941, um bæjarstjórn á Akranesi.
6. 3. gr. laga nr. 60/1944, um bæjarstjórn í Ólafsfirði.
7. 3. gr. laga nr. 57/1947, um bæjarstjórn á Sauðárkróki.
8. 3. gr. laga nr. 17/1949, um bæjarstjórn í Keflavík.
9. 3. gr. laga nr. 109/1949, um bæjarstjórn á Húsavík.
10. 3. gr. laga nr. 30/1955, um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað.

IV. KAFLI

Um niðurfellingu laga á sviði viðskiptamála.

5. gr.

Lög nr. 5 4. maí 1925, um fiskifulltrúa á Spáni og Ítalíu, falli úr gildi.

6. gr.

Lög nr. 88 19. júní 1933, um heimild handa ríkisstjórninni til ýmissa ráðstafana vegna viðskiptasamnings við bresku stjórnina, falli úr gildi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. maí 1988.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

26. apríl 1988

Nr. 21

LÖG**um breyting á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Iðnaðarráðherra er jafnframt heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum 3. tölul., enda standi sérstaklega á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 26. apríl 1988.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um heimild fyrir Reykjavíkurborg til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Borgarstjórn Reykjavíkur, fyrir hönd borgarsjóðs, skal heimilt að taka eignarnámi spildu af landi jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað til almenningsþarfa. Landið afmarkast að norðvestan af landi Reykjavíkurborgar, að norðan af landi Kópavogskaupstaðar (Samúelslandi), þá af landi Reykjavíkurborgar, þ.e. fornum farvegi árinna Bugðu, þá af miðlínu árinna Bugðu sem einnig afmarkar landið að austan. Að sunnan afmarkast landið af mörkum lands sem Rafmagnsveita Reykjavíkur á neðan Elliðavatnsstíflu, þá af miðlínu árinna Dimmu og síðan af línu sem dregin er 60 metrum sunnan miðlínu væntanlegs Arnarnesvegjar. Vatnsveita Reykjavíkur á mjóa landspildu sem skiptir hinni umræddu spildu í tvo hluta. Landspildurnar tvær, sem eignarnámsheimild þessi tekur til, eru 46,3 ha að stærð samkvæmt mælingu mælingadeildar borgarverkræðingsins í Reykjavík.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhann Sigurðardóttir.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 81. gr. laganna bætast svohljóðandi málsgreinar:
Prátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur ráðherra heimilað eftir tillögu viðkomandi byggingarflokks og að fenginni umsögn stjórnar byggingarsamvinnufélags að byggingarflokkur sem heild segi sig úr félaginu. Slík úrsögn úr byggingarsamvinnufélagi getur þó aldrei átt sér stað

fyrir en fimm árum eftir að byggingarsamvinnufélagið hefur lokið framkvæmdum enda hafi uppgjör byggingarflokksins farið fram og allir byggjendur hans séu skuldlausir við félagið.

Enda þótt heimild skv. 3. mgr. verði veitt geta einstakir íbúðareigendur eftir sem áður verið félagar í byggingarsamvinnufélaginu enda komi fram sérstök viljayfirlýsing þeirra þar að lútandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG

**um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, n. 60/1984,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

71. gr. laganna breytist þannig:

a. 2. mgr. hljóði svo:

Ríkisstjórn Íslands tekur ákvörðun um vexti af innlánnum á skyldusparnaðarreikningum hjá Byggingarsjóði ríkisins að fenginni umsögn Seðlabankans. Vextir skulu ákveðnir til eins árs í senn frá áramótum að telja. Við ákvörðun vaxta skal hafa hliðsjón af ávöxtunarkjörum hjá ríkisbönkum og þeim sem ríkissjóður býður á hverjum tíma. Vextir reiknast frá þeim tíma sem fjármagn er lagt í sjóðinn að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands skv. 39. gr. laga frá 10. apríl 1979. Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

b. Aftan við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Innstæða á skyldusparnaðarreikningi, sem reikningseigandi leysir ekki út við 26 ára aldur, skal bera sömu ávöxtun og að ofan greinir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. mgr. 58. gr. laganna (sbr. lög nr. 54/1986) orðist svo:

Lán skv. b- og c-liðum 33. gr. eru til 43 ára, afborgunarlaus fyrsta árið, en endurgreiðast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu á eftirstöðvum lánstímans. Lánin skulu bera sömu vexti og lán skv. 49. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG

um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Í kaupstöðum og bæjum nefnist sveitarstjórn bæjarstjórn, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins bæjarstjóri og byggðarráð sveitarfélagsins bæjarráð. Ákveða má í samþykkt um stjórn sveitarfélags, þar sem meiri hluti íbúanna býr í þéttbýli og íbúafjöldi hefur náð a.m.k. 1000 í þrjú ár samfelld, að sveitarfélag nefnist kaupstaður eða bær þótt annað heiti sé notað í einstökum lögum. Réttarstaða bæja skal vera sú sama og kaupstaða samkvæmt sérlögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG**um heimild til hækkunar á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum úr 68,0 í 125,8 milljónir bandaríkjadala miðað við gullgengi dalsins hinn 1. júlí 1944.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

LÖG**um breyting á lögum nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. másl. 2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 68. gr. tekjuskattslaga skal óráðstafaður persónuafsláttur, sem nýtist til greiðslu eignarskatts manna á gjaldárinu 1988, ekki vera hærri en 38 021 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 1988 vegna tekna ársins 1987.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

LÖG

um Kennaraháskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Hlutverk Kennaraháskóla Íslands.

1. gr.

1. Kennaraháskóli Íslands er miðstöð kennaramenntunar hér á landi að því er tekur til grunnskólastigs og annast rannsóknir á sviði uppeldis- og kennslumála.
2. Kennaraháskólinn annast menntun grunnskólakennara, þar með taldar forskóladeildir grunnskóla.
3. Kennaraháskólanum er heimilt að annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun framhaldsskólakennara sem hafa hlotið tilskilda menntun í kennslugrein annars staðar.
4. Kennaraháskólinn annast endurmenntun með skipulegri fræðslu, kynningu á markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum og stuðningi við nýbreytni- og þróunarstörf.
5. Kennaraháskólinn annast framhaldsmenntun og viðbótarmenntun, einkum á sviði uppeldis- og kennslufræði.
6. Kennaraháskólinn skal stuðla að því að kennaraefni temji sér fræðileg viðhorf og þann heildarskilning á nemendum og umhverfi þeirra er geri þá hæfa til að taka ábyrga afstöðu í starfi sínu og koma til móts við einstaklingsþarfir nemenda.
7. Kennaraháskólinn skal leggja áherslu á rannsóknir á sviði skólastarfs við íslenskar aðstæður og stuðla með þeim hætti að þróun og umbótum í skólakerfinu.
8. Setja skal í reglugerð ákvæði um samstarf Kennaraháskólans við Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir á sviði kennara- og uppeldismenntunar.

II. KAFLI

Stjórn Kennaraháskólans.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Kennaraháskólans.

Stjórn skólans er falin skólaráði, rektor, aðstoðarrektor, kennslustjóra og fjármálastjóra. Skólaráð hefur, svo sem lög mæla fyrir um og nánar segir í reglugerð, ákvörðunarvald í málefnum skólans og vinnur að þróun og eflingu þeirra. Rektor er yfirmaður stjórnsýslu skólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan. Rektor er forseti skólaráðs. Hann vinnur sérstaklega að stefnumótun í málefnum skólans og hefur yfirumsjón með starfsemi hans.

Aðstoðarrektor, kennslustjóri og fjármálastjóri annast í umboði rektors eftirlit með daglegri starfsemi skólans.

Aðstoðarrektor hefur í umboði rektors og skólaráðs umsjón með málum sem snerta rannsóknir og öðru því er rektor felur honum. Hann gegnir störfum rektors ef hann forfallast vegna veikinda eða fær leyfi frá störfum.

Kennslustjóri hefur í umboði rektors og skólaráðs umsjón með málefnum er snerta kennslu og kennara.

Fjármálastjóri hefur í umboði rektors og skólaráðs umsjón með fjárreiðum og starfsmannahaldi skólans. Hann hefur umsjón með gerð fjárhagsáætlunar skólans og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum. Fjármálastjóri hefur heimild til að skuldbinda skólann fjárhagslega í umboði rektors eða skólaráðs.

Heimilt er rektor í umboði skólaráðs að fela öðrum starfsmönnum skólans umsjón með tilteknum verkefnum. Nánar skal kveðið á um störf stjórnenda skólans í reglugerð.

3. gr.

Rektor er kjörinn til fjögurra ára í senn. Kjörgengur er hver sá er uppfyllir hæfnisskilyrði 32. gr. um stöðu prófessors. Skipa skal dómnefnd til að meta hæfni þeirra er gefa kost á sér til rektorskjörs með sama hætti og um væri að ræða umsóknir um stöðu prófessors.

Atkvæðisrétt við rektorskjör eiga: Allir fastráðnir kennarar Kennaraháskólans og allir þeir sem fastráðnir eru eða settir til fulls starfs við Kennaraháskólann og hafa háskólapróf, skólastjóri Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands, tveir fulltrúar fastráðinna æfingakennara, fulltrúi lausráðinna kennara við Kennaraháskólann, allir nemendur sem skrásettir eru í skólann, þannig að atkvæði nemenda gildi sem einn þriðji hluti allra greiddra atkvæða, en greidd atkvæði annarra atkvæðisbærra aðila skulu gilda sem tveir þriðju hlutar allra greiddra atkvæða.

Endurkjósa má rektor einu sinni án lotuskila. Rektor skal kjörinn í janúarmánuði og tekur hann við störfum 1. ágúst á sama ári, utan hvað hann ber ábyrgð á tillögum til fjárlaga fyrir næsta ár eftir að hann var kjörinn, sbr. þó lokamálsgrein þessarar greinar.

Sá er rétt kjörinn rektor sem hlotið hefur atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna, enda hafi minnst tveir þriðju hlutar þeirra, sem atkvæðisrétt eiga, tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Ef enginn fær svo mörg atkvæði skal kjósa að nýju um þá tvo er flest atkvæði fengu og er þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær enda þótt tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna hafi þá ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Séu atkvæði jöfn ræður hlutkesti. Um tilhögun rektorskjörs skal kveða nánar á í reglugerð.

Nú fellur rektor frá eða lætur af störfum áður en kjörtímabil hans er liðið og skal þá kjósa nýjan rektor svo fljótt sem því verður við komið, en aðstoðarrektor gegnir rektorsstörfum þangað til.

4. gr.

Í skólaráði eiga sæti: rektor, sjö fulltrúar kjörnir úr hópi fastráðinna kennara, einn fulltrúi kjörinn úr hópi lausráðinna kennara, einn fulltrúi kjörinn af starfsmönnum í a.m.k. hálfu starfi, öðrum en kennurum, tveir fulltrúar kjörnir af stjórnendum Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands og fastráðnum æfingakennurum hans, þrír fulltrúar nemenda kjörnir af nemendaráði.

Skólaráð skal kjörið til þriggja ára í senn, að hluta ár hvert samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Fulltrúi lausráðinna kennara og fulltrúar nemenda skulu kjörnir til eins árs í senn. Með sama hætti skal kjósa varamenn fyrir hvern fulltrúa í skólaráði.

Í reglugerð skal kveða nánar á um kjör fulltrúa í skólaráð.

Aðstoðarrektor, kennslustjóri og fjármálastjóri eiga sæti á fundum skólaráðs og hafa þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

Nú hefur kjörinn fulltrúi í ráðinu ekki tök á að sækja fund og tekur þá varamaður hans sætið.

Rektor er forseti skólaráðs, en aðstoðarrektor í forföllum hans. Aðstoðarrektor er ritari ráðsins.

5. gr.

Skólaráð heldur fundi eftir þörfum. Óski fimm skólaráðsmenn fundar er rektor skylt að boða til hans.

Skólaráð er ályktunarfært ef tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra skólaráðsmanna sækja fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði forseta úr.

6. gr.

Rektor eða skólaráð skulu boða til starfsmannafunda til umræðna um málefni Kennaraháskólans eða stofnana hans að minnsta kosti tvisvar á ári. Skylt er rektor að boða til slíks fundar ef stjórn kennarafélags eða starfsmannafélags skólans eða 1/3 hluti félagsmanna annars hvors félagsins æskir þess. Breytingar á námsskrám og formlegum starfsreglum skulu ætíð hljóta umsögn starfsmannafundar áður en þær eru afgreiddar í skólaráði. Allir kennarar skólans og aðrir fastir starfsmenn eiga rétt á að sækja fundi og njóta atkvæðisréttar þar. Ályktanir starfsmannafunda eru ekki bindandi fyrir skólaráð.

7. gr.

Í reglugerð skal kveða á um skiptingu Kennaraháskólans í deildir. Heimilt er að fela tilteknum starfsmönnum skólans umsjón með deildum eða afmörkuðum verksviðum.

III. KAFLI

Nemendur.

8. gr.

Inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands eru:

1. Almennt kennaranám:

Stúdentspróf eða önnur próf við lok framhaldsskólastigs svo og náms- og starfsreynsla sem að mati skólaráðs tryggir jafngildan undirbúning. Í reglugerð skal kveða á um lágmarkskunnáttu í íslensku og heimilt er að setja sambærileg ákvæði um aðrar námsgreinar.

2. Um inntökuskilyrði til náms í uppeldis- og kennslufræðum fyrir þá sem hljóta annars staðar tilskilda menntun í kennslugreinum fer eftir ákvæðum í reglugerð sem sett skulu að fengnum tillögum skólaráðs.

3. Um inntökuskilyrði í viðbótar- eða framhaldsnám skal kveða á um í reglugerð og námsskrá að fengnum tillögum skólaráðs.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um inntöku nemenda í skólann eða einstaka námsþætti.

Inntaka nemenda er í höndum skólaráðs.

9. gr.

Ákvæði um heilbrigðisskilyrði við skrásetningu nemenda má setja í reglugerð.

Öllum skrásettum nemendum er skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir því sem skólaráð ákveður í samráði við heilbrigðisyfirvöld.

10. gr.

Skólaráð getur veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum skólans. Ákvörðun um brottrekstur getur nemandi skotið til úrskurðar menntamálaráðherra. Ekki má nemandi ganga undir próf meðan á málskoti stendur.

Ætíð skal skólaráð leita álits nemendaráðs áður en brottvikning er ráðin. Veita skal nemanda kost á að svara til saka.

Hljóti nemandi dóm fyrir refsivert brot er hefur flekkun mannorðs í för með sér skv. 2. gr. laga nr. 52/1959 er skólaráði heimilt að víkja honum úr skóla. Nemandi getur skotið þeirri ákvörðun til menntamálaráðherra með þeim hætti er segir í 1. mgr. Heimilt er skólaráði að víkja nemanda úr skóla til bráðabirgða meðan réttarrannsókn í slíku máli stendur yfir.

11. gr.

Tilkynni nemandi að hann sé hættur námi við skólann skal má nafn hans af nemendatali skólans. Sama máli gegnir hafi hann ekki stundað nám við skólann heilt kennsluár án gildra forfalla samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru um námsástundun.

Ákveða skal tímamörk náms í reglugerð, bæði námsins í heild og færslu nemenda milli ára. Skólaráð getur leyft undanþágu frá tímamörkum ef til þess eru gildar ástæður.

Heimilt er að áskilja í reglugerð að nemendur láti skrá sig til náms hvert kennsluár sem þeir stunda nám við skólann, enda falli þeir út af nemendatali ef þeir láta ekki skrá sig. Sömuleiðis er heimilt að ákveða skrásetningargjöld í reglugerð og hvernig þeim skuli varið.

Skrásetningargjöld, pappírsgjöld og önnur efnisgjöld skulu háð samþykki skólaráðs. Ákvæði um eftirlit með námsástundun nemenda má setja í reglugerð.

12. gr.

Í Kennaraháskóla Íslands skal starfa nemendaráð er kjósi fulltrúa nemenda í skólaráð. Breytingar á námsskrám skulu hljóta umsögn nemendaráðs áður en þær eru afgreiddar í skólaráði. Enn fremur er það rektor til ráðuneytis í málefnum skólans. Skal það kosið af nemendum skólans til eins árs í senn.

IV. KAFLI

Kennaranám.

13. gr.

Almennt kennaranám í Kennaraháskólanum skal skipuleggja sem fjögurra ára nám sem lýkur með B.Ed.-prófi. Námið skal skipulagt í námseiningum og svari hver námseining til námsvinnu einnar viku. Hvert námsár er 30 starfsvikur og námið í heild því 120 námseiningar. Gefa skal árlega út kennsluskrá. Í reglugerð skal kveða á um annaskiptingu kennsluársins.

14. gr.

Almennu kennaranámi skal skipað í meginþætti sem hér segir:

- I. Almennar uppeldisgreinar, samtals 30 námseiningar.
- II. Kennarafræði, samtals 45 námseiningar.

Lögð er áhersla á þau faglegu vinnubrögð sem grunnskólakennarar þurfa að tileinka sér til að stunda kennslu og uppeldisstörf.

 1. Eðli og inntak námsgreina grunnskólans, ásamt kennslufræði, allt að 30 námseiningar. Sérstök áhersla skal lögð á móðurmál, stærðfræði og list- og verkgreinar í starfsmenntun grunnskólakennara.
 2. Æfingakennsla og starfsþjálfun í skólum allt að 20 námseiningum. Þessi þáttur taki bæði til almennrar kennslu í grunnskóla og kennslu á kjörsviði. Af þessum tíma skal skipuleggja sérstaka kandiðatsönn þar sem kennaraefni annast kennslu undir leiðsögn og umsjón.
- III. Kjörsvið, samtals 45 námseiningar.

Hvert kennaraefni velur eitt kjörsvið og skal vægi aðalnámsgreinar ekki vera minna en 30 námseiningar. Á kjörsviði gefst kennaraefni kostur á að kynnast viðfangsefnum og vinnubrögðum í fræðigreini og jafnframt að auka þekkingu sína í tilteknum kennslugreinum grunnskóla.

Um námsgreinar í almennu kennaranámi, skiptingu þeirra á svið og skipan kandidateitannar skal ákvarða í reglugerð.

Í námsskrá, er skólaráð setur að fengnum tillögum kennslustjóra, skal gerð grein fyrir námsskipan og kennsluháttum, svo og námsefni í einstökum greinum.

15. gr.

Um nám í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda á framhaldsskólastigi fyrir nemendur, sem hljóta tilskilda menntun í kennslugrein annars staðar, skal ákvarða í reglugerð.

16. gr.

Að afloknu samfelldu námi og kennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands skulu kennarar njóta a.m.k. eins árs leiðsagnar og þjálfunar í starfi.

Kennaraháskóli Íslands hefur umsjón með leiðsögn kennara í samráði við fræðslufirvöld, þ.e. menntamálaráðuneyti og fræðsluskrifstofur, sem sjái um framkvæmd þessarar leiðsagnar í samræmi við 12. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla.

V. KAFLI

Endurmenntun.

17. gr.

Kennaraháskóli Íslands annast menntun kennara samhliða starfi þeirra. Kosta skal kapps um að móta og skipuleggja fjölþætta fræðslustarfsemi og kynna kennurum nýjungar í skóla- og menntamálum. Einnig skal Kennaraháskóli Íslands í samstarfi við fræðslufirvöld stuðla að þróun skólustarfs með því að veita fræðslu og ráðgjöf sem tekur mið af fræðilegri þekkingu, rannsóknnum á skólustarfi, óskum skóla og staðbundnum aðstæðum.

18. gr.

Endurmenntunarstjóri hefur í umboði rektors og skólaráðs umsjón með endurmenntun. Hann vinnur að stefnumótun og stýrir daglegri framkvæmd.

19. gr.

Rektor og endurmenntunarstjóra til ráðuneytis um endurmenntun er endurmenntunarnefnd sem skipuð skal þannig að skólaráð tilnefni tvo fulltrúa, samtök kennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi tilnefna tvo fulltrúa og menntamálaráðuneytið tilnefni tvo fulltrúa og skal annar þeirra vera úr hópi fræðslustjóra. Tilnefning er til fjögurra ára í senn.

Rektor, eða fulltrúi hans, boðar til fundar og stýrir þeim.

20. gr.

Heimilt er rektor, að fengnum tillögum endurmenntunarstjóra, að ráða umsjónarmenn með tilteknum verkefnum á sviði endurmenntunar.

21. gr.

Ákvæði um hvernig að þessari starfsemi skuli staðið, m.a. um samstarf við Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir, skal setja í reglugerð.

VI. KAFLI

Framhaldsmenntun.

22. gr.

Kennaraháskólanum er heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að stofna til framhaldsnáms er lýkur með æðri prófgráðu en B.Ed.- eða BA-gráðu.

Setja skal í reglugerð ákvæði um með hvaða hætti framhaldsnám er skipulagt af skólans hálfu og hvernig stjórn þess skal hagað.

23. gr.

Pegar stofnað er til framhaldsnáms við Kennaraháskólann á tilteknu sviði skal setja um það námsskrá og kennsluskrá þar sem meðal annars er kveðið á um umfang námsins, inntak þess, inntökuskilyrði og prófgráðu.

24. gr.

Heimilt er Kennaraháskólanum, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að bjóða fram viðbótarnám er lýkur með sérstakri staðfestingu. Nám þetta má meta sem hluta framhaldsmenntunar eftir B.Ed.-gráðu að fullnægðum vissum skilyrðum.

Setja skal í reglugerð ákvæði um með hvaða hætti viðbótarnám er skipulagt af skólans hálfu og hvernig stjórn þess skal hagað.

Skilgreina skal í námsskrá og kennsluskrá inntökuskilyrði, inntak, markmið, umfang og námslok.

VII. KAFLI

Rannsóknir.

25. gr.

Heimilt er skólaráði, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að ákvarða um heildarskipulag og stjórnun rannsókna og útgáfustarfsemi innan Kennaraháskóla Íslands.

Skólaráð skal setja reglur um ráðstöfun á rannsóknasjóðum sem Kennaraháskólinn hefur til umráða.

26. gr.

Heimilt er að innan Kennaraháskólans starfi rannsóknastofnun. Kennarar skólans geta fullnægt rannsóknaskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu stofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við hana.

Fela má rannsóknastofnuninni umsjón með útgáfustarfsemi á vegum Kennaraháskólans.

Rannsóknastofnunin getur veitt kennurum og kennaraefnum ráðgjöf og fræðslu um framkvæmd rannsókna.

Í reglugerð skal m.a. kveða á um starfssvið stofnunarinnar, stjórn, tengsl við skólaráð, samstarf við Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála og aðra aðila er rannsóknum sinna.

VIII. KAFLI

Námsmat.

27. gr.

Í reglugerð og námsskrám Kennaraháskólans skal setja ákvæði um námsmat. Kveða skal á um matsform, prófgreinar, próftíma, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir og annað er að námsmati lýtur.

28. gr.

Ef nemandi stenst ekki próf, gengur frá því eftir að hann hefur byrjað próf eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað gild forföll er honum heimilt að þreyta það einu sinni að nýju næst þegar prófið er haldið. Skólaráð getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á.

Í reglugerð má mæla fyrir um rétt nemenda, sem staðist hafa próf, til að endurtaka prófið.

29. gr.

Við munnleg og verkleg próf, sem teljast til lokaprófs og lokaritgerðar, þar á meðal B.Ed.-ritgerð, skal vera einn prófdómandi utan skólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir.

Nemandi á rétt til þess að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess bréflaga innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemandinn þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til kennslustjóra. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari, telji hann til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstökum námsþáttum.

Menntamálaráðherra skipar prófdómara að fengnum tillögum skólaráðs. Þá eina má skipa prófdómara sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi frá háskóla eða sérkennaraskóla í þeirri grein sem prófdómari skal dæma. Prófdómarar skulu skipaðir til þriggja ára í senn nema skipun sé skv. 2. mgr. hér á undan.

30. gr.

Skólaráð metur, að höfðu samráði við kennslustjóra og hlutaðeigandi greinakennara, hvort viðurkenna skuli nám sem nemandi hefur lokið í öðrum háskóla eða sérkennaraskóla og að hverju leyti.

IX. KAFLI

Starfslið.

31. gr.

Kennarar við Kennaraháskóla Íslands eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og stundakennarar, auk kennara Æfingaskólans, sbr. X. kafla laganna.

Um stofnun nýrra kennaraembætta fer eftir ákvörðun menntamálaráðherra, að fengnum tillögum skólaráðs, þegar fé er veitt til á fjárlögum.

Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir einir sem hafa kennslu og rannsóknir við Kennaraháskólann að aðalstarfi.

Heimilt er að tillögu skólaráðs að skipa dósent eða lektor tímabundinni skipun til allt að fimm ára í senn. Um tilhögun slíkrar skipunar skal setja ákvæði í reglugerð.

Aðjúnktar eru ráðnir til eins árs hið skemmsta og taka þeir mánaðar- eða árslau. Stundakennarar eru ráðnir til eins árs eða skemmri tíma.

Í hvert skipti er nýr kennari ræðst að skólanum skal afmarka stöðu hans með starfsheiti.

Í reglugerð skal setja meginreglur um starfsskyldur fastráðinna kennara, m.a. um tengsl þeirra við grunnskóla. Ef þörf þykir leysir skólaráð úr því hvernig starfsskylda einstakra kennara skuli skiptast.

32. gr.

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósentar og lektora. Eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum ræður skólaráð aðjúnkta og stundakennara.

Umsækjendur um prófessorsembætti, dósentar- og lektorstöður skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um háskólamenntun sína, vísindastörf og önnur störf,

ritsmíðar og rannsóknir. Þann einan má skipa í þessar stöður sem auk fullgilds háskólaprófs hefur lokið prófi í uppeldis- og kennslufræðum eða er að öðru leyti talinn hafa nægilegan kennslufræðilegan undirbúning, enda hafi dómnefnd fjallað um umsóknir og metið umsækjanda hæfan til starfsins. Taka skal tillit til reynslu umsækjenda af kennslu og skólastarfi.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors, dósents eða lektors. Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina, en skólaráð Kennaraháskólans hina tvo og skal a.m.k. annar þeirra vera utan stofnunarinnar. Skólaráð skipar formann nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar í greininni.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort ráða megi af vísindagildi rita og rannsóknna umsækjanda, svo og námsferli hans og störfum, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndarinnar skal höfð til hlíðsjónar er embættið er veitt og má engum manni veita prófessorsembætti, dósentsstöðu eða lektorsstöðu við Kennaraháskóla Íslands nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit að hann sé til þess hæfur.

Enn fremur skal leita álits skólaráðs Kennaraháskóla Íslands um umsækjendur hvort heldur um er að tefla stöðu prófessors, dósents eða lektors.

Heimilt er að kveða svo á í reglugerð að framangreind ákvæði skuli gilda við ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna, sbr. ákvæði 26. gr.

Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu og dósent úr dósentsstöðu í prófessorsstöðu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

33. gr.

Rektor ræður kennslustjóra, fjármálastjóra og endurmenntunarstjóra til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum skólaráðs. Menntamálaráðherra skipar aðalbókavörð að fengnum tillögum skólaráðs.

Rektor ræður aðstoðarrektor úr hópi fastra kennara.

Rektor ræður, að fengnum tillögum skólaráðs, fulltrúa rektors, bókaverði, aðstoðarmenn endurmenntunarstjóra, námsráðgjafa, deildarstjóra, húsverði, forstöðumann gagnasmíðju, tækjavörð og annað starfslíð við stjórnsýslu eftir því sem fé er veitt á fjárlögum og að fengnu samþykki menntamálaráðherra. Kveða skal nánar á í reglugerð um starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur ofangreindra starfsmanna. Heimilt er að fjölga starfsheitum að fengnum tillögum skólaráðs og eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.

34. gr.

Skólaráð veitir kennurum Kennaraháskólans reglubundin orlof samkvæmt kjarasamningum.

Enn fremur getur menntamálaráðuneytið veitt fastráðnum starfsmanni Kennaraháskólans orlof um allt að eins árs skeið með föstum embættislaunum, enda liggja fyrir fullnægjandi greinargerð um hvernig starfsmaðurinn hyggst verja orlofinu til að auka þekkingu sína eða sinna sérstökum verkefnum. Leita skal umsagnar rektors um orlofsumsókn.

Eftir því sem fjárlög heimila getur ráðuneytið veitt starfsmanni, sem orlof hlýtur, styrk til að standa straum af nauðsynlegum ferðalögum og námsdvöl í sambandi við orlofið.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til fastráðinna starfsmanna Æfingaskólans, sbr. X. kafla laganna.

Nánari reglur um orlof og styrkveitingar í því sambandi má setja í reglugerð.

X. KAFLI

Æfingaskóli.

35. gr.

Við Kennaraháskóla Íslands skal starfa æfinga- og tilraunaskóli sem jafnframt er heildstæður grunnskóli fyrir tiltekið hverfi Reykjavíkurborgar. Heimilt er með samþykki menntamálaráðuneytis að starfrækja forskóladeildir við skólann. Skólinn nefnist Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands.

36. gr.

Hlutverk Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands er þrjúþætt. Hann er miðstöð æfingakennslu og annarra starfa kennaraefna á vettvangi og þróunarstofnun á grunnskólastigi jafnframt því að vera hverfisskóli Reykjavíkurborgar.

37. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Menntamálaráðherra ræður skólastjóra, kennara og aðra starfsmenn að fengnum tillögum skólastjórnar Æfingaskólans og skólaráðs Kennaraháskólans.

Stjórn skólans er falin skólastjórn og skólastjóra. Skólastjóri vinnur að stefnumótun í málefnum skólans og hefur almennt eftirlit með starfsemi hans í umboði rektors Kennaraháskólans.

Í skólastjórn eiga sæti: skólastjóri, rektor eða fulltrúi hans, fræðslustjórinn í Reykjavík eða fulltrúi hans, þriggja manna kennararáð kosið til tveggja ára í senn, einn fulltrúi kosinn af skólaráði Kennaraháskólans og einn fulltrúi foreldra kosinn til tveggja ára. Yfirkennarar skólans og æfingastjóri eiga rétt til setu á fundum skólastjórnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Skólastjóri boðar til funda og stjórnar þeim. Skólastjóri efnir til almennra starfsmannafunda eigi sjaldnar en tvisvar á ári til að kynna og ræða stefnumótun skólans og starfsemi. Um kennarafundi fer eftir ákvæðum laga um grunnskóla.

Skólastjóri skal ráðinn til fimm ára í senn að undangenginni auglýsingu og að fengnum tillögum skólastjórnar Æfingaskólans og skólaráðs Kennaraháskólans. Heimilt er að framlengja ráðningu skólastjóra annað tímabil án lotuskila.

Við skólann skulu starfa tveir yfirkennarar og eru þeir skólastjóra til aðstoðar við daglega stjórnun. Yfirkennarar skulu ráðnir til fimm ára úr hópi fastra æfingakennara skólans. Skólastjóri gerir tillögur til skólastjórnar um ráðningu yfirkennara.

38. gr.

Stofnkostnaður Æfingaskólans skiptist þannig með aðilum að ríkissjóður greiðir $\frac{3}{5}$ hluta hans en borgarsjóður Reykjavíkur $\frac{2}{5}$ hluta.

Rekstrarkostnað skólans greiða aðilar samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Ríkissjóður greiðir laun fastra starfsmanna, stundakennslu, forfallakennslu, heimavinnu kennara, handbækur kennara og kostnað vegna tilrauna og þróunarstarfs.
2. Allur annar rekstrarkostnaður en talinn er hér að framan skiptist þannig með aðilum að borgarsjóður Reykjavíkur greiðir fyrir hvern nemanda í skólanum þá fjárhæð sem hann greiðir í annan rekstrarkostnað á sama tíma að meðaltali fyrir hvern nemanda í grunnskólum Reykjavíkur.

39. gr.

Við Æfingaskólann starfa fastráðnir æfingakennarar, svo margir að þeir fullnægi sem næst kennaraþörf skólans. Um menntun og starfsreynslu æfingakennara skal nánar ákveðið í reglugerð.

Heimilt er að fastráðnir æfingakennarar starfi við aðra skóla en Æfingaskólann. Kennaraskipti milli Æfingaskólans og annarra skóla eru einnig heimil með samþykki menntamálaráðuneytisins og hlutadeigandi fræðslustjóra.

Störf fastráðinna æfingakennara skiptast milli kennslu, verkefna á sviði æfingakennslu og nýbreytni- og þróunarstarfa samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð og erindisbréfi.

40. gr.

Skólastjórn ræður æfingastjóra til þriggja ára úr hópi fastráðinna æfingakennara að fengnum tillögum skólastjóra. Hann má endurráða einu sinni án lotuskila. Æfingastjóri annast skipulagningu æfingakennslu og annarra starfa kennaranema á vettvangi í samráði við kennslustjóra Kennaraháskólans og undir yfirstjórn skólastjóra Æfingaskólans. Heimilt er, ef henta þykir, að fela fleiri en einum æfingakennara störf æfingastjóra.

41. gr.

Menntamálaráðuneytið felur skólum, að fengnum tillögum skólaráðs Kennaraháskólans, að taka við nemendum Kennaraháskólans til æfingakennslu og annarra starfa á vettvangi. Skólastjórar þeirra skóla og skólastjóri Æfingaskólans skulu hafa samráð um þetta verkefni.

Um þóknun fer eftir ákvæðum kjarasamninga.

42. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum skólaráðs Kennaraháskólans, í samráði við hlutadeigandi fræðslustjóra að fela tilteknum skólum að vera miðstöð æfingakennslu og þróunarstarfa á vegum Kennaraháskólans í fræðsluumdæmum.

Í reglugerð skal kveða á um samstarf þessara skóla við Kennaraháskólann og æfingaskóla hans.

XI. KAFLI

Gildistaka og reglugerð.

43. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessara laga.

44. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með gildistöku þessara laga falla úr gildi:

Lög nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands.

Lög nr. 26/1975, um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.

Önnur lagaákvæði sem fara í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 13. og 14. gr. taka ekki til þeirra nemenda sem skrásettir voru til náms í Kennaraháskóla Íslands fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 13. og 14. gr. koma til framkvæmda innan sex ára frá gildistöku laga þessara samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Birgir Ísl. Gunnarsson.

LÖG

um breyting á lögum um nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. og 4. tölul. 1. gr. laganna orðast svo:

- 1.3. Lög þessi ná yfir alla starfsemi og framkvæmd sem hefur eða haft getur í för með sér mengun lofts, láðs eða lagar, að svo miklu leyti sem það er ekki falið öðrum með sérlögum eða með framkvæmd alþjóðasamninga.
- 1.4. Með mengun er átt við þegar örverur, efni og efnasambönd valda óæskilegum og skadlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, hvers konar hávaða og titrings og varmaflæðis.

2. gr.

1. tölul. 2. gr. laganna orðast svo:

- 2.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd laga þessara setur ráðherra heilbrigðisreglugerð eða reglugerðir um atriði, þar með talið eftirlit, sem sérlög ná ekki yfir, og gilda þær fyrir allt landið, lofthelgi og landhelgi.

3. gr.

2. tölul. 21 2. gr. laganna orðast svo:

- 2.2.21 Hávaða, titring, hitastreymi og óþef, m.a. frá hvers konar starfsemi og farar-tækjum.

4. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

- 3.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd mengunarvarna setur ráðherra mengunarvarnareglugerð eða reglugerðir að höfðu samráði við önnur ráðuneyti, sem fara með einstaka málaflokka er snerta umhverfismál, og gilda þær fyrir allt landið, lofthelgi og landhelgi.
- 3.2. Í mengunarvarnareglugerð skulu vera almenn ákvæði um:
 1. Starfsleyfi fyrir allan atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun þar sem m.a. skulu vera ákvæði um staðarval, mengunarvarnir í einstökum atvinnugreinum og um rekstur og viðhald mengunarvarnaútbúnaðar.
 2. Eftirlit, skráningu og tilkynningarskyldu.
 3. Úttekt á hugsanlegri mengunarhættu.
 4. Meðferð vatns og sjávar í iðnaði.
 5. Úrgangsefni, svo sem eyðingu sorps og annars úrgangs.
 6. Frárennsli og skolp.
 7. Varnir gegn loftmengun, þar sem fram skulu koma viðmiðunarreglur fyrir loftmengun.
 8. Hávaða og titring, þar sem fram koma viðmiðunarreglur fyrir leyfilegan hávaða og titring með hliðsjón af umhverfi.
 9. Varmamengun, þar sem fram skulu koma reglur um takmörkun slíks.

10. Önnur sambærileg atriði.
Enn fremur skal setja ákvæði um:
11. Undanþáguheimildir og hvaða takmörkun þær skuli háðar, jafnframt viðurlög og málsmeðferð.
12. Valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda, heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins svo og dagsektir.

5. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

- 5.1. Ekkert sveitarfélag skal vera án viðhlítandi heilbrigðiseftirlits.
- 5.2. Sveitarfélög greiða kostnað við heilbrigðiseftirlit í héruðum að svo miklu leyti sem lög mæla ekki um á annan veg, sbr. 5.5.
- 5.3. Heimilt er sveitarstjórnnum að höfðu samráði við hlutaðeigandi svæðisnefndir að innheimta gjald af eftirlitsskyldri starfsemi, sem talin er upp í 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölul. 2. gr. og 3. gr. að svo miklu leyti sem Hollustuvernd ríkisins er ekki falið eftirlit með mengandi starfsemi. Skal gjald þetta innheimt samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir og birt skal í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld samkvæmt þessari grein má innheimta með lögtaki.
- 5.4. Svæðisnefnd hefur yfirumsjón með fjármálum heilbrigðiseftirlits á viðkomandi svæði og gerir tillögur að fjárhagsáætlun og skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga á svæðinu fyrir næsta reikningsár og skal hafa sent þær hlutaðeigandi sveitarstjórnnum til staðfestingar fyrir 1. nóv. ár hvert. Við kostnaðarskiptingu skal miða við að allar tekjur af eftirlitsskyldri starfsemi á svæðinu, sbr. 5.3., renni í sameiginlegan sjóð til greiðslu reksturskostnaðar og það sem á vantar samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun greiðist af sveitarfélögunum í samræmi við íbúafjölda 1. des. næstliðins árs, sbr. 5.5.
- 5.5. Tillögur svæðisnefnda, sbr. 5.4., skulu lagðar fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir sem hafa frest til athugasemda til 1. des. sama ár. Komi fram athugasemdir ber svæðisnefnd að ræða þær við viðkomandi forsvarsmenn sveitarfélaga og leita samkomulags. Náist ekki samkomulag ræður fjárhagslegur meiri hluti.
- 5.6. Náist ekki samkomulag um hver skuli annast fjárreiður fyrir heilbrigðiseftirlit svæðisins ber stærsta sveitarfélaginu að annast það gegn hæfilegri þóknun.

6. gr.

1. og 2. tölul. 6. gr. laganna orðast svo:

- 6.1. Í landinu skulu starfa 46 heilbrigðisnefndir kosnar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Um skipan nefndarmanna og kosningar fer sem hér segir:
- 6.2. **Reykjavíkursvæði:**
Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum kosnum af borgarstjórn.
Starfssvæði: Reykjavíkurborg.

7. gr.

Nýir 3. og 4. tölul. 6. gr. laganna orðast svo og aðrir liðir færast til er því nemur:

- 6.3. **Akranessvæði:**
Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur. Akraneskaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

6.4. **Vesturlandssvæði:**

Þar starfa fjórar nefndir.

1. **Borgarnes**, ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Borgarneshreppur, Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur, Andakílhreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur. Borgarneshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn en hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.

2. **Ólafsvík**, ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Ólafsvíkurhreppur, Fróðárhreppur, Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur og Neshreppur. Ólafsvíkurhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Neshreppur einn, kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

3. **Stykkishólmur**, ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Helgafellssveit, Stykkishólmsheppur, Skógarstrandarhreppur, Miklaholtshreppur, Eyrarsveit og Flateyjarhreppur. Stykkishólmsheppur skal eiga tvo fulltrúa og Eyrarsveit einn, kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

4. **Búðardalur**, ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Hörðudalshreppur, Miðdalshreppur, Haukadalsheppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur. Laxárdalshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.

8. gr.

12. tölul. 6. gr. laganna verður 13. tölul. 6. gr. laganna og orðast svo:

6.13. **Kópavogssvæði:**

Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn. Starfssvæði: Kópavogskaupstaður.

9. gr.

Nýr 13. tölul. 6. gr. laganna orðast svo og aðrir liðir færast til sem því nemur:

6.14. **Kjósarsvæði:**

Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Seltjarnarneshreppur skal eiga tvo fulltrúa, Mosfellshreppur tvo fulltrúa, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur koma sér saman um einn.

10. gr.

17. tölul. 6. gr. laganna verður 19. tölul. 6. gr. laganna og orðast svo:

6.19. Formaður svæðisnefndar sér um að kosningar í heilbrigðisnefndir fari fram þar sem við á.

11. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

11.1. Á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði, sbr. 23. gr., skal starfa svæðisnefnd skipuð formönnum heilbrigðisnefnda á svæðinu auk héraðslæknis (borgarlæknis í Reykjavík) sem er formaður. Á Reykjavíkursvæði, Akranessvæði, Suðurnesjasvæði, Kópavogssvæði og Kjósarsvæði fara heilbrigðisnefndir með störf svæðisnefnda auk héraðslæknis sem er formaður.

- 11.2. Svæðisnefndir koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári.
- 11.3. Verkefni svæðisnefndar er að skipuleggja og samræma heilbrigðiseftirlit á svæðinu í samræmi við 24. og 26. gr. laga þessara og ákvæði reglugerða sem settar verða og hafa yfirumsjón með fjármálum í samræmi við 5. gr.

12. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

- 13.1. Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Hollustuvernd ríkisins.
- 13.2. Stofnunin hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti, mengunarvarnaeftirliti, eiturefnaeftirliti og rannsóknnum, sem þessu eru tengdar, og sér um framkvæmd þeirra í samræmi við lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og ákvæði annarra laga og reglna er þessi mál snerta og heilbrigðisyfirvöldum er falið að sjá um framkvæmd á.
- 13.3. Stofnunin skal vinna að samræmingu ofangreinds eftirlits í landinu, m.a. á þann hátt að koma á samvinnu allra þeirra stofnana er að málum þessum starfa. Skal stofnunin sérstaklega gæta hagkvæmni í öllu eftirliti á þessu sviði, m.a. með því að fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt.
- 13.4. Stofnunin fer því aðeins með beint eftirlit að um sérhæfð verkefni sé að ræða og lög mæli svo fyrir eða ráðherra ákveði það og að höfðu samráði við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir.
- 13.5. Stofnunin er til ráðuneytis yfirstjórn heilbrigðismála, heilbrigðisnefndum og öðrum sem með opinbert heilbrigðiseftirlit fara.
- 13.6. Stofnunin skal sjá um að haldið sé uppi fræðslu fyrir almenning um mál er varða hollustuhætti.
- 13.7. Stofnunin skal, svo sem þurfa þykir, beita sér fyrir námskeiðum til að fræða þá aðila er að þessum málum starfa í landinu.
- 13.8. Stofnunin leitar ráðgjafar landlæknis og yfirdýralæknis í málum sem snerta starfsemi þessara embætta.
- 13.9. Stofnunin skal hafa sem nánasta samvinnu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaganna og veita þeim alla þá þjónustu um hollustuháttamál sem hún getur og aðstæður gera nauðsynlegar.
- 13.10. Stofnunin gefur árlega út skýrslu um starfsemi sína á liðnu ári ásamt upplýsingum um ástand hollustuháttamála í landinu.
- 13.11. Upplýsingar og tilkynningar stofnunarinnar til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

13. gr.

2. og 3. tölul. 14. gr. laganna orðast svo:

- 14.2. Stjórnin hefur undir yfirstjórn ráðherra æðsta vald í málefnum stofnunarinnar. Hún skal koma saman eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og móta stefnu í málefnum stofnunarinnar og hafa umsjón með gerð fjárlagatillagna.
- 14.3. Rekstur stofnunarinnar skal að öðru leyti vera í höndum þriggja manna framkvæmdastjórnar sem skipuð skal formanni og tveimur öðrum stjórnarmönnum sem ráðherra velur.

14. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

- 15.1. Ráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar til fjögurra ára. Einungis má skipa mann sem hefur menntun og reynslu á stjórnunar- og rekstrarsviði.

- 15.2. Framkvæmdastjóri annast fjármálalega stjórnun og stjórn almennrar skrifstofu. Hann situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

15. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

- 16.1. Í tengslum við almenna skrifstofu skal unnið að áætlanagerð, útgáfu upplýsinga og fræðsluefnis í samráði við svið stofnunarinnar.
- 16.2. Þar skal vera bókasafn stofnunarinnar með sem fullkomnumstum fagbókakosti.

16. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

- 17.1. Stofnuninni skal skipt í fjögur svið: Heilbrigðiseftirlit, rannsóknastofu, mengunarvarnir og eiturefnaeftirlit og skal starfa forstöðumaður yfir hverri.
- 17.2. Heilbrigðiseftirlit hefur yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum heilbrigðisreglugerðar eða reglugerða, sbr. 2. tölul. 2. gr., að svo miklu leyti sem slíkt er ekki falið öðrum sviðum stofnunarinnar, sbr. 3. og 4. tölul. 17. gr.
- Heilbrigðiseftirlit annast vöruskráningu og eftirlit með innflutningi matvæla og annarra neysluvara. Heilbrigðiseftirlit annast vöruskráningu innlendra vörutegunda á sviði matvæla og neysluvara samkvæmt tilkynningum frá heilbrigðiseftirlitssvæðum.
- 17.3. Rannsóknastofa annast efna- og gerlafræðilegar rannsóknir sem lög þessi gera ráð fyrir á sviði matvæla-, neyslu- og nauðsynjavara og mengunar. Enn fremur annast rannsóknastofa sérstök rannsóknarverkefni eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður hverju sinni.
- 17.4. Mengunarvarnir hafa yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum mengunarvarnareglugerðar eða reglugerða, sbr. 2. tölul. 3. gr. Mengunarvarnir annast enn fremur:
1. Tillögur að starfsleyfum og úrvinnslu gagna hvað snertir mengunarvarnir.
 2. Skipulagningu og umsjón með framkvæmd mengunarrannsókna í samræmi við lög þessi.
- 17.5. Eiturefnaeftirlit annast yfirumsjón með vöruskráningu og innflutningi eiturefna og hættulegra efna í nauðsynjavörum. Jafnframt skal eiturefnaeftirlit hafa yfirumsjón með eftirliti annarra vara sem geta verið skaðlegar heilsu manna og sem ekki er falið öðrum samkvæmt lögum. Skráning innlendra vörutegunda á sviði nauðsynjavara fer fram að fengnum tilkynningum frá heilbrigðiseftirlitsvæðum.
- 17.6. Ráðherra getur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar sett gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og sérhæfð verkefni sem stofnuninni er falið að annast.
- 17.7. Hollustuvernd ríkisins getur tekið að sér verkefni, bæði rannsóknir og ráðgjöf, að fengnum tillögum stjórnar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur.

17. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

- 18.1. Ráðherra setur stofnuninni starfsreglur að fengnum tillögum stjórnar hennar þar sem fram skulu koma frekari ákvæði um verkefni og verkaskiptingu.

18. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

- 19.1. Við stofnunina starfa fjórir forstöðumenn.
1. Forstöðumaður heilbrigðiseftirlits skal hafa háskólamenntun og viðhlítandi sérþekkingu í heilbrigðisvernd og starfsreynslu í heilbrigðiseftirliti.

2. Forstöðumaður rannsóknastofu skal hafa háskólamenntun á sviði örveru- og/eda efnafræði og sérþekkingu og starfsreynslu á sviði rannsókna á matvælum og neyslu- og nauðsynjavörum.
 3. Forstöðumaður mengunarvarna skal hafa háskólamenntun á sviði verk- eða efnafræði og sérþekkingu og starfsreynslu á sviði mengunarvarna.
 4. Forstöðumaður eiturefnaeftirlits skal hafa háskólamenntun og viðhlítandi sérþekkingu á eiturefnafræði og starfsreynslu á því sviði.
- 19.2. Ráðherra skipar forstöðumenn til sex ára að fengnum tillögum stjórnar.
- 19.3. Forstöðumenn sitja stjórnarfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

19. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

- 20.1. Framkvæmdastjóri ræður skrifstofufólk.
- 20.2. Stjórnin ræður menn með sérþekkingu til starfa á ýmsum sviðum stofnunarinnar að fengnum tillögum viðkomandi forstöðumanna.
- 20.3. Forstöðumenn ráða annað starfsfólk á einstökum sviðum að höfðu samráði við framkvæmdastjórn.

20. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

- 21.1. Eiturefnanefnd, samkvæmt lögum nr. 85/1968, mannelisráð, samkvæmt lögum nr. 45/1978, og tóbaksvarnanefnd, samkvæmt lögum nr. 74/1984, skal sköpuð aðstaða innan stofnunarinnar og vinna í nánú samstarfi við hana, en halda að fullu sjálfstæði samkvæmt fyrrgreindum lögum. Ráðinn skal erindreki að stofnuninni til fræðslu- og upplýsingastarfa.
- 21.2. Stofnunin skal hafa samvinnu við Náttúruverndarráð, Vinnueftirlit, Siglingamála- stofnun og Ríkismat sjávarafurða um öll mál er varða starfsemi þeirra.

21. gr.

1. og 2. tölul. 22. gr. laganna orðast svo:

- 22.1. Sveitarfélög geta sett sér eigin heilbrigðissamþykktir um þætti sem ekki er fjallað um í heilbrigðisreglugerð, sbr. 2. gr., og mengunarvarnareglugerð, sbr. 3. gr., eða til þess að gera um einstök atriði ítarlegri kröfur en þar er gert.
- 22.2. Heimilt er auk annars að setja í slíkar samþykktir ákvæði um:
 1. Bann eða takmörkun hundahalds og annars gæludýrahalds.
 2. Meðferð og eyðingu sorps og skolps.
 3. Gjaldtöku vegna leyfa, leigu eða veittrar þjónustu.
 4. Sérstakar ábyrgðartryggingar.

22. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

- 23.1. Landið skiptist í heilbrigðiseftirlitssvæði í samræmi við svæðaskiptingu 2.–14. tölul. 6. gr.

23. gr.

3. tölul. 24. gr. laganna fellur brott.

24. gr.

4. og 5. tölul. 24. gr. laganna orðast svo:
- 24.4. Á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði skal starfa heilbrigðisfulltrúi sem framkvæmdastjóri eftirlitsins í fullu starfi. Þar sem aðeins einn heilbrigðisfulltrúi er starfandi á eftirlitssvæði skal hann jafnframt vera framkvæmdastjóri.
- 24.5. Ekki skulu að jafnaði koma fleiri en 10 000 íbúar á hvert stöðugildi heilbrigðisfulltrúa.

25. gr.

25. gr. laganna orðast svo:
- 25.1. Ráðherra getur í reglugerð, að ósk viðkomandi sveitarfélaga og að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins, kveðið á um aðra skiptingu heilbrigðiseftirlitssvæða en gert er í 23. gr.

26. gr.

2. tölul. 26. gr. laganna orðast svo:
- 26.2. Svæðisnefndir viðkomandi eftirlitssvæða ráða heilbrigðisfulltrúa að fengnum tillögum heilbrigðisnefnda svæðisins.

27. gr.

4. og 5. tölul. 26. gr. laganna falla brott og 6. tölul. 26. gr. laganna verður 4. tölul. 26. gr. laganna.

28. gr.

9. tölul. 27. gr. laganna orðast svo:
- 27.9. Heilbrigðisnefndum er heimilt að gefa fyrirmæli um meðferð og notkun matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara þar sem settum reglum hefur ekki verið fylgt. Nefndirnar geta lagt hald á slíkar vörur og fyrirskipað förgun þeirra teljist nauðsynlegt.

29. gr.

1. tölul. 29. gr. laganna orðast svo:
- 29.1. Telji stjórn stofnunarinnar nauðsyn ráðstöfunar samkvæmt lögum þessum og viðkomandi heilbrigðisnefnd lætur ekki málið til sín til taka eða gengur ekki nægilega ríkt eftir framkvæmdum þrátt fyrir ábendingar stofnunarinnar skal hún gera tillögur til ráðherra um framkvæmd ráðstöfunarinnar.

30. gr.

6. tölul. 29. gr. laganna orðast svo:
- 29.6. Fulltrúum stofnunarinnar er heimilt í samráði við heilbrigðisnefndir að taka sýni þar sem starfræksla og notkun fer fram og lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunaryarnareglugerð og heilbrigðissamþykktir sveitarfélaga ná til, sbr. 8., 10. og 11. tölul. 27. gr.

31. gr.

31. gr. laganna orðast svo:
- 31.1. Sé öðrum en heilbrigðisnefnd falið með sérlægum eftirlit með starfsemi sem lög þessi taka til og fari fyrirmæli þeirra í bága við fyrirmæli heilbrigðisnefndar og takist ekki að samræma fyrirmælin skal leggja málið undir fullnaðarúrskurð ráðherra. Þetta gildir þó ekki sé um að ræða eftirlit með starfsemi samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 53/1984, um Ríkismat sjávarafurða, og lögum nr. 31/1970, um dýralækna.

- 31.2. Rísi ágreiningur um framkvæmd eftirlits, sem fallið getur undir lög nr. 46/1980, lög nr. 53/1984, lög nr. 31/1970 og lög nr. 32/1986, skal ágreiningur borinn upp í sérstakri samstarfsnefnd, sem í eiga sæti hlutaðeigandi forstöðumenn Hollustuverndar ríkisins, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, forstjóri Ríkismats sjávarafurða, siglingamálastjóri og yfirdýralæknir. Skal samstarfsnefndin koma sér saman um framkvæmd heilbrigðiseftirlits í takmarkatilvikum og gæta þess að þessir aðilar fari ekki inn á svið annarra eða mismunandi kröfur séu gerðar um sömu atriði. Rísi upp ágreiningur í nefndinni og verði hann ekki jafnaður sker heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra úr. Samstarfsnefndinni er enn fremur heimilt að gera tillögur til stjórnna viðkomandi stofnana eða ráðuneyta um samnýtingu hinna einstöku eftirlitsaðila þar sem slíku verður við komið.
- 31.3. Rísi upp ágreiningur milli svæðisnefndar eða heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim skulu aðilar vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins til málamíðlunar. Takist málamíðlun ekki skal leita fullnaðarúrskurðar ráðherra.

32. gr.

34. gr. laganna orðast svo:

- 34.1. Hollustuvernd ríkisins getur samið við aðrar rannsóknastofnanir um að annast rannsóknir fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu.

33. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1988. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 109/1984 og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Starfsreglur skv. 17. gr. skulu taka gildi við gildistöku laganna.
2. Innan árs frá gildistöku laga þessara skal á vegum Hollustuverndar ríkisins (heilbrigðiseftirlits og eiturefnaeftirlits, sbr. 2. og 5. tölul. 17. gr.) komið upp innflutningseftirliti með matvælum og öðrum neysluvörum, svo og nauðsynjavörum sem innihalda eiturefni- eða hættuleg efni.
3. Þegar í stað skal hafist handa við uppbyggingu aðstöðu innan rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins til að annast efnafraðilegar rannsóknir vegna almenns heilbrigðiseftirlits, eftirlits með matvælum og öðrum neysluvörum, mengunarvarna og eiturefnaeftirlits. Áætlun um þessa uppbyggingu skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en í upphafi þings haustið 1988. Áætlunin skal miðast við að aðstaða á öðrum rannsóknastofum í landinu verði nýtt eftir því sem frekast er kostur.
4. Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

LÖG**um breytingu á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 138. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Brot, sem falla undir XXI. og XXII. kafla hegningarlaga, um sifskaparbrot og skírlífisbrot, skulu hafa forgang fram yfir önnur refsilagabrot hvað varðar rannsókn, ákæru og dómsmeðferð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG**um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála,
nr. 74 21. ágúst 1974.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1 ár“ í 2. tölul. 1. mgr. 112. gr. komi: 3 ár.

2. gr.

112. gr., sbr. lög nr. 99 31. desember 1982, breytist sem hér segir:

- a. Í stað „20 000 krónum“ í 2. tölul. 1. mgr. komi: 90 000 krónum.
- b. Í stað „12 000 króna“ í 2. mgr. komi: 54 000 króna.
- c. Í stað „4000 krónum“ í 2. mgr. komi: 18 000 krónum.
- d. Í stað „1200 króna“ í 3. mgr. komi: 5400 króna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG**um breytingu á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga,
með síðari breytingum.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

26. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 38/1987, orðist svo:

Sveitarstjórn skal ákveða fyrir 1. desember ár hvert hvaða hundraðshluti verður lagður á tekjur manna á næsta ári, sbr. 1. mgr. 25. gr.

Ákvörðun sveitarstjórnar skal tilkynna fjármálaráðuneytinu eigi síðar en 15. desember á sama ári.

Skil á staðgreiðslufé til sveitarfélagsins skulu vera sami hundraðshluti og álagningarhlutfallið skv. 1. mgr.

Sá hundraðshluti, sem sveitarstjórn hefur ákveðið, skal notaður við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og vera endanlegt álagningarhlutfall útsvars í sveitarfélaginu, sbr. þó 5. og 6. mgr.

Nú kemur í ljós að tekjur sveitarsjóðs hrökkva ekki fyrir útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka útsvar frá því er ákveðið var skv. 1. mgr. um allt að 10%. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað útsvar um allt að 10%.

Ef sveitarfélag kemst í fjárþröng er sveitarstjórn heimilt að leggja sérstakt álag á útsvör ársins, sbr. 90. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Tilkynning um breytingar á útsvari, sbr. 5. og 6. mgr., skal senda skattstjóra og ríkisskattstjóra eigi síðar en 31. mars á álagningarári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við ákvörðun um álagningu og innheimtu útsvars á tekjur manna á árinu 1988 skulu gilda ákvæði 26. gr. laga nr. 73 26. nóvember 1980, með breytingum sem gerðar hafa verið á þeim lögum fram að gildistöku þessara laga.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG

um greiðslur Atvinnuleysisstryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Greiðslur Atvinnuleysisstryggingasjóðs vegna atvinnuleysisbóta fastráðins fiskvinnslufólks skulu inntar af hendi til fiskvinnslufyrirtækja eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Vinnuveitandi, sem hefur skuldbundið sig til þess að greiða fastráðnu fiskvinnslufólki föst laun fyrir dagvinnu í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð, þótt hráefnis Kortur valdi vinnslustöðvun, skal eiga rétt á greiðslu úr Atvinnuleysisstryggingasjóði sem hér segir:

Fyrirtæki, sem starfrækir fiskvinnslu og fullnægir skilyrðum 2. mgr. þessarar greinar og þarf að stöðva framleiðslu tímabundið vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi til vinnslu, skal eiga rétt til greiðslu úr Atvinnuleysisstryggingasjóði fyrir hvern heilan vinnudag umfram tvo sem fyrirtækið heldur starfsmönnum á launaskrá.

Greiðsla samkvæmt þessari grein skal nema fjárhæð hámarksdagpeninga skv. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 64/1981 fyrir hvern starfsmann í fullu starfi sem orðið hefur verkefnalaus vegna stöðvunarinnar meðan stöðvunin varir, þó ekki lengur en fjórar vikur í senn og aldrei lengur en í sex vikur á hverju almanaksári. Vegna starfsmanna í föstu hlutastarfi skal greiðslan vera í samræmi við samningsbundið starfshlutfall hlutaðeigandi starfsmanna.

2. gr.

Fyrirtæki, sem hyggst njóta greiðslu skv. 1. gr., skal með a.m.k. fimm sólarhringa fyrirvara tilkynna fyrirhugaða vinnslustöðvun og orsakir hennar til vinnumiðlunar á staðnum þar sem það á við en ella til oddvita eða sveitarstjóra sem annast atvinnuleysis-skráningu, sbr. 6. gr. laga um vinnumiðlun, nr. 18/1985. Þessir aðilar meta hvort skilyrði greiðslu eru fyrir hendi og tilkynna fyrirtæki niðurstöðu sína.

Sé greiðsla samþykkt skal atvinnurekandi afhenda vinnumiðlun eða sveitarstjórn skrá um allt fastráðið fiskvinnslufólk sem stöðvunin tekur til þar sem tilgreint sé starfshlutfall hvers starfsmanns samkvæmt ráðningarsamningi. Eintak skrárinnar með árituðu samþykki sínu sendir vinnumiðlun eða sveitarstjórn Atvinnuleysisstryggingasjóði eða hlutaðeigandi umboðsmanni Tryggingastofnunar ríkisins svo og úthlutunarnefnd eða nefndum atvinnuleysisbóta vegna þeirra stéttarféлага sem málið varðar.

3. gr.

Þegar Atvinnuleysisstryggingasjóður eða umboðsmaður hans hefur fengið í hendur launaskrá skv. 2. gr. og hefur ekkert við hana að athuga greiðist sú fjárhæð, sem viðurkennd er, til hlutaðeigandi fyrirtækis vikulega á meðan á vinnslustöðvun stendur, sbr. þó 4. mgr. 1 gr.

Skylt er fyrirtæki, sem nýtur greiðslna atvinnuleysisbóta samkvæmt ákvæðum þessara laga, að tilkynna vinnumiðlun þegar í stað ef breyting verður á fjölda fastráðinna starfsmanna sem misst hafa vinnu af völdum vinnslustöðvunar. Hafi fastráðinn starfsmaður hafið störf annars staðar meðan vinnslustöðvun varir og launagreiðslur fyrirtækisins falla niður fellur greiðsla niður frá sama tíma.

Vinnumiðlun skal hafa aðgang að launa- og framleiðslubókhalði fyrirtækis, svo og að fastráðningarsamningum sem í gildi eru milli fyrirtækisins og starfsmanna þess, í því skyni að ganga úr skugga um réttmæti framlagðrar launaskrár. Sama rétt á Atvinnuleysistryggingasjóður eða umboðsmaður hans.

Ef ágreiningur rís um rétt til greiðslu sker stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs úr ágreiningnum.

4. gr.

Fyrirtækjum, sem nýta rétt sinn til greiðslu skv. 1. gr., er skylt að hlutast til um að starfsfræðslunámskeið fyrir fiskvinnslufólk verði fyrst og fremst haldin á þeim tíma sem vinnslustöðvun varir. Verði því með engu móti við komið á fyrirtæki rétt á greiðslu fyrir þær vinnustundir hvers starfsmanns sem tapast vegna setu á námskeiðum sem haldin eru að opinberri tilhlutan, þó ekki meira en 40 stundir vegna hvers einstaklings. Þegar svo stendur á fer um tilkynningu og ákvörðun greiðslu eftir ákvæðum 2. gr. eftir því sem við á. Auk þess er þar greinir skal leggja fram staðfestingu þess aðila er stendur fyrir námskeiði um námskeiðshaldið, tíma og efni. Greiðslur þessar teljast hluti þeirra greiðslna sem um ræðir í 1. gr.

5. gr.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög með sama heiti nr. 55 23. apríl 1986.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

LÖG

um breyting á lögum nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Ríkisendurskoðun getur krafist reikningsskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum aðilum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Jafnframt er Ríkisendurskoðun heimilt að kalla eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé. Þá er Ríkisendurskoðun heimill aðgangur að og skoðun á grundvallargögnum eða skýrslum sem færðar eru samhliða reikningsgerð á hendur ríkinu eða ríkisstofnunum fyrir vinnu eða þjónustu, sem greiðsluskyld er að öllu leyti eða að verulegum hluta úr ríkissjóði á grundvelli laga, verksamninga eða gjaldskrársamninga við einstaklinga, félög eða stofnanir, til að sannreyna efni innsendra reikninga og greiðsluskyldu ríkissjóðs.

Ríkisendurskoðun getur rannsakað reikningsskil sveitarfélaga sem varða sameiginlega starfsemi ríkisins og sveitarfélaga. Enn fremur getur hún rannsakað reikningsskil þeirra stofnana og félaga sem ríkissjóður á hlut í.

Nú verður ágreiningur um skoðunarheimild Ríkisendurskoðunar samkvæmt þessari grein og getur ríkisendurskoðandi þá leitað um hann úrskurðar sakadóms.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG um lögreglusamþykktir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í hverju sveitarfélagi má setja lögreglusamþykkt. Heimilt er að setja lögreglusamþykkt sem gildi fyrir fleiri en eitt sveitarfélag.

2. gr.

Ráðherra setur reglugerð um lögreglusamþykktir sem vera skal fyrirmynd að lögreglusamþykktum sveitarfélaganna. Reglugerðin kemur í stað lögreglusamþykktar þar sem lögreglusamþykkt er ekki sett.

3. gr.

Í lögreglusamþykkt skal, eftir því sem þurfa þykir, kveða á um það sem varðar allsherjarreglu, svo sem:

- Reglu og velsæmi á og við almannafæri; allt sem lýtur að því að draga úr hættu og óþægindum, greiða fyrir umferð og tryggja öryggi fólks; friðun og vernd mannvirkja og opinna svæða; hvernig stuðla má að góðri umgengni og hreinlæti á almannafæri.
- Opnunar- og lokunartíma veitingastaða; skemmtanahald og hvernig skemmtunum og öðrum samkomum skuli markaður tími.
- Verslun og aðra atvinnu á almannafæri; að leyfi þurfi til þess að hafa á tilteknum stað sölu, leigu eða afgreiðslu ökutækja; að leyfi þurfi til þess að reka skemmti- eða leiktæki gegn borgun.
- Meðferð dýra til þess að varna því að tjón hljótist af þegar skepnur ganga lausar eða eru í vanhirðu.

Í lögreglusamþykkt skulu vera ákvæði um það hvernig greiða skuli þau útgjöld sem hin ýmsu ákvæði hennar hafa í för með sér.

4. gr.

Sveitarstjórn semur frumvarp til lögreglusamþykktar og sendir dómsmálaráðuneytinu til staðfestingar. Frumvarpið skal byggt á reglugerð um lögreglusamþykktir með þeim breytingum sem sveitarstjórn telur þörf á vegna umdæmisins.

Ef ráðuneytið telur þurfa að gera breytingar á frumvarpinu áður en það er staðfest skal leggja þær fyrir sveitarstjórn til álita. Breytingar, sem sveitarstjórn fellst ekki á, má eigi setja í samþykktina.

5. gr.

Lögreglusamþykkt gildir að öllum jafnaði fyrir allt umdæmi sveitarfélags.

Nú þykir rétt að skipa svo fyrir að ákvæði samþykktar skuli eigi gilda í hluta umdæmis, annaðhvort að nokkru eða að öllu leyti, og skal þess þá getið í samþykktinni eftir því sem við á.

6. gr.

Brot gegn lögreglusamþykkt varða sektum. Sama er um brot á reglum sem settar eru samkvæmt lögreglusamþykkt.

Ef kenna má yfirsjón barns skorti á hæfilegri umsjá foreldris eða þess sem gengur barninu í foreldris stað skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

7. gr.

Ef einhver lætur það ógert sem er skylda hans samkvæmt lögreglusamþykkt eða reglum sem settar eru samkvæmt henni má lögreglustjóri láta gera það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að vanrækslan valdi tjóni.

Kostnaður við þetta greiðist af þeim sem ábyrgð ber. Sama er um kostnað af ráðstöfun sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra fyrirhugaða athöfn eða stöðva athöfn sem ekki er að fullu lokið en bönnuð er með samþykktinni eða samkvæmt henni. Ef sá sem ábyrgð ber er eigi fær um að greiða slíkan kostnað greiðist hann úr ríkissjóði.

8. gr.

Reglugerð um lögreglusamþykktir skal setja sem fyrst eftir gildistöku laga þessara og skal hún taka gildi þegar liðnir eru sex mánuðir frá birtingu hennar.

Lögreglusamþykktir, sem settar hafa verið áður en sú reglugerð er sett, skulu gilda í sex mánuði eftir gildistöku reglugerðarinnar, nema ný lögreglusamþykkt hafi áður verið gerð fyrir hlutaðeigandi sveitarfélag.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi:

Lög um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, nr. 1 3. janúar 1890, með síðari breytingum.

Lög um lögreglusamþykktir í löggiltum verslunarstöðum, nr. 32 4. júní 1924, með síðari breytingum.

Lög um lögreglusamþykktir utan kaupstaða, nr. 107 8. maí 1935.

Lög um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, nr. 120 22. desember 1947, falla úr gildi þegar reglugerð um lögreglusamþykktir tekur gildi. Taka þá jafnframt gildi þau ákvæði reglugerðarinnar er marka skemmtunum tíma.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG

um veitingu ríkisborgaréttar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisborgarétt skulu öðlast:

1. Agnes Hrönn Gunnarsdóttir, barn í Reykjavík, f. 1. nóvember 1979 í Kenya.
2. Anna Svandís Gunnarsdóttir, verkakona í Reykjavík, f. 9. mars 1947 á Íslandi.
3. Ágúst Eiríksson Azevedo, nemi í Hafnarfirði, f. 31. júlí 1968 í Portugal.
4. Baranowski, Christine Margaret, verkakona í Keflavík, f. 18. janúar 1970 í Bandaríkjunum.
5. Bauer, Hermann Þór, þjónn í Reykjavík, f. 11. maí 1968 á Íslandi.
6. Catacutan, Mercedes Carmen, skrifstofustúlka í Reykjavík, f. 16. júlí 1960 á Filippseyjum. Fær réttinn 20. ágúst 1988.
7. Cejudo, Manuel Arjona, hamskeri í Reykjavík, f. 4. október 1948 á Spáni.
8. Cosser, Cynthia Anne, húsmóðir í Reykjavík, f. 19. september 1954 í Englandi. Fær réttinn 12. september 1988.
9. Cosser, Jeffrey Michael, blaðamaður í Reykjavík, f. 6. maí 1952 í Simbabve. Fær réttinn 12. september 1988.
10. Delavault, Gérard Robert, tækniteiknari á Seltjarnarnesi, f. 10. mars 1953 í Frakklandi.
11. Dhour, Abdelilah, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 10. apríl 1957 í Marokkó.
12. Ducusin, Lagrimas Soriano, húsmóðir á Akureyri, f. 21. júní 1951 á Filippseyjum.
13. Gunnell, Terence Adrian, kennari í Reykjavík, f. 7. júlí 1955 í Englandi.
14. Hendricks, Linda Margaret Perkel, húsmóðir og flugfreyja í Reykjavík, f. 26. janúar 1951 í Bandaríkjunum.
15. Hernandez, Beatriz Ray, ritari í Reykjavík, f. 10. maí 1965 á Filippseyjum. Fær réttinn 16. október 1988.
16. van Hulst, Carolina, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 13. desember 1953 í Hollandi.
17. de Jesus, David Paul, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 17. júlí 1959 á Filippseyjum. Fær réttinn 15. ágúst 1988.
18. Jóna Kristín Jacobsen, húsmóðir í Hveragerði, f. 23. desember 1912 á Íslandi.
19. Kolbrún Anderson, barn í Reykjavík, f. 5. febrúar 1982 á Íslandi.
20. Kuhn, Thomas Walter, sjúkrahjálfari í Reykjavík, f. 15. ágúst 1957 í Þýskalandi.
21. Kupas, Amanda Joan, nemi í Hafnarfirði, f. 4. júní 1963 í Kanada.
22. Kupas, Monica Darlene, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 15. febrúar 1965 í Kanada.
23. Laufey Guðmundsdóttir, barn á Selfossi, f. 4. október 1985 á Sri Lanka.
24. MacFarlane, Mark Raymond, landslagsarkitekt í Reykjavík, f. 13. nóvember 1953 í Tyrklandi.
25. Margrét Björgólfsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 28. október 1955 í Bandaríkjunum.
26. Mazmanian, Viken Samuel, hljóðupptökumaður í Reykjavík, f. 28. maí 1963 í Líbanon. Fær réttinn 27. júní 1988.
27. Millard, Elísabet Svana, ræstingarmaður í Reykjavík, f. 27. ágúst 1968 í Reykjavík.
28. Schnabl, Hilmar Thor, bankastarfsmaður í Reykjavík, f. 9. júlí 1961 í Bandaríkjunum.

29. Swift, Emma Marie, barn í Reykjavík, f. 5. október 1978 í Bretlandi.
 30. Swift, Martin Jónas Björn, barn í Reykjavík, f. 31. ágúst 1980 í Vestur-Pýskalandi.
 31. Toffolo, Danival, nemi í Keflavík, f. 16. desember 1970 í Bandaríkjunum.
 32. Toffolo, John, raftæknifræðingur í Keflavík, f. 18. nóvember 1932 á Ítalíu.
 33. Tomczyk, Sólveig, nemi í Keflavík, f. 15. mars 1973 í Bandaríkjunum.
 34. Tomczyk, Tomasz, nemi í Reykjavík, f. 22. janúar 1966 í Póllandi. Fær réttinn 15. ágúst 1988.
 35. Vandendriessche, Peter, kennari í Reykjavík, f. 18. maí 1961 í Pýskalandi. Fær réttinn 20. júlí 1988.
 36. Vavrickova, Stepanka, verslunarmaður í Kópavogi, f. 7. janúar 1955 í Tékkóslóvakíu.
 37. Vazquez, Antonio Maria Galan, doktor í sjávarlíffræði í Reykjavík, f. 14. september 1947 á Spáni.
 38. Þór Saari, söluaður á Seltjarnarnesi, f. 9. júní 1960 í Bandaríkjunum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannaöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnaframt — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenninafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kys heldur, að breyta svo eiginnaframt sínu að það fullnægi kröfum laga um mannaöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Jóhanna Sigurðardóttir.

um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsetisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

3. másl. 3. gr. laganna falli niður.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Um tilbúning og framleiðslu áfengra drykkja fer samkvæmt lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, með síðari breytingum.

Önnur framleiðsla, tilbúningur og bruggun áfengra drykkja eða áfengisvökva er bönnuð á Íslandi, svo og að gera drykkjarhæft það áfengi sem er eða gert hefur verið óhæft til drykkjar.

3. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Upptæk skal gera öll áhöld sem með ólögmatum hætti á að nota eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkjarhæft það áfengi sem ódrykkjarhæft var. Áfengi það, sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkjarhæft með ólögmatum hætti, skal og gert upptækt ásamt ílátum.

4. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutning, dreifingu og sölu áfengis, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum. Óheimilt er að gefa veitingamönnum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings.

5. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu áfengis samkvæmt þessum kafla.

6. gr.

Lög þessi taka gildi 1. mars 1989.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra skal skipa fimm manna nefnd til að gera tillögur er stuðlað gætu að því að draga úr heildarneyslu áfengis. Meðal annars ber nefndinni að fjalla um verðlagningu áfengis og leiðir til að vara við hættum sem fylgja neyslu þess, t.d. með áprentuðum upplýsingum um áfengishlutfall og ákvæði umferðarlaga. Einnig skal nefndin gera tillögu um sérstaka fræðsluferð um áfengismál, einkum meðal skólafólks, er hefjist eigi síðar en mánuði áður en lög þessi koma til framkvæmda.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG

um bifreiðagjald.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Greiða skal til ríkissjóðs bifreiðagjald af bifreiðum sem skráðar eru hér á landi eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

Með gjaldskyldri bifreið samkvæmt lögum þessum er átt við vélknúid ökutæki sem uppfyllir eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða:

- a. Vélknúid ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á fjórum hjólum eða fleiri, eða á þremur hjólum, og er 400 kg að eigin þyngd eða meira og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klukkustund eða aka má svo hratt án verulegra breytinga.
- b. Vélknúid ökutæki sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klukkustund.
- c. Vélknúid ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga eða til að draga annað ökutæki og er búid beltum og eftir atvikum stýrimeidum/stýrihjólum og er 400 kg að eigin þyngd eða meira.
- d. Fjór hjól er fellur í vörulið 8703 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Verði ágreiningur um gjaldskyldu bifreiðar sker fjármálaráðherra úr.

2. gr.

Bifreiðagjald skal vera sem hér segir:

- a. Af bifreiðum, sem eru að eigin þyngd allt að 2500 kg, skal greiða 2,15 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar, þó aldrei lægra gjald en 1000 kr. vegna hvernar bifreiðar á hverju gjaldtímabili, sbr. 1. mgr. 3. gr.
- b. Af bifreiðum, sem eru að eigin þyngd 2500 kg eða þyngri, skal greiða 5375 kr. á hverju gjaldtímabili vegna hvernar bifreiðar, sbr. 1. mgr. 3. gr.

3. gr.

Gjalddagar bifreiðagjalds eru 1. janúar ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. janúar til 30. júní og 1. júlí ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. júlí til 31. desember, en eindagi er síðasti dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga. Skal gjaldið innheimtast þar sem bifreið er skráð á gjalddaga.

Gjald vegna nýskráðra bifreiða skal greiðast í hlutfalli við skráningartíma þeirra á gjaldtímabilinu og telst gjaldskyldan frá og með afhendingu skráningarmarkis. Gjaldið reiknast fyrir heila mánuði þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður, en færri dögum skal sleppt. Bifreiðagjald vegna nýskráðra bifreiða skal þó aldrei vera lægra en 500 kr. Gjald vegna nýskráðra bifreiða fellur í eindaga við skráningu.

Bifreiðagjald skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga. Hafi orðið eiganda-skipti að bifreið án þess að þau hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Eigi skal endurgreiða gjald af bifreið sem greitt hefur verið af þótt eigandaskipti verði, hún flutt í annað skráningarumdæmi eða afskráð. Gildir greiðslan fyrir bifreiðina hver sem eigandi hennar er eða hvert sem hún er flutt á landinu.

Fjármálaráðherra er heimilt að endurgreiða, lækka eða fella niður bifreiðagjald af bifreiðum í eigu öryrkja og björgunarsveita, svo og bifreiðum sem eru eldri en 25 ára í upphafi gjaldárs. Getur hann í reglugerð kveðið nánar á um hverjir falli undir undanþáguheimild þessa og önnur skilyrði sem hann telur nauðsynleg.

4. gr.

Við árlega aðalskoðun bifreiðar, sem gjaldskyld er samkvæmt þessum lögum, skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greitt hafi verið af henni gjaldfallið bifreiðagjald. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra. Lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu bifreiðagjaldsins.

Skráning eða umskráning bifreiða skal ekki fara fram nema gjaldfallið bifreiðagjald hafi áður verið greitt af henni.

Ef bifreiðagjald er ekki greitt fyrir eindaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu innheimtumanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu svo sem að framan segir.

5. gr.

Bifreiðagjald skv. 2. gr. og lágmarksgjald skv. 3. gr. eru grunngjöld. Fjármálaráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi í réttu hlutfalli við hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunngjöld bifreiðagjalds og lágmarksgjalds eru miðuð við vísitölu 1. janúar 1988, þ.e. 107,4 stig.

6. gr.

Sé bifreiðagjald ekki greitt í síðasta lagi á eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af því sem ógreitt er talið frá og með gjalddaga.

7. gr.

Innheimtu bifreiðagjalds annast lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því sem fjármálaráðherra ákveður. Heimilt er að fela Bifreiðaeftirliti ríkisins innheimtu bifreiðagjalds.

Bifreiðagjald nýtur lögtaksréttar.

8. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi ákvæði I. kafla bráðabirgðalaga nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Jón Baldvin Hannibalsson.

LÖG

**um heimild fyrir fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs til að selja
fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34
og jarðhús í Ártúnsbrekku við Elliðaár.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að selja fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34 og jarðhús í Ártúnsbrekku við Elliðaár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Jón Baldvin Hannibalsson.

LÖG

**um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála,
nr. 74, 21. ágúst 1974.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

179. gr. breytist sem hér segir:

Í stað „dómsmálaráðuneytinu“ í 2. og 3. másl. 2. mgr. komi: fangelsismálastofnun.

2. gr.

189. gr. breytist sem hér segir:

Í stað „dómsmálaráðuneytisins“ komi: fangelsismálastofnunar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989.

*Gjört í Reykjavík, 19. maí 1988.***Þorsteinn Pálsson.****Þorvaldur Garðar Kristjánsson.**
(L. S.)**Magnús Thoroddsen.***Jóhanna Sigurðardóttir.***um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og hlutfall útsvars, og skal það vera hið sama á öllu landinu og ákveðið í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórna skv. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum. Hafi sveitarfélag ekki tilkynnt ákvörðun sína í tæka tíð skv. 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1980 skal miða við fyrra árs ákvörðun þess.

2. gr.

Við 1. mgr. 32. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðist svo: Þrátt fyrir það að innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu sé hið sama á öllu landinu, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal við skiptingu og skil bráðabirgðagreiðslu útsvars til sveitarfélaga miðað við þann hundradshluta sem hver sveitarstjórn hefur ákveðið að verði álagningarhlutfall útsvars í sveitarfélaginu, sbr. 26. gr. laga nr. 73/1980, með síðari breytingum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989.

*Gjört í Reykjavík, 20. maí 1988.***Þorsteinn Pálsson.****Þorvaldur Garðar Kristjánsson.**
(L. S.)**Magnús Thoroddsen.***Jón Baldvin Hannibalsson.*

STJÓRNARTÍÐINDI A 9 — 1988

31. maí 1988

89

Nr. 43

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Í fjarveru Þorsteins Pálssonar forsætisráðherra hefur Friðriki Sophussyni iðnaðarráðherra verið falið að gegna störfum forsætisráðherra um stundarsakir.

Forsætisráðuneytið, 31. maí 1988.

F. h. r.

Guðmundur Benediktsson.

31. maí 1988

Nr. 44

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á bráðabirgðalögum nr. 14, 20. maí 1988, um aðgerðir í efnahagsmálum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefir tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að setja fyllri ákvæði um efni 8. gr. bráðabirgðalaga nr. 14, 20. maí 1988, um aðgerðir í efnahagsmálum.

Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

8. gr. bráðabirgðalaganna orðist svo:

Verðtrygging nýrra fjárskuldbindinga til skemmri tíma en tveggja ára er óheimil frá 1. júlí 1988. Með fjárskuldbindingum í þessu sambandi er átt við sparifé og lánsfé.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur Seðlabanki Íslands að fengnu samþykki viðskiptaráðherra auglýst reglur, er leyfi innlánsstofnunum að taka á móti sparifé og öðrum innstæðum gegn verðtryggingu til skemmri tíma en tveggja ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

A 7

AUGLÝSING

um staðfesting handhafa valds forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Handhafar valds forseta Íslands féllust hinn 18. maí 1988 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

108. gr. orðist svo:

Nú er fjöldi stúdenta sem stenst samkeppnispróf á fyrsta ári meiri en svo að veita megi þeim öllum viðunandi framhaldskennslu við aðstæður á hverjum tíma og getur háskólaráð þá eftir rökstuddri tillögu tannlæknadeildar takmarkað fjölda þeirra, sem halda áfram námi. Ákvörðun háskólaráðs skal tilkynna fyrir upphaf þess háskólaárs, sem próf eru haldin. Réttur stúdenta til framhaldsnáms er miðaður við árangur prófa í lok 1. misseris 1. námsárs.

Pegar tveir eða fleiri nemar hafa sömu meðaleinkunn og velja þarf á milli þeirra ræður forgangsröðun einkunna eins og tilgreint er í kennsluskra tannlæknadeildar ár hvert. Stúdent hefur staðist hinn fræðilega hluta 1. árs prófa hljóti hann meðaleinkunnina 5.0.

Stúdentar, sem öðlast ekki rétt til þess að halda áfram námi, mega endurtaka öll prófin næsta ár eða láta fyrri próf gilda og keppa þá við nýja stúdenta á jafnréttisgrundvelli.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi 1. júní 1988.

Menntamálaráðuneytið, 24. maí 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Árni Gunnarsson.

FORSETABRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Alþingi 110. löggjafarþing, lýkur störfum í dag, miðvikudaginn 11. maí 1988.
Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

Þorsteinn Pálsson.

20. maí 1988

91

Nr. 47

LÖG

um breytingu á lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkenndar fólksbifreiðastöðvar eru starfandi, er öllum óheimill leiguakstur á fólksbifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem eigi er viðurkennd.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkenndar sendiferðabifreiðastöðvar eru starfandi, er öllum óheimill leiguakstur á sendiferðabifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem eigi er viðurkennd.

3. gr.

1. másl. 5. gr. laganna orðist svo:

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkennd vörubifreiðastöð er starfandi, er öllum óheimill leiguakstur á vörubifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem eigi er viðurkennd.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1988.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Matthías Á. Mathiesen.

LÖG

um fangelsi og fangavist.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Stjórn og skipulag.

1. gr.

Ríkið skal eiga og reka öll fangelsi hér á landi. Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn fangelsismála.

2. gr.

Starfrækja skal sérstaka stofnun, fangelsismálastofnun, til þess:

1. Að annast daglega yfirstjórn á rekstri fangelsa.
2. Að sjá um fullnustu refsidóma.
3. Að annast eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið, fá skilorðsbundna reynslulausn, náðun eða frestun afplánunar.
4. Að annast félagslega þjónustu við fanga og þá sem taldir eru upp í 3. lið.
5. Að sjá um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta, svo sem heilbrigðisþjónusta, prestsþjónusta o.s.frv.

3. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður staðsetningu, gerð og rekstrarfyrirkomulag fangelsa.

Fangelsi skiptast í eftirtalda flokka:

1. Afplánunarfangelsi.
2. Gæsluvarðhaldsfangelsi.

Í afplánunarfangelsum skal vista þá sem dæmdir eru í fangelsi, varðhald og þá sem afplána vararefsingu féseкта.

Í afplánunarfangelsum má einnig vista gæsluvarðhaldsfanga ef einangrun telst ekki nauðsynleg.

Í sérstökum tilfellum má um skemmri tíma vista afplánunarfanga í fangageymslum lögreglu eða gæsluvarðhaldsfangelsi.

Heimilt er að vista gæsluvarðhaldsfanga í fangageymslum lögreglu.

II. KAFLI

Starfsmenn.

4. gr.

Dómsmálaráðherra skipar forstjóra fangelsismálastofnunar og ræður sérhæft starfslíð. Forstjóri skal vera lögfræðingur. Forstjóri ræður aðra starfsmenn.

5. gr.

Dómsmálaráðherra ræður forstöðumann fangelsis. Ráða skal öðrum fremur mann er hefur lokið viðurkenndu lokaprófi frá háskóla. Heimilt er að fleiri en ein stofnun heyri undir sama forstöðumann.

Forstöðumaður sér um daglegan rekstur stofnunar.

6. gr.

Í fangelsum skal starfa hæfilegur fjöldi fangavarða og annars starfslíðs. Dómsmálaráðherra ræður fangaverði, en forstöðumaður viðkomandi stofnunar aðra starfsmenn.

Fangaverðir mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

Fangaverðir eiga rétt á bótum fyrir meiðsl og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

III. KAFLI

Fangavist.

7. gr.

Ákvæði í þessum kafla eiga við þá sem eru vistaðir í afplánunarfangelsum.

8. gr.

Fangelsismálastofnun ákveður í hvaða fangelsi afplánun fer fram. Við þá ákvörðun skal tillit tekið til aldurs, kynferðis, búsetu og brotaferils fangans. Fangi, sem á við andlega eða líkamlega fötlun að stríða eða þarfnast af öðrum ástæðum sérstaks aðbúnaðar, skal afplána í því fangelsi sem uppfyllir skilyrði um slíkan aðbúnað.

Eigi kona ungbarn við upphaf afplánunar eða fæði barn í afplánun má heimila henni að hafa það hjá sér í fangelsinu.

9. gr.

Afplánun skal vera samfelld. Ef sérstakar ástæður eru til staðar er heimilt að skipta afplánun. Slíkt hlé má skilorðsbinda.

10. gr.

Heimilt er að fangelsum verði skipt upp í deildir.

11. gr.

Fangelsismálastofnun getur leyft að dómfelldur maður sé um stundarsakir eða allan refsítímann vistaður í sjúkrahúsi eða annarri stofnun þar sem hann nýtur sérstakrar meðferðar eða forsjár, enda sé slíkt talið henta vegna heilsu hans, aldurs eða annarra sérstakra ástæðna.

12. gr.

Fangi, sem lagður er í sjúkrahús, telst taka út refsingu meðan hann dvelst þar nema hann hafi sjálfur bakað sér veikindin á ótilhlýðilegan hátt eftir að hann hóf afplánun.

13. gr.

Í fangelsum skal vera aðstaða og tæki til fjölbreyttrar vinnu.

Fanga ber að vinna þau störf sem honum eru falin.

Fanga skal greiða laun fyrir vinnuna og skal tekið tillit til arðsemi vinnunnar og launa á almennum vinnumarkaði við ákvörðun launa.

Vinnulaun má taka til greiðslu á skaðabótum eða öðrum útgjöldum sem fanginn verður ábyrgur fyrir meðan hann er að afplána refsingu.

Samkvæmt beiðni fanga má heimila honum að uppfylla vinnuskyldu í klefa sínum ef aðstæður leyfa og aðrar ástæður mæla ekki gegn því. Með samþykki forstöðumanns fangelsis er fanga heimilt að útvega sér vinnu.

Heimila má fanga að stunda vinnu utan fangelsis og ákveður forstöðumaður í samráði við fangelsismálastofnun hvernig gæslu skuli hagað.

Ekki má setja fanga til vinnu sem er hættuleg heilsu hans. Fangi skal tryggður gegn slysum við vinnu eftir því sem lög um slysatryggingar mæla.

Ef fangi er ekki settur til vinnu skulu honum ákvarðaðir dagpeningar.

14. gr.

Fangi skal eiga kost á því að stunda nám. Heimila má fanga að stunda nám eða starfsþjálfun utan fangelsis og ákveður forstöðumaður fangelsis í samráði við fangelsismálastofnun hvernig gæslu skuli hagað.

Reglubundið nám fanga kemur í stað vinnuskyldu.

15. gr.

Fanga skal séð fyrir aðstöðu til tólmstundaiðkana og líkamspjálfunar.

Fangi skal eiga kost á útvist í a.m.k. eina klukkustund á dag nema aðstæður hamli.

16. gr.

Fangi skal vera einn í klefa nema sérstakar aðstæður eða húsrými komi í veg fyrir það og skal klefinn vera lokaður að næturlagi.

Fangi má samkvæmt nánari reglum umgangast aðra fanga að degi til.

17. gr.

Fangi hefur rétt til að þiggja heimsókn af nánustu vandamönnum sínum á tilteknum viðtalstímum.

Forstöðumaður getur leyft frekari heimsóknir. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur forstöðumaður bannað tilteknum mönnum að heimsækja fanga, einnig vandamönnum hans.

Fangi getur neitað að þiggja heimsóknir manna nema þeirra sem eiga við hann opinber erindi eða heimsækja hann að tilmælum forstöðumanns.

Heimilt er að leita á þeim sem heimsækja fanga.

18. gr.

Fanga er heimilt að senda og taka við bréfum.

Heimilt er að rannsaka bréf ef ástæða þykir til.

Bréf til og frá fanga má stöðva ef innihald þess gefur tilefni til og skal tilkynna sendanda um stöðvun bréfs.

Bréf til og frá yfirvöldum og lögmönnum fanga skulu ekki rannsökuð.

Fanga er heimilt að taka við öðrum sendingum samkvæmt nánari reglum. Heimilt er að rannsaka allar sendingar til og frá fanga.

19. gr.

Fangi hefur rétt á símtölum við aðila utan fangelsis að því marki sem aðstæður leyfa í fangelsinu.

Heimilt er að hlusta á símtöl við fanga. Ef hlustað er á símtal við fanga skal það gert með vitneskju hans.

20. gr.

Dómsmálaráðherra getur takmarkað rétt fanga skv. 17.–19. gr. vegna öryggis ríkisins.

21. gr.

Veita má fanga leyfi til skammrar dvalar utan fangelsis ef slíkt telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa hann undir að afplánun ljúki.

Leyfi skal ekki veitt ef hætta er á að fangi misnoti það.

IV. KAFLI

Öryggi í fangelsum og agaviðurlög.

22. gr.

Áfengi, önnur vímuefni og lyf, sem fangi hefur í fórum sínum við komu í fangelsið eða kemst yfir í því, má gera upptækt.

Muni, sem tekist hefur eða reynt er að smygla inn í fangelsið, má gera upptæka. Það sama gildir um muni sem fangi hefur búið til eða komist yfir án leyfis réttra yfirvalda.

Handrit eða annað skrifað efni, sem fangi hefur skráð í fangelsinu, er heimilt að gera upptækt. Þetta á við ef handritið eða hið skráða efni inniheldur upplýsingar um aðra fanga sem ekki eiga að vera á allra vitorði, eru ósæmilegar eða aðrar ástæður mæla gegn því að það fari út úr fangelsinu.

Muni eða handrit, sem lagt hefur verið hald á og ekki þykja rök til að gera upptæk, má afhenda fanga þegar afplánun lýkur.

Hið upptæka skal vera eign ríkisins.

Forstöðumaður tekur ákvarðanir samkvæmt þessari grein og skulu þær bókaðar.

23. gr.

Ef grunur leikur á að fangi feli á sér innan klæða efni eða hluti sem honum er bannað að hafa í fangelsinu er heimilt að framkvæma líkamsleit á fanga. Slíka leit má gera þegar eftirfarandi ástæður gefa tilefni til:

1. Þegar fangi kemur í fangelsi í upphafi afplánunar eða kemur aftur eftir dvöl utan þess.
2. Grunur leikur á að fangi feli á sér hluti eða efni sem honum er bannað að hafa í fangelsinu.
3. Ástæða þykir til að gera skyndileit meðal fanga.
4. Fangi hefur fengið heimsókn sem farið hefur fram án eftirlits.

Leit á fanga innan klæða skal gerð af starfsmanni sama kyns og fanginn.

24. gr.

Heimilt er að taka þvag- og blóðsýni úr fanga.

Ef grunur leikur á að fangi feli innvortis efni eða hluti sem honum er bannað að hafa í fangelsi er heimilt að framkvæma leit að fengnu álitni lækni.

Taka blóðsýnis og leit innvortis skal gerð af lækni eða hjúkrunarfræðingi.

Vitni sama kyns og fangi skal vera viðstatt ef aðstæður leyfa.

Ákvörðun um leit samkvæmt þessari grein skal bókuð og ástæður tilgreindar.

25. gr.

Fanga má einangra frá öðrum föngum þegar það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins. Einnig má einangra fanga vegna yfirvofandi hættu sem lífi eða heilbrigði hans er búin. Ef hætta er á að fangi valdi meiri háttar eignaspjöllum á húsakosti eða húsbúnaði fangelsisins má halda honum einangruðum frá öðrum svo og til að koma í veg fyrir strok.

Þá má einangra fanga til að koma í veg fyrir að hann hvetji aðra til að brjóta reglur fangelsis og hindra að fangi taki þátt í að útvega sér eða öðrum áfengi, önnur vímuefni eða lyf. Fanga má sömuleiðis aðgreina frá öðrum til að afstýra því að hann beiti aðra fanga yfirgangi.

Spenniból og handjárn má nota um skamman tíma ef nauðsyn krefur.

Ákvarðanir samkvæmt grein þessari skal bóka og ástæður tilgreindar.

Samþykki fangelsismálastofnunar þarf til að halda fanga í einangrun samkvæmt grein þessari lengur en 30 daga.

26. gr.

Fyrir brot á reglum fangelsis má beita fanga eftirtöldum agaviðurlögum:

1. Áminningu.
2. Sviptingu réttinda sem fangar almennt njóta samkvæmt lögum þessum og reglugerðum.
3. Sviptingu vinnulauna.
4. Einangrun í allt að 30 daga.

Beita má fleiri en einni tegund viðurlaga samtímis. Viðurlögin má skilorðsbinda.

Sá tími, sem fangi er hafður í einangrun, telst ekki til refsitímans. Strjúki fangi telst tími frá stroki og þar til fangi er settur í fangelsi á ný ekki til refsitímans.

Forstöðumaður ákveður agaviðurlög samkvæmt grein þessari. Áður en hann tekur ákvörðun skal hann ganga úr skugga um hvernig broti var háttað með því að yfirheyra fangann og með annarri rannsókn eftir aðstæðum.

Ákvarðanir um agaviðuriög skulu bókaðar og birtar fanga í viðurvist vitnis.

Einangrun má ekki lengja fangavist um meira en þriðjung dæmde refsitíma nema samþykki fangelsismálastofnunar sé fengið og aldrei um meira en helming.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

27. gr.

Sé fangi lengur en þrjú mánuði í afplánun er óheimilt að innheimta opinber gjöld hjá honum meðan afplánun stendur yfir. Það sama gildir í tvöfaldan þann tíma eftir að afplánun lýkur, allt að einu ári, vegna opinberra gjalda er á fanga hvíldu er afplánun hófst og á hann eru lögð meðan á afplánun stendur.

Dráttarvextir skulu ekki innheimtir af slíkum skuldum fyrir þann tíma sem innheimta skal liggja niðri samkvæmt þessari grein.

28. gr.

Pegar fullnægja á refsivist er heimilt að handtaka dómpóla og gilda þá ákvæði VII. og VIII. kafla laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við á.

29. gr.

Fangar, sem afplána varðhalds- og fangelsisdóma, skulu látnir lausir kl. 8 að morgni þess dags sem afplánun lýkur.

Fangar, sem afplána vararefsingu vegna sekta, skulu látnir lausir um sama leyti dags og afplánun hófst.

30. gr.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um fangelsismálastofnun og hlutverk hennar, um skilyrði þess að verða ráðinn fangavörður og menntun þeirra, um vinnulaun og dagpeninga fanga, um nám fanga og um leyfi til dvalar utan fangelsis.

Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði samkvæmt lögum þessum.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989. Þá falla úr gildi lög nr. 38 24. apríl 1973, um fangelsi og vinnuhæli, með síðari breytingum. Enn fremur falla brott 3. másl. 2. mgr. 32.

gr., 33. gr., 35.–39. gr., 43. gr., 2.–5. mgr. 44. gr., 45.–48. gr. og 2. málsl. 1. mgr. 54. gr. í V. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum. Enn fremur 2. mgr. 78. gr. og 1. mgr. 79. gr. í VIII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG

um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í 5. gr. komi ný málsgrein er verði 5. mgr. og orðist svo:

Meðlög, sem falla á þann tíma, reiknaðan í heilum mánuðum, sem maður afplánar refsingu, vinnur af sér meðlag eða barnalífeyri, skulu ekki innheimt hjá honum fyrir þann tíma sem afplánun stendur fyrir en tveimur árum eftir að afplánun lýkur og skal þá greiðslum jafnað á eitt til þrjú ár. Dráttarvextir skulu ekki innheimtir af slíkum skuldum fyrir þann tíma sem innheimta skal liggja niðri samkvæmt þessu. Eigi að síður skal Innheimtustofnun sveitarfélaga standa skil á meðlagsgreiðslum fyrir slíkan tíma til Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG

um virðisaukaskatt.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

Upphafsákvæði.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð virðisaukaskatt af viðskiptum innan lands á öllum stigum, svo og af innflutningi vöru og þjónustu, eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

I. KAFLI

Skattskyldusvið.

2. gr.

Skattskyldan nær til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra, sbr. þó 3. mgr. Með vörum í þessu sambandi teljast ekki fasteignir, en hins vegar rafmagn, varmi og önnur orka. Hlutabréf, skuldabréf, eyðublöð og aðrir slíkir hlutir eru vörur þegar þeir eru látnir í té sem prentvarningur. Peningaseðlar, mynt og frímerki eru vörur þegar þeir hlutir eru seldir sem söfnunargripir.

Skattskyldan nær til allrar vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, sbr. þó 3. mgr. Eftirtalin vinna, þjónusta og vara er undanþegin virðisaukaskatti:

1. Þjónusta sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra hliðstæðra stofnana, svo og lækningar, tannlækningar og önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta.
2. Félagsleg þjónusta, svo sem rekstur leikskóla, barnaheimila, skóladagheimila og upptökuheimila og önnur hliðstæð þjónusta.
3. Rekstur skóla og menntastofnana.
4. Starfsemi safna og bókasafna og hliðstæð menningarstarfsemi.
5. Íþróttamót, íþróttasýningar og rekstur sundstaða og skíðalyftna.
6. Fólksflutningar.
7. Póstþjónusta. Burðargjald fyrir almennan bögglapóst er þó skattskylt.
8. Fasteignaleiga, þar með talin leiga hótél- og gistihverbergja.
9. Vátryggingarstarfsemi.
10. Þjónusta banka, sparisjóða og annarra lánastofnana, svo og verðbréfamíðlun.
11. Happdrætti og getraunastarfsemi.
12. Starfsemi rithöfunda og tónskálda við samningu hugverka og sambærileg liststarfsemi.
13. Þjónusta ferðaskrifstofa.
14. Útfararþjónusta og prestsþjónusta hvers konar.
15. Sala tímarita.

Undanþágur skv. 3. mgr. ná aðeins til sölu eða afhendingar vinnu og þjónustu sem þar getur, en ekki til virðisaukaskatts (innskatts) af aðföngum til hinnar undanþegnu starfsemi, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð undanþegið góðgerðarstarfsemi skattskyldu þegar hagnaður af henni rennur að öllu leyti til líknarmála.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir undanþágum samkvæmt þessari grein og ákveða nánar hvað undir þær falli.

II. KAFLI

Skattskyldir aðilar, aðilar undanþegnir skatti og tilkynningarskylda.

3. gr.

Skylda til að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð hvílir á þessum aðilum:

1. Peim sem í atvinnuskyni eða með sjálfstæðri starfsemi sinni selja eða afhenda vörur eða verðmæti ellegar inna af hendi skattskylda vinnu eða þjónustu.
2. Samvinnufélögum, svo og öðrum félögum og stofnunum, enda þótt þau selji aðeins félagsmönnum sínum eða selji eingöngu skattskyldar vörur og þjónustu félagsmanna sinna.
3. Opinberum orku- og veitufyrirtækjum að því leyti sem þau selja skattskyldar vörur og þjónustu.
4. Ríki, bæjar- og sveitarfélögum og stofnunum eða fyrirtækjum þeirra að því leyti sem þeir aðilar selja vörur eða skattskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki.
5. Uppboðshöldurum.
6. Umboðsmönnum og öðrum sem eru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila sem reka hér á landi skattskyld viðskipti.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með hliðsjón af samkeppnisaðstæðum að atvinnufyrirtæki, félög, stofnanir og aðrir aðilar greiði virðisaukaskatt af skattskyldum vörum og þjónustu þegar vara er framleidd eða þjónusta innt af hendi eingöngu til eigin nota.

4. gr.

Undanþegnir skattskyldu skv. 3. gr. eru:

1. Aðilar sem eingöngu selja vöru eða þjónustu sem undanþegin er virðisaukaskatti.
2. Listamenn, að því er varðar sölu þeirra á eigin listaverkum, enda falli listaverkið undir tollskrárnúmer 9701.1000–9703.0000.
3. Þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 100 000 kr. á ári.

5. gr.

Hver sá, sem skattskyldur er skv. 3. gr., sbr. 4. gr., skal ótilkvaddur og eigi síðar en átta dögum áður en starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem hann er heimilisfastur. Breytingar, sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram, skal tilkynna eigi síðar en átta dögum eftir að breyting á sér stað.

Skattstjóri gefur út staðfestingu til skráningarskylds aðila um að skráning hafi átt sér stað.

Tilkynningar skv. 1. mgr. skal senda á þar til gerðum eyðublöðum sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa á þessum eyðublöðum.

6. gr.

Fjármálaráðherra getur sett reglur um að fyrirtæki, sem selja aðra þjónustu en þá sem skattskyld er skv. 2. gr., geti farið fram á skráningu (frjáls skráning).

Fyrirtæki, sem skráð eru samkvæmt heimild í 1. mgr., skulu greiða virðisaukaskatt af sölu þeirrar þjónustu sem hin frjálsa skráning nær til.

Skráning skv. 1. mgr. getur aldrei verið til skemmri tíma en tveggja ára.

Peim, sem stunda byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð á eigin kostnað í þeim tilgangi að selja fasteignir skráðum aðilum samkvæmt lögum þessum, er heimilt að sækja um sérstaka skráningu til skattstjóra. Heimili skattstjóri slíka skráningu er aðila heimilt að færa til frádráttar sem innskatt virðisaukaskatt af öllum aðföngum er varða sölu hans á fasteign til

hins skráða kaupanda, sbr. 1. mgr. 16. gr. Ráðherra setur nánari reglur um skilyrði sem uppfylla þarf til að öðlast skráningu samkvæmt þessari málsgrein, svo og um reikningshald og uppgjör til virðisaukaskatts samkvæmt henni.

III. KAFLI

Skattverð.

7. gr.

Skattverð er það verð sem virðisaukaskattur er reiknaður af við sölu á vörum og verðmætum, skattskyldri vinnu og þjónustu. Skattverð miðast við heildarendurgjald eða heildarandvirði hins selda án virðisaukaskatts.

Til skattverðs telst m.a.:

1. Skattar og gjöld samkvæmt öðrum lögum sem á hafa verið lögð á fyrri viðskiptastigum eða greidd hafa verið við innflutning til landsins eða virðisaukaskattsskyldur aðili á að standa skil á vegna sölu.
2. Umbúðakostnaður, sendingarkostnaður, váttryggingar og slíkur kostnaður sem er innifalinn í verði eða seljandi krefur kaupanda sérstaklega um.
3. Tengingar- og stofngjöld og aðrar fjárhæðir sem seljandi krefur kaupanda um sem skilyrði fyrir afhendingu skattskyldrar vöru og þjónustu.
4. Umboðs- og sölulaun og uppboðsbókun.
5. Afslættir sem háðir eru skilyrðum sem ekki eru uppfyllt við afhendingu (reikningsútgáfu). Hins vegar skal óskilyrtur afsláttur, sem veittur er við afhendingu á hinn seldu vöru, vinnu eða þjónustu, dreginn frá söluverði við ákvörðun á skattverði.
6. Verðbætur sem falla til fram að afhendingu vöru eða þjónustu. Hins vegar teljast vextir og verðbætur, sem hvort tveggja er reiknað við sölu með afborgunarskilmálum, ekki með í skattverði enda sé sérstaklega tilgreint í kaupsamningi hver vaxta- og verðbóta-greiðsla sé hverju sinni.
7. Þjónustugjald sem ekki er innifalið í vöruverði.

8. gr.

Þegar eigandi tekur út úr eigin fyrirtæki vörur eða skattskylda þjónustu til eigin nota skal skattverð miðast við almennt gangverð án virðisaukaskatts. Sama gildir um vörur og þjónustu sem fyrirtækið notar í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða í tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

Við skipti á vörum eða þjónustu eða við afhendingu vöru án endurgjalds skal miða skattverð við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Liggi slíkt almennt gangverð ekki fyrir skal miða skattverð við reiknað útsöluverð þar sem tekið er tillit til alls kostnaðar að viðbætti þeirri álagningu sem almennt er notuð á vörur eða þjónustu af sama tagi.

Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar skulu einnig gilda um skattskyldar vörur og þjónustu sem fyrirtæki notar til að byggja fasteign til notkunar fyrir eiganda þess. Hið sama gildir um skattskyldar vörur og þjónustu sem fyrirtæki notar til að byggja fasteign á eigin kostnað þegar nota á fasteignina í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða til að byggja fasteign sem síðar á að selja eða leigja eða nota í tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

9. gr.

Við viðskipti milli skyldra eða tengdra aðila skal miða skattverð við almennt gangverð í sams konar viðskiptum milli ótengdra aðila.

10. gr.

Við sölu notaðrar fólkshífreiðar fyrir færri en níu menn, sem seljandi hefur keypt til endursölu í atvinnuskyni, er seljanda heimilt að miða skattverð við 81,97% af mismun innkaupsverðs og söluverðs hífreiðarinnar að meðtöldum virðisaukaskatti. Sé söluverð lægra en kaupverð reiknast enginn skattur. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þegar skattur samkvæmt lögum þessum kemur ekki fram á reikningi við söluna til endurseljandans.

Sé skattverð notaðra hífreiða ákvarðað með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. má ekki tilgreina fjárhæð virðisaukaskatts á reikningi vegna sölunnar eða á annan hátt þannig að hægt sé að reikna út fjárhæð virðisaukaskattsins.

IV. KAFLI

Skattskyld velta.

11. gr.

Til skattskyldrar veltu skráðs aðila telst öll sala eða afhending vöru og verðmæta gegn greiðslu, svo og seld vinna og þjónusta. Hér með telst andvirði vöru eða skattskyldrar þjónustu sem fyrirtæki selur eða framleiðir og eigandi tekur út til eigin nota. Til skattskyldrar veltu telst einnig andvirði skattskyldrar vöru og þjónustu sem fyrirtæki notar í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða í tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

Til skattskyldrar veltu telst sala eða afhending á vöru sem seld er í umsýslu- eða umboðssölu.

Til skattskyldrar veltu telst sala eða afhending á vélum, tækjum og öðrum rekstrarfjármunum. Sama gildir um vörubirgðir, vélar, tæki og aðra rekstrarfjármuni þegar fyrirtæki tilkynnir sig út af skrá, sbr. 1. mgr. 5. gr.

12. gr.

Til skattskyldrar veltu telst ekki:

1. Vara sem seld er úr landi, svo og vinna og þjónusta sem veitt er erlendis.
2. Vöruflutningar milli landa og vöruflutningar innan lands þegar flutt er beint til eða frá landinu.
3. Vinna við vöru á kostnað erlends aðila þegar fyrirtækið, sem annast vinnuna, flytur vöruna út að vinnu lokinni, svo og gerð og mótun vöru á kostnað erlends aðila þegar framleiða á vöruna erlendis.
4. Hönnun, skipulagning, áætlanagerð og önnur sambærileg vinna er varðar byggingar og aðrar fasteignir á erlendri grund.
5. Vistir, eldsneyti, tæki og annar búnaður sem afhentur er til nota um borð í millilandaförum, svo og sú þjónusta sem veitt er slíkum förum. Undanþága þessi nær þó ekki til skemmtibáta og einkalofftara.
6. Sala og útleiga loftfara og skipa, þó ekki skemmtibáta og einkalofftara.
7. Viðgerðar- og viðhaldsvinna við skip og loftför og fastan útbúnað þeirra, svo og efni og vörur sem það fyrirtæki, sem annast viðgerðina, notar og lætur af hendi við þá vinnu. Undanþága þessi nær þó ekki til skemmtibáta og einkalofftara.
8. Tímarit á erlendu tungumáli sem erlendur útgefandi sendir áskrifanda.
9. Sala dagblaða og sambærilegra landsmála- og héraðsfréttablaða, svo og afnotagjöld útvarpsstöðva.

Fjármálaráðherra getur í reglugerð sett nánari skilyrði fyrir undanþágum skv. 1. mgr. Einnig getur hann ákveðið að þjónusta, sem innt er af hendi hér á landi fyrir aðila heimilisfasta erlendis, sé undanþegin með sama hætti. Þá getur fjármálaráðherra kveðið svo

á að endurgreiða megi virðisaukaskatt af vörum sem erlendir ferðamenn kaupa hérlendis og hafa með sér er þeir hverfa úr landi, enda séu uppfyllt þau skilyrði sem hann telur nauðsynleg.

Til skattskyldrar veltu telst ekki sala á vörum sem keyptar hafa verið eða notaðar í þeim tilgangi eingöngu er um ræðir í 3. mgr. 16. gr.

Eignayfírfærslu vörubirgða, véla og annarra rekstrarfjármuna má ekki telja til skattskyldrar veltu þegar yfírfærslan á sér stað í sambandi við eigendaskipti á fyrirtæki eða hluta þess og hinn nýi eigandi hefur með höndum skráðan eða skráningarskyldan rekstur samkvæmt lögum þessum. Við slíka sölu skal seljandi tilkynna skattfírföldum um eigendaskipti og söluandvirði eigi síðar en átta dögum eftir að eignayfírfærsla fór fram.

V. KAFLI

Uppgjör skattskyldrar veltu.

13. gr.

Skattskyld velta á hverju uppgjörstímabili, sbr. 24. gr., telst heildarskattverð allra vara sem afhentar hafa verið, svo og heildarskattverð allrar skattskyldrar vinnu og þjónustu sem innt hefur verið af hendi á tímabilinu.

Ef gefinn er út reikningur vegna afhendingar telst hún hafa farið fram á þeim degi sem tilgreindur er á reikningi, enda sé reikningur gefinn út fyrir eða samtímis afhendingu.

Þegar greiðsla fer fram að fullu eða að hluta áður en afhending á sér stað teljast 81,97% af hinni móttæknu fjárhæð til skattskyldrar veltu á því tímabili sem greiðsla fer fram. Þó er heimilt að miða virðisaukaskattinn við það tímabil sem afhending fer fram ef umsaminn afhendingartími er innan þriggja mánaða frá fyrstu innborgun eða umsamdar innborganir nema samtals lægri fjárhæð en 100 000 kr.

Vörur, sem afhentar eru til umsýslu- eða umboðssölu, má annaðhvort telja til skattskyldrar veltu á því uppgjörstímabili þegar afhending fer fram eða til veltu þess tímabils þegar gert er upp við umsýslu- eða umboðsmann. Sé síðarnefnda aðferðin valin má ekki gefa út reikning skv. 20. gr. fyrr en uppgjörrið fer fram.

Við uppgjör á skattskyldri veltu er seljanda heimilt að draga frá sem hér segir:

1. 81,97% þeirrar fjárhæðar sem hann endurgreiðir viðskiptavinum sínum vegna endursendra vara.
2. 81,97% af töpuðum útistandandi viðskiptaskuldum, enda hafi hin tapaða fjárhæð áður verið talin til skattskyldrar veltu. Fáist fjárhæðin síðar greidd skulu 81,97% hennar talin með skattskyldri veltu á því tímabili þegar hún fæst greidd.
3. Afslátt sem veittur er eftir að afhending hefur átt sér stað ef hann er veittur aðila sem getur dregið virðisaukaskattinn frá sem innskatt í uppgjóri sínu, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr., og skilyrði til að veita afslátt voru ekki fyrir hendi við afhendingu. Afsláttur af þessu tagi til annarra er ekki frádráttarbær. Frádráttur samkvæmt þessum tölulíð er háður því að gefinn sé út innleggsreikningur (kreditreikningur) fyrir afsláttinum og fjárhæð skattsins komi þar einnig fram, sbr. 1. og 3. mgr. 20. gr.

Skattskyld vara og þjónusta, sem eigandi tekur út úr eigin fyrirtæki, telst til skattskyldrar veltu á því uppgjörstímabili þegar úttektin á sér stað. Sama gildir um skattskylda vöru og þjónustu sem fyrirtæki notar í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða í tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

VI. KAFLI

Skatthlutfall.

14. gr.

Virðisaukaskattur skal vera 22% og rennur í ríkissjóð.

VII. KAFLI

Uppgjör á virðisaukaskatti.

15. gr.

Skattskyldir aðilar skv. 3. gr. skulu greiða í ríkissjóð mismun útskatts og innskatts hvers uppgjörstímabils, sbr. 24. gr. Sé innskattur á uppgjörstímabili hærri en útskattur skal ríkissjóður endurgreiða mismuninn, sbr. 26. gr.

Útskattur merkir í lögum þessum þann virðisaukaskatt sem fellur á skattskylda sölu eða afhendingu skattaðila á tímabilinu, sbr. V. kafla.

Innskattur merkir í lögum þessum þann virðisaukaskatt sem á tímabilinu fellur á kaup skattaðila á skattskyldum vörum og þjónustu til nota í rekstrinum, sbr. þó 16. gr.

Innskattur á uppgjörstímabili er sá virðisaukaskattur sem fram kemur á reikningum þeirra sem selt hafa hinum skattskylda aðila á tímabilinu, svo og virðisaukaskattur af innflutningi hans á tímabilinu, sbr. XI. kafla.

16. gr.

Til innskatts á hverju uppgjörstímabili, sbr. 24. gr., skal telja virðisaukaskatt af aðkeyptum rekstrarfjármunum, vörum, vinnu, þjónustu og öðrum aðföngum sem eingöngu varða sölu skattaðila á vörum og skattskyldri þjónustu.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglur um að til innskatts megi telja ákveðinn hluta af virðisaukaskatti innkaupa sem ekki varða eingöngu sölu skattaðila á vörum og skattskyldri þjónustu. Ráðherra getur einnig sett reglur um leiðréttingu á frádrætti vegna innskatts þegar breyting verður á notkun varanlegra rekstrarfjármuna, þar á meðal fasteigna, sem hefur í för með sér breytingu á frádráttarrétti. Leiðréttingin getur tekið til allt að fimm ára frá því að fjármunanna var aflað. Varðandi fasteignir getur leiðréttingin þó tekið til allt að tíu ára. Í reglum um slíkar leiðréttingar getur ráðherra haft hliðsjón af þeim verðbreytingum sem orðið hafa frá því að fjármunanna var aflað.

Til innskatts er ekki heimilt að telja virðisaukaskatt af aðföngum er varða eftirfarandi:

1. Kaffistofu eða mótuneyti skattaðila og hvers konar fæðis kaup hans.
2. Öflun eða rekstur íbúðarhúsnæðis fyrir eiganda eða starfsmenn.
3. Hlunnindi til eiganda eða starfsmanna.
4. Öflun og rekstur orlofsheimila, sumarbústaða, barnaheimila og þess háttar fyrir eiganda eða starfsmenn.
5. Risnu og gjafir.
6. Öflun, rekstur og leigu fólksbifreiða fyrir færri en níu menn.

Ríki, bæjar- og sveitarfélög og stofnanir þeirra mega einungis telja til innskatts virðisaukaskatt af þeim aðföngum sem eingöngu varða sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. Sama á við um innskatt af skattskyldum eigin notum þeirra aðila er greinir í 2. mgr. 3. gr.

Þegar vörur, sem notaðar eru af eiganda fyrirtækis, teljast til skattskyldrar veltu fyrirtækisins skv. 1. mgr. 11. gr. má telja virðisaukaskatt af innkaupunum til innskatts. Hið sama gildir um skattskyldar vörur og þjónustu sem fyrirtæki notar í öðrum tilgangi en varðar

sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða í tilgangi er varðar atriði er rakin eru í 3. mgr. þessarar greinar.

Þrátt fyrir ákvæði 6. tölul. 3. mgr. þessarar greinar er skattskyldum aðilum, sem hafa með höndum sölu eða leigu bifreiða, heimilt að telja skatt af aðföngum vegna þeirra viðskipta sem innskatt.

VIII. KAFLI

Tilhögun bókhalds.

17. gr.

Allir, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skulu auk þess sem fyrir er mælt í lögum nr. 51/1968, um bókhald, haga bókhaldi sínu og uppgjöri til virðisaukaskatts þannig að skattyfirvöld geti jafnan gengið úr skugga um réttmæti virðisaukaskattsskila, og á það einnig við um þá sem ekki eru taldir bókhaldsskyldir samkvæmt bókhaldslögum.

Allar bækur, uppgjör og gögn er varða virðisaukaskattsskil, þar með talið sjóðvélastrimlar, staðgreiðslusöluhlustar og staðgreiðslusöluyfirlit, skal geyma að minnsta kosti í sex ár eftir lok þess reikningsárs er þau varða.

18. gr.

Skattskyldir aðilar skulu annaðhvort hafa í aðalbókhaldi sínu sérstaka reikninga fyrir þær fjárhæðir er færa skal á virðisaukaskattsskýrslu eða færa þær í sérstakar undirbækur eða yfirlit sem byggð eru á aðalbókhaldinu. Færslum skal þannig hagað að rekja megi einstakar fjárhæðir á virðisaukaskattsskýrslu til þeirra gagna sem á er byggt.

Reki aðili, sem er skattskyldur samkvæmt lögum þessum, margþætta starfsemi, þannig að sumir þættir hennar séu skattskyldir en aðrir undanþegnir skattskyldu, skulu hin skattskyldu og undanþegnu viðskipti greinilega aðgreind bæði í bókhaldi hans og á virðisaukaskattsskýrslu.

Virðisaukaskattsskyldum innkaupum og þeim sem undanþegin eru virðisaukaskatti skal halda aðgreindum í bókhaldi.

Í bókhaldi skal og færa sérstaka reikninga yfir innskatt annars vegar og útskatt hins vegar. Reikninga þessa má færa í lok hvers uppgjörstímabils, enda sé hægt að reikna skattfjárhæðirnar beint á grundvelli reikninga bókhaldsins yfir kaup og sölu skattskyldrar vöru og þjónustu.

Skattskyldir aðilar, sem ekki eru bókhaldsskyldir og ekki færa bókhald samkvæmt lögum nr. 51/1968, um bókhald, skulu færa sérstakt bókhald yfir hin skattskyldu viðskipti. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um tilhögun slíks bókhalds.

19. gr.

Sala skattskyldra aðila samkvæmt lögum þessum skal teljast skattskyld að því marki sem aðilar þessir geta ekki sýnt fram á með bókhaldi og gögnum sem þeim er skylt að halda að salan sé undanþegin virðisaukaskatti. Vanræki aðili að taka virðisaukaskatt af vöru eða þjónustu sem skattskyld er samkvæmt lögum þessum ber honum eigi að síður að standa skil á skattinum.

20. gr.

Við sérhverja sölu eða afhendingu á vöru eða skattskyldri þjónustu skal seljandi gefa út reikning, sbr. þó 21. gr. Á reikningi skal koma fram útgáfudagur, nafn og kennitala kaupanda og seljanda, skráningarnúmer seljanda, tegund sölu, magn, einingarverð og heildarverð. Reikningseyðublöð skulu vera fyrir fram tölusett í samfelldri töluröð. Reikningur skal bera greinilega með sér hvort virðisaukaskattur er innifalinn í heildarfjár-

hæð hans eða ekki. Enn fremur skal sérstaklega koma fram hver fjárhæð virðisaukaskatts er, ellegar að virðisaukaskattur sé 18,03% af heildarverði. Við sölu til skattskylds aðila skal fjárhæð virðisaukaskatts ætíð koma fram.

Sé greitt að fullu eða að hluta áður en afhending fer fram, sbr. 3. mgr. 13. gr., skal móttakandi greiðslu gefa út kvittun til greiðanda í samræmi við ákvæði 1. mgr. þessarar greinar eftir því sem við á.

Þegar seldum verðmætum er skilað til seljanda skal ætíð gefa út innleggsreikning (kreditreikning) fyrir hinum móttæknu verðmætum með tilvísun til fyrri reiknings. Sama gildir um afslátt sem veittur er eftir að reikningur hefur verið gefinn út, svo og leiðréttingar á fyrri reikningum.

Við sölu, sem er að hluta til skattskyld og að hluta til undanþeginn skatti, skal halda viðskiptum, sem eru skattskyld, frá öðrum viðskiptum þannig að þau séu færð á sérstaka reikninga.

Seljandi skal varðveita samrit af reikningum og kvittunum samkvæmt þessari grein.

Skattskyldur aðili samkvæmt lögum þessum skal haga bókhaldi sínu og vörslu bókhaldsgagna þannig að hann geti að kröfu skattyfirvalda gefið upplýsingar um innkaup sín á skattskyldum vörum og þjónustu frá einstökum skattskyldum aðilum og um sölu sína á skattskyldum vörum og þjónustu til einstakra skattskyldra aðila samkvæmt lögum þessum.

Til sönnunar á innskatti skal skattskyldur aðili geta lagt fram reikninga eða önnur gögn í samræmi við ákvæði þessarar greinar. Sömu leiðis skal aðili, sem flytur inn vörur erlendis frá, geta lagt fram greiðsluskjöl frá tolfyfjöldum fyrir virðisaukaskatti sem lagður er á vörur þær er hann flytur inn. Reikningur, að fjárhæð 3000 kr. eða minna, frá smásöluverslun eða aðila, sem nær eingöngu selur til endanlegs neytanda, telst fullnægjandi í þessu sambandi enda þótt ekki komi fram nafn og kennitala kaupanda.

21. gr.

Við staðgreiðslusölu smásöluverslana og hliðstæðra aðila er ekki skylt að gefa út reikning skv. 1. mgr. 20. gr. nema salan sé til aðila sem skattskyldur er samkvæmt ákvæðum þessara laga. Sé reikningur gefinn út í slíkum viðskiptum má víkja frá kröfum 20. gr. um auðkenni á reikningum eftir nánari reglum sem fjármálaráðherra setur.

Þeir sem taka framleiðslu annarra til vinnslu eða endursölu skulu gefa út innleggsnótur (afreikninga) eða móttökukvittanir sem geta komið í stað reikninga skv. 20. gr., og gilda sömu reglur um þær og rakið er í 20. gr. eftir því sem við á. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda meðal annars um kaup eða móttöku samlaga, samvinnufélaga og annarra á framleiðsluvörum bænda, sjávaraflla og hvers konar iðnaðarvörum, fullunnum og hálfunnum.

22. gr.

Þeir sem undanþegnir eru skattskyldu mega hvorki tilgreina á reikningum sínum né gefa á annan hátt til kynna á þeim að virðisaukaskattur sé innifalinn í reikningsfjárhæð.

Nú tekur aðili, sem undanþeginn er skattskyldur, við innleggsnótu (afreikningi) þar sem virðisaukaskattur er tilgreindur eða þar sem tilgreint er að virðisaukaskattur sé innifalinn í heildarfjárhæð og skal hann þá vekja athygli útgefanda innleggsnótu á því og endurgreiða honum skatt sem hann kann að hafa tekið við.

Þeir sem tilgreina á einhvern hátt á reikningum sínum, þrátt fyrir 1. mgr., að virðisaukaskattur sé innifalinn í heildarfjárhæð skulu skila skattinum í ríkissjóð. Sama gildir um skattskylda aðila sem tilgreina á reikningum sínum of háan virðisaukaskatt eða virðisaukaskatt af viðskiptum sem ekki eru skattskyld. Verði leiðréttingu komið við gagnvart kaupanda fellur skilaskylda samkvæmt þessari málsgrein niður.

Í upplýsingum um verð á vöru eða skattskyldri þjónustu skal koma greinilega fram ef upp gefið verð er ekki með virðisaukaskatti.

23. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um sérstakt bókhald, fylgiskjöl þess og færslu, þar með talið birgðabókhald, fyrir alla virðisaukaskattsskylda aðila og birgðatalningu, notkun sjóðvéla og annarra gagna til sönnunar færslum, löggildingu bóka og gagna, svo og geymslu þeirra.

Í reglugerð samkvæmt fyrri málsgrein má mæla fyrir um framtalsgögn og skjöl sem þeim skuli fylgja.

IX. KAFLI

Uppgjörstímabil, gjalddagar, álag, kærur o.fl.

24. gr.

Hvert uppgjörstímabil er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Skráningarskyldir aðilar skulu eftir lok hvers uppgjörstímabils greiða ótilkvaddir virðisaukaskatt þann sem þeim ber að standa skil á samkvæmt lögum þessum. Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð um greiðslustaði, greiðslufyrirkomulag og efni skýrslu.

Virðisaukaskatti ásamt virðisaukaskattsskýrslu skal skila eigi síðar en á fimmta degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna viðskipta á því tímabili. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.

Sé innskattur á einhverju uppgjörstímabili hærri en útskattur skal skráningarskyldur aðili senda skattstjóra innan sömu tímamarka skýrslu í því formi er um getur í 1. mgr.

Fyrirtæki geta fengið heimild hjá skattstjóra til þess að nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil ef útskattur er að jafnaði lægri en innskattur vegna þess að verulegur hluti veltunnar er undanþeginn skv. 1. mgr. 12. gr. Nú nemur útskattur í slíku fyrirtæki að jafnaði minna en helmingi innskatts og getur skattstjóri þá heimilað því að nota skemmra uppgjörstímabil en einn mánuð, en þó ekki skemmra en eina viku. Uppgjörstímabili má einungis breyta þannig að það sé miðað við upphaf tveggja mánaða tímabils skv. 1. mgr. Beiðni um slíka breytingu verður að hafa borist skattstjóra a.m.k. einum mánuði fyrir gildistöku væntanlegrar breytingar. Fáa aðili heimild til að breyta uppgjörstímabili skal sú breyting gilda í a.m.k. tvö ár.

Sérhver aðili, sem rekur starfsemi í fleiri en einni starfsgrein, skal láta í té sérstaka virðisaukaskattsskýrslu fyrir hverja þeirra eftir nánari ákvörðun skattstjóra.

Skattstjóra er heimilt að fallast á umsókn aðila, sem hefur með höndum margþættan atvinnurekstur, um að skila sérstakri skýrslu fyrir hverja sjálfstæða rekstrareiningu.

25. gr.

Skattstjóri skal rannsaka virðisaukaska tsskýrslur og leiðrétt þær ef þær eða einstakir liðir þeirra eru í ósamræmi við lög þessi eða fyrirmæli sem sett verða samkvæmt þeim. Þá skal skattstjóri áætla skatt af viðskiptum þeirra aðila sem ekki senda skýrslur innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og skattgreiðanda um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið.

26. gr.

Sé innskattur á einhverju uppgjörstímabili hærri en útskattur skal innheimtumaður ríkissjóðs endurgreiða skattaðila mismuninn.

Hafi skýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla fara fram innan fimmtán daga frá lokum skilafrests. Berist skýrsla eftir lok skilafrests skal endurgreiðsla fara fram innan fimmtán daga frá því að skattstjóri kveður upp úrskurð skv. 29. gr. Geti skattstjóri

ekki vegna aðstæðna skattaðila gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim er skýrslugjöfin byggist á framlengist framangreindur frestur um þann tíma sem slíkar aðstæður ríkja.

Endurgreiðsla skv. 1. mgr. má því aðeins fara fram að skattákvörðun liggji fyrir vegna fyrri tímabila. Kröfu um vangreiddan virðisaukaskatt ásamt álagi skal skuldajafna á móti endurgreiðslu.

Komi í ljós að endurgreiðsla samkvæmt þessari grein hafi verið of há skal skattstjóri þegar í stað tilkynna skattaðila og innheimtumanni ríkissjóðs þar um. Skattaðila ber eigi síðar en sjö dögum eftir tilkynningu skattstjóra um of háa endurgreiðslu að greiða innheimtumanni það sem ofgreitt var.

27. gr.

Sé virðisaukaskattur ekki greiddur á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar skatti samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu eða til viðbótar þeim skatti sem honum bar að standa skil á, sbr. 19. gr. Sama gildir ef virðisaukaskattsskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og virðisaukaskattur því áætlaður eða endurgreiðsla skv. 26. gr. hefur verið of há.

Álag skv. 1. mgr. skal vera 1% af þeirri fjárhæð, sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Við útreikning á álagi á áætlaðan virðisaukaskatt telst gjalddagi sá sami og gjalddagi virðisaukaskatts þess uppgjörstímabils sem áætlað er fyrir. Sama gildir um álag á vangreiddan, ógreiddan eða ofendurgreiddan virðisaukaskatt eldri tímabila.

Sendi aðili fullnægjandi virðisaukaskattsskýrslu innan kærufrests, sbr. 29. gr., skal hann greiða virðisaukaskatt samkvæmt skýrslunni auk álags skv. 2. mgr. Kæri aðili áætlaðan virðisaukaskatt skal hann greiða virðisaukaskatt samkvæmt kærúrskurði auk álags skv. 2. mgr.

Komi í ljós að aðila, sem greiða átti virðisaukaskatt, hafi ekki verið áætlaður skattur eða áætlun verið lægri en sá skattur sem honum bar að greiða skal hann greiða þann skatt sem honum bar, auk álags skv. 2. mgr.

Fella má niður álag skv. 2. mgr. ef aðili færir gildar ástæður sér til málsbóta og geta skattyfirvöld metið það í hverju tilviki hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Breyta má fyrri áætlun eftir lok kærufrests ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og fær aðili þá kærufrest að nýju nema um lækkun á fyrri áætlun hafi verið að ræða.

Heimilt er að áætla virðisaukaskatt aðila ef í ljós kemur að virðisaukaskattsskýrsla styðst ekki við tilskilið bókhald samkvæmt lögum nr. 51/1968, samkvæmt ákvæðum laga þessara eða ákvæðum reglugerða settra samkvæmt þeim. Jafnframt er heimilt að áætla virðisaukaskatt aðila ef í ljós kemur að færsla á innskatti eða útskatti eða öðrum þáttum, sem virðisaukaskattsskýrslan byggist á, styðst ekki við lögmæt gögn. Sama gildir ef bókhald og þau gögn, sem liggja fyrir um fjárhæðir á virðisaukaskattsskýrslu, verða ekki talin nægilega örugg. Enn fremur er heimilt að áætla virðisaukaskatt aðila ef ekki er lagt fram bókhald eða þau gögn sem skattyfirvöld kunna að biðja um til að sannprófa virðisaukaskattsskýrslu. Ákvæði 2. mgr. eiga einnig við um áætlanir samkvæmt þessari málsgrein.

Hafi skattstjóri grun um að verulegur undandráttur á virðisaukaskatti hafi átt sér stað skal hann senda skattrannsóknarstjóra skýrslu um málið. Þegar skattrannsóknarstjóra hefur borist slík skýrsla skal hann, ef hann telur ástæðu til, hefja rannsókn í málinu sjálfur eða fela hana skattstjóra.

Sé skattur vanreiknaður eða viðskipti dregin undan má gera aðila að greiða virðisaukaskatt sex ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar álagning fer fram. Sama gildir um endurákvörðun á áður ofendurgreiddum skatti. Fari fram rannsókn við embætti

rikisskattstjóra eða hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins á skattskilum aðila reiknast heimild til endurreiknings frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst.

Ætíð skal gera aðila viðvart í ábyrgðarbréfi áður en virðisaukaskattur er reiknaður að nýju skv. 9. mgr. Heimilt er aðila að kæra slíka álagningu samkvæmt ákvæðum 29. gr.

28. gr.

Sé virðisaukaskattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, sbr. 24. gr., skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Sama gildir ef endurgreiðsla hefur verið of há. Dráttarvextir eru þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt lögum nr. 36/1986.

Virðisaukaskattur, álag, dráttarvextir og kröfur um endurheimtu of hárra endurgreiðslna njóta lögtaksréttar. Virðisaukaskatti og álagi ásamt endurheimtu of hárrar endurgreiðslu, sbr. 26. og 27. gr., skal við skipti á þrotabúum og skuldafrágöngubúum skipað í skuldaröð skv. 82. gr. laga nr. 3/1878. Óheimilt er að slíta félagi fyrir en kröfur þessar hafa verið greiddar að fullu fyrir allan starfstíma þess. Hafi félagi verið slitið án þess að kröfur þessar hafi verið greiddar bera skilaneftandarmenn búskipta ábyrgð á greiðslu þeirra. Stjórnarmenn félaga, sjóða og stofnana, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. og 4. tölul. 3. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, bera óskipta ábyrgð á kröfum samkvæmt þessari málsgrein.

Innheimtumaður getur látið lögreglu stöðva atvinnurekstur þeirra aðila sem ekki gera fullnægjandi skil á skattinum, álagi skv. 27. gr. eða dráttarvöxtum skv. 1. mgr. þessarar greinar á tilskildum tíma með því m.a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð.

Nú á aðili rétt á endurgreiðslu skv. 26. gr. og hún er ekki innt af hendi innan mánaðar frá lokum frests samkvæmt sömu grein og skal þá ríkissjóður greiða aðila dráttarvexti, sbr. 1. mgr., af þeirri fjárhæð sem endurgreiða skal.

29. gr.

Þeir sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra á virðisaukaskatti geta kært skattinn til hans innan fimmtán daga frá því er skatturinn var ákveðinn. Skattstjóri skal kveða upp úrskurð um kærana og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi innan fimmtán daga frá lokum kærufrests.

Úrskurði skattstjóra má skjóta til ríkisskattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð.

Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera fimmtán dagar frá póslagningu úrskurðar skattstjóra og úrskurðarfrestur ríkisskattanefndar fimmtán dagar.

Ríkisskattstjóri hefur heimild til að skjóta ákvörðunum skattstjóra til ríkisskattanefndar án tillits til kærufrests.

Ágreining um skattskyldu og skatthæð má bera undir dómstóla, en það skal þó gert innan sex mánaða frá því að ríkisskattanefnd úrskurðar í málinu.

Ákvæði 100. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu að öðru leyti gilda um málsmeðferð fyrir ríkisskattanefnd eftir því sem við getur átt.

Afrýjun eða deila um skattskyldu frestar ekki gjalddaga skattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu hans, en verði skattur lækkaður eftir úrskurði eða dómi skal endurgreiða það sem lækkuninni nemur.

X. KAFLI

Sérstök ákvæði um landbúnað.

30. gr.

Skráningarskyldir aðilar, sem stunda landbúnað, skulu færðir á sérstaka skrá, landbúnaðarskrá, og skal um virðisaukaskattsskil þeirra fara eftir þessum kafla.

Starfsemi, sem fellur undir flokk 0 í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, önnur en þjónusta við búrekstur, telst landbúnaður í skilningi 1. mgr.

31. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 24. gr. skulu þeir sem um ræðir í 30. gr. skila innheimtumanni ríkissjóðs virðisaukaskatti ásamt virðisaukaskattskýrslu tvisvar á ári. Skýrslu vegna fyrri hluta árs skal skilað ásamt virðisaukaskatti í síðasta lagi 1. september ár hvert og vegna síðari hluta árs 1. mars ár hvert. Að öðru leyti skulu ákvæði IX. kafla gilda um virðisaukaskattsskil þeirra sem stunda landbúnað eftir því sem við getur átt, sbr. þó 32. og 33. gr.

32. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 31. gr. skulu þeir, sem um ræðir í 30. gr. og hafa 60% eða meira af heildaratvinnurekstrartekjum af annars konar starfsemi en landbúnaði, skila virðisaukaskatti ásamt skýrslum á reglulegum skiladögum skv. 24. gr.

33. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 31. gr. er skattstjóra heimilt að fallast á beiðni þeirra sem stunda landbúnað um aukauppgjör á virðisaukaskatti ef í ljós kemur að þeir eiga kröfu á verulegri endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa á fjárfestingar- og rekstrarvörum. Fjármálaráðherra getur í reglugerð sett nánari skilyrði fyrir því hvenær fallast beri á beiðni um aukauppgjör virðisaukaskatts samkvæmt þessari grein.

Ef nauðsyn ber til er fjármálaráðherra heimilt að setja í reglugerð aðrar reglur en kveðið er á um í þessum kafla og IX. kafla um uppgjörstímabil og skil þeirra bænda sem fá söluverð afurða sinna ekki gert upp með reglubundnum hætti a.m.k. sex sinnum á ári. Heimilt er að láta reglur þessar á sama hátt taka til viðskiptaáðila þeirra bænda sem hér um ræðir. Reglugerð þessi skal sett að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra.

XI. KAFLI

Sérstök ákvæði um innflutning.

34. gr.

Við innflutning á vöru skal virðisaukaskattur innheimtur af tollverði skattskyldrar vöru að viðbættum tolli og öðrum gjöldum sem á eru lögð við tollmeðferð.

Um ákvörðun tollverðs skulu gilda ákvæði þar að lútandi í tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur fjármálaráðherra ákveðið að ákvæði 109. gr. tollalaga, nr. 55/1987, um greiðslufrest aðflutningsgjalda af innfluttum vörum, skuli gilda með sama hætti um greiðslu virðisaukaskatts við innflutning. Gjaldldagi skal eigi vera síðar en á gjaldldaga virðisaukaskatts þess tímabils þegar tollafgreiðsla fer fram.

35. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða svo á í reglugerð að greiða skuli virðisaukaskatt af greiðslum fyrir skattskylda þjónustu sem keypt er erlendis sé hún veitt eða nýtt hérlendis.

36. gr.

Vara, sem er tollfrjáls eða undanþegin tolli skv. 5. gr. eða 4.–7., 9.–12., 20. og 21. tölul. 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum, skal undanþegin virðisaukaskatti við innflutning að uppfylltum sömu skilyrðum og tilgreind eru í tollalögum.

Við innflutning vöru, sem undanþegin er skattskyldri veltu, sbr. 6. og 8. tölul. 12. gr., og við innflutning listamanna á eigin listaverkum, sem falla undir tollskrárnúmer 9701.1000–9703.0000, skal ekki greiða virðisaukaskatt.

37. gr.

Virðisaukaskattur af innflutningi skal innheimtur með aðflutningsgjöldum.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim um skattskyldu, úrskurð um skattskyldu, álagningu, innheimtu, lækkun eða endurgreiðslu vegna rýrnunar, skemmda eða endursendingar, lögvernd, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi virðisaukaskatt af innfluttum vörum og þjónustu, skulu gilda ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim lögum.

XII. KAFLI

Um eftirlit, upplýsingaskyldu og refsíákvæði.

38. gr.

Öllum aðilum, bæði virðisaukaskattsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða gjald- og skilaskyldu þeirra aðila eða eftirlit með þeim.

Skattyfirvöld hafa þannig m.a. rétt til þess að krefjast upplýsinga af þeim er hafa keypt af skattskyldum aðila eða selt honum vörur eða haft við hann önnur viðskipti, þar með að krefja húseigendur um upplýsingar um atvinnurekendur og aðra sem hafa verslun, verkstæði, skrifstofur eða aðra starfsstöð í húsum þeirra. Einnig skulu félög og félagasamtök atvinnurekenda, iðnaðarmanna og annarra viðkomandi aðila skyld að gefa upplýsingar um félagi sína og atvinnu þeirra og rekstur.

Vegna skatteftirlits samkvæmt lögum þessum getur skattstjóri, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri og menn, sem þeir fela skatteftirlitsstörf, krafist þess að virðisaukaskattsskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samningar. Enn fremur hafa þessir aðilar aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum virðisaukaskattsskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta. Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri vegna rannsókna skv. 39. gr.

Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri hafa enn fremur heimildir þær er um getur í 3. mgr. gagnvart aðilum sem ekki eru virðisaukaskattsskyldir, svo sem öllum stofnunum, bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum.

Nú verður ágreiningur um skyldu aðila samkvæmt þessari grein og getur ríkisskattstjóri þá leitað um hann úrskurðar sakadóms. Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni má vísa máli til opinberrar rannsóknar.

39. gr.

Ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með störfum skattstjóra og sjá um að sem best samræmi sé í ákvörðunum um virðisaukaskatt hvarvetna á landinu. Hann skal leiðbeina

skattstjórum um allt er að ákvörðunum um virðisaukaskatt lýtur, m.a. með því að kynna þeim dóma og úrskurði sem almennt gildi hafa.

Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um virðisaukaskatt og getur hann þá gert aðila skatt að nýju.

Skattrannsóknarstjóri skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit.

Skattrannsóknarstjóri getur hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar skattskil samkvæmt lögum þessum. Hann skal annast rannsóknir eftir kröfu ríkisskattstjóra og hann skal annast rannsóknir í málum sem til hans er vísað, sbr. 8. mgr. 27. gr., nema hann feli skattstjóra rannsóknina. Hann getur einnig falið skattstjórum athugun eða rannsókn á hverju því atriði sem um getur í þessari grein.

Pegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra gefa tilefni til ákvörðunar eða endurákvörðunar á skatti samkvæmt lögum þessum skal ríkisskattstjóri annast ákvörðunina eða endurákvörðunina nema hann feli hana skattstjóra.

40. gr.

Skýri skattskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um virðisaukaskatt hans eða afhendi hann eigi á lögmætum tíma virðisaukaskattsskýrslu eða virðisaukaskatt sem hann hefur innheimt eða honum bar að innheimta skal hann auk ógreidds skatts greiða sekt er nemi allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem undan var dregin, vanrækt var greiðsla á eða ofendurgreidd var. Álag skv. 27. gr. dregst frá sektarfjárhæð.

Ef aðili vanrækir tilkynningarskyldu sína skv. 5. gr., vanrækir skyldu sína að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum, vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn, svo sem ákveðið er í lögum þessum eða ákvæðum reglna, sem settar eru samkvæmt þeim, skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar virðisaukaskattsskýrslur hans, þótt upplýsingarnar hafi ekki áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslur, eða brýtur á annan hátt gegn lögum þessum, skal hann sæta sektum, enda liggi eigi við brotinu þyngri refsing eftir þessum eða öðrum lögum.

Verði brot skv. 1. mgr. uppvíst við skipti dánarbús skal greiða úr búinu sekt er nemi allt að fjórfaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin eða vanrækt var að greiða. Sé svo ástætt sem í 2. mgr. segir má gera búinu sekt.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn um atriði varðandi virðisaukaskattsskýrslur annarra aðila eða gegnir ekki skyldu sinni skv. 38. gr., skal greiða sekt. Sama gildir um þann sem aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda.

Sektir eftir lögum þessum má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Hafi fyrirsvarsaður lögaðila framið brot á lögum þessum má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu.

Sé brot ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti má auk sektar beita varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varða slík brot sektum nema öðruvísi sé ákveðið í grein þessari.

41. gr.

Ríkisskattanefnd úrskurðar sektir skv. 40. gr. nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Við meðferð mála hjá nefndinni skal gæta ákvæða 100. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir

því sem við á, og veita sakborningi færi á að taka til varna. Skattrannsóknarstjóri kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni þegar hún úrskurðar sektir. Úrskurður ríkisskattanevndar um sektir er fullnaðarúrskurður. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum nefndarinnar.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála út af brotum á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sökunautar ef hann vill eigi hlíta því að mál hans verði afgreitt af ríkisskattanevnd.

Mál vegna brota á lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála og skulu rekin fyrir sakadómi. Skattkröfu má hafa uppi, rannsaka og dæma í slíkum málum, sbr. XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Um innheimtu sekta, er ríkisskattanevnd úrskurðar, gilda sömu reglur og um innheimtu skatts eftir lögnum, þar á meðal um lögtaksrétt.

Sök skv. 40. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins eða hjá löglerðum fulltrúum þeirra gegn skattaðila sem sökunaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

XIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

42. gr.

Skatt- og tollyfirvöldum, starfsmönnum þeirra og erindrekum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í starfi sínu um viðskipti einstakra manna og fyrirtækja. Þagnarskyldan helst þó að starfsmenn þessir láti af starfi sínu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu skatt- og tollyfirvöld veita Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun upplýsingar er varða skýrslugerð þeirra.

43. gr.

Fjárhæðir, sem um ræðir í 3. tölul. 4. gr., 3. mgr. 13. gr. og 7. mgr. 20. gr., eru grunnfjárhæðir er skulu taka árlega sömu hlutfallslegu breytingu og byggingarvísitala sú er öðlast gildi 1. janúar ár hvert, sbr. lög nr. 42/1987. Grunnfjárhæðir þessar miðast við vísitölu 1. október 1987, þ.e. 102.4 stig.

44. gr.

Skattstjórar skulu árlega semja og leggja fram virðisaukaskattsskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina ákvarðaðan virðisaukaskatt eða endurgreiddan virðisaukaskatt hvers skattskylds aðila. Virðisaukaskattsskrá skal liggja frammi til sýnis á hentugum stað í tvær vikur í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð hvar skráin liggur frammi.

45. gr.

Fjármálaráðherra hefur eftirlit með því að skattstjórar, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri, ríkisskattanevnd og innheimtumenn ríkissjóðs ræki skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Hann hefur rétt til þess að fá til athugunar virðisaukaskattsskýrslur og gögn er þær varða og krefja framangreinda aðila skýringa á öllu því er framkvæmd laga þessara varðar.

46. gr.

Sala á skattskyldri vöru og þjónustu til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, sbr. lög nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, svo og sala á vörum sem ætlaðar eru til endursölu í tollfrjálsum verslunum, sbr. VIII. kafla tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum, telst sala úr landi í skilningi laga þessara.

47. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Þá er fjármálaráðherra heimilt að undanþiggja tiltekna aðila skattskyldu umfram það sem kveðið er á um í 4. gr., enda teljist slíkt nauðsynlegt til þess að samræmis gæti varðandi skattskyldu samkvæmt lögum þessum. Hann getur enn fremur ákveðið með reglugerð að hvaða marki skuli endurgreiða sendimönnum erlendra ríkja virðisaukaskatt af kaupum á vörum og þjónustu hér á landi.

Á sama hátt er fjármálaráðherra heimilt að setja reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts sem erlend fyrirtæki hafa greitt hérlendis vegna kaupa, aðvinnslu, geymslu eða flutnings á vörum sem flytja á úr landi.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að setja sérstakar reglur um uppgjör, uppgjörstímabil og skil virðisaukaskatts af hráefni til fiskvinnslu í því skyni að jafna aðstöðu fyrirtækja á þessu sviði.

Um þau atriði, sem ekki eru sérstök ákvæði um í lögum þessum, fer samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á.

48 gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en skattheimta samkvæmt þeim kemur eigi til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1989. Frá þeim tíma falla úr gildi lög nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum. Ákvæði þeirra laga skulu þó gilda um söluskatt af sölu til og með 30. júní 1989.

Ákvæði til bráðabirgða.**I**

Fari afhending skattskyldrar vöru og þjónustu fram eftir gildistöku laga þessara skal hún teljast til virðisaukaskattskyldrar veltu samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir án tillits til þess hvort samningur um sölu skattskyldrar vöru og þjónustu hefur verið gerður fyrir gildistöku laganna eða greiðsla hefur farið fram að hluta eða fullu.

Hafi samningur, sbr. 1. mgr. þessa ákvæðis, verið gerður skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna sem svarar virðisaukaskatti samkvæmt lögum þessum sé um að ræða sölu á vöru og þjónustu sem ekki var skattskyld samkvæmt söluskattslögum, nema sannað sé að virðisaukaskattur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess. Hafi slík vara eða þjónusta verið skattskyld samkvæmt söluskattslögum skal seljandi endurgreiða kaupanda mismun á söluskatti og virðisaukaskatti, nema sannað sé að kaupverð samkvæmt samningnum hafi verið miðað við virðisaukaskatt samkvæmt lögum þessum.

Um greiðslu virðisaukaskatts af innflutningi skattskyldrar vöru og þjónustu fer eftir þeim reglum sem gilda þegar tollmeðferð fer fram.

Þeim aðilum, sem um ræðir í 4. mgr. 6. gr., er heimilt við uppgjör virðisaukaskatts að draga frá greiddan söluskatt af byggingarefni í byggingar og verk sem byggð eru í þeim tilgangi að selja skráðum aðilum en eru óseld 30. júní 1989. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um þennan frádrátt, þar á meðal um það á hvaða uppgjörstímabilum hann leyfist og hvaða gögn þurfa að liggja til grundvallar.

II

Skráningarskyldir aðilar skv. 5. gr. laga þessara skulu tilkynna sig til skráningar eigi síðar en 30. apríl 1989.

III

Prátt fyrir ákvæði 24. gr. laga þessara skal skattuppgjör fyrir 1. til og með 15. dag nóvembermánaðar 1989 fylgja uppgjöri fyrir mánuðina september og október.

IV

Prátt fyrir ákvæði 4. mgr. 12. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, er fjármálaráðherra heimilt að ákveða að eindagi söluskatts skuli vera allt að 20 dögum eftir gjalddaga hans. Nýti ráðherra þessa heimild ber að reikna dráttarvexti af vangreiddri fjárhæð, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960, 16. næsta mánaðar eftir gjalddaga söluskatts, sbr. 4. mgr. 12. gr. sömu laga.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Jón Baldvin Hannibalsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, tímabundið leyft slátrun í sláturhús-um sem ekki eru svo úr garði; gerð að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til 1. júní 1990.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Jón Helgason.

LÖG

um eiturefni og hættuleg efni.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Upphafsaðkvæði.

Eiturefni og hættuleg efni.

1. gr.

Eiturefni eru samkvæmt lögum þessum efni sem skráð eru á lista yfir eiturefni, sbr. 2. gr., svo og sérhver efnasamsetning og varningur er hefur að geyma slík efni í því formi og magni að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu á eitrunum í mönnum og dýrum samkvæmt mati ráðherra að fenginni umsögn eiturefnanevndar.

Hættuleg efni eru samkvæmt lögum þessum efni sem skráð eru á lista yfir hættuleg efni, sbr. 2. gr., svo og sérhver efnasamsetning og varningur er hefur að geyma slík efni í því formi og magni að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu fyrir heilsu manna og dýra samkvæmt mati ráðherra að fenginni umsögn eiturefnanevndar.

Nota ber eiturefni og hættuleg efni með gát og varúð og þannig að hvorki hljótist af tjón á mönnum eða dýrum né matvæli eða umhverfi mengist af efnunum.

Eiturefnanevnd.

2. gr.

Ráðherra skipar sex menn í eiturefnanevnd til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Eru þeir skipaðir til sex ára í senn. Einn nefndarmanna skal vera eiturefnafræðingur (toxicolog). Annar skal vera lyfjafræðingur (candidatus pharmaciae). Þriðji skal vera efnafræðingur. Fjórti skal vera efnaverkfræðingur. Fimmti skal vera heilsufræðingur eða maður með heilsufræðilega þekkingu. Sjötti skal vera efna- eða verkfræðingur með sérþekkingu á notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði, garðyrkju og til útrýmingar meindýra og tilnefndur af landbúnaðarráðuneyti. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna. Falli atkvæði jöfn í nefndinni ræður atkvæði formanns.

Eiturefnanevnd gerir tillögur um röðun efna á lista yfir eiturefni og hættuleg efni í samræmi við skaðleg áhrif og notkunarsvið þeirra. Ráðherra staðfestir tillögur eiturefnanevndar með reglugerð.

Eiturefnanevnd skal veita stjórnvöldum, einstaklingum eða fyrirtækjum upplýsingar um meðferð eiturefna og hættulegra efna svo sem eftir er leitað og kostur er á. Nefndin skal enn fremur gera tillögur um viðbrögð við slysum af völdum eiturefna og hættulegra efna eða við vá af þeirra völdum vegna hernaðar eða náttúruhamfara.

Eiturefnanevnd er heimilt að leita aðstoðar ráðunauta við lausn sérhæfðra verkefna svo sem vegna mats á notagildi efna og efnasamsetninga, sbr. 2. mgr.

Kostnaður við störf eiturefnanevndar greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti eiturefnanevndar.

3. gr.

Ákvæði laga þessara taka ekki til eiturefna og hættulegra efna ef þau eru notuð samkvæmt ákvæðum:

1. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46 28. maí 1980,
2. lyfjalaga, nr. 108 14. nóvember 1984 (lyf og dýrallyf).

II. KAFLI

Ákvæði varðandi eiturefni.*Framleiðsla eiturefna.*

4. gr.

Eiturefni mega þeir einir framleiða er til þess hafa fengið leyfi ráðherra, enda mæli Vinnueftirlit ríkisins og eiturefnanefnd með veitingu slíkra leyfa.

Blöndun og þynning eiturefna og þökkun í söluhæf ílát og umbúðir, þar með talið umpökkun og umhelling svo og íburður í klæði, skoðast framleiðsla nema öðruvísi sé ákveðið, sbr. 2. mgr. 5. gr.

Viðtaka eiturefna.

5. gr.

Þeir einir, er hér greinir, mega veita viðtöku eiturefnum og kaupa eiturefni:

1. Framleiðendur eiturefna, sbr. 4. gr.
2. Forstöðumenn efnagerða, efnaverksmiðja eða annarra fyrirtækja er tilkynnt hafa Vinnueftirlit ríkisins að við rekstur eða framleiðslu fyrirtækjanna sé þörf tiltekinna eiturefna, enda hafi þeir eða tilteknir starfsmenn þeirra leyfi til þess að nota eiturefnin.
3. Lyfjaverslun ríkisins, aðrar lyfjagerðir og lyfjaheildverslanir svo og lyfjabúðir.
4. Verslanir er fengið hafa leyfi ráðherra til þess að selja tiltekin eiturefni önnur en talin eru í næsta tölulið.
5. Verslanir sem fengið hafa leyfi ráðherra til þess að selja eiturefni og hættuleg efni til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.
6. Sjúkrahús og viðurkenndar rannsóknastofur.
7. Kennarar í raungreinum við framhaldsskóla vegna nota við kennslu.
8. Einstaklingar 18 ára eða eldri er framvísa réttum aðilum sérstökum eiturbeiðnum, sbr. ákvæði 6. gr., eða öðrum gildum leyfum til kaupa á eiturefnum, sbr. 7. gr.

Fyrirtækjum, sem greind eru í 4. og 5. tölul. að framan og versla með eiturefni, er þó heimilt að fengnu samþykki Vinnueftirlits ríkisins að vega þau sundur, blanda eða þykkja og umpakka eða umhella í ný söluhæf ílát.

Sala og innflutningur eiturefna.

6. gr.

Þeir einir mega selja og flytja inn eiturefni er greinir í 1.–5. tölul. 1. mgr. 5. gr. Um fyrirtæki, sem talin eru í 1. og 2. tölul. 1. mgr. 5. gr., gildir þó að þau mega einungis selja eiturefni svo fremi að þau séu hluti af venjulegri framleiðslu þeirra.

Þau fyrirtæki, sem talin eru í 1. og 2. tölul. 1. mgr. 5. gr., mega selja önnur eiturefni en þau sem fyrirtækin framleiða ef þau hafa fengið til þess leyfi, sbr. 4. eða 5. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Setja skal í reglugerð ákvæði um veitingu leyfa handa verslunum þeim er ræðir í 4. og 5. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Kaup einstaklinga á eiturefnum.

7. gr.

Einstaklingar, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 5. gr., mega kaupa eiturefni til eigin nota ef þeir framvísa seljendum eiturefna, sbr. 6. gr., sérstökum eiturbeiðnum eða öðrum gildum leyfum til kaupa á tilteknum eiturefnum.

Heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaga gefa út eiturbeiðnir að fenginni umsögn eiturefnanefndar. Aðeins má láta úti einu sinni gegn sömu eiturbeiðni. Eiturbeiðnir gilda lengst í hálfri ári frá útgáfudegi.

Nú nota iðnaðarmenn eða aðrir einstaklingar tiltekin eiturefni að staðaldri við störf sín eða í þágu þeirra fyrirtækja er þeir starfa við, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. Má þá veita leyfi til kaupa á umræddum efnum er gilda til eins til þriggja ára í senn.

Ráðherra setur að fengnum tillögum eiturefnanefndar reglugerð um útgáfu eiturbeiðna og annarra tilsvarendi leyfa, afgreiðslu þeirra og varðveislu, um kaup á eiturefnum til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, til sóttþreinsunar og til varnar fúa.

Útlát eiturefna.

8. gr.

Eiturefni má aðeins selja eða afhenda þeim sem eru 18 ára eða eldri. Eigi má afhenda eiturefni ef ástæða er til þess að ætla að viðkomandi kynnu að fara sjálfum sér að voða eða gætu unnið öðrum tjón með efnunum sökum geðveiki, neyslu vímugjafa, vanþroska, vanstillingar, fákunnáttu o.s.frv.

Heimilt er að selja á frjálsum markaði tiltekin varning er inniheldur eiturefni. Fellur þá niður kvöð um útgáfu eiturbeiðna eða hliðstæðra leyfa, sbr. 7. gr., enda skal þá jafnframt gæta þeirra fyrirmæla um sölu og afhendingu varningsins er sett verða í reglugerð.

9. gr.

Eiturefni skal láta úti í sterkum og velluktum ílátum. Ílátin skulu vera þannig útlits eða svo greinilega auðkennd að ekki verði villst á þeim og ílátum sem notuð eru undir lyf, matvæli og fóðurvörur, fegrunar- eða snyrtiefni eða önnur óskaðleg efni. Á ílátunum skal geta innihalds og á ílátum og ystu umbúðum um eiturefni skulu vera eiturmerki svo og nauðsynleg varnadarorð. Skulu eiturmerki þessi vera hliðstæð eiturmerkjum er útkast í nálægum löndum, svo sem kostur er, sbr. 21. gr.

Eiturmerki má ekki nota á ílát og umbúðir um önnur efni en eiturefni, sbr. 1. mgr. 1. gr., nema það sé sérstaklega heimilað í reglugerðum sem settar eru með stoð í þessum lögum.

Varðveisla eiturefna.

10. gr.

Fyrirtæki og einstaklingar, sbr. 5. og 6. gr., skulu hlíta ákvæðum laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum varðandi varðveislu eiturefna og ákvæðum laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum eftir því sem við á. Um Lyfjaverslun ríkisins, aðrar lyfjagerðir og lyfjaheildverslanir svo og lyfjabúðir gilda enn fremur ákvæði laga um lyfjadreifingu.

Í verslunum, er leyfi hafa til þess að selja tiltekin eiturefni eða eiturefni til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, skal hlíta fyrirmælum að þessu lútandi er sett verða í reglugerð.

Á sjúkrahúsum og viðurkenndum rannsóknastofum skal varðveita eiturefni í umbúðum seljenda eða í öðrum umbúðum jafntryggum. Ef lyfjabúr er á sjúkrahúsi skal forstöðumaður þess hafa eftirlit með varðveislu eiturefna í umsjá Lyfjaeftirlits ríkisins. Einstaklingar og kennarar skulu varðveita eiturefni í umbúðum framleiðenda (seljenda).

Eiturefni skal jafnan varðveita tryggilega og þannig að þau séu aðskilin frá matvælum og dýrafóðri, einnig frá lyfjum, fegrunar- og snyrtiefnum og þannig að óviðkomandi nái ekki til þeirra.

III. KAFLI

Ákvæði varðandi hættuleg efni.

Útlát hættulegra efna.

11. gr.

Hættuleg efni skal láta úti og selja í sterkum og velluktum ílátum. Ílátin skulu vera þannig útlits eða svo greinilega auðkennd að ekki verði villst á þeim og ílátum sem notuð eru undir lyf, matvæli og aðrar neysluvörur, fóðurvörur, fegrunar- eða snyrtiefni eða önnur efni. Ílátin skulu vera greinilega merkt og getið innihalds. Á ílátunum skulu enn fremur vera varnaðarorð á íslensku, sbr. 20. gr., og skulu þau vera í samræmi við hliðstæð varnaðarorð sem tíðkast í nálægum löndum, svo sem kostur er.

Takmarka má að fengnum tillögum eiturefnanefndar sölu og útlát tiltekinna hættulegra efna við lyfjabúdir, lyfjaheildsölur eða aðra sölustaði ef sérstakar aðstæður gilda um notkun efnanna.

Eiturefnanefnd getur sett reglur um stærð sölufláta eða magn tiltekinna hættulegra efna sem selja má í smásölu í matvöruverslunum eða öðrum almennum verslunum.

Varðveisla hættulegra efna.

12. gr.

Hættuleg efni skal varðveita í umbúðum seljenda eða öðrum umbúðum jafntryggum.

Hættuleg efni skal varðveita tryggilega og þannig að þau séu skilin frá matvælum, neysluvörum og dýrafóðri, einnig frá lyfjum, fegrunar- og snyrtiefnum og þannig að óviðkomandi nái ekki til þeirra.

Hollustuvernd ríkisins setur að höfðu samráði við eiturefnanefnd og að fengnu álití samtaka hlutadeigandi seljenda reglur um varðveislu hættulegra efna í matvöruverslunum. Sams konar reglur má og setja um varðveislu hættulegra efna í öðrum almennum verslunum.

Lífræn leysiefni.

13. gr.

Heimilt er að fengnum tillögum eiturefnanefndar að kveða á um mat á eiturhrifum og notagildi varnings er hefur tiltekin lífræn leysiefni að geyma og talin eru á lista, sbr. 2. mgr. 1. gr. Skal þá hlíta nánari ákvæðum um sölu og notkun varningsins eða banni við notkun hans er sett verða í reglugerð, sbr. 18. gr.

Hættulegar lofttegundir.

14. gr.

Heimilt er að fengnum tillögum eiturefnanefndar að setja nánari ákvæði um sölu og notkun hættulegra lofttegunda er hafa ekki lækningalegt gildi. Sama á við um sölu og notkun lofttegunda er hafa lækningalegt gildi ef þær eru ætlaðar til annars en lækninga.

Hættuleg efni ætluð til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, til þess að varna fúa eða til sóttþreinsunar.

15. gr.

Hlíta skal um sölu hættulegra efna, sem skráð eru til þessara nota, útlát þeirra og notkun, fyrirmælum er sett verða í reglugerð, sbr. 16. gr.

IV. KAFLI

Sameiginleg ákvæði.

Ákvæði um skráningu eiturefna og hættulegra efna til sérstakra nota.

16. gr.

Eiturefni og hættuleg efni, hrein og blönduð, má því einungis selja eða flytja til landsins og nota sem plöntulyf, örgresisiefni, stýriefni eða útrýmingarefni, þar með talin aflífunarefni, fúavarnarefni, sóttþreinsiefni, að þau hafi verið skráð sem slík, annaðhvort með samheiti eða með sérheiti framleiðanda. Ákvæði þessi taka einnig til örvera eða hluta lífvera („biological products“) ef þau eru notuð í sama skyni. Ráðherra setur nánari ákvæði um framangreind atriði í reglugerð að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og eiturefnaneftndar. Skal þar m.a. kveða nánar á um skráningu efnanna, notkun þeirra og bann við notkun þeirra.

Ákvæði um matvæli og aðrar neysluvörur og nauðsynjavörur, fóðurvörur og sáðvörur.

17. gr.

Eiturefni og hættuleg efni má ekki setja í eða blanda saman við matvæli og aðrar neysluvörur eða fóðurvörur nema það sé sérstaklega heimilað í reglugerð samkvæmt lögum þessum, lögum um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum eða öðrum lögum. Eiturefni og hættuleg efni má ekki setja á sáðvöru nema efnið eða efnasamsetningin hafi verið skráð til slíkrar notkunar, sbr. 16. gr. Ef sáðkorn hefur verið meðhöndlað með slíkum efnum skal það auðkennt með litun.

Nú er talin hætta á að matvæli, aðrar neysluvörur og nauðsynjavörur eða fóðurvörur mengist við framleiðslu eða á annan hátt af tilteknum eiturefnum eða hættulegum efnum og þannig að mönnum og dýrum geti orðið að tjóni. Ráðherra getur þá í reglugerð að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og eiturefnaneftndar kveðið nánar á um hið mesta magn slíkra efna er vera megi í hverri þyngdar- eða lagareiningu.

Nánari reglur um notkun og bann við notkun eiturefna og hættulegra efna.

18. gr.

Ráðherra setur að fengnum tillögum eiturefnaneftndar nánari reglur um notkun og bann við notkun eiturefna og hættulegra efna hvort sem efnin eru notuð hrein, í blöndum eða á annan hátt í samsetningum.

Heimilt er enn fremur að binda sölu og notkun varnings, er hefur tiltekin lífræn leysiefni að geyma, mati á eiturhrifum og notagildi varningsins, sbr. 13. gr.

Nánari reglur um notkun og bann við notkun krabbameinsvaldandi efna og efnasamsetninga.

19. gr.

Eiturefnaneftnd skal fylgjast með öllum nýjungum er lúta að rannsóknum á eiturefnum og hættulegum efnum sem ætlað er að gætu valdið krabbameini eða öðrum illkynja breytingum í frumum manna eða dýra. Skal nefndin að jafnaði gera tillögur um bann við notkun slíkra efna og efnasamsetninga, en að öðrum kosti gera tillögur að reglum um notkun þeirra til þess að koma í veg fyrir mengun fæðu og fóðurs eða umhverfis af völdum þeirra.

Eiturefnaneftnd gerir tillögur að sérstökum lista yfir efni sem talin eru geta valdið krabbameini eða öðrum illkynja frumubreytingum í mönnum og að fyrirmælum um notkun og bann við notkun efnanna er ráðherra staðfestir og gefur út.

Óheimilt er að flytja til landsins eða selja eiturefni eða hættuleg efni sem eru krabbameinsvaldandi í mönnum eða dýrum eða varning sem hefur slík efni að geyma, nema samkvæmt heimild í þessum lögum.

Nánari fyrirmæli um ílát o.fl.

20. gr.

Eiturefnanefnd og Hollustuvernd ríkisins gera tillögur um gerð íláta og umbúða, merkingu, eiturmerki og varnaðarorð eða varnaðarmerki varðandi flutning, varðveislu, útlát og sölu eiturefna og hættulegra efna. Skulu merkingar þessar, merki og varnaðarorð vera í samræmi við hliðstæðar merkingar, merki og varnaðarorð er tíðkast í nálægum löndum, svo sem kostur er. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli þessu að lútandi.

Ef óhjákvæmilegt er að leyfa notkun efna eða efnasamsetninga sem eru krabbameinsvaldandi í mönnum eða dýrum eða liggja undir grun um að vera það skal taka sérstakt tillit til þess við gerð varnaðarorða eða varnaðarmerkja og gerð íláta, svo sem kostur er.

Flutningur.

21. gr.

Eiturefnanefnd og Hollustuvernd ríkisins gera tillögur um búnað og merkingar farartækja á landi, sem flytja eiturefni og hættuleg efni, til viðkomandi ráðuneyta.

Um flutning eiturefna og hættulegra efna með skipum, loftförum, svo og í pósti, fer samkvæmt lögum þeim og reglugerðum er við eiga og í gildi eru hverju sinni.

Förgun eiturefna og hættulegra efna. Notuð ílát.

22. gr.

Eiturefnum og hættulegum efnum, tómum flöskum og öðrum umbúðum, sem hafa haft slík efni að geyma, skal farga eða hreinsa þannig að mönnum og dýrum stafi ekki hætta af. Að öðrum kosti skal endursenda seljanda eða umboðsmanni hans viðkomandi efni, ílát og umbúðir, luktar og merktar á viðeigandi hátt.

Ráðherra setur að fengnum tillögum eiturefnanefndar, Hollustuverndar ríkisins og Náttúruvundarráðs reglugerð um förgun eiturefna og hættulegra efna.

Framkvæmd og eftirlit.

23. gr.

Yfirstjórn mála, er varða eiturefni og hættuleg efni, er í höndum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Eiturefnanefnd gerir tillögur um framkvæmd laga þessara og hversu eftirliti með eiturefnum og hættulegum efnum skuli nánar háttað, sbr. 2. gr. og næstu málsgrein.

Eftirlit með framkvæmd ákvæða laga þessara annast eftirtaldir aðilar:

- a. Hollustuvernd ríkisins.
- b. Vinnueftirlit ríkisins.
- c. Lyfjaeftirlit ríkisins.
- d. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.
- e. Lögreglustjórar og embættislæknar, hver á sínum stað.
- f. Aðrir er tilnefndir kunna að verða.

Um valdsvið og þvingunarúrræði eftirlitsaðila fer samkvæmt þeim lögum sem þeir starfa eftir.

Kostnað við framkvæmd og eftirlit skal greiða úr ríkissjóði, nema önnur lög mæli öðruvísi.

Fulltrúar framangreindra stofnana, eiturefnanefndar og embættismanna, svo og aðrir er tilnefndir kunna að verða, eiga rétt á að skoða verslanir, verksmiðjur og vinnustaði þar sem seld eru eða umpökkuð, framleidd, varðveitt eða notuð eiturefni og hættuleg efni eða framleiddur varningur sem hefur að geyma slík efni í því formi og magni að mönnum og dýrum getur stafað hættu af. Þeim er einnig heimilt að rjúfa umbúðir og taka úr þeim sýnishorn til nánari athugunar og rannsókna. Eigandi sýnishornsins getur krafist kvittunar úr hendi þess er sýnishorn tekur. Á kvittun skal greina magn og tegund sýnishornsins. Handhafi kvittunarinnar á síðar gegn framvísun hennar rétt á endurgreiðslu úr hendi innflytjanda eða framleiðanda.

Aðilar þeir, er um ræðir í 3. mgr., geta krafist þess að framleiðandi eða innflytjandi gefi yfirlýsingu samkvæmt bestu vitund um innihald eiturefna og hættulegra efna í tilteknum varningi svo sem fegrunar- og snyrtiefnum, matvælum og fóðurvöru. Innflytjandi eða framleiðandi getur krafist þess að með hana sé farið sem trúnaðarmál.

Undanþágur og röðun á lista til bráðabirgða.

24. gr.

Ráðherra getur að fenginni umsögn eiturefnanefndar heimilað að undanþiggja megi eiturefni og hættuleg efni eða varning, sem hefur slík efni að geyma, að nokkru eða öllu leyti ákvæðum þessara laga. Undanþágur má þó einungis veita svo fremi að fullnægt sé skilyrðum sem sett kunna að verða hverju sinni eða greind eru í reglugerðum sem settar eru samkvæmt heimild í öðrum lögum.

Eiturefnanefnd er heimilt í samráði við Hollustuvernd ríkisins, ef skjótra aðgerða er þörf, að setja á lista tiltekin efni og efnasamsetningar og kveða á notkun eða bann við notkun þeirra í allt að því eitt ár. Skal ráðherra staðfesta ákvörðun þessa með reglugerð innan árs. Að öðrum kosti fellur ákvörðun eiturefnanefndar úr gildi.

Refsingar.

25. gr.

Um mál er kunna að rísa út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim fer að hætti opinberra mála.

26. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum. Tilraun eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum eru refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Eiturefni og hættuleg efni, sem inn eru flutt ólöglega eða seld eða framleidd eru ólöglega innan lands, má gera upptæk með dómi og einnig ágóða af slíkri ólöglegri starfsemi. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.

V. KAFLI

Önnur ákvæði.

Samstarfsnefnd.

27. gr.

Ráðherra skipar samstarfsnefnd þeirra aðila sem tilgreindir eru í staflidum a–c í 3. mgr. 23. gr., auk fulltrúa eiturefnanefndar. Aðilar tilnefna hver einn fulltrúa í nefndina.

Ráðherra skipar fimmta manninn í nefndina án tilnefningar. Er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Verkefni nefndarinnar er að fjalla um verkaskiptingu milli eftirlitsaðila í takmarkatilfellum og samræmingu aðgerða. Formaður kallar saman fund í nefndinni þegar tilefni er til. Fulltrúar geta krafist að fundir verði haldnir í nefndinni ef tilefni er til að þeirra dómi.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið og starfsemi nefndarinnar.

Ráðgjöf eiturefnanefndar.

28. gr.

Eiturefnanefnd skal eftir nánara samkomulagi veita lyfjanefnd eiturefnafræðilega ráðgjöf ef þörf gerist.

Ráðherra getur enn fremur vegna sérfræðiþekkingar nefndarmanna falið eiturefnanefnd önnur verkefni en tilgreind eru í lögum þessum og gerir nefndin tillögur um framkvæmd þeirra mála hverju sinni.

VI. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

29. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara má setja í reglugerð er ráðherra setur að fengnum tillögum eiturefnanefndar.

Gildistaka.

30. gr.

Með lögum þessum, sem taka gildi 1. júlí 1988, falla úr gildi lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 85 31. desember 1968, og lög um breytingar á þeim lögum nr. 27 18. apríl 1973, nr. 19 12. maí 1981 og nr. 96 17. maí 1984.

Ákvæði í reglugerðum, auglýsingum og öðrum stjórnvaldsreglum um málefni, sem lög þessi taka til og ekki fara í bága við ákvæði þeirra, skulu gilda áfram uns þau hafa verið numin úr gildi með stjórnvaldsreglum settum samkvæmt lögum þessum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 17. gr. skulu haldast uns sett hafa verið í lög fyllri ákvæði um notkun eiturefna og hættulegra efna í matvæli og mengun matvæla af völdum slíkra efna.

Gildandi skipun manna í eiturefnanefnd samkvæmt ákvæðum laga nr. 85/1968 skal haldast til ársloka 1988. Skipar ráðherra þá menn í nefndina til sex ára samkvæmt ákvæðum 2. gr. Skulu nefndarmenn í eiturefnanefnd, meðan nefndin starfar samkvæmt þessu ákvæði, taka sérstakt tillit til undirbúnings framkvæmdar þeirra nýmæla sem eru í þessum lögum og ekki voru í lögum nr. 85/1968, með áorðnum breytingum, svo að tryggja megi sem best samfellu í störfum nefndarinnar um ókomin ár.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Guðmundur Bjarnason.

LÆKNALÖG

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskránnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Lækningaleyfi og sérfræðileyfi.

1. gr.

Rétt til þess að stunda lækningar hér á landi og kalla sig lækni hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hefur prófi frá læknadeild Háskóla Íslands svo og viðbótarnámi í heilbrigðisstofnunum hér á landi eftir reglum sem ráðherra setur samkvæmt tillögum læknadeildar Háskóla Íslands.

Viðbótarnámi skv. 1. mgr. má einnig ljúka erlendis við heilbrigðisstofnanir sem fullnægja skilyrðum heilbrigðismálaráðherra, læknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis.

Áður en leyfi er veitt samkvæmt þessari grein skal leita álits landlæknis og nefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og í eiga sæti einn fulltrúi Læknafélags Íslands og tveir fulltrúar læknadeildar Háskóla Íslands og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Óheimilt er að veita manni lækningaleyfi ef 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans eða ef landlæknir eða nefnd skv. 3. mgr. telur hann óhæfan vegna heilsuþrests, t.d. vegna áfengis- eða eiturlyfjaneyslu eða vegna þess að hann hafi kynnt sig af alvarlegu hirðuleysi eða ódugnaði í störfum.

3. gr.

Veita má manni, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 2. gr., lækningaleyfi og þar með rétt til að kalla sig lækni hér á landi, enda uppfylli hann skilorð 2. gr. að öðru leyti. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita meðmæla læknadeildar Háskóla Íslands sem getur sett sem skilyrði að viðkomandi gangi undir próf í lögum og reglum er varða störf lækna hér á landi og sanni kunnáttu í mæltu og rituðu íslensku máli. Læknadeild Háskóla Íslands getur krafist þess að umsækjandi sanni kunnáttu sína í læknisfræði með því að gangast undir próf.

4. gr.

Ef nauðsyn krefur má ráðherra eftir meðmælum landlæknis fela læknakandídötum eða læknanemum, sem lokið hafa 4. árs námi, að gegna tilgreindum læknisstörfum um stundarsakir og hefur viðkomandi þá lækningaleyfi á meðan hann gegnir þeim störfum.

Í slíkum tilvikum skal læknanemi starfa með lækni.

Víkja má frá ákvæðum 2. mgr. telji landlæknir sérstakar ástæður mæla með því.

5. gr.

Enginn læknir má kalla sig sérfræðing nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

Ráðherra setur reglur um nám sérfræðinga samkvæmt tillögum læknadeildar Háskóla Íslands og getur enginn fengið leyfi til að kalla sig sérfræðing nema hann sanni fyrir læknadeildinni að hann hafi lokið slíku námi og landlæknir mæli með leyfinu.

II. KAFLI

Réttindi.

6. gr.

Sá einn á rétt á því að kalla sig lækni og stunda lækningar sem fengið hefur til þess leyfi skv. I. kafla laga þessara. Öðrum er óheimilt að nota starfsheiti eða kynningarheiti sem til þess eru fallin að gefa hugmyndir um að þeir séu læknar eða stundi lækningar, sbr. nánar ákvæði laga þessara um skottulækningar.

7. gr.

Læknir getur við störf sín notið aðstoðar annars heilbrigðisstarfsfólks að svo miklu leyti sem slíkt er nauðsynlegt og forsvaranlegt vegna hæfni þess og sérkunnáttu. Starfar það þá á ábyrgð læknis nema önnur lög bjóði annað.

8. gr.

Lækni er heimilt að skorast undan störfum sem stangast á við trúarleg eða siðferðisleg viðhorf hans séu störfin ekki framkvæmd í lækningaskyni.

III. KAFLI

Skyldur.

A. Árvekni og upplýsingar.

9. gr.

Lækni ber að sinna störfum sínum af árvekni og trúmennsku, halda við þekkingu sinni og fara nákvæmlega eftir henni.

Læknir ber ábyrgð á greiningu og meðferð þeirra sjúklinga sem til hans leita eða hann hefur til umsjónar.

B. Upplýsingar.

10. gr.

Lækni ber að jafnaði að upplýsa sjúkling um ástand, meðferð og horfur. Eigi í hlut barn, unglíngur yngri en 16 ára eða sjúklingur, sem ekki getur tileinkað sér upplýsingar, skulu þær veittar foreldri, forráðamanni eða nánasta aðstandanda.

C. Vottorð.

11. gr.

Lækni ber að sýna varkárni og nákvæmni við útgáfu vottorða og annarra læknaýfirlýsinga. Skal hann votta það eitt er hann veit sönnur á.

Ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands nánari reglur um gerð og útgáfu læknisvottorða.

12. gr.

Lækni er skylt að láta hinu opinbera í té vottorð um sjúklinga er hann annast þegar slíkra vottorða er krafist vegna viðskipta sjúklinga við hið opinbera.

D. Skyndihjálp.

13. gr.

Lækni ber, sé hann nærstaddur eða sé til hans leitað, að veita fyrstu nauðsynlega læknishjálp í skyndilegum sjúkdóms- eða slysatilfellum nema þeim mun alvarlegri forföll hamli.

E. Sjúkravitjanir.

14. gr.

Lækni, sem stundar almennar lækningar, er skylt, þótt hann sé ekki opinber starfsmaður, að gegna aðkallandi sjúkravitjunum í því heilsugæsluumdæmi þar sem hann starfar nema þeim mun alvarlegri forföll hamli.

F. Þagnarskylda.

15. gr.

Lækni ber að gæta fyllstu þagmælsku og hindra það að óviðkomandi fái upplýsingar um sjúkdóma og önnur einkamál er hann kann að komast að sem lækni.

Þetta gildir ekki þjóði lög annað eða sé rökstudd ástæða til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar.

Samþykki sjúklings, sem orðinn er 16 ára, leysir lækni undan þagnarskyldu. Að öðrum kosti þarf samþykki forráðamanns.

Læknir verður ekki leiddur fram sem vitni í einkamálum gegn vilja sjúklings nema ætla megi að úrslit málsins velti á vitnisburði hans eða málið sé mikilvægt fyrir málsaðila eða þjóðfélagið, hvort tveggja að mati dómara. Í slíkum tilvikum ber lækni að skýra frá öllu sem hann veit og telur að hugsanlega geti haft áhrif á málið. Slíkur vitnisburður skal fara fram fyrir luktum dyrum.

Læknir getur þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar veitt öðrum heilbrigðisstéttum upplýsingar sé um að ræða rannsóknir og meðferð sjúklinga.

Sama þagnarskylda gildir fyrir aðrar heilbrigðisstéttir og aðra sem vinna með lækni.

Þagnarskylda fellur ekki niður við lát sjúklings. Mæli ríkar ástæður með því getur lækni látið í té upplýsingar með hliðsjón af vilja hins látna og hagsmunum viðkomandi. Sé lækni í vafa getur hann borið málið undir landlækni.

G. Afhending sjúkragagna.

16. gr.

Lækni er skylt að afhenda sjúkraskrá, alla eða að hluta, sjúklingi eða forráðamanni ef það þjónar ótvíæðum hagsmunum sjúklings.

Leiki vafi á nauðsyn afhendingar sjúkragagna eða þyki ástæða til vegna ákvæða laga þessara um þagnarskyldu er lækni heimilt að afhenda landlækni einum sjúkragögn sem trúnaðarmál til frekari fyrirgreiðslu.

Ráðherra setur nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkragagna og röntgenmynda að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands.

H. Auglýsingar.

17. gr.

Lækni er einungis heimilt að auglýsa lækna starfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum í blöðum sem birta má í hæsta lagi þrisvar þegar hann hefur störf eða breyting verður á aðsetri eða viðtalstíma. Lækni er heimilt að auðkenna sig með nafni, sérgrein, aðsetri, síma og viðtalstíma á dyraspjöldum, nafnspjöldum og lyfseðlum.

Læknum og stéttarfélagum þeirra ber að sporna við því að fjallað sé í auglýsingastíl um lækna og störf þeirra í fjölmiðlum. Á sama hátt ber þeim að vinna á móti því að eftir þeim séu höfð ummæli og viðtöl í fjölmiðlum í auglýsingaskyni. Verði ekki komið í veg fyrir það ber viðkomandi lækni eða stéttarfélagi hans jafnskjótt að leiðrétta það sem kann að vera ofmælt. Öðrum en læknum er bannað að auglýsa starfsemi þeirra eða stuðla að því á annan hátt að sjúklingar leiti til ákveðins eða ákveðinna lækna.

I. Eftirlitsskylda.

18. gr.

Læknir er háður eftirliti landlæknis. Ber landlækni að gæta þess að læknir haldi ákvæði laga þessara og önnur ákvæði í heilbrigðislöggjöf landsins. Landlæknir heimtir skýrslur af lækni viðvíkjandi störfum hans að heilbrigðismálum í samræmi við reglur þar að lútandi sem ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands.

Verði læknir í starfi sínu var við mistök eða vanrækslu af hálfu lækna eða annarra heilbrigðisstarfsmanna og ætla má að skaði hljótist af skal hann tilkynna það landlækni. Sama skylda hvílir á öðrum heilbrigðisstéttum og öðrum þeim sem vinna með læknum.

Lækni ber að tilkynna landlækni eins fljótt og við verður komið verði hann var við skottulækningar, sbr. 22. gr. laga þessara.

IV. KAFLI

Ávísanir lyfja.

19. gr.

Landlæknir hefur almennt eftirlit með ávísunum lækna á lyf.

Lyfjæftirlit ríkisins tilkynnir landlækni telji það rökstudda ástæðu til eftirlits með ávísunum lækna á ávana- og fíknilyf. Getur ráðherra, að tillögu landlæknis, lagt fyrir lækningu að halda skrá yfir ávísanir og tilefni notkunar þeirra. Ráðherra ákveður fyrirkomu- lag eftirlitsins að fengnum tillögum landlæknis og Lyfjæftirlits ríkisins.

Nær þetta einnig til eigin notkunar lækna. Um skráningu og skil á skýrslum fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

Hlíti sá sem lögð hefur verið á skráningarskylda skv. 2. mgr. ekki fyrir mælum eða verði hann uppvís að því að ávísu lyfjum þannig að óhæfilegt þykir leggur landlæknir málið fyrir ráðherra sem er þá heimilt að svipta lækningu leyfi til þess að ávísu lyfjum, öllum eða einstökum flokkum, enda þyki ekki ástæða til að beita ákvæðum 27. og 28. gr.

20. gr.

Verði læknir, sem ekki hefur verið lögð á skráningarskylda skv. 2. mgr. 19. gr., uppvís að því að ávísu sjálfum sér óhæfilegu magni lyfja og þyki atferli hans alvarlegra eðlis en svo að skráningarskyldu verði beitt getur ráðherra svipt hann leyfi skv. 4. mgr. 19. gr.

21. gr.

Áður en leyfissvipting fer fram skv. 19. og 20. gr. skal lækni gefinn kostur á því að skýra málstað sinn.

Læknir, sem ekki hefur leyfi til ávísana á tiltekin lyf, má með leyfi ráðherra að höfðu samráði við landlækni semja við annan lækni um að annast nauðsynlegar ávísanir slíkra lyfja.

Ráðherra getur afturkallað leyfissviptingu samkvæmt þessum kafla að fengnum tillögum landlæknis og Lyfjæftirlits ríkisins.

V. KAFLI

Skottulækningar.

22. gr.

Hvers konar skottulækningar eru bannaðar hér á landi.

Það eru skottulækningar er sá sem ekki hefur leyfi samkvæmt lögum þessum býðst til þess að taka sjúklinga til lækninga, gerir sér lækningar að atvinnu, auglýsir sig eða kallar sig lækni, ráðleggur mönnum og afhendir þeim lyf sem lyfsalar mega einir selja.

23. gr.

Um lyfja- og lækningaáhaldaauglýsingar fer samkvæmt VII. kafla lyfjalaga nr. 108/1984. Auglýsingar um lækningarmátt drykkja, matvæla, neyslu- og nauðsynjavara og annars eru bannaðar.

Bannaðar eru auglýsingar um sjúkrahús og hvers konar heilbrigðisstofnanir fram yfir nafn og stað.

Auglýsingar um lyf, lækningaáhöld, sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir eru þó leyfðar í blöðum og tímaritum sem gefin eru út fyrir heilbrigðisstéttir.

VI. KAFLI

Almenn ákvæði.

24. gr.

Lækni, sem ekki hefur til þess leyfi, er óheimilt að kalla sig, auglýsa sig eða gefa á annan hátt í skyn að hann sé sérfræðingur og gildir hið sama um sérfræðing ef hann gefur í skyn að hann sé sérfræðingur í annarri grein en þeirri sem hann hefur sérfræðingsleyfi í. Lækni er óheimilt að ávísa lyfjum undir því yfirskini að þau eigi að fara til lækninga en vitandi að þau verði notuð í öðru skyni, t.d. til nautnar eða til sölu í hagnaðarskyni.

25. gr.

Lækni er óheimilt að lána nafn sitt ákveðinni lækningastarfsemi nema hún fari að fullu fram á hans ábyrgð samkvæmt ráðleggingum hans og undir eftirliti hans.

26. gr.

Lækni er óheimilt að reka lækningastofu eftir 75 ára aldur. Ráðherra er heimilt, að fenginni umsókn viðkomandi læknis og meðmælum sömu aðila og getið er í 2. gr., að veita undanþágu frá þessu ákvæði til eins árs í senn.

VII. KAFLI

Viðurlög.*A. Svipting lækningaleyfis.*

27. gr.

Lækni, sem brýtur gegn ákvæðum þessara laga, má svipta lækningaleyfi þó að ekki teljist sannað að brotið hafi valdið tjóni sé það þess eðlis að það verði að teljast honum sérstaklega ósamboðið, svo sem ef um er að ræða röng og villandi læknisvottorð eða læknisumsagnir að órannsökuðu máli, lausmælgí um einkamál sem hann hefur komist að sem lækni, alvarlegt hirðuleysi eða ódugnað í störfum sínum eða annað atferli sem fer í bága við III. kafla laga þessara.

Sé um að ræða ítrekuð brot eða megi dæma í fangelsi fyrir brot gegn lögum þessum skal svipta lækni lækningaleyfi.

28. gr.

Landlækni ber, verði hann þess var að lækni vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bága við fyrirmæli heilbrigðislaga landsins, að áminna hann. Áminning skal vera skrifleg og rökstudd. Landlæknir sendir afrit áminningar til heilbrigðisráðherra.

Komi áminning ekki að haldi eða sé um að ræða óhæfu í læknisstörfum ber landlækni að skýra ráðherra frá málinu og gera tillögur um hvað gera skuli. Getur þá ráðherra úrskurðað að viðkomandi skuli sviptur lækningaleyfi að fullu eða tímabundið, en skjóta má þeim úrskurði til dómstóla.

Það telst óhæfa í læknisstarfi þegar læknir uppfyllir ekki þau skilyrði sem krafist var þegar hann fékk lækningaleyfi, t.d. vegna heilsubrests sem geri hann lítt hæfan, óhæfan eða jafnvel hættulegan við störf vegna vímuefnaneyslu eða vegna þess að hann hafi kynnt sig að alvarlegu hirðuleysi eða ódugnaði í störfum.

29. gr.

Læknir, sem sviptur hefur verið lækningaleyfi að fullu samkvæmt þessum kafla, getur fengið lækningaleyfi á ný, en aðeins samkvæmt ákvæðum I. kafla.

B. Aðrar refsingar.

30. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða auk sviptingar lækningaleyfis, sbr. 27. og 28. gr., sektum, varðhaldi eða fangelsi.

Sé um að ræða brot af ásetningi eða vítaverðu gáleysi skal refsa með fangelsi og/eða sektum. Fyrir minni háttar brot skal refsa með sektum en með varðhaldi og/eða sektum hafi viðkomandi sætt áminningu landlæknis áður.

Sé um ítrekuð brot að ræða skal dæma í fangelsi og/eða sektir.

31. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

VIII. KAFLI

Gildistaka.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1988. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 80 23. júní 1969, ásamt breytingum nr. 108/1973 og nr. 76/1977.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa ná ekki til þeirra sem slík leyfi hafa ótakmörkuð eða takmörkuð þegar lögín ganga í gildi. Önnur ákvæði þessara laga gilda hins vegar að öllu leyti um þessa aðila.

Ákvæði 26. gr. taka gildi frá og með 1. janúar 1989.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Guðmundur Bjarnason.

LÖG

um breyting á lögum um meðferð einkamála í héraði,
nr. 85 23. júní 1936, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

3. mgr. 29. gr. orðist svo:

3. Sá sem settur er til að dæma ákveðið mál skal kveða upp dóm í þinghá þar sem hann á heimili eða hefur skrifstofu nema dómsuppkvaðning í því lögsagnarumdæmi, þar sem mál var flutt, valdi hvorki kostnaðarauka né drætti á dómsuppsögu.

2. gr.

32. gr. breytist þannig:

- a. 7. tölul. 1. mgr. orðist svo:

Hafi enn fremur þrjú ár samtals verið alþingismaður, skrifstofustjóri Alþingis eða deildarstjóri eða fulltrúi í skrifstofu þess, ráðuneytisstjóri, skrifstofustjóri, deildarstjóri eða fulltrúi í stjórnarráðinu, fulltrúi héraðsdómara, lögreglustjóri eða fulltrúi hans, kennari í lögum við háskólann, gegnt málflutningsstörfum að staðaldri eða verið settur héraðsdómari eða gegnt opinberu starfi sem lögfræðipróf þarf til. Leggja má saman starfstíma í hverri einstakri af starfsgreinum þessum. Undantekningu frá ákvæðum þessa tölulíðar má gera um þann er sérstakan orðstír hefur getið sér fyrir ritstörf um lögfræðileg efni.

- b. 2. mgr. orðist svo:

Settur héraðsdómari og dómari skv. 30. gr. skal fullnægja ákvæðum 1.–6. tölul. þessarar greinar. Þó má til bráðabirgða og ef sérstaklega stendur á setja yngri mann en 25 ára, þó ekki lengur en þrjá mánuði í senn.

3. gr.

33. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra getur löggilt héraðsdómurum fulltrúa er fara megi með hvers konar dómsathafnir undir eftirliti og á ábyrgð hlutadeigandi dómara eða forstöðumanns dómaraembættis þar sem starfa fleiri en einn dómari.

Fulltrúi skal vera að minnsta kosti 21 árs að aldri og fullnægja skilyrðum 1. og 3.–6. tölul. 32. gr.

4. gr.

35. gr. orðist svo:

Geri dómari eða dómarafulltrúi sig sekan um vanrækslu í dómarastarfi án þess þó að refsing liggji við að lögum eða framkoma hans eða athafnir í dómarastarfi eða utan þess þykja að öðru leyti ósamrýmanlegar dómarastarfinu skal veita honum áminningu.

Forseti Hæstaréttar veitir áminningu þegar í hlut á forstöðumaður dómaraembættis. Forstöðumaður dómaraembættis veitir áminningu þegar í hlut á annar héraðsdómari við það embætti eða dómarafulltrúi. Tilkynna skal dómsmálaráðherra um veitta áminningu.

Nú telur dómsmálaráðherra dómara hafa misst hin almennu dómarskilyrði eða hafa gert sig sekan um misferli í dómarastarfi, enda hafi áminning æðra dóms eða ráðherra eða skv. 2. mgr. ekki komið að haldi, eða dómari hefur að álitum ráðherra með öðrum hætti rýrt

svo álit sitt siðferðislega að hann megi ekki lengur gegna dómaraembætti og víkur ráðherra honum þá frá embætti um stundarsakir en síðan skal höfða mál á hendur honum til embættismissis svo fljótt sem verða má.

Ef svo verður ástatt um dómara er settur hefur verið til að gegna dómaraembætti um stundarsakir eða dómara skv. 30. gr. eða fulltrúa dómara sem í 3. mgr. segir getur dómsmálaráðherra þegar tekið af honum starfann án þess að bera þurfi málið undir dómstóla.

Rétt er hverjum þeim, er skv. 3. eða 4. mgr. hefur verið sviptur embætti eða starfa, að höfða mál með venjulegum hætti á hendur dómsmálaráðherra fyrir hönd ríkisvaldsins til úrlausnar um lögmæti þeirrar ráðstöfunar enda höfði hann málið innan sex mánaða frá því er hún var gerð.

Forseti getur þó veitt þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára að aldri, lausn frá embætti enda njóti hann þá sömu eftirlauna sem hann hefði fengið ef hann hefði gegnt starfinu til 70 ára aldurs.

5. gr.

1. mgr. 39. gr. orðist svo:

Dómþing skal heyja í heyranda hljóði nema aðilar óski eða dómari telji hentara vegna aðila, vitna eða almenningshagsmuna að heyja þing fyrir luktum dyrum og kveður dómari þá upp úrskurð um þessi atriði. Rétt er dómara að vísa almenningi eða einstökum mönnum út úr þingsal ef návist þeirra horfir til truflunar þingfriði eða maður kemur annars ósæmilega fram við dómara eða aðra.

6. gr.

41. gr. orðist svo:

Þar sem einn maður situr í dómi skal jafnan vera einn þingvottur. Hann skal fullnægja almennum vitnaskilyrðum og auk þess má hann hvorki vera svo venslaður dómara né aðila sem segir í 1. tölul. 1. mgr. 125. gr. Það er borgaraskylda að vera þingvottur. Dómari ákveður þóknun handa þingvotti.

7. gr.

Við 42. gr. laganna bætist ný mgr., 5. mgr., en núverandi 5., 6., 7. og 8. mgr. verði 6., 7., 8. og 9. mgr. Málsgreinin orðist svo:

Í stað þess að skrá skýrslur, dóma og úrskurði í framangreindar bækur er heimilt að skrá hið sama í tölur, prenta síðan og binda í bækur. Við tölvuskráninguna er heimilt að nota atriðisorð er dómsmálaráðherra ákveður. Sáttir og bókanir, sem hafa að geyma skuldbindingar samkvæmt borgaralegum lögum, skulu þó færðar til bókar og undirritaðar með þeim hætti sem verið hefur.

8. gr.

1. mgr. 43. gr. orðist svo:

Skjöl öll, sem fram eru lögð í dómi, skulu vera í frumriti séu þau tiltæk. Þau skal merkja í áframhaldandi töluröð og votta á þau um framlagninguna. Ætíð skal leggja fram eitt endurrit af hverju skjali, en dómari getur krafði aðila um fleiri endurrit sé þörf á. Skjölín eru eign dómstólsins en lána má þau aðilum með samþykki þess aðila sem þau lagði fram. Aðili máls skal ætíð afhenda öðrum aðilum málsins endurrit af þeim skjölum sem hann leggur fram. Dómari skal, eftir að dómur hefur verið kveðinn upp í máli, fá aðila frumrit af þeim málsskjölum, sem hann hefur lagt fram, gegn því að staðfest endurrit fylgi málsskjölunum ef aðili þarf frumritsins til sönnunar rétti sínum annars staðar. Þegar Þjóðskjalasafn hefur fengið málsskjöl til varðveislu hefur þjóðskjalavörður sömu heimildir og dómari til að afhenda málsskjöl.

9. gr.

46. gr. orðist svo:

Nú eiga fleiri en einn óskipt réttindi eða bera saman óskipta skyldu og eiga þeir þá óskipta sakaraðild. Eigi er þó skylt að vísa máli frá dómi enda þótt þeir taki ekki allir þátt í málhöfðun. Hins vegar ber að vísa máli frá dómi ef þeim er eigi öllum veittur kostur á að svara til sakar.

Ef þeir sækja ekki allir dómþing skulu þeir er það gera taldir hafa heimild til að skuldbinda hina. Nú eru yfirlýsingar slíkra aðila fyrir dómi ósamrýmanlegar og skal þá sú yfirlýsing, sem gagnaðila er hagkvæmari, lögð til grundvallar nema sýnt sé að hún sé röng eða að sá er hana setti fram hafi skort þekkingu á málsatviki. Ef þeir gera mismunandi kröfur skal ekki fara út fyrir þá kröfu er skemmst gengur. Nú skulu málsúrslit samkvæmt dómi velta á eidi eða drengskaparheiti samaðila, eins eða fleiri, og hafa þeir þá tapað máli að því leyti nema báðir þeir eða allir, sem eidsheimildin nær til, vinni eidd eða drengskaparheit.

10. gr.

1. mgr. 88. gr. orðist svo:

1. Í stefnu skal greina svo glöggst sem verða má:
 - a. Nöfn aðila, kennitölu og heimili eða dvalarstað.
 - b. Nöfn fyrirsvarsmanna aðila, ef því er að skipta, stöðu og heimili eða dvalarstað.
 - c. Dómkröfur stefnanda, svo sem fjárhæð kröfu í krónum, bætur fyrir tiltekin skadaverk, án þess að fjárhæð sé tiltekin ef enn er óvíst um hana, vexti ef því er að skipta, ákvörðun á réttindum, lausn undan skyldu, refsingu fyrir tilgreind orð eða athafnir, ómerking ummæla, málskostnað o.s.frv.
 - d. Málsástæður sem sækjandi byggir málssókn sína á, svo og önnur atvik sem þörf er að greina samhengis vegna. Lýsing þessi skal vera stuttur og gagnorð og svo skýr að ekki fari á milli mála hvert sakarefnið er.
 - e. Lagarök.
 - f. Gögn sem stefnandi hyggst hafa til sönnunar.
 - g. Dómþing er mál verður þingfest, stað þess og stund, svo og stefnufrest.
 - h. Áskorun til stefnda að koma fyrir dóm er málið verður þingfest, svara til sakar og leggja fram gögn.
 - i. Viðvörðun um að útivistardómur geti gengið ef stefndi sækir ekki þing þegar málið skal þingfesta.

11. gr.

Á eftir 103. gr. komi ný grein, 103. gr. A, svohljóðandi:

Dómari getur heimilað að fram fari sönnunarfærsla fyrir dómi þótt hún sé ekki vegna dómsmáls sem höfðað hefur verið.

12. gr.

1. mgr. 105. gr. orðist svo:

1. Við þingfestingu skal sækjandi leggja fram stefnu með árituðu birtingarvottorði, nema engin stefna hafi verið birt, skriflega greinargerð sína ásamt aðilaskýrslu ef óskað er að leggja fram slíka skýrslu, svo og þau skjöl er málalíbúnað hans varða og hann byggir kröfur sínar annars á. Í greinargerð skal greint frá aðilum, málflutningsumboði sem veita má fleiri en einum löghæfum manni, kröfum, framlögðum sönnunargögnum og þeim gögnum sem enn er talið að þurfi að afla. Þar skal málsástæðum og lagarökum nánar lýst en í stefnu, svo og skal lýsa öðrum atvikum ef þess þarf með til að samhengi málsástæðna sé ljóst. Sé þess óskað að dómari taki munnlega skýrslur um atvik málsins skal þess getið og nefndir þeir sem skýrslur skulu gefa.

13. gr.

108. gr. orðist svo:

Ef ekki verður af sátt né heldur samþykkir verjandi kröfur sækjanda skv. 107. gr., þá skal dómari ganga úr skugga um það hvort nokkrir þeir gallar muni vera á málatilbúnaði eða hvort sakarefni muni vera svo vaxið að varða muni frávisun án kröfu. Jafnframt innir dómari verjanda eftir því ef honum finnst ástæða til hvort hann hafi nokkuð út á málatilbúnað að setja er varða kunni frávisun eftir kröfu hans. Ágreining um frávisunarkröfu sækja aðilar og verja munnlega þegar í stað nema dómari telji sérstaka ástæðu til að veita frest.

Ef mál skal sæta frávisun án kröfu kveður dómari þegar upp frávisunardóm. Ef frávisunarkrafa kemur fram kveður dómari upp úrskurð eða dóm um hana áður en tekið er til meðferðar máls að efni til framar en í 105. og 106. gr. segir nema krafan byggist á ástæðum er jafnframt varða efni máls og ekki þykja fram komnar nægar upplýsingar um málavöxtu að því leyti.

Nú telur dómari eftir dómtöku máls að einungis beri að vísa frá einni kröfu eða fleirum, en þó ekki öllum, og getur hann þá kveðið á um frávisun og efnisúrlausn í sama dómi. Sama gildir þegar aðilar eru fleiri en einn en frávisun varðar aðeins kröfur eins eða fleiri aðila en þó ekki allra.

Nú hrindir dómari frávisunarkröfu með úrskurði sínum og er hann þá ekki bundinn við þann úrskurð þegar lúka skal dómi í málinu ef nýjar upplýsingar hafa komið fram um þau atriði er úrskurðuð voru.

Ef æðri dómur fellir synjunarúrskurð um frávisunarkröfu úr gildi er málinu, eða þeim hluta þess er dómsorð æðra dóms varðar, þar með lokið fyrir héraðsdómi. Nú fellir æðri dómur frávisunardóm að öllu leyti eða einhverju úr gildi og skal héraðsdómari þá taka málið þegar upp af nýju samkvæmt ákvæðum æðra dóms í því ástandi sem það var í þegar hann tók það undir dóm, jafnskjótt sem aðili lætur honum úrlausn æðra dóms í té, enda tilkynni hann aðilum stað og stund til endurupptökunnar.

14. gr.

109. gr. orðist svo:

Hafi verjandi mótmælt kröfum sækjanda að einhverju leyti eða öllu, sbr. 106. gr., og eigi verður sátt eða máli vísað frá dómi, skal flytja málið munnlega.

Dómari getur ákveðið skriflegan málflutning:

- a. Ef hann telur hættu á að málið skýrist ekki nægilega með munnlegum málflutningi.
- b. Ef annar hvor aðila eða umboðsmenn þeirra óska skriflegs málflutnings og dómari telur þau tilmæli á rökum byggð.

15. gr.

110. gr. orðist svo:

Jafnan skal dómari halda eitt dómþing í málinu, eftir að stefndi hefur lagt fram greinargerð sína, til að leita satta og gefa aðilum kost á að koma að sýnilegum sönnunargögnum sem ekki hefur áður verið tilefni til að leggja fram. Dómari getur frestað máli ef hann telur það vænlegt til að settir takist eða nauðsynlegt til öflunar frekari gagna. Ber báðum aðilum að nota sama frest jöfnum höndum til gagnaöflunar eftir því sem við verður komið. Að jafnaði skal þó synja um frest enda þótt hans sé beiðst ágreiningslaust af aðilum nema nauðsyn beri til og líklegt sé til árangurs enda hafi aðili ekki haft nægilegan frest áður.

Að jafnaði skal dómari ekki ákveða þing til skýrslutöku og munnlegs flutnings fyrir en aðilar hafa lýst lokið öflun skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna. Eftir það er aðilum að jafnaði óheimilt að leggja fram skjöl. Þó getur dómari heimilað framlagningu skjala eftir þann tíma ef það veldur ekki töfum á málinu eða ekki hefur áður verið unnt að afla þessara gagna eða skort hefur á leiðbeiningar frá dómara.

Málsástæður og mótmæli skulu koma fram jafnskjótt og tilefni verður til. Annars kostar má ekki taka slíkar yfirlýsingar til greina nema gagnaðili samþykki eða aðili virðist hafa þurft leiðbeiningar dómara en ekki fengið hana.

Nú varðar mál flókin fjárviðskipti og getur dómari þá lagt fyrir aðila að leggja fram útreikninga sem kröfur þeirra byggjast á enda komi ekki fram fullnægjandi útreikningar í greinargerðum aðila.

Rétt er að sýnileg sönnunargögn, önnur en skjöl, séu færð fram við aðalmeðferð máls og að vettvangsskoðun fari þá fram ef því er að skipta.

Nú telur dómari þörf á að aðili gefi skýrslu um atriði sem máli skipta varðandi öflun málgagna og getur hann þá heimilað aðilum að gefa munnlega skýrslu fyrir dóminum áður en öflun sýnilegra sönnunargagna er lýst lokið. Enn fremur er heimilt að taka skýrslu fyrir dómi áður en öflun sýnilegra sönnunargagna er lokið ef það þarf að gera í öðru lögsagnar-umdæmi eða ef sá sem skýrslu skal gefa verður fjarverandi vegna lögmætra forfalla þegar þing verður háð til skýrslutöku.

Lögmæt forföll eru:

- a. Sjúkdómur aðila sjálfs, vitnis eða mats- og skoðunarmanna, heimamanna þeirra eða annarra er þeir þurfa að annast eða leita læknishjálpar.
- b. Veður, torfærur eða önnur óviðráðanleg atvik.
- c. Verulegur vinnumissir eða tjón á atvinnu eða öðrum hagsmunum.
- d. Þörf á ferðalagi um langan veg.
- e. Embættis- eða sýslunarstörf sem fyrir fram eru ákveðin og þola ekki bið.
- f. Áður ákveðið dómþing.

Dómari úrskurðar ef krafist er hvort forföll eru lögmæt.

16. gr.

111. gr. orðist svo:

Þegar lokið er öflun gagna skv. 110. gr. ákveður dómari hvenær aðalmeðferð máls skuli háð en þá skulu að jafnaði fram fara í einni lotu skýrslutökur og munnlegur flutningur málsins. Dómari tilkynnir aðilum eða umboðsmönnum þeirra um þinghaldið með hæfilegum fyrirvara. Ákvörðun dómara um þetta verður ekki skotið til æðra dóms.

Ef aðilar óska eftir að leiða vitni skulu þeir sjá um boðun þeirra. Boðun geta þeir hagað svo að afhenda dómara tilkynningu til vitnis um að koma fyrir dóm. Í tilkynningu skal greina nafn og heimili vitnis, tilefni kvaðningar í aðalatriðum, nafn dómstóls og réttaráhrif þess ef vitni mætir ekki. Dómari áritar tilkynninguna um það hvenær vitni skuli mæta og hvar. Aðili sér um birtingu tilkynningarinnar fyrir vitninu.

Ef vitni kemur ekki fyrir dóm þrátt fyrir kvaðningu sem birt hefur verið með sannanlegum hætti eða birtingu stefnu skv. 130. gr. og hefur ekki lögmæt forföll getur dómari, auk þess að beita viðurlögum skv. 131. gr., óskað aðstoðar lögreglu til að sækja vitnið.

17. gr.

112. gr. orðist svo:

Aðalmeðferð hefst með því að dómari gefur sækjanda kost á að gera stuttlega grein fyrir málinu og að því búnu á verjandi færi á að gera stuttar athugasemdir við lýsingu sækjanda. Síðan eru teknar skýrslur af aðilum og vitnum.

Að loknum skýrslutökum fer fram munnlegur flutningur málsins. Sækjandi talar fyrst og verjandi síðan. Rétt er að talað sé tvisvar af hálfu hvors (hvers) aðila. Dómari getur leyft aðilum sjálfum að gera athugasemd eftir að umboðsmenn þeirra hafa lokið málflytningi. Dómari stýrir umræðum og gætir þess að ræðumaður haldi sig við efnið og að málflytningur verði sem gleggstur og sæmlegastur. Dómari getur svipt þann málfrelsi er eigi lagar sig eftir áminningum hans.

Nú er mál skriflega flutt og leggur sækjandi þá fyrst fram sókn en verjandi síðan vörn. Báðir eiga síðan kost á að leggja fram skrifleg andsvör. Dómara er heimilt að veita nauðsynlega fresti er málflutningur er skriflegur.

Að loknum málflutningi tekur dómari málið til dóms.

18. gr.

119. gr. breytist þannig:

- a. 4. tölul. 1. mgr. orðist svo:
Ef sækjandi krefst þess.
- b. 5. tölul. 1. mgr. fellur niður.

19. gr.

1. mgr. 137. gr. orðist svo:

Nú má matsgerð ekki fara fram skv. 136. gr. og kveður dómari þá tvo matsmenn til að framkvæma hana. Þegar deilt er um litla hagsmuni má þó dómkveðja einn matsmann.

20. gr.

Í stað „vottorð formanns niðurrjöfnunarnefndar“ í 2. tölul. 1. mgr. 172. gr. komi: vottorð skattstjóra.

21. gr.

Við 175. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Að kröfu aðila má dæma að málskostnaður úr hendi gagnaðila hans skuli frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags bera sömu vexti og gjaldfallnar peningakröfur samkvæmt vaxtalögum.

22. gr.

Við 177. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ef dómari telur sakir skv. 2. mgr. miklar getur hann dæmt aðila til að greiða gagnaðila álag á málskostnað.

23. gr.

190. gr. orðist svo:

Úrskurði um einstök atriði máls, sem ráða þarf til lykta fram að dómtöku þess, skal kveða upp þegar í stað eða svo fljótt sem unnt er.

Úrskurðir skulu vera skriflegir og má skrá þá í þing- eða dómabók. Þar skal greina niðurstöðu í ályktunarorði og má hún vera án forsendna. Nú er úrskurður héraðsdómara kærður til Hæstaréttar og skulu þá forsendur og rökstuddar ástæður dómara fyrir úrlausninni fylgja skjölum málsins til Hæstaréttar hafi úrskurðurinn verið kveðinn upp án forsendna.

Í fógeta-, skipta- og uppboðsmálum og þinglýsingarmálum skal þó láta forsendur fylgja ályktunarorði ef um er að ræða úrskurð sem felur í sér lokaákvörðun dómara um ágreiningsefnið.

Í aukamálum, sem tengd eru aðalmáli, svo og í sjálfstæðum vitna- og matsmálum, gilda ákvæði 1.–3. mgr. eftir því sem við á.

24. gr.

A-liður 1. mgr. 193. gr. orðist svo:

Nöfn og heimili aðila.

25. gr.

221. gr. orðist svo:

Um hjúskaparmál fer eftir lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972.

Um mál til vefengingar fadernis skilgetinna barna fer eftir barnalögum, nr. 9/1981.

26. gr.

Á eftir 221. gr. komi nýr kafli, XX. kafli, Áskorunarmál, með 16 nýjum greinum (222.–237. gr.), svohljóðandi:

a. (222. gr.)

Samkvæmt þessum kafla mega fara fjárkröfur samkvæmt víxlum, tékkum, skulda-
bréfum og öðrum einhliða óskilyrtum skuldaviðurkenningum, svo og mál til heimtu pen-
ingaskulda sem stafa af lausafjárkaupum, sbr. lög um lausafjárkaup, nr. 39/1922, enda hafi
þá stefnandi staðið við skuldbindingar af sinni hálfu.

Enn fremur mega fara samkvæmt þessum kafla fjárkröfur þegar um er að ræða
endurgjald fyrir veru, viðurgering, flutning á mönnum eða munum, tryggingar, auglýsingar
og leigu lausafjár enda hafi stefnandi þá staðið við skuldbindingar af sinni hálfu og
endurgjaldið annaðhvort verið fastákveðið fyrir fram eða fjárhæð þess samþykkt skriflega
eftir á.

b. (223. gr.)

Stefna í málum þessum skal vera þannig úr garði gerð að stefndi megi örugglega sjá um
hvaða kröfur sé að tefla.

Í stefnu skal greina:

- a. Nöfn aðila, kennitölu og heimili eða dvalarstað.
- b. Nöfn fyrirsvarsmanna aðila ef því er að skipta, stöðu þeirra og heimili eða starfsstofu.
- c. Dómkröfur.
- d. Málsástæður sem sækjandi byggir málsókn sína á og önnur atvik sem þörf er að greina
samhengis vegna, svo og lagarök.
- e. Gögn sem stefnandi hyggst hafa til sönnunar.
- f. Áskorun til stefnda að greiða stefnukröfurnar, sbr. 225. gr.
- g. Dómþing er mál verður þingfest, stað þess og stund, svo og stefnufrest.

c. (224. gr.)

Aðili getur gefið út stefnu sjálfur eða snúið sér til héraðsdómara er gefur út stefnu að
beiðni hans, sbr. 87. gr.

Stefnu skal rita á tvöfalda örk í stærðinni A4 og skal hún auðkennd í upphafi máls með
orðinu áskorunarstefna.

Eitt eintak stefnunnar skal vera á löggiltum skjalapappír með spássíu eigi minni en 4 sm
séð frá kili arkarinnar.

Stefna skal vera í fjórriti enda sé aðeins einum stefnt. Sé fleiri en einum stefnt skal bæta
við einu eintaki fyrir hvern sem stefnt er til viðbótar.

d. (225. gr.)

Í stefnu skal vera áskorun til stefnda að greiða stefnanda stefnukröfurnar innan tveggja
sólarhringa frá stefnubirtingu eða í síðasta lagi við þingfestingu málsins ellegar mæta við
þingfestingu og halda uppi lögvörnum þar eð annars megi búast við að stefnukröfurnar verði
gerðar aðfararhæfar gagnvart honum.

e. (226. gr.)

Nú snýr stefnandi sér til dómara með beiðni um útgáfu áskorunarstefnu og skal hann þá
leggja fyrir hann stefnu í nægilega mörgum eintökum skv. 224. gr. Auk þess skal stefnandi
sýna dómara skjöl þau er hann byggir kröfur sínar á.

Er dómari hefur gengið úr skugga um að mál megi reka samkvæmt kafla þessum gefur
hann út áskorunarstefnuna.

Dómari er óbundinn af þessu álitu sínu er hann endanlega afgreiðir málið síðar.

f. (227. gr.)

Nú telur dómari að eigi séu efni til að mál sæti meðferð samkvæmt kafla þessum og skal hann þá synja um útgáfu áskorunarstefnu með rökstuddri bókun í þingbók sé þess krafist. Þessari ákvörðun dómara verður ekki skotið til Hæstaréttar.

g. (228. gr.)

Stefnufrestur í þeim málum, er fara samkvæmt þessum kafla, skal vera skemmstur þrjú sólarhringar. Að öðru leyti skal um stefnufrest og stefnubirtingu fara eftir VIII. kafla.

h. (229. gr.)

Við þingfestingu máls skal stefnandi leggja fram tvö frumrit stefnu, þar af annað með stefnubirtingarvottorði, og eitt afrit að auki, ásamt skjölum þeim er hann byggir dómkröfur sínar á. Hafi dómari gefið út áskorunarstefnu skulu bæði frumritin vera með áritun hans en ella með áritun stefnanda.

i. (230. gr.)

Nú heldur stefndi uppi lögvörnum í málinu og skal málið þá sæta hinn almennu eða sérstöku meðferð einkamála eftir því sem við á hverju sinni. Dómari getur þessa í þingbók.

Ef stefndi gefur til kynna að hann ætli að halda uppi lögvörnum skal hann leggja fram greinargerð. Eftir að stefndi hefur lagt fram greinargerð sína skal stefnandi leggja fram greinargerð af sinni hálfu.

j. (231. gr.)

Nú verður útivíst af hálfu stefnda án þess að haldið sé uppi vörnum og ritar dómari þá eða stimplar samkvæmt kröfu stefnanda á frumrit stefnunnar að dómkröfurnar, svo og upphæð málskostnaðar eftir ákvörðun dómara, séu aðfararhæfar frá dagsetningu áritunar enda sé málalíbúningi stefnanda í engu áfátt.

k. (232. gr.)

Nú telur dómari eftir að hann hefur tekið mál til endanlegrar meðferðar að það fullnægi eigi skilyrðum til að sæta meðferð samkvæmt þessum kafla og skal hann þá víkja málinu til þeirrar meðferðar, er málið á að sæta, með bókun í þingbók og geta þar ástæðna til vikningarinnar.

Nú telur dómari að eigi sé unnt að gera kröfur stefnanda aðfararhæfar óbreyttar þar sem sýkna beri að hluta eða í heild eða frávísa beri að hluta og skal hann þá, á þann hátt er segir í 1. mgr., víkja málinu til venjulegrar eða sérstakrar meðferðar einkamála, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 234. gr.

l. (233. gr.)

Nú verður dómari þess var eftir að hann hefur tekið mál til endanlegrar afgreiðslu samkvæmt þessum kafla að því sé svo áfátt að efnisdómi megi eigi á það ljúka, hvorki samkvæmt almennri né sérstakri meðferð, eða stefnufrestur hefur verið of skammur, sbr. 228. gr., og skal hann þá vísa máli frá dómi með rökstuddri áritun á bæði frumrit stefnunnar.

m. (234. gr.)

Dómari skal byggja efnisúrlausn í málum samkvæmt þessum kafla á staðhæfingum stefnanda í stefnu um málsatvik enda fái þær staðhæfingar samrýmst málalíbúnaði hans og fari eigi í bága við þekktar staðreyndir.

Dómari getur í efnisúrlausn sinni breytt augljósum villum í stefnu til samræmis við skjöl þau er stefnandi byggir mál sitt á.

n. (235. gr.)

Áritun dómara á stefnu um frávísun eða aðfararhæfi hefur sama gildi og dómur í einkamálum. Áfrýjun á málum þessum frestar eigi aðför.

o. (236. gr.)

Eigi er heimilt að láta mál sæta meðferð samkvæmt þessum kafla ef birta þarf stefnu erlendis eða í opinberu blaði.

p. (237. gr.)

Að öðru leyti en nú hefur verið rakið skulu mál samkvæmt þessum kafla fara eftir gildandi reglum réttarfarslaga.

27. gr.

XX. kafli verði XXI. kafli og 223. og 224. gr. verði 238. og 239. gr.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1988 og skulu gilda um öll mál sem þingfest eru eftir þann tíma. Mál, sem þingfest eru fyrir þann tíma, skulu fara eftir eldri lögnum.

Jafnframt falla úr gildi lög um áskorunarmál, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, nr. 97 14. júlí 1978.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG

um breytingu á vegalögum, nr. 6 frá 25. mars 1977.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinads Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við e-lið 19. gr. laganna bætist: auk þess vega að loðdýrahúsum og fiskiræktarstöðvum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L.S.)

Magnús Thoroddsen.

Matthías Á. Matúiesen.

LÖG

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins,
nr. 60/1984, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

11. gr. laganna breytist sem hér segir:

- a. Upphaf greinarinnar orðist svo: Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán skv. 1.–10. tölul. o.s.frv.
- b. Á eftir 9. tölul. komi nýr töluliður er orðist svo:
10. Lán til almennra kaupleiguíbúða.

2. gr.

Á eftir 4. mgr. 13. gr., sbr. l. nr. 27/1987, komi ný málsgrein er orðist svo:

Einnig er heimilt að veita sveitarfélögum, félagasamtökum eða fyrirtækjum lán til að byggja eða kaupa nýjar almennar kaupleiguíbúðir enda hafi verið sýnt fram á að nauðsynlegt sé af sérstökum tilgreindum ástæðum að auka framboð íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu, sbr. 32. gr. Lánsfjárhæð má nema 70% af kostnaðaráætlun eða af raunverulegu kaupverði íbúðar, þó ekki hærri fjárhæð en 70% af kostnaðargrundvelli sem húsnæðismála-stjórn hefur samþykkt, sbr. 2. og 3. mgr. 31. gr.

3. gr.

Á eftir 5. mgr. 14. gr., sbr. l. nr. 27/1987, komi ný málsgrein er orðist svo:

Einnig er heimilt að veita sveitarfélögum, félagasamtökum eða fyrirtækjum lán til að kaupa almennar kaupleiguíbúðir enda hafi verið sýnt fram á að nauðsynlegt sé af sérstökum tilgreindum ástæðum að auka framboð íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu, sbr. 32. gr. Lán, að viðbættum áhvílandi lánum úr Byggingarsjóði ríkisins, má nema 70% af raunverulegu kaupverði íbúðar, þó ekki hærri fjárhæð en 70% af kostnaðargrundvelli sem húsnæðismála-stjórn hefur samþykkt, sbr. 2. og 3. mgr. 31. gr.

4. gr.

Á eftir 29. gr. laganna komi nýr undirkafli með 18 nýjum greinum. Fyrirsögn kaflans verði: **Lán til almennra kaupleiguíbúða**. Töluröð annarra greina breytist samkvæmt því.

a. (30. gr.)

Með almennum kaupleiguíbúðum er átt við íbúðir, byggðar eða keyptar á vegum sveitarfélaga, viðurkenndra félagasamtaka eða fyrirtækja, fjármagnaðar með lánum úr Byggingarsjóði ríkisins (70% lán og 15% lán) og 15% framlagi af hálfu sveitarfélaga, félagasamtaka eða fyrirtækja, þar sem íbúar eiga kost á því að velja um leigu eða kaup með þeim hætti er greinir í lögum þessum.

Þeir sem staðið geta að byggingu eða kaupum á almennum kaupleiguíbúðum eru sveitarfélög, félagasamtök eða fyrirtæki eða þessir aðilar í sameiningu, hér eftir nefndir framkvæmdaaðilar.

Með félagasamtökum er hér átt við almennasamtök sem starfa að húsnæðismálum með það að markmiði að koma á fót húsnæði og sjá um rekstur þess í þágu félagsmanna sinna.

Félagasamtökin skulu hafa hlotið staðfestingu félagsmálaráðherra að fenginni umsógn húsnæðismálastjórnar. Félagsmálaráðherra skal með reglugerð setja skilyrði um fjárhagslega ábyrgð félagasamtaka, t.d. um stofnun varasjóðs o.fl., sem og nánari ákvæði um skilyrði fyrir lánum til fyrirtækja.

Fyrirtæki, sem hér er átt við, geta verið einstaklingar, félög og aðrir aðilar sem reka sjálfstæða starfsemi og þurfa af brynni nauðsyn að koma upp íbúðarhúsnæði vegna starfsemi sinnar.

b. (31. gr.)

Heimilt er að veita framkvæmdaaðilum, sem þurfa af sérstökum tilgreindum ástæðum að auka framboð af íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu, sérstakt lán til almennra kaupleiguíbúða. Skilyrði er að umsækjendur eigi kost á láni til almennra kaupleiguíbúða skv. 13. eða 14. gr.

Fjárhæð láns nemi allt að 15% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúðar, þó ekki hærri fjárhæð en sem nemur 15% af þeim kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt og liggur til grundvallar lánveitingum úr Byggingarsjóði verkamanna.

Verði byggingarkostnaður meiri eða kaupverð íbúðar herra en kostnaðargrundvöllur að lánveitingu, sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt hjá Byggingarsjóði verkamanna, greiðir hlutadeigandi framkvæmdaaðili þann kostnað sem umfram er.

Lánstími lána samkvæmt þessari grein skal vera allt að 25 árum, sjá þó næstu málsgrein, en um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 30. gr. (verður 48. gr.).

Við sölu framkvæmdaaðila á íbúð, sbr. 39. gr., skal kaupandi greiða framkvæmdaaðila lánið á fimm árum samkvæmt nánari reglum er settar skulu í reglugerð.

c. (32. gr.)

Sá sem hyggst hefjast handa um byggingu eða kaup á almennum kaupleiguíbúðum samkvæmt lögum þessum skal senda húsnæðismálastjórn umsókn og komi þar fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími og áætlaður byggingarkostnaður. Með umsókn fylgi jafnframt greinargerð um stöðu og horfur byggingarframkvæmda á vegum framkvæmdaaðila. Í greinargerð skal liggja fyrir áætluð byggingarþörf næstu þrjú árin og helstu forsendur fyrir þeirri þörf sem áætluð er.

Skilyrði fyrir því, að húsnæðismálastjórn veiti allt að 70% lán skv. 13. eða 14. gr. og allt að 15% lán skv. 31. gr., er að í greinargerð með umsókn komi í ljós að í hlutadeigandi sveitarfélagi þurfi af sérstökum ástæðum að auka framboð húsnæðis. Húsnæðismálastjórn skal við úthlutun lána jafnan hafa til hliðsjónar stöðu húsnæðismála í sveitarfélaginu, einkum stöðu byggingarframkvæmda á síðastliðnum árum og þörf á íbúðarhúsnæði á næstu þremur árum.

Framkvæmdaaðilar bera fulla ábyrgð á byggingu eða kaupum á almennum kaupleiguíbúðum í sveitarfélaginu. Standi félagasamtök eða fyrirtæki ein að framkvæmdum skulu þær hafa hlotið samþykki viðkomandi sveitarstjórnar.

Um leið og umsókn samkvæmt þessari grein er lögð fram skuldbindur framkvæmdaaðili sig til þess að afla framlags sem nemi 15% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúðar. Fari byggingarkostnaður eða kaupverð fram yfir kostnaðargrundvöll lána Byggingarsjóðs verkamanna ber framkvæmdaaðili einn þann umframkostnað.

Með umsókn fylgi staðfesting á því að fjármögnun á framlagi skv. 4. mgr. liggja fyrir.

d. (33. gr.)

Eigi skal ganga frá framkvæmdum né kaupum á almennum kaupleiguíbúðum fyrr en borist hefur staðfesting húsnæðismálastjórnar um byggingarkostnað, húsaagerð, íbúðarstærð, framkvæmdahraða og önnur helstu framkvæmdaatriði.

Ekki skulu veitt lán til nýbygginga sem eru stærri en 130 m² brúttó. Stærðarútreikningur íbúða skal nánar tilgreindur í reglugerð.

Eftir því sem við verður komið skal ekki byggja eða kaupa almennar kaupleiguíbúðir þar sem kvöð er um bílskúr eða bílskýli. Sé hins vegar nauðsynlegt af skipulagsástæðum að bílskúr eða bílskýli fylgi íbúð verður ekki lánað vegna þess kostnaðarauka sem það hefur í för með sér. Þó er heimilt að víkja frá þeirri reglu þegar um fatlaða er að ræða sem þurfa nauðsynlega á bílskúr eða bílskýli að halda vegna fötlunar sinnar.

e. (34. gr.)

Framkvæmdaaðilar, sem fá lán úr Byggingarsjóði ríkisins til almennra kaupleiguíbúða, þ.e. annars vegar lán, sbr. 13. eða 14. gr. (70%), og hins vegar sérstakt lán til kaupleiguíbúða (15%), sbr. 31. gr., skulu sjá um að afla 15% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúðar.

Framkvæmdaaðilum er einnig heimilt að selja skuldabréf öldruðum eða öryrkjum sem með kaupum á þeim vilja tryggja sér afnotarétt á íbúð, sbr. 38. gr., fyrir 15% af kostnaðarverði.

Einnig er framkvæmdaaðila heimilt að selja einstaklingum skuldabréf, sem með kaupum á þeim vilja tryggja sér afnotarétt á íbúð, sbr. 38. gr., fyrir 30% af kostnaðarverði enda sé þá eingöngu um lán að ræða skv. 13. eða 14. gr.

Skuldabréf skv. 2. og 3. mgr. skulu vera tryggð samkvæmt lánskjaravísitölu en vaxtalaus.

Í skuldabréfum skv. 2. og 3. mgr. skulu vera ákvæði um að skylt sé að innleysa þau ef eigandi þeirra segir upp leigusamningi á íbúðinni, svo og við andlát hans, sbr. þó 6. mgr. 38. gr.

f. (35. gr.)

Ráðstöfun almennra kaupleiguíbúða í hverju sveitarfélagi er á vegum framkvæmdaaðila.

Framkvæmdaaðila ber að kynna á opinberum vettvangi þær úthlutunarreglur sem gilda hverju sinni.

g. (36. gr.)

Sá sem fengið hefur úthlutað almennri kaupleiguíbúð getur valið um leigu með kauprétti, sbr. 37. gr., leigu með kaupum á eignarhlut í íbúð, sbr. 38. gr., eða kaup á íbúðinni, sbr. 39. gr.

Framkvæmdaaðila er óheimilt að ákveða fyrir fram hvort íbúð verður leigð eða seld.

h. (37. gr.)

Um leigu með kauprétti skal gerður skriflegur samningur milli aðila.

Í samningnum felst leigusamningur þar sem leigutaki á rétt á því að festa kaup á íbúðinni innan ákveðins tíma. Framkvæmdaaðili ákveður frest sem leigutaki hefur til að neyta kaupréttar og skal sá frestur kynntur leigjanda. Frestur sá skal þó eigi vera skemmri en fimm ár.

Með leigusamningi með kauprétti stofnast persónulegur réttur leigutaka til afnota af íbúð og til kaupa á henni. Í samningnum skal koma skýrt fram hvaða kjör eru í boði verði kaupréttarins neytt. Réttur þessi er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Þó getur framkvæmdaaðili heimilað að maki yfirtaki leiguíbúð með kauprétti við andlát leigutaka, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi.

Meðan leigutaki, sem á kauprétt á íbúð, stendur í skilum að sínu leyti eiga uppsagnarákvæði laga um húsaleigusamninga ekki við. Verði hins vegar vanefndir af hans hálfu má rifta leigusamningi í samræmi við ákvæði laga um húsaleigusamninga.

Framkvæmdaðili skal senda tilkynningu til leigutaka um lokafrest hans til að neyta kaupréttar þremur mánuðum áður en sá frestur rennur út. Neyti leigjandi ekki kaupréttar eiga ákvæði laga um húsaleigusamninga um uppsögn á leiguhúsnæði við frá þeim tíma er fyrrnefndur frestur rann út.

Leigugjald miðast við afborganir og vexti af lánum Byggingarsjóðs ríkisins og vaxtakostnað af framlagi framkvæmdaaðila þegar það á við, auk almenns rekstrarkostnaðar. Leiga greiðist með jöfnum mánaðarlegum afborganum. Um ákvörðun húsaleigu skal kveðið nánar á í reglugerð.

Að öðru leyti gilda lög nr. 44/1979, um húsaleigusamninga, eftir því sem við á, m.a. um heimild framkvæmdaaðila til að rifta samningi ef íbúð er framleigð án heimildar.

i. (38. gr.)

Heimilt er að tryggja leigutaka ótímabundinn afnotarétt á íbúð með því að selja honum eignarhlut í íbúð fyrir 30% kostnaðarverðs eða kaupverðs íbúðar með þeim kvöðum að eignarhlutur hans standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni. Þegar um elli- eða örorkulífeyrisþega er að ræða er heimilt að eignarhlutur þeirra nemi 15–30%.

Frá og með undirritun samnings um kaup leigutaka á eignarhlut í íbúð, sbr. 1. mgr., eiga ákvæði laga um húsaleigusamninga um uppsögn leigusala á húsnæði ekki við, enda verði ekki um meiri háttar vanefndir af hálfu leigutaka að ræða.

Leigutaki ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi húsnæðisins í samræmi við eignarhlut sinn enda lækki leigugjald sem því nemi. Nánari ákvæði um félagsskap í tengslum við reksturinn má setja í reglugerð.

Eftir að kaup á eignarhlut í íbúð samkvæmt þessari grein hafa farið fram lækkar leigugjald sem nemur vöxtum af því framlagi sem leigutaki hefur fest kaup á.

Eignarhlut leigutaka, sbr. 1. mgr., skal þinglýst sem kvöð á íbúðinni.

Réttur leigutaka til íbúðar samkvæmt þessari grein er persónulegur, þ.e. er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Hætti leigutaki afnotum af íbúð skal eignarhluturinn endurgreiddur með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu, án vaxta. Framkvæmdaðili getur þó heimilað að réttur til afnota af íbúð með eignarhlut færist yfir til maka við andlát leigutaka, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi.

Um heimild framkvæmdaaðila til að rifta leigusamningi, ef íbúð er framleigð í heimildarleysi, gilda ákvæði laga um húsaleigusamninga, nr. 44/1979, með síðari breytingum.

j. (39. gr.)

Tilkynni leigutaki innan tilskilins frests, sbr. 37. gr., að hann hyggist neyta kaupréttar síns skal gerður skriflegur kaupsamningur milli aðila enda sé áður staðfest af hálfu Húsnæðisstofnunar ríkisins að leigutaki eigi lánsrétt skv. 12. gr.

Kaupverð íbúðar er upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð, framreiknað samkvæmt vísitölu lánskjara. Frá því verði skal draga 1% fyrningu fyrir hvert ár sem liðið er frá þeim tíma er upphaflegt kostnaðarverð eða síðasta söluverð var ákveðið. Við framreiknað verð íbúðarinnar má bæta kostnaðarverði endurbóta sem á henni hafa verið gerðar.

Við kaupin greiðir kaupandi eftirfarandi útgjöld:

1. ársvexti, afborganir og verðbætur af áhvilandi lánum Byggingarsjóðs ríkisins,
2. 15% framlag sem aflað hefur verið af hálfu framkvæmdaaðila; framlagið skal framreiknað skv. 44. gr. Lánstími verði allt að 30 árum,
3. vaxtakostnað af 15% framlagi; heimilt er framkvæmdaaðila að ákveða að kaupandi greiði hærri vexti af framlagi en greiddir voru samkvæmt leigusamningi, allt að þeim vöxtum er framkvæmdaaðili greiðir lánardrottnei sínum.

Jafnframt ber kaupandi ábyrgð á öllum gjöldum vegna íbúðarinnar, svo og ábyrgð á rekstri hennar og viðhaldi samkvæmt almennum reglum.

Réttur kaupanda, sem stofnast við kaupsamning á almennri kaupleiguíbúð, er persónulegur réttur. Hann er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Þó getur framkvæmdaaðili heimil að nafnaskipti á íbúð í sérstökum tilfellum, sbr. 45. gr.

Kaupandi greiðir kaupverðið, sbr. 1.–3. tölul. 3. mgr. þessarar greinar, til framkvæmdaaðila með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Þó að undanskildu 15% láni úr Byggingarsjóði ríkisins er skal gjaldfellt og endurgreitt framkvæmdaaðila á fimm árum á sömu kjörum og gilda um skuldabréfakaup lífeyrissjóða hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Framkvæmdaaðili skal sjá um að greiða afborganir af láni eða lánnum Byggingarsjóðs ríkisins þar til afsal er gefið út.

Ef kaupandi ætlar að selja íbúðina áður en framlag til framkvæmdaaðila er greitt að fullu skal hann gera full skil við framkvæmdaaðila um greiðslu á framlaginu.

Kaupanda er óheimilt að veðsetja almenna kaupleiguíbúð meðan hann hefur ekki að fullu greitt framlag til framkvæmdaaðila, nema að fengnu veðleyfi hans.

k. (40. gr.)

Pegar kaupandi hefur að fullu greitt framlag til framkvæmdaaðila og staðið í skilum með aðrar greiðslur fær hann afsal fyrir íbúðinni og yfirtekur um leið áhvílandi veðskuldir.

Í afsali skal tekið fram að íbúðin sé háð ákvæðum laga þessara eins og þau verða á hverjum tíma.

l. (41. gr.)

Kaupanda almennrar kaupleiguíbúðar, sbr. 39. og 40 gr., er óheimilt að leigja hana út nema að fengnu leyfi framkvæmdaaðila. Ef ekki er farið eftir settum reglum um þetta efnis skal fella niður verðbætur til eiganda þann tíma sem íbúðin hefur verið leigð án heimildar.

Framkvæmdaaðila er heimilt að gjaldfella 15% lán sitt til kaupanda ef íbúð er leigð án samþykkis hans.

m. (42. gr.)

Framkvæmdaaðili hefur kaupskyldu á almennum kaupleiguíbúðum, fyrstu fimm árin frá útgáfu afsals, á verði sem tilgreint er í 44. gr. Eftir þann tíma á framkvæmdaaðili forkaupsrétt á kaupleiguíbúðum sem boðnar eru til sölu.

Pegar kaupleiguíbúðir, sem forkaupsréttur er á, eru til sölu skal eigandi senda tilkynningu þess efnis til viðkomandi aðila. Sveitarstjórn eða annar framkvæmdaaðili skal tilkynna eiganda afstöðu sína skriflega innan 30 daga. Berist tilkynning ekki innan þess tíma telst forkaupsrétti hafnað.

Hafni framkvæmdaaðili forkaupsrétti á almennri kaupleiguíbúð eða hafi íbúð verið í eigu sama aðila í 30 ár, miðað við útgáfu afsals, er eiganda heimilt að selja íbúðina á frjálsum markaði, enda greiði hann upp skuld gagnvart framkvæmdaaðila. Framkvæmdaaðili skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar allar kvaðir sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst.

n. (43. gr.)

Framkvæmdaaðili skal sjá um að leysa inn og endurselja almennar kaupleiguíbúðir þegar forkaupsréttar er neytt.

Við innlausn íbúðar skal seljandi fá endurgreitt það framlag sem hann hefur greitt til framkvæmdaaðila og þær afborganir sem hann hefur greitt af lánnum Byggingarsjóðs ríkisins frá þeim tíma þegar kaupsamningur var gerður. Við greiðslur þessar bætast verðbætur samkvæmt vísitölu lánskjara frá greiðsludegi til söludags.

Þá skal seljandi íbúðarinnar fá greiddar þær endurbætur sem hann hefur gert á fasteigninni frá og með gerð kaupsamnings samkvæmt samkomulagi milli aðila eða að mati sérstakra matsmanna.

Frá greiðslu til seljanda skal draga fyrningu sem nemur 1% af framreiknuðu verði íbúðarinnar fyrir hvert ár fyrstu 20 árin frá gerð kaupsamnings. Eftir þann tíma er heimilt að lækka fyrninguna í ½% fyrir hvert ár ef íbúð og sameign er vel við haldið.

Vanræksla á viðhaldi íbúðarinnar frá og með gerð kaupsamnings skal einnig koma til frádráttar frá greiðslu til seljanda samkvæmt samkomulagi eða að mati sérstakra matsmanna. Sama gildir um lausaskuldir og vangreidd gjöld vegna íbúðarinnar.

Kostnað af mati greiðir sá sem óskaði eftir því.

o. (44. gr.)

Framkvæmdaaðili skal annast útreikning á söluverði almennra kaupleiguíbúða þar sem kaupskyldu eða forkaupsréttar er neytt. Húsnæðisstofnun ríkisins skal staðfesta útreikninginn. Ágreiningi milli aðila um verðlagningu íbúðanna skal vísa til húsnæðismálastjórnar sem sker úr um hann með rökstuddri ákvörðun.

Við endursölu íbúðar skal framreikna upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð samkvæmt vísitölu lánskjara frá gerð kaupsamnings til söludags.

Frá því verði skal draga 1% fyrningu fyrir hvert ár sem seljandi hefur átt íbúðina. Eftir 20 ár frá gerð kaupsamnings er heimilt að lækka fyrninguna í ½% fyrir hvert ár ef íbúð og sameign er vel við haldið.

Við framreiknað verð íbúðarinnar má bæta kostnaðarverði endurbóta sem á henni hafa verið gerðar.

Ef uppfærðar eftirstöðvar yfirtekinna lána nema lægri fjárhæð en 85% (70% og 15%) af endursöliverði íbúðarinnar er heimilt að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins þannig að heildarlán til kaupanda nemi allt að 85% af söliverði íbúðarinnar.

Heildarlán má þó ekki nema hærri fjárhæð en 85% af kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

p. (45. gr.)

Framkvæmdaaðili getur heimilað nafnaskipti á íbúðum án sölu við andlát leigutaka, hjónaskilnað eða kaupmála milli hjóna, setu í óskiptu búi, arftöku eða önnur áþekk tilfelli.

q. (46. gr.)

Nú er almenn kaupleiguíbúð seld á nauðungaruppboði og skal framkvæmdaaðili þá neyta forkaupsréttar síns og krefjast þess á uppboðsþingi að eignin verði lögð honum út til eignar á því verði sem hæst hefur verið boðið í eignina eða söliverði skv. 44. gr. ef það er lægra en hæsta boð. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni.

r. (47. gr.)

Að öðru leyti gilda lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986, um réttarsamband þetta.

5. gr.

Við 30. gr. laganna (verður 48. gr.), sbr. l. nr. 54/1986, bætist ný málsgrein er hljóði svo:

Lán skv. 10. tölul. 11. gr. endurgreiðast með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum veðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á eftirstöðvum lánstímans. Greiða skal afborgun strax á fyrsta ári. Gjald dagar skulu eigi vera færri en fjórir á ári.

6. gr.

Við síðari mgr. 33. gr. (verður 50. gr.) bætist nýr stafliður er hljóði svo:

- d. Félagslegar kaupleiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar á vegum sveitarfélaga eða félagasamtaka og ætlaðar eru láglaunafólki eða öðrum þeim sem af félagslegum ástæðum þurfa aðstoð við húsnæðisöflun og fullnægja skilyrðum laga þessara um lánveitingar úr Byggingarsjóði verkamanna. Um félagslegar kaupleiguíbúðir gilda ákvæði VI. kafla laga þessara.

7. gr.

Við 37. gr. (verður 54. gr.) bætist ný málsgrein er hljóði svo:

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um félagslegar kaupleiguíbúðir skv. VI. kafla laga þessara.

8. gr.

Á eftir V. kafla laganna komi nýr kafli með 17 nýjum greinum. Fyrirsögn kafllans verði VI. KAFLI. **Félagslegar kaupleiguíbúðir.** Töluröð annarra kafla og greina breytist samkvæmt því.

a. (85. gr.)

Með félagslegum kaupleiguíbúðum er í lögum þessum átt við íbúðir, byggðar eða keyptar á vegum sveitarfélaga eða félagasamtaka, fjármagnaðar með láni úr Byggingarsjóði verkamanna og fjármagni á vegum sveitarfélags eða félagasamtaka, þar sem íbúar, sem fullnægja ákvæðum laga um lánveitingar úr Byggingarsjóði verkamanna, eiga kost á að velja um leigu eða kaup með þeim hætti er greinir í lögum þessum.

Þeir sem staðið geta að byggingum eða kaupum á félagslegum kaupleiguíbúðum eru annars vegar sveitarfélög og hins vegar félagasamtök eða þessir aðilar í sameiningu, hér eftir nefndir framkvæmdaaðilar.

b. (86. gr.)

Nú samþykkir sveitarstjórn að hefjast handa um byggingu eða kaup á félagslegum kaupleiguíbúðum samkvæmt lögum þessum og sendir sveitarstjórn þá húsnæðismálastjórn tilkynningu um þá ákvörðun sína. Jafnframt sendir sveitarstjórn Byggingarsjóði verkamanna formlega umsókn um lán til framkvæmdanna eða kaupanna og komi þar fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími og áætlaður byggingarkostnaður. Með umsókn fylgi jafnframt greinargerð um stöðu félagslegra íbúðabygginga og áætlaðan fjölda íbúa sem af félagslegum ástæðum þarf aðstoð við húsnæðisöflun. Í greinargerð skal liggja fyrir áætlun byggingarþörf næstu þrjú árin og helstu forsendur fyrir þeirri þörf sem áætlun er.

Á sama hátt skulu viðurkennd félagasamtök, sem hyggjast standa að byggingu eða kaupum á félagslegum kaupleiguíbúðum, senda inn umsókn til Byggingarsjóðs verkamanna. Standi félagasamtökin ein að framkvæmdunum skulu þær hafa hlotið samþykki sveitarstjórnar. Með félagasamtökum er hér átt við almennasamtök sem starfa að húsnæðismálum með það að markmiði að koma á fót húsnæði og sjá um rekstur þess í þágu félagsmanna sinna.

Félagasamtökin skulu hafa hlotið staðfestingu félagsmálaráðherra. Félagsmálaráðherra skal með reglugerð setja skilyrði um fjárhagslega ábyrgð félagasamtaka, t.d. um stofnun varasjóðs o.fl.

Með umsókn um lán samkvæmt þessari grein skuldbindur framkvæmdaaðili sig til þess að afla framlags sem nemi 15% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúðar. Með umsókn fylgi staðfesting á því að fjármögnun á framlagi liggja fyrir.

c. (87. gr.)

Eigi skal hefja framkvæmdir né ganga frá kaupum á félagslegum kaupleiguíbúðum fyrr en borist hefur staðfesting húsnæðismálastjórnar um byggingarkostnað, húsgerð, íbúðarstærð, framkvæmdahraða og önnur helstu framkvæmdaatriði. Um atriði þessi gilda ákvæði 41.–43. gr. (verður 58.–60. gr.), þar á meðal um framkvæmdalánssamning Húsnæðisstofnunar við framkvæmdaaðila.

Ekki skulu veitt lán til nýbygginga sem eru stærri en 130 m² brúttó. Stærðarútreikningur íbúða skal nánar tilgreindur í reglugerð.

Eftir því sem við verður komið skal ekki byggja eða kaupa félagslega kaupleiguíbúð þar sem kvöð er um bílskúr eða bílskýli. Sé hins vegar nauðsynlegt af skipulagsástæðum að bílskúr eða bílskýli fylgi íbúð verður ekki lánað vegna þess kostnaðarauka sem það hefur í för með sér. Þó er heimilt að víkja frá þeirri reglu þegar um fatlaða er að ræða sem þurfa nauðsynlega á bílskúr eða bílskýli að halda vegna fötlunar sinnar.

d. (88. gr.)

Lán Byggingarsjóðs verkamanna til félagslegra kaupleiguíbúða mega nema allt að 85% af byggingarkostnaði eða kaupverði, þó ekki hærrí fjárhæð en 85% af þeim kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

Framkvæmdaaðilar bera fulla ábyrgð á byggingu eða kaupum á félagslegum kaupleiguíbúðum í sveitarfélaginu.

Verði byggingarkostnaður meiri eða kaupverð íbúðar hærra en ofangreindur kostnaðargrundvöllur greiðir hlutadeigandi framkvæmdaaðili þann kostnað sem umfram er.

Um lánskjör gilda ákvæði 49. gr. (verður 66. gr.), sbr. þó sérreglu 5. mgr. 93. gr. um endurskoðun á lánskjörum þegar kaupsamningur er gerður og sérreglu í 5. mgr. þessarar greinar.

Eftir að kaupsamningur hefur verið gerður á félagslegri kaupleiguíbúð endurskoðar Byggingarsjóður verkamanna tekjur kaupanda að átta árum liðnum frá undirritun kaupsamnings og upp frá því á fimm ára fresti. Leiði sú endurskoðun í ljós að tekjur kaupanda eru yfir þeim tekjumörkum sem gilda hverju sinni skv. 44. gr. (verður 61. gr.), skal breyta vaxtakjörum þannig að þau verði hin sömu og gilda um lán til almennra kaupleiguíbúða. Sinni kaupandi ekki upplýsingaskyldu sinni um tekjur þegar endurskoðun vaxtakjara fer fram, þrátt fyrir umleitun framkvæmdaaðila, verða vaxtakjörin færð til samræmis við þau sem gilda um almennar kaupleiguíbúðir.

e. (89. gr.)

Framkvæmdaaðilar, sem fá úthlutað láni úr Byggingarsjóði verkamanna til félagslegra kaupleiguíbúða, skulu sjá um að afla 15% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúðar.

f. (90. gr.)

Framkvæmdaaðili skal sjá um að ráðstafa félagslegum kaupleiguíbúðum.

Til greina við úthlutun íbúðar koma þeir sem uppfylla skilyrði 44. gr. (verður 61. gr.).

g. (91. gr.)

Sá sem fengið hefur úthlutað félagslegri kaupleiguíbúð getur valið um leigu með kauprétti, sbr. 92. gr., eða kaup, sbr. 93. gr.

Framkvæmdaaðila er óheimilt að ákveða fyrir fram hvort íbúð verði leigð eða seld.

h. (92. gr.)

Um leigu með kauprétti skal gerður skriflegur leigusamningur milli aðila.

Í samningnum felst leigusamningur þar sem leigutaki á rétt á því að festa kaup á íbúðinni innan ákveðins tíma. Framkvæmdaaðili ákveður frest sem leigutaki hefur til að

neyta kaupréttar og skal sá frestur kynntur leigjanda. Frestur sá skal þó eigi vera skemmri en fimm ár.

Með leigusamningi með kauprétti stofnast persónulegur réttur leigutaka til afnota af íbúð og til kaupa á henni. Í samningnum skal koma skýrt fram hvaða kjör eru í boði verði kaupréttarins neytt. Réttur þessi er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Þó getur framkvæmdaðili heimilað að maki yfirtaki leiguíbúð með kauprétti við andlát leigutaka, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi.

Meðan leigutaki, sem á kauprétt á íbúð, stendur í skilum að sínu leyti eiga uppsagnarákvæði laga um húsaleigusamninga ekki við. Verði hins vegar vanefndir af hans hálfu má rifta leigusamningi í samræmi við ákvæði laga um húsaleigusamninga.

Framkvæmdaðili skal senda tilkynningu til leigutaka um lokafrest hans til að neyta kaupréttar þremur mánuðum áður en sá frestur rennur út. Neyti leigjandi eigi kaupréttar eiga ákvæði laga um húsaleigusamninga um uppsögn á leiguhúsnaði við frá þeim tíma er fyrirnefndur frestur rann út.

Leigugjald miðast við afborganir og vexti af láni Byggingarsjóðs verkamanna og vaxtakostnað af framlagi framkvæmdaaðila, að viðbættum almennum rekstrarkostnaði. Við ákvörðun á vaxtakostnaði af framlagi framkvæmdaaðila skal við það miðað að vextir verði að hámarki þeir sömu og eru á hverjum tíma af lánum nýrra eða notaðra íbúða hjá Byggingarsjóði ríkisins. Leiga greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Nánari reglur um ákvörðun húsaleigu skulu settar í reglugerð.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 44/1979, um húsaleigusamninga, eftir því sem við á, m.a. um heimild framkvæmdaaðila til að rifta leigusamningi ef íbúð er framleigð án heimildar.

i. (93. gr.)

Tilkynni leigutaki innan tilskilins frests, sbr. 92. gr., að hann hyggist neyta kaupréttar síns skal gerður skriflegur kaupsamningur milli aðila.

Kaupverð íbúðar er upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð, framreiknað samkvæmt vísitölu lánskjara. Frá því verði skal draga 1% fyrningu fyrir hvert ár sem liðið er frá þeim tíma er upphaflegt kostnaðarverð eða síðasta söluverð var ákveðið. Við framreiknað verð íbúðarinnar má bæta kostnaðarverði endurbóta sem á henni hafa verið gerðar.

Við kaupin greiðir kaupandi eftirfarandi útgjöld:

1. ársvexti, afborganir og verðbætur af áhvílandi láni Byggingarsjóðs verkamanna;
2. 15% framlag sem aflað hefur verið af hálfu framkvæmdaaðila; framlagið skal framreiknað samkvæmt ákvæði 97. gr. Lánstími verði allt að 30 árum;
3. vaxtakostnað af 15% framlagi; heimilt er framkvæmdaaðila að ákveða að kaupandi greiði hærri vexti af framlagi en greiddir voru samkvæmt leigusamningi, sbr. 92. gr., allt að þeim vöxtum er framkvæmdaaðili greiðir lánardrottni sínum.

Jafnframt ber kaupandi ábyrgð á gjöldum vegna íbúðarinnar samkvæmt almennum reglum svo og ábyrgð á rekstri hennar og viðhaldi.

Ef kaupandi, sem áður hefur haft íbúðina á leigu, er yfir þeim tekjumörkum sem gilda hverju sinni skv. 44. gr. (verður 61. gr.) á þeim tíma sem kaupsamningur er undirritaður skal breyta kjörum láns Byggingarsjóðs verkamanna þannig að það verði með sömu kjörum og um væri að ræða lán til almennra kaupleiguíbúða.

Réttur kaupanda, sem stofnast við kaupsamning á félagslegri kaupleiguíbúð, er persónulegur réttur. Hann er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Þó getur framkvæmdaaðili heimilað nafnaskipti á íbúð í sérstökum tilfellum, sbr. 99. gr.

Kaupandi greiðir kaupverð samkvæmt þessari grein með jöfnum mánaðarlegum greiðslum til framkvæmdaaðila, þar á meðal greiðslur af láni Byggingarsjóðs verkamanna.

Framkvæmdaaðili skal sjá um greiðslur afborgana af láni til Byggingarsjóðs verkamanna þar til afsal er gefið út.

Ef kaupandi ætlar að selja íbúðina áður en framlag til framkvæmdaaðila er að fullu greitt skal hann gera full skil við framkvæmdaaðila um greiðslu á framlaginu.

Kaupanda er óheimilt að veðsetja félagslega kaupleiguíbúð meðan hann hefur ekki greitt að fullu framlag til framkvæmdaaðila, nema að fengnu veðleyfi hans.

j. (94. gr.)

Þegar kaupandi hefur að fullu greitt framlag til framkvæmdaaðila skv. 93. gr. og staðið í skilum með aðrar greiðslur fær hann afsal að íbúðinni og yfirtekur um leið áhvílandi veðskuldir.

Í afsali skal tekið fram að íbúðin sé háð ákvæðum laga þessara eins og þau verða á hverjum tíma.

Ekki skal greiða stimpilgjald af afsölum fyrir félagslegum kaupleiguíbúðum en kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

k. (95. gr.)

Íbúðareiganda er óheimilt að leigja félagslega kaupleiguíbúð nema að fengnu samþykki framkvæmdaaðila. Ef ekki er farið eftir settum reglum um þetta efni skal fella niður verðbætur til eiganda þann tíma sem íbúðin hefur verið í leigu án heimildar.

Framkvæmdaaðila er heimilt að gjaldfella 15% lán sitt til kaupanda ef íbúð er leigð án hans samþykkis.

l. (96. gr.)

Framkvæmdaaðili hefur kaupskyldu á félagslegum kaupleiguíbúðum við verði, sem tilgreint er í 97. gr., fyrstu 15 árin frá útgáfu afsals. Eftir þann tíma á framkvæmdaaðili forkaupsrétt á kaupleiguíbúðum sem boðnar eru til sölu.

Þegar félagslegar kaupleiguíbúðir, sem sveitarfélag eða félagasamtök hafa forkaupsrétt á, eru til sölu skal eigandi senda tilkynningu þess efnis til sveitarstjórnar eða annars framkvæmdaaðila. Framkvæmdaaðili skal tilkynna eiganda afstöðu sína skriflega innan 30 daga. Berist tilkynning ekki innan þess tíma telst forkaupsrétti hafnað.

Hafni sveitarstjórn eða félagasamtök forkaupsrétti á félagslegri kaupleiguíbúð eða hafi íbúð verið í eigu sama aðila í 30 ár, miðað við útgáfu afsals, er eiganda heimilt að selja íbúðina á frjálsum markaði, enda greiði hann upp áhvílandi, uppfærðar eftirstöðvar láns Byggingarsjóðs verkamanna, svo og skuld gagnvart sveitarfélagi. Framkvæmdaaðili skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar allar kvaðir sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst.

m. (97. gr.)

Framkvæmdaaðili skal annast útreikning á söluverði félagslegra kaupleiguíbúða þar sem kaupskylda gildir eða forkaupsréttar er neytt. Húsnæðisstofnun ríkisins skal staðfesta útreikninginn. Ágreiningi milli aðila um verðlagningu íbúðanna skal vísað til matsnefndar félagslegra íbúða.

Við innlausn íbúðar skal seljandi fá endurgreitt það fjármagn sem hann hefur greitt skv. 2. og 3. tölul. 3. mgr. 93. gr. og þær afborganir sem hann hefur greitt af láni Byggingarsjóðs verkamanna frá þeim tíma sem kaupsamningur var gerður. Við greiðslur þessar bætast verðbætur samkvæmt vísitölu lánskjara frá greiðsludegi til söludags.

Þá skal seljandi íbúðarinnar fá greiddar þær endurbætur sem hann hefur gert á fasteigninni frá gerð kaupsamnings samkvæmt samkomulagi milli aðila eða að mati sérstakra matsmanna.

Frá greiðslu til seljanda skal draga fyrningu sem nemur 1% af framreiknuðu verði íbúðarinnar fyrir hvert ár fyrstu 20 árin frá gerð kaupsamnings. Eftir þann tíma er heimilt að lækka fyrninguna í ½% fyrir hvert ár ef íbúð og sameign er vel við haldið.

Vanræksla á viðhaldi íbúðarinnar skal frá og með gerð kaupsamnings einnig koma til frádráttar frá greiðslu til seljanda samkvæmt samkomulagi eða að mati sérstakra matsmanna. Sama gildir um lausaskuldir og vangreidd gjöld vegna íbúðarinnar.

Kostnað af mati greiðir sá aðili sem óskaði eftir því.

n. (98. gr.)

Við endursölu íbúðar skal framreikna upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð samkvæmt vísitölu lánskjara frá þeim tíma þegar kaupsamningur var gerður til söludags. Frá því verði skal draga 1% fyrningu fyrir hvert ár sem seljandi hefur átt íbúðina. Eftir 20 ár frá gerð kaupsamnings er heimilt að lækka fyrninguna í ½% fyrir hvert ár ef íbúð og sameign er vel við haldið. Við framreiknað verð íbúðarinnar má bæta kostnaðarverði endurbóta sem á henni hafa verið gerðar.

Ef uppfærðar eftirstöðvar yfirtekinna lána nema lægri fjárhæð en 85% af endursöluverði íbúðarinnar er heimilt að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði verkamanna þannig að heildarlán til kaupanda nemi allt að 85% af söluverði íbúðarinnar.

Heildarlán má þó ekki nema hærri fjárhæð en 85% af kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

o. (99. gr.)

Framkvæmdaaðili getur heimilað nafnaskipti á íbúðum án sölu við andlát leigutaka, hjónaskilnað eða kaupmála milli hjóna, setu í óskiptu búi, arftöku eða önnur áþekk tilfelli.

p. (100. gr.)

Nú er félagsleg kaupleiguíbúð seld á nauðungaruppboði og skal framkvæmdaaðili þá neyta forkaupsréttar síns og krefjast þess á uppboðsþingi að eignin verði lögð honum út til eignar á því verði sem hæst hefur verið boðið í eignina eða söluverði skv. 97. gr. ef það er lægra en hæsta boð. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni.

q. (101. gr.)

Að öðru leyti gilda lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986, um réttarsamband þetta.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlötið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Magnús Thoroddsen.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG

um framhaldsskóla.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinna

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til náms á framhaldsskólastigi er tekur við af skyldunámsstigi og allt til háskólastigs, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. Framhaldsskólar er samnefni þeirra skóla er undir lög þessi falla. Þeir eru: menntaskólar, fjölbrautaskólar, iðnfræðsluskólar svo og skólar sem veita sérhæft nám á framhaldsskólastigi. Enn fremur framhaldsdeildir við grunnskóla sem menntamálaráðuneytið heimilar. Einstakar skólastofnanir geta borið sérstakt nafn, t.d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki.

Setja skal reglugerð um sérskóla sem starfa samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI

Hlutverk.

2. gr.

Hlutverk framhaldsskóla er eftirfarandi:

- að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi með því að skapa skilyrði til náms og þroska við allra hæfi,
- að búa nemendur undir störf í atvinnulífinu með sérnámi er veiti starfsréttindi,
- að búa nemendur undir nám í sérskólum og á háskólastigi með því að veita þeim þekkingu og þjálfun í vinnubrögðum.

III. KAFLI

Stofnun og bygging framhaldsskóla.

3. gr.

Ríki eða sveitarfélög, eitt eða fleiri, geta haft frumkvæði að stofnun nýs framhaldsskóla, en skóli verður þó eigi stofnaður nema með samþykki Alþingis. Ákvæði þetta á þó ekki við um skóla sem stofnaðir kunna að verða samkvæmt ákvæðum 38. gr.

Standi ríki og sveitarfélag/félög sameiginlega að stofnun framhaldsskóla skal gera samning milli aðila um nýframkvæmdir, stofnbúnað og endurbyggingu húsnæðis sem ríki og sveitarfélög samþykkja að standa að vegna framhaldsskóla. Þar skulu m.a. vera ákvæði um stjórn hönnunar og framkvæmda, hönnun, byggingarhraða og greiðslustreymi. Heimilt er að fela sveitarfélögum, sem aðild eiga að framhaldsskóla, að fara með undirbúning og umsjón með byggingarframkvæmdum.

Samningar um framkvæmdir skulu undirritaðir af menntamálaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og hlutadeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum hins vegar. Fjármálaráðherra skal kynna fjárveitinganefnd slíka samninga.

Kostnaður við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% áætlaðs kostnaðar samkvæmt viðmiðunarreglum (normkostnaður)

þegar sveitarfélag eða sveitarfélög annast ráðningu hönnuða og verkframkvæmd. Hluttur sveitarfélags eða sveitarfélaga er þá sá hluti kostnaðar sem ríkissjóður greiðir ekki. Þegar ríkissjóður ber ábyrgð á hönnun verks og stjórnar framkvæmdum án íhlutunar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðir sveitarfélag eða sveitarfélög 40% miðað við normkostnað en ríkissjóður hinn hlutann. Heimilt er ráðuneytinu að semja um aðra kostnaðaráhild þegar um búnað verknámshúsnæðis er að ræða, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar. Verði greiðslur eigi inntar af hendi samtímis reiknast verðbætur á ógreidd framlög í hlutfalli við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Ákveði Alþingi að stofna skóla án aðildar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðist allur stofnkostnaður úr ríkissjóði. Hið sama gildir um stofnkostnað við byggingu heimavistar við framhaldsskóla.

Um undirbúning framkvæmda og málsmeðferð gilda eftir því sem við á ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað, og reglugerða sem gefnar eru út samkvæmt þeim lögum og þessum lögum.

Þar sem heimavistir verða reistar í tengslum við framhaldsskóla má gerð húsnæðis og búnaðar miðast við að nýta megi aðstöðuna til gistihúsarekstrar utan reglulegs skólatíma. Um umframkostnað, sem af því kann að leiða, skal samið sérstaklega milli byggingaraðila. Um notkun heimavistarhúsnæðis utan skólatíma skal gerður sérstakur samningur og hann staðfestur af menntamálaráðuneytinu.

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis fyrir framhaldsskóla og láta gera fyrirmyndir að hönnun og verksamningum.

4. gr.

Skólamannvirki þau, sem lög þessi taka til, skulu vera eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur eða hefur verið greiddur sé um eldra húsnæði að ræða.

Verði húsnæði framhaldsskóla ráðstafað til annarra nota en framhaldsnáms skulu eignaraðilar gera með sér samkomulag þar um. Verði eign seld öðrum hvorum eignaraðila skal hún metin af dómkvöddum mönnum.

IV. KAFLI

Stjórnun.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til og annast námsskrárgerð, kennslueftirlit og ráðgjöf um þróunarstörf er snerta framhaldsskóla.

Ráðuneytið gerir tillögur um fjárveitingu á fjárlögum til hvers skóla, sbr. 3. og 32. gr., og annast fjárhagslegt eftirlit eftir því sem við á.

6. gr.

Samstarfsnefnd framhaldsskóla, skipuð skólameisturum (rektorum) undir forsæti menntamálaráðherra eða staðgengils hans, fjallar um sameiginleg málefni framhaldsskóla og samræmir störf þeirra. Samstarfsnefnd skal halda a.m.k. einn fund árlega.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla. Í skólanefndum skulu sitja fimm menn. Skulu fjórir tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum. Þegar um er að ræða skóla sem annast starfsmenntun skal af hálfu sveitastjórna gætt við tilnefningu að fulltrúi viðkomandi starfsgreina eigi sæti í skólanefnd. Skipunartími skólanefnda skal vera fjögur ár og miðast við kjörtímabil sveitarstjórna.

Menntamálaráðherra skipar formann skólanefndar án tilnefningar. Tilnefningaráðilar greiða þóknun og annan kostnað vegna starfa fulltrúa sinna í skólanefnd. Skólanefndir við skóla, sem ríkið rekur nú eða kunna að verða stofnaðir án þátttöku sveitarfélaga, sbr. 5. mgr. 3. gr., skulu skipaðir af menntamálaráðherra samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

8. gr.

Skólanefnd og skólameistari ákveða námsframboð með samþykki menntamálaráðuneytis.

Skólanefnd undirbýr árlega ásamt skólameistara tillögur til fjárlaga og sendir þær menntamálaráðuneytinu. Í upphafi hvers árs gerir skólanefnd fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgist með að henni sé framfylgt.

Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfangna svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld. Halda skal bókhald um fjárreiður þessar og um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur.

Heimilt er skólanefnd að stofna sérstaka sjóði við framhaldsskóla. Skal um þá sett skipulagsskrá, leitað staðfestingar á henni og hún birt í Stjórnartíðindum.

9. gr.

Skólameistari stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerðir, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma og ber ábyrgð á að fylgt sé fjárhagsáætlun skólans.

Skólaráð skal vera skólameistara til aðstoðar við stjórnun skóla og rekstur. Skólameistari er oddviti skólaráðs sem auk hans skal skipað fulltrúum kennara, nemenda, svo og aðstoðarskólameistara starfi hann við skólann.

Um skipan skólaráðs, verksvið þess, starfstíma og starfshætti skal nánar kveðið á um í reglum sem menntamálaráðuneyti setur.

10. gr.

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendaráð sem er fulltrúi nemenda í hagsmunamálum þeirra. Nemendaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um markmið náms, námsefni og kennslutilhögun í skóla sínum og gerir tillögu til skólanefndar um nemendasjóðsgjöld. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

11. gr.

Um almenna kennarafundi og verksvið þeirra skal ákvarðað í reglum sem menntamálaráðuneytið setur.

V. KAFLI

Starfslíð.

12. gr.

Um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa fer eftir stærð og gerð skóla og fjárveitingu hverju sinni. Heimilt er að fela ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla að annast hliðstæða starfsemi fyrir framhaldsskóla.

Menntamálaráðherra setur eða skipar skólameistara (rektor) framhaldsskóla að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefnda. Menntamálaráðherra setur eða skipar fasta kennara að fengnum tillögum skólanefndar og skólameistara viðkomandi skóla. Skólameistari ræður stundakennara og aðra starfsmenn í samráði við skólanefnd. Leita skal staðfestingar menntamálaráðuneytis hafi kennari ekki kennsluréttindi.

13. gr.

Um skilyrði til þess að vera settur eða skipaður skólameistari eða kennari við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, nr. 48/1986. Setja má í reglugerð ákvæði um menntun annarra starfsmanna.

Menntamálaráðuneytið setur skólameisturum og kennurum erindisbréf. Reglur um störf annars starfsfólks setur skólanefnd.

14. gr.

Hafi kennari starfað, settur eða skipaður, a.m.k. í fimm ár og óski að fá sérstakt orlof til að efla þekkingu sína og kennarahæfni skal hann senda skólanefnd og menntamálaráðuneyti beiðni um orlof ásamt greinargerð um hvernig hann hyggst verja orlofstímanum. Ráðuneytið getur veitt honum orlof allt að einu ári á föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlofs nýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar njóti hann ekki sambærilegs styrks frá öðrum. Beiðni um orlof skal hafa borist menntamálaráðuneytinu fyrir 1. nóvember ár hvert.

Að loknu orlofi er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín á orlofstíma. Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólameistara og annarra stjórnenda skóla.

15. gr.

Í öllum framhaldsskólum skal vera heilsuvernd.

Héraðslæknar hafa umsjón með þessari starfsemi undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnar og líta eftir að aðbúnaður og aðstaða nemenda og starfsmanna sé viðhlítandi.

Starfsfólk við heilsuvernd í skólum skal hafa náð samstarf við skólameistara um framkvæmd heilsuverndar í skólanum.

Sé heilsugæslustöð starfandi í nágrenni skóla er heimilt að fela henni að annast heilsuverndina.

VI. KAFLI

Inntökuskilyrði.

16. gr.

Allir, sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun, eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla að fullnægðum kröfum um starfsþjálfun þar sem hennar er krafist. Nemendum er skylt að stunda fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt ákvæðum í námsskrá hafi þeir ekki náð tilskildum lágmarksárangri.

Nemandi, sem orðinn er 18 ára gamall, getur hafið nám í framhaldsskóla án þess að fullnægja inntökuskilyrðum samkvæmt þessari grein nema að því er varðar starfsþjálfun. Heimilt er að setja lágmarkskröfur til inntöku í tiltekna námsáfangi. Inntaka nemenda í skóla er á ábyrgð skólameistara.

VII. KAFLI

Námsskipan.

17. gr.

Nám í framhaldsskóla skal fara fram á námsbrautum sem skilgreindar eru eftir markmiðum námsins að því er varðar undirbúning til starfa eða áframhaldandi náms. Stefnit skal að því að nemendur eigi vól á námsefni og kennslu í samræmi við þarfir sínar og óskir.

Í námsskrá skal kveða á um markmið náms á hverri námsbraut, námslok svo og um skiptingu námsefnis í brautarkjarna og valgreinar. Í námsskrá skal kveðið á um eininga-fjölda til stúdentsprófs.

Af öllum námsbrautum skulu vera leiðir til frekara náms, annaðhvort beinar eða með skilgreindri viðbót námsáfanga. Jafnframt skulu vera sem greiðastar leiðir milli námsbrauta.

18. gr.

Í framhaldsskóla skal á öllum námsbrautum fara saman nám sem lýtur að almennri menntun og sérhæft nám í samræmi við markmið brautarinnar. Lögð skal áhersla á tengsl verklegra og bóklegra þátta námsins. Auk skyldunámsefnis skal heimilt að gefa nemendum kost á valgreinum að uppfylltum skilyrðum sem sett skulu í námsskrá.

19. gr.

Námsefni framhaldsskóla skal skipað í skilgreinda námsáfanga sem metnir skulu til eininga eftir umfangi námsefnis. Námseining skal skilgreind í námsskrá. Þrátt fyrir skiptingu námsefnis í áfanga geta skólar, sem þess óska, haft bekkjakerfi.

Leitast skal við að hafa námsefni og kennslu hvers áfanga þannig að hann nýtist sem hluti af námi á sem flestum námsbrautum. Þó skal þess gætt að samræmi sé ávallt á milli markmiðs námsbrautar og kennslu námsgreina.

20. gr.

Um námsáfanga, markmið þeirra, megininntak, umfang og skipan á námsbrautir skal ákveðið í námsskrá sem menntamálaráðuneytið setur. Námsáfangar í sama eða sambærilegu námsefni skulu jafngildir á öllum brautum þar sem þeir eru hluti af náminu. Sé verkþjálfun liður í námsáfanga skal hún metin til eininga í námsskrá.

21. gr.

Í námsskrá skal mælt fyrir um námsmat, þar með talið próf og vitnisburðir. Þar skulu tilgreind skilyrði til þess að flytjast milli áfanga og lágmarkskröfur til þess að standast tiltekin lokapróf. Í námsskrá skulu birtar reglur um rétt nemenda til að sjá prófurlausnir sínar og hvernig nám skal metið þegar nemendur flytjast milli skóla.

22. gr.

Fræðsla skal veitt í löggiltum iðngreinum og öðrum iðnaði samkvæmt nánari ákvæðum í námsskrá. Í reglugerð skal kveða á um hverjar skuli vera löggiltar iðngreinar.

Menntamálaráðherra skipar Iðnfræðsluráð til fjögurra ára í senn og skal það vera til ráðuneytis um mótun heildarstefnu og skipulag í iðnfræðslu, löggiltum iðngreinum og verksmiðjuíðnaði. Iðnfræðsluráð skal skipað níu mönnum. Skulu tveir þeirra vera iðnmeistarar, tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, tveir iðnsveinar og einn fulltrúi iðnverka-fólks, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands. Félag íslenskra iðnrekenda tilnefnir einn, Samband iðnfræðsluskóla einn og Iðnnemasamband Íslands einn. Menntamálaráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu valdir með sama hætti og aðalmenn. Iðnfræðsluráð veitir umsögn um tillögur að námsskrám í verklegum og bóklefum faggreinum og að stöðlum um búnað og aðstöðu og gerir tillögur um skipulag kennslueftirlits í iðngreinum. Iðnfræðsluráð gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um reglur varðandi framkvæmd námssamninga. Nánar skal kveðið á um hlutverk Iðnfræðsluráðs í reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur.

23. gr.

Menntamálaráðherra skipar fræðslunefndir í einstökum iðngreinaflokkum til fjögurra ára í senn. Nefndirnar fjalla um tilhögun fræðslunnar hver á sínu sviði og gera tillögur að námsskrám. Iðnfræðsluráð tilnefnir þrjá fulltrúa í hverja nefnd en ráðherra skipar formann og ritara. Verði því við komið skulu sömu menn gegna þeim störfum í öllum nefndunum til þess að tryggja nauðsynlega samræmingu og hagkvæmni á námsskipan iðn- og tæknibrauta. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

24. gr.

Heimilt er skólanefnd að gera samninga við iðnmeistara, fyrirtæki eða stofnun um að annast tiltekna þætti verklegrar menntunar í samstarfi við framhaldsskóla. Slíkir samningar skulu staðfestir af menntamálaráðuneytinu og hefur ráðuneytið yfirumsjón með framkvæmd þeirra.

Heimilt er iðnmeisturum að taka nemendur til verklegs náms í löggiltum iðngreinum og skal gera um það sérstaka námssamninga. Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur, skal kveðið á um gerð námssamninga, réttindi og skyldur samningsaðila, námslok, próf, útgáfu prófskírteina og starfsréttindi í samræmi við lög um atvinnuréttindi iðnaðarmanna.

Menntamálaráðuneytið getur veitt heimild til þess að umsækjandi gangi undir verklegt próf í iðngrein án skólanáms, enda liggja fyrir:

- a. umsögn viðkomandi iðnaðarmannafélags,
- b. umsögn Iðnfræðsluráðs,
- c. umsögn meistara og vottorð um að viðkomandi hafi unnið við iðnina í 10 ár.

Standist umsækjandi prófið öðlast hann sveinsbréf sem veitir ekki réttindi til inngöngu í meistarakóla nema hann ljúki burtfaraprófi frá iðnfræðsluskóla í faggreinum iðngreinarinnar.

25. gr.

Skylt er menntamálaráðuneytinu að halda uppi framhaldsnámi fyrir iðnsveina til meistaraþrófs í því skyni að veita þeim aukna þekkingu í starfsgrein sinni, stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Setja skal í námsskrá, sbr. 17., 20. og 21. gr., nánari ákvæði um nám til meistaraþrófs. Um námsgjöld vegna náms samkvæmt þessari grein gilda ákvæði IX. kafla.

26. gr.

Menntamálaráðherra skipar fræðsluráð sjávarútvegs til fjögurra ára í senn og skal það skipað átta mönnum. Ráðið skal skipað með eftirfarandi hætti: Einum fulltrúa sölusamtaka í sjávarútvegi tilnefndum af Útflutningsráði Íslands, einum fulltrúa útvegsmanna tilnefndum af Landssambandi íslenskra útvegsmanna, einum fulltrúa samtaka sjómanna tilnefndum sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einum fulltrúa fiskvinnslufólks tilnefndum af Verkamannasambandi Íslands, einum fulltrúa rannsóknastofnana í sjávarútvegi tilnefndum sameiginlega af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnuninni, einum fulltrúa fiskeldisstöðva tilnefndum af Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, einum fulltrúa menntamálaráðuneytisins og einum fulltrúa sjávarútvegsráðuneytisins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

Fræðsluráð velur sér formann og varaformann úr hópi ráðsmanna. Fræðsluráð sjávarútvegs mótar í samvinnu við menntamálaráðuneytið heildarstefnu og fræðsluskipulag í sjávarútvegs- og fiskeldisgreinum og veitir umsögn um tillögur að námsbrauta- og áfangalýsingum í verklegum og bóklegum faggreinum tengdum sjávarútvegi.

27. gr.

Til að tryggja sem víðtækust samráð við atvinnulífið er menntamálaráðuneytinu heimilt að skipa sérstakar ráðgjafarnefndir til viðbótar þeim sem nefndar eru í 22. og 26. gr. til að vera ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd laga þessara. Kveðið skal á um starfssvið og skipan slíkra nefnda í reglugerð.

28. gr.

Nám, sem krafist er til þess að öðlast atvinnuréttindi, skal skipulagt í samvinnu við stofnanir og/eða þá sérskóla á framhaldsskólastigi sem starfa samkvæmt sérstökum reglugerðum. Auk starfsréttinda skal námið veita rétt til frekara náms. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu tilgreind í námsskrá, sbr. 17. og 20. gr. Starfi sérstök fræðsluráð tengd atvinnuvegum skulu þau vera umsagnaraðilar um hlutaðeigandi námsbrauta- og áfangalýsingar, sbr. 22. gr. og 26. gr.

29. gr.

Í öllum framhaldsskólum skal vera skólasafn. Hlutverk þess er að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Það skal búið bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.

30. gr.

Á framhaldsskólastigi skal veita fötludum nemendum, samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, kennslu og þjálfun við hæfi og sérstakan stuðning í námi. Í því skyni skal látin í té sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntamálaráðuneytisins. Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.

Heimilt er að stofna sérskóla fyrir þroskahefta nemendur. Menntamálaráðuneytið setur reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd kennslu og nám fatlaðra nemenda.

31. gr.

Árlegur starfstími framhaldsskóla skal eigi vera skemmri en níu mánuðir. Menntamálaráðuneytið setur árlega nánari reglur um skiptingu starfstíma skóla.

VIII. KAFLI

Rekstur framhaldsskóla.

32. gr.

Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað þeirra framhaldsskóla sem ríkið rekur nú eitt sér eða í samstarfi við sveitarfélög, svo og þeirra skóla sem stofnaðir verða samkvæmt ákvörðun Alþingis. Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining og hefur sérgreinda fjárveitingu á fjárlögum.

Framlög ríkissjóðs til rekstrar framhaldsskóla skulu miðuð við að sem næst jafnhátt framlag komi á hvern nemanda í fullu námi hvar sem er á landinu. Framlagið skal ákveða sem tiltekna upphæð á nemanda árlega, sbr. 34. gr.

Til rekstrarkostnaðar skóla telst:

1. Launakostnaður, en til hans teljast laun fyrir alla fasta starfsemi á vegum skólans, svo sem fyrir kennslu, stjórnun og prófdæmingu á lokaprófum, einnig fyrir störf á skrifstofu, á skólasafni, vegna ráðgjafar við nemendur og við umsjón eigna skólans, svo og annar launatengdur kostnaður í samræmi við kjarasamninga á hverjum tíma.
2. Til annars rekstrarkostnaðar telst allur kostnaður sem leiðir af starfrækslu skólans, viðhaldi húsa og tækja, að frátalinni kostnaðarþátttöku nemenda, sbr. 33. gr.

Launakostnað skv. 1. tölul. greiðir ríkissjóður beint til starfsmanna, en rekstrarframlag skv. 2. tölul. greiðist fyrir fram til skóla ársfjórðungslega.

Fjárveitingum og greiðslum vegna 1. og 2. tölul. skal að fullu haldið aðgreindum. Eigi má skerða fjárveitingu til 2. tölul. þótt kostnaður vegna 1. tölul. fari fram yfir fjárveitingu, enda sé umfang starfseminnar í samræmi við samþykkt áætlun. Skólameistara er með samþykki skólanefndar heimilt að flytja fjárveitingar milli kostnaðarliða skv. 2. tölul. þannig að framlag ríkissjóðs nýtist sem best þörfum skólans.

Í umboði skólanefndar sér skólameistari um rekstur og bókhald. Heimilt er að ráða sérstakan fjármálafulltrúa til þess að annast fjárreiður skóla og bókhald og starfar hann þá undir stjórn skólameistara. Bókhaldi skal hagað í samráði við ríkisbókhald. Rekstraráætlun og reikningsuppgjör skal miða við almanaksár með sama hætti og fjárlög. Endurskoðun er í höndum ríkisendurskoðunar eða löggilts endurskoðanda sem hún felur það starf.

33. gr.

Þar sem talið er nauðsynlegt að reka heimavist vegna framhaldsskóla greiðir ríkissjóður kostnað við umsjón og almennan rekstur. Nemendur bera sjálfir hluta sérgreinds kostnaðar í heimavistum, rekstri mötuneyta, skipulögðum skólaakstri og efniskaupum vegna verklegrar kennslu o.fl. samkvæmt ákvörðun skólanefndar, sbr. 8. gr., og sérstökum reglum sem menntamálaráðherra setur.

Skólameistari og skólanefnd hafa umsjón með rekstri heimavistar og mötuneytis nemenda.

Hagnaður af leigu skólahúsnæðis skal renna til viðhalds og endurnýjunar húsnæðis og búnaðar.

34. gr.

Við ákvörðun fjárveitinga til almenns rekstrar framhaldsskóla og til launa fyrir önnur störf en kennslu skal miða við ákveðna grunnfjárhæð á hvern nemanda sem stundar fullt nám árlangt.

Við ákvörðun fjárveitinga til kennslu í framhaldsskólum skal miða við grunntöluna 1,7 til 2,0 kennslustundir á viku á hvern nemanda í fullu bóknámi eftir stærð og gerð skóla. Þessu til viðbótar skal koma sá stundafjöldi sem nauðsynlegur er til að halda megi uppi kennslu í viðurkenndu verknámi og sérnámi er krefst skiptingar nemenda í smáa námshópa. Þurfi að taka tillit til sérstakra aðstæðna skal veitt sérgreint framlag til að mæta þeirri þörf.

Menntamálaráðherra setur reglur um ákvörðun grunnfjárhæða vegna almenns rekstrar og fráviks vegna sérstöðu einstakra skóla. Enn fremur setur hann ákvæði um hvaða greinar teljast verknám og sérnám og reglur um hvaða álög á meðaltölu skuli miða við í áætlanagerð til fjárlaga vegna kennslulauna.

IX. KAFLI

Fullorðinsfræðsla og endurmenntun.

35. gr.

Heimilt er framhaldsskólum að veita þeim er orðnir eru 18 ára að aldri aðgang að einstökum námsáföngum dagskóla án tillits til þess hvort þeir uppfylla skilyrði til inntöku að öðru leyti. Einnig er framhaldsskólum heimilt að stofna til sérstakra námskeiða, þar á meðal kvöldskóla (öldungadeilda), fyrir fólk sem hentar ekki að sækja reglubundna kennslu í skóla en æskir að ljúka námi hliðstæðu því sem í boði er á námsbrautum hans. Fyrir slíka kennslu skulu nemendur greiða kennslugjald sem svarar til sem næst þriðjungs kennslulauna. Nánari ákvæði um þessa starfsemi skulu sett í reglugerð.

36. gr.

Heimilt er framhaldsskólum að bjóða fram annars konar nám en 35. gr. tekur til og efna til endurmenntunarnáms, m.a. í samráði við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa.

Námshjöld miðast við að nemendur greiði a.m.k. þriðjung kennslulauna. Í slíku námi er kostnaðaráhild ríkissjóðs háð samþykki menntamálaráðuneytis.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

37. gr.

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til þess að reka áfram það fræðslustarf sem þeir hafa annast og til þess að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur.

Um fjárveitingu úr ríkissjóði gilda sömu ákvæði og um aðra framhaldsskóla varðandi rekstrar- og stofnkostnað, sbr. 3. og 32. gr., enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt áætlun um rekstur skólanna og fé verið veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði. Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu þessara laga og samkvæmt námsskrám og reglugerðum sem settar verða.

Verði skólar þessir lagðir niður eða húsnæði þeirra eigi nýtt til kennslu eða heimavistar fær ríkissjóður eignarráð yfir hlutadeigandi húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög sín. Ríki ágreiningur um eignaskiptingu skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að kveða á um skiptingu og er úrskurður þeirra endanlegur.

Skólanefndir skulu starfa við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands. Skal einn skólanefndarmaður tilnefndur af menntamálaráðherra en eignaraðilar skipa hina. Hafa þær með höndum fjárreiður skólanna og eignausýslu í umboði eigenda. Skólanefndir ráða skólameistara svo og kennara í samráði við hann. Nefndin kys sér sjálf formann og varaformann.

38. gr.

Alþingi ákveður framlag ríkissjóðs til skóla á framhaldsskólastigi sem stofnaðir eru af einkaaðilum eða samtökum með hliðstæðum hætti og nú er um Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólann, enda uppfylli þessir skólar sams konar skilyrði um námsframboð og kennsluskipan og hafa hlotið starfsleyfi menntamálaráðuneytis.

Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.

39. gr.

Heimilt er að lána skólahúsnæði til félagsstarfsemi utan reglulegs skólatíma, enda greiðist fyrir leiga sem nemur a.m.k. kostnaði fyrir rafmagn, hita, ræstingu og vörslu. Skólanefnd setur almennar reglur um slíka ráðstöfun skólahúsnæðis.

40. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

XI. KAFLI

Lög sem úr gildi falla og gildistökuákvæði.

41. gr.

Eftirtalin lög falla úr gildi við gildistöku laga þessara. Alþingi ákveður með þingsályktun hvaða sérskólar skuli starfa áfram sem sjálfstæðar stofnanir.

1. Lög nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu.
2. Lög nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.
3. Lög nr. 35/1962, um Hjúkrunarskóla Íslands.
4. Lög nr. 68/1966, nr. 18/1971 og nr. 68/1972, um iðnfræðslu.
5. Lög nr. 12/1970 og 81/1984, um menntaskóla.
6. Lög nr. 6/1971 og nr. 109/1974, um Hótel- og veitingaskóla Íslands.
7. Lög nr. 81/1972, um hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann.
8. Lög nr. 1/1973, um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum.
9. Lög nr. 14/1973, nr. 21/1977, nr. 40/1980 og nr. 85/1984, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.
10. Lög nr. 26/1975, um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.
11. Lög nr. 33/1975, um Sjóvinnuskóla Íslands.
12. Lög nr. 53/1975, um hússtjórnarskóla.
13. Lög nr. 51/1976, um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

42. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma að fullu til framkvæmda í upphafi skólaársins 1988–89. Þó skulu III. og VIII. kafli laganna ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1989.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. þessara laga, um kostnaðarskiptingu við byggingarframkvæmdir, skulu gerðir samningar um byggingarframkvæmdir halda gildi sínu.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

LÖG

um Listasafn Íslands.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Listasafn Íslands er eign íslenska ríkisins. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þess. Stjórn þess er að öðru leyti í höndum forstöðumanns safnsins og safnráðs. Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr ríkissjóði og skal árlega í fjárlögum ætluð ákveðin fjárveiting til listaverkakaupa. Skal sú upphæð vera tiltæk til ráðstöfunar fyrir safnið í upphafi hvers fjárlagaárs.

2. gr.

Listasafn Íslands skal vera meginsafn íslenskrar myndlistar í landinu og miðstöð rannsókna, heimildasöfnunar og kynningar á íslenskri myndlist. Skulu helstu verkefni safnsins vera þessi:

- a. að afla svo fullkomins safns íslenskrar myndlistar sem unnt er, skrá það, varðveita og sýna, innan lands og utan. Leitast skal við að afla verka sem endurspeгла sem best nýja strauma og stefnur í íslenskri myndlist á hverjum tíma,
- b. að rannsaka eftir fögum íslenska myndlist að fornu og nýju,
- c. að afla viðurkenndra erlendra listaverka og má verja í því skyni tíu af hundraði af því fé sem safninu er fengið til listaverkakaupa. Heimilt er að hækka hundraðshluta þennan í allt að tuttugu af hundraði þegar sérstaklega stendur á og allir safnráðsmenn eru því sammála. Geyma má fé í þessu skyni frá ári til árs,
- d. að annast fræðslustarfsemi um myndlist, innlenda og erlenda, m.a. með fyrirlestrum, kvikmyndasýningum, leiðsögn um safnið, útgáfu mynda, myndbanda, litskyggna og rita eða með öðrum þeim hætti er henta þykir og fé er veitt til í fjárlögum,
- e. að afla heimilda um íslenska myndlist að fornu og nýju og kaupa til safnsins nauðsynlegan bókakost, aðgengilegan sérfræðingum og öðrum til fræði- og rannsóknastarfa. Skal í því skyni komið á fót við safnið sérfræðilegu bókasafni um myndlist samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð,
- f. að efna til kynninga á verkum safnsins og starfsemi þess,
- g. að veita innlendum söfnum faglega ráðgjöf eftir fögum,
- h. að veita erlendum söfnum og öðrum opinberum aðilum upplýsingar um íslenska myndlist eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Listasafnið skal opið á auglýstum tíma.

Safnið og starfsemi þess skal kynnt nemendum skóla í samráði við skólayfirvöld, ýmist í safninu sjálfu eða í skólunum, og einnig skal efnt til slíkrar fræðslu fyrir almenning í safninu og fjölmiðlum.

4. gr.

Menntamálaráðherra ræður forstöðumann safnsins til fimm ára í senn að fenginni umsögn safnráðs. Ráðinn skal maður með sérfræðilega menntun og staðgöða þekkingu á myndlist og rekstri listasafna. Starfið skal auglýsa samkvæmt lögum um réttindi og skyldur

starfsmanna ríkisins. Endurnýja má ráðningu forstöðumanns einu sinni til næstu fimm ára ef meiri hluti safnráðs mælir með endurráðningu.

Forstöðumaður er stjórnandi safnsins og mótar listræna stefnu þess í samráði við safnrád. Hann stjórnar daglegum rekstri, skipuleggur sýningar á verkum safnsins og sér um aðra venjulega starfsemi.

Laun forstöðumanns og annarra starfsmanna Listasafnsins skulu ákveðin með sama hætti og annarra ríkisstarfsmanna. Við ákvörðun launa starfsmanna safnsins skal miðað við að þau séu sambærileg við laun starfsmanna annarra ríkissafna. Þó skal taka tillit til tímabundinnar ráðningar forstöðumanns við ákvörðun launa hans.

5. gr.

Menntamálaráðherra ræður nauðsynlegt starfslið að fengnum tillögum forstöðumanns þegar fé er veitt í því skyni á fjárlögum.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm menn í safnrád.

Forstöðumaður á sæti í safnráði samkvæmt stöðu sinni, en menntamálaráðherra skipar fjóra aðra menn í safnrád til þriggja ára í senn: tvo samkvæmt tilnefningu fulltrúaráðs Sambands íslenskra myndlistarmanna og einn úr hópi fastráðinna starfsmanna safnsins. Formann ráðsins skipar ráðherra og skal hann hafa til að bera sérfræðilega þekkingu á höfundarétti og góða almenna þekkingu á myndlist. Safnráðsmenn skipaða samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra myndlistarmanna má aðeins endurskipa einu sinni.

Ráðherra skipar varamenn með hliðstæðum hætti.

Laun ráðsmanna greiðast úr ríkissjóði.

7. gr.

Hlutverk safnráðs er að hafa umsjón og eftirlit með starfsemi safnsins og annast önnur þau verkefni sem því eru falin sérstaklega í lögum þessum. Leita skal tillagna ráðsins um allar meiri háttar ákvarðanir er safnið varðar.

8. gr.

Sérstök innkaupanefnd annast kaup listaverka til safnsins. Forstöðumaður getur þó einn tekið ákvörðun um kaup erlendra listaverka þegar samráði við aðra nefndarmenn verður ekki við komið. Þá getur forstöðumaður ráðstafað allt að 20% af ráðstöfunarfé til kaupa innlendra verka án afskipta nefndarinnar. Innkaupanefnd skal skipuð þremur mönnum, forstöðumanni safnsins og tveimur fulltrúum listamanna í safnráði. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum mála í innkaupanefnd. Verði ágreiningur um kaup listaverks milli forstöðumanns og annarra nefndarmanna skal skjóta málinu til safnráðs til endanlegrar ákvörðunar. Laun innkaupanefndarmanna greiðast úr ríkissjóði.

9. gr.

Við val listaverka til safnsins ber að fara eftir listrænu gildi þeirra og hafa í huga hvað safnið á eftir sama höfund.

10. gr.

Heimilt er að selja myndir úr eigu safnsins í því skyni að kaupa annað verk eftir sama listamann er æskilegra þykir fyrir safnið. Sala er þó því aðeins heimil að meiri hluti safnráðs og höfundur, sé hann á lífi, séu um það sammála.

11. gr.

Safnráð fjallar um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort þær skuli þegnar. Þótt safnið veiti listaverki viðtöku sem gjöf má það eigi takast á hendur skuldbindingar um aðra meðferð þess en annarra listaverka safnsins. Þó má safnið aldrei selja eða á annan hátt láta af hendi listaverk er það hefur þegið að gjöf. Gjöf skal fylgja gjafabréf. Gjafir og fjárframlög til safnsins eru frádráttarbær til skatts, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með áorðnum breytingum.

12. gr.

Óheimilt er að lána listaverk safnsins nema á listsýningar, enda sé gætt réttar höfunda samkvæmt ákvæðum höfundalaga um slíkar sýningar. Höfundur á alltaf rétt til að fá verk sín lánuð á eigin sýningar.

Heimilt skal þó að setja á stofn sérstaka útlánadeild við safnið er sjái um útlán listaverka sem sérstaklega verði keypt eða gefin safninu í því skyni. Einnig skal heimilt að lána önnur listaverk til tiltekinna opinberra stofnana sé meiri hluti safnráðs því samþykkur. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu sett í reglugerð.

13. gr.

Safnið fær þann rétt, sem á hverjum tíma fylgir listaverki samkvæmt íslenskum höfundalögum, við venjulegt, óskilorðsbundið afsal þess, þó með þeirri takmörkun um sölu eða aðra afhendingu sem leiðir af ákvæðum 10. og 11. gr. Safnið hefur rétt til opinberra sýninga á listaverkum á vegum safnsins, en um lán verka á aðrar listsýningar gilda ákvæði 12. gr. Enn fremur hefur safnið rétt til eftirmyndunar eða annarrar eftirgerðar fyrir það sjálf. Til annarrar eftirgerðar eða útgáfu þarf samþykki höfundar. Höfundur á kröfu til þess að safnið heimili honum aðgang að verki hans til fjölföldunar og útgáfu en safnið á jafnan forgangsrétt til útgáfu þess að öðru jöfnu.

14. gr.

Menntamálaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Í þeim reglum má m.a. kveða nánar á um starfshætti safnsins, svo sem deildaskiptingu og önnur atriði varðandi starfsemi þess.

15. gr.

Heimilt er að stofna styrktarfélag við Listasafn Íslands og skal aflafé sett í sérstakan sjóð og einkum varið til að kaupa eldri íslensk listaverk til safnsins. Fé þetta skal ekki dragast frá almennri fjárveitingu til safnsins.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi lög nr. 15/1969 og önnur lög er kunna að brjóta í bág við þessi lög.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

LÖG

um breytingu á lögum um skipulag ferðamála,
nr. 79 2. júlí 1985.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

9. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er taki við núverandi rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins og annist félagið fyrirgreiðslu og skipulagningu ferða fyrir íslenska og erlenda ferðamenn. Heiti félagsins verði Ferðaskrifstofa Íslands hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

- a. Að leggja allar eignir og fylgifé Ferðaskrifstofu ríkisins til hins nýja hlutafélags og skal þá hafa hliðsjón af mati sem framkvæma skal á eignum fyrirtækisins, þar með talin viðskiptavild.
- b. Að ákveða fjárhæð einstakra hluta með það í huga að einstaklingar geti keypt hlut í félaginu.
- c. Að selja $\frac{2}{3}$ af hlutafé ríkissjóðs í fyrirtækinu.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32 12. maí 1978, gildir ekki um tölu stofnenda hlutafélagsins.

Starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins skulu eiga forkaupsrétt að hlutafénu, enda náist samkomulag um verð og greiðsluskilmála.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um að hlutafélag, sem tekur við rekstri fyrirtækisins skv. 9. gr., skuli gefa fastráðnu starfsfólki Ferðaskrifstofu ríkisins kost á sambærilegum störfum. Taki þeir starfinu skulu ákvæði 14. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, ekki ná til þeirra starfsmanna Ferðaskrifstofu ríkisins sem njóta nú löggjara samkvæmt þeim lögum.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Samgönguráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning og stofnun hlutafélags skv. 9. gr. og fer með eignarhlut ríkisins í hinu nýja félagi, þar með talda sölu hlutabréfa.

4. gr.

12. og 13. gr. falli brott. Greinatala breytist samkvæmt þessu.

5. gr.

1. málsl. 1. mgr. 22. gr. laganna falli brott.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Meðan ákvæði 9.–11. gr. hafa ekki komið til framkvæmda skal III. kafli laganna um skipulag ferðamála, nr. 60 31. maí 1976, halda gildi sínu um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Matthías Á. Mathiesen.

24. maí 1988

Nr. 60

LÖG

**um heimild til að selja hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar
í Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Baldvini Einarssyni, Engihlíð, Ljósavatnshreppi, hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Námuréttindi og réttur til efnistöku skulu undanskilin við sölu, sömuleiðis vatns- og hitaréttindi umfram heimilispörf ábúanda Engihlíðar, ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta hin undanskildu réttindi.

Jarðarhlutann má ekki endurselja öðrum en ríkissjóði, hvorki að hluta né í heild.
Náist ekki samkomulag um söluverð skal mat dómkvaddra manna ráða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Jón Helgason.

L Ö G**um breytingu á lögum um Siglingamálastofnun ríkisins,
nr. 20 30. apríl 1986.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Formann og varamenn hans skipar ráðherra án tilnefningar og skal formaður vera fulltrúi samgönguráðuneytisins. Aðra fulltrúa skipar ráðherra samkvæmt tilnefningu eftirtalinna samtaka: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Sjómannasambands Íslands, Landsambands smábátaeigenda, Félags dráttarbrauta og skipasmiðja og Slysavarnafélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. maí 1988.***Þorsteinn Pálsson.****Þorvaldur Garðar Kristjánsson.**
(L. S.)**Magnús Thoroddsen.**

*Mathías Á. Mathiesen.***L Ö G****um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað „þéttbýli“ í fyrirsögn á undan 23. gr. komi: þéttri umferð.

2. gr.

2. mgr. 64. gr. falli niður.

3. gr.

Við 65. gr. bætist ný málgrein, svohljóðandi:

Fela má hlutafélagi, sem ríkissjóður á hlut í, að annast skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit, sbr. 1. mgr., enda verði settar upp skoðunarstöðvar í öllum kjördæmum landsins. Tekur hlutafélagið þá við hlutverki Bifreiðaeftirlits ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun dómsmálaráðherra sem einnig fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að hlutafélaginu.

4. gr.

108. gr. breytist þannig:

a. a- og b-liðir 1. mgr. orðist svo:

a. ákvæðum 4. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 27. gr.,

b. ákvæðum a-, b-, h- og i-liða 1. mgr. 28. gr.

b. Í stað 3. másl. 3. mgr. komi: Hann getur og ákveðið, að ósk sveitarstjórnar, að álagning og innheimta gjaldsins fari, að öllu leyti eða að hluta, fram á vegum sveitarfélagsins. Rennur gjaldið þá í sveitarsjóð og skal því varið til að gera og reka bifreiðastæði og bifreiðageymslur til almenningsnota.

c. Í stað 5. og 6. mgr. komi:

Dómsmálaráðherra ákveður fjárhæð gjaldsins. Fari álagning fram á vegum sveitarfélags getur sveitarstjórn þó ákveðið fjárhæðina í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Verði á lagt gjald ekki greitt innan tilskilins frests hækkar það um 50%.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um hvernig gjaldið skuli lagt á og innheimt, þar á meðal um greiðslu- og kærufrest. Má þar ákveða að á lagt gjald, sem eigi er greitt innan nánar tiltekins frests, hækki um 100%.

5. gr.

6. mgr. 110. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að fenginni ósk sveitarstjórnar, að framkvæmd ákvæða í grein þessari fari, eftir því sem við á, að öllu leyti eða að hluta fram á vegum sveitarfélagsins. Hann getur og sett nánari reglur um framkvæmdina, þar á meðal um greiðslu geymslukostnaðar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Jón Sigurðsson.

LÖG

um breytingu á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskránnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Pegar skjal, er varðar skrásetta bifreið, er móttikið til þinglýsingar, skal þinglýsingardómari senda þeim er annast skráningu bifreiða tilkynningu um móttöku slíks skjals. Dómsmálaráðuneytið ákveður nánari tilhögun þessara tilkynninga og færslu í bifreiðaskrá.

2. gr.

Fyrirsögn VI. kafla orðist svo:

Þinglýsing um skrásett skráningarskyld skip minni en 5 rúmlestir.

3. gr.

43. gr. orðist svo:

Skjali, er varðar skrásett skráningarskyld skip minna en 5 rúmlestir, skal þinglýst þar sem skipið er skráð.

Eignarheimild fyrir skrásettu skráningarskyldu skipi, sem er innan við 5 rúmlestir, þarf ekki að þinglýsa, heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í skipaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi skal vísa skjali frá þinglýsingu nema fyrir liggji skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

Hvers konar eignarhafti í skrásettu skráningarskyldu skipi skal þinglýsa til þess að það hafi gildi gagnvart þeim sem í grandleysi gera samning við eigendur þeirra og gagnvart skuldheimtumönnum.

Veðbréf í eignum þessum skulu afhent til þinglýsingar með sama fresti og greinir í 1. mgr. 48. gr. og skal undirskrift og lögraði útgefanda, svo og rétt dagsetning, staðfest að hætti 22. gr.

4. gr.

Orðin „og í bifreið“ í 44. gr. falli niður.

5. gr.

45. gr. orðist svo:

Nú er skráð skráningarskyld skip innan 5 rúmlesta flutt á milli skráningarumdæma. Skal þá þinglýsingardómari senda skráningarvaldsmanni í umdæmi því, sem flytja á í, öll skjöl sem í gildi eru um skipið, en staðfest endurrit eða ljósrit ef um er að ræða skjöl sem bundin hafa verið í afsals- og veðmálabækur fyrir gildistöku laga þessara. Þinglýsing fer ekki fram á ný, en dómaramum í nýja umdæminu ber að færa skjölin í skipabók sína innan þess frests er greinir í 5. mgr. 7. gr.

Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips.

Dómari í skráningarumdæminu fyrra sendir óbeinum rétthöfum, ef þeir eru kunnir, tilkynningu um flutning skips milli umdæma.

6. gr.

Fyrirsögn VII. kafla orðist svo:

Þinglýsing er varðar lausafé almennt, þar á meðal skip sem ekki eru skráningarskyld og skip sem ekki hafa verið skrásett.

7. gr.

Á eftir 2. mgr. 47. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú er þinglýst skjali er varðar skrásetta bifreið og þarf þá ekki að þinglýsa eignarheimild, heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í bifreiðaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi skal vísa skjali frá þinglýsingu, nema fyrir liggja skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Jón Sigurðsson.

LÖG**um breyting á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr., svohljóðandi:

Þá er ábúanda ríkisjarðar heimilt að veðsetja ábýlisjörð sína til tryggingar lánnum, sem hann á kost á í Búnaðarbanka Íslands, til bústofnskaupa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Jón Helgason.

LÖG

um breyting á lögum nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, sem ríkissjóður gengur í einfalda ábyrgð fyrir, skal greiða honum áhættugjald um leið og ábyrgð er tekin sem nema skal 1,5% af ábyrgðarupphæð.

Taki ríkissjóður á sig sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr., skal greiða áhættugjald er nemi 2,0% af ábyrgðarupphæð um leið og ábyrgð er veitt.

2. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Bankar, lánasjóðir, lánastofnanir, fyrirtæki og aðrir þeir aðilar, sem lögum samkvæmt njóta ábyrgðar ríkissjóðs, hvort sem hún byggist á eignaraðild ríkissjóðs eða öðru, skulu greiða ábyrgðargjald til ríkissjóðs af skuldbindingum sínum gagnvart erlendum aðilum, þar með talið af ábyrgðum, sbr. þó 9. gr.

Ábyrgðargjald skv. 1. mgr. skal greiða ársfjórðungslega og nemur það 0,0625% af höfuðstól gjaldskyldra skuldbindinga eins og hann er að meðaltali á hverju gjaldtímabili, sbr. 10. gr.

3. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Við ákvörðun ábyrgðargjalds skv. 8. gr. af erlendum ábyrgðum er heimilt að draga frá gjaldstofni samanlagða fjárhæð staðgreiðsluábyrgða innlánsstofnana vegna innfluttrar vöru sem í gildi eru á uppgjörsdögum, sbr. 1. mgr. 10. gr., og gilda lengst í 60 daga. Staðgreiðsluábyrgð í þessu sambandi telst skuldbinding um innlausn heimildarskjala við framvísun þeirra erlendis.

Lántökur, sem áhættugjald skv. 4. gr. hefur verið greitt af, svo og afurðalán vegna útflutnings, útflutningslán og birgðalán, sem tekin eru erlendis, eða endurlánað erlent lánsfé til útflytjenda í því skyni að flýta uppgjöri söluandvirðis við framleiðendur útflutningsafurða, mynda ekki stofn við ákvörðun ábyrgðargjalds skv. 8. gr. Sama á við um skuldbindingar vegna inneigna á innlendum gjaldeyrisreikningum í innlánsstofnunum.

Ábyrgðargjald vegna skuldbindinga fyrirtækja, sem eru að hluta í eigu ríkissjóðs, skal reikna af sama hlutfalli skuldbindinganna og eignaraðild hans nemur. Eignaraðild ríkissjóðs í félögum og fyrirtækjum þar sem ábyrgð eigenda takmarkast við framlag þeirra, t.d. í hlutafélögum, veldur ekki gjaldskyldu.

Seðlabanki Íslands skal undanþeginn ábyrgðargjaldi skv. 8. gr.

4. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Gjaldskyldir aðilar skv. 8. gr. skulu skila skýrslu í því formi sem Seðlabanki Íslands ákveður þar sem fram komi brúttófjárhæð allra gjaldskyldra skuldbindinga eins og höfuðstóll þeirra er hinn 10., 20. og síðasta dag hvers mánaðar á hverju gjaldtímabili. Gjaldstofn ábyrgðargjalds er einfalt meðtalt fyrrgreindra fjárhæða.

Ábyrgðargjaldi skv. 8. gr. skal skila ásamt skýrslu skv. 1. mgr. til Ríkisábyrgðasjóðs ársfjórðungslega eftir á. Gjaldalagi vegna hvers ársfjórðungs er 15. dagur næsta mánaðar eftir að gjaldtímabili lýkur. Sé ábyrgðargjald ekki greitt á gjalddaga skal greiða dráttarvexti af því sem ógreitt er, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987.

5. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Seðlabanki Íslands annast útreikning og álagningu ábyrgðargjalds skv. 8. gr. og hefur með höndum eftirlit með innheimtu þess. Gjaldskyldir aðilar skulu veita honum allar þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar í því sambandi. Ríkisábyrgðasjóður hefur með hendi innheimtu gjaldsins og skilar því í ríkissjóð.

6. gr.

Við lögina bætist ný grein, er verði 12. gr., og orðist svo:

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, svo sem um framkvæmd gjaldtöku skv. 4. og 8. gr., upplýsingaskyldu gjaldskyldra aðila, útreikninga, álagningu og innheimtu. Jafnframt getur hann í reglugerð m.a. ákveðið að ábyrgð ríkissjóðs megi ekki fara fram úr tilteknum hundradshluta miðað við matsverð framkvæmdar nema lög mæli fyrir á annan hátt.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi ákvæði V. og VI. kafla bráðabirgðalaga, nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum. Ábyrgðargjald af skuldbindingum, sem um ræðir í b-lið 2. gr., og innlendum ábyrgðum skv. c-lið 2. gr. skal greiða í fyrsta sinn vegna 2. ársfjórðungs 1988.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Jón Baldvin Hannibalsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt,
með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 1/1988, bætist nýr tölulíður er verði 23.
tölul. og orðist svo: Ábyrgðartryggingum ökutækja í eigu öryrkja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. maí 1988.***Þorsteinn Pálsson.****Þorvaldur Garðar Kristjánsson.**
(L. S.)**Magnús Thoroddsen.**

Jón Baldvin Hannibalsson.

Nr. 67

20. maí 1988

LÖG

um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Óheimilt er að flytja til Íslands vörur sem upprunnar eru í Suður-Afríku eða Namibíu.

Óheimilt er að flytja frá Íslandi vörur til Suður-Afríku eða Namibíu eða gera samning um útflutning vara frá Íslandi þegar ljóst má vera við gerð samningsins að endanlegur áfangastaður varanna er Suður-Afríka eða Namibía.

2. gr.

Utanríkisráðherra er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 2. mgr. 1. gr. ef mannúðarástæður mæla með því.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum eða allt að þriggja mánaða fangelsi þegar sakir eru miklar.

Með brot skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lögum þessum verður ekki beitt vegna innflutnings eða útflutnings sem á sér stað fyrir 1. janúar 1989 enda hafi verið samið um slík viðskipti fyrir gildistöku þessara laga.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Steingrímur Hermannsson.

LÖG**um breyting á lögum nr. 40/1976, um sálfræðinga.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein er verði 7. gr., svohljóðandi, enda breytist töluröð annarra greina í samræmi við það:

Enginn sálfræðingur má kalla sig sérfræðing í sérgrein innan sálarfræði nema hann hafi fengið til þess leyfi menntamálaráðuneytisins.

Ráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerð um skilyrði fyrir veitingu leyfis til að kalla sig sérfræðing í einhverri af sérgreinum sálarfræðinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Birgir Ísl. Gunnarsson.

LÖG

um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála skal vera sjálfstæð vísindaleg stofnun og samstarfsvettvangur aðila er sinna rannsóknum á því sviði.

2. gr.

Hlutverk Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála skal vera að:

1. Vinna að rannsóknum á sviði uppeldis- og menntamála og skulu að jafnaði tekin fyrir verkefni er teljast hafa fræðilegt eða hagnýtt gildi fyrir skóla og menntamál á Íslandi.
2. Veita faglega ráðgjöf um rannsóknir og þróunarverkefni á sviði uppeldis- og menntamála.
3. Veita kennurum, kennaraefnum og háskólastúdentum í framhaldsnámi á sviði uppeldis- og menntamála þjálfun og ráðgjöf í fræðilegum vinnubrögðum.
4. Kynna íslenskar og erlendar rannsóknir.

Við Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála skulu starfa sérfræðingar á sviði uppeldis- og menntamála. Heimilt er háskólakennurum að inna vinnuskyldu sína, eða hluta hennar, af hendi með störfum í þágu stofnunarinnar.

3. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn stofnunarinnar. Stjórn Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála skal vera í höndum stjórnarnefndar sem í eiga sæti: rektor Háskóla Íslands, rektor Kennaraháskóla Íslands; fjórir fulltrúar tilnefndir til fjögurra ára af eftirtöldum aðilum: fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðherra og skal hann vera formaður stjórnarnefndar, fulltrúi tilnefndur af félagsvísindadeild Háskóla Íslands, fulltrúi tilnefndur af skólaráði Kennaraháskóla Íslands, fulltrúi tilnefndur af samtökum kennara á grunn- og framhaldsskólastigi.

Formaður boðar fundi stjórnarnefndar og stýrir þeim. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Stjórnarnefnd hefur yfirumsjón með fjárhag stofnunarinnar og gerir tillögur til menntamálaráðuneytis um fjárveitingar í fjárlögum. Hún ræður, að fengnum tillögum forstöðumanns, starfsmenn að stofnuninni og samþykkir val meiri háttar rannsóknarverkefna.

4. gr.

Vísindalegu starfi Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála stjórnar forstöðumaður. Stjórnarnefnd ræður forstöðumann til fjögurra ára í senn. Ráðning hans er háð staðfestingu ráðherra. Forstöðumaður skal uppfylla þær hæfniskröfur sem gerðar eru til prófessora. Í reglugerð fyrir stofnunina skal kveða nánar á um kröfur sem gerðar eru til forstöðumanns um vísindalega hæfni og hvernig hún skuli metin.

Forstöðumaður skal hafa umsjón með fjárreiðum stofnunarinnar, framgangi rannsóknarverkefna og útgáfustarfsemi og annast daglegan rekstur, m.a. ráðningu starfsmanna til minni háttar verkefna. Hann gerir tillögur til stjórnarnefndar um ráðningu starfsmanna að stofnuninni, undirbýr fjárhagsáætlanir og semur árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.

5. gr.

Heimilt er í reglugerð fyrir Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála að setja nánari ákvæði um starfssvið stofnunarinnar og starfshætti.

6. gr.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi ákvæði 14. og 15. gr. laga nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skulu við fyrstu skipun í stjórn Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála tveir af þeim sem skipaðir eru samkvæmt tilnefningu skipaðir til tveggja ára samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra.

Gjört í Reykjavík, 13. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Birgir Ísl. Gunnarsson.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 18. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Benediktsson.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 25. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Benediktsson.

AUGLÝSING

um þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir árin 1988–1991.

Alþingi hefur hinn 7. maí 1988 samþykkt þingsályktun þá sem hér fer á eftir um flugmálaáætlun fyrir árin 1988–1991.

Alþingi ályktar, samkvæmt I. kafla laga nr. 31/1987, að árin 1988–1991 skuli framkvæmdum í flugmálum hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun:

I. ÁÆTLUN UM FJARÖFLUN. (Fjánhæðir í m.kr.)

	1988	1989	1990	1991
1.1. Markaðar tekjur				
*1. Flugvallagjald	214	217	220	224
*2. Eldsneytisgjald	42	43	44	45
3. Lendingargjöld	33	33	34	35
4. Loftferðaefirlitsgjöld	7	10	13	17
5. Leigugjöld	10	10	10	10
6. Þjónustugjöld	26	26	26	26
7. Aðrar tekjur	39	14	14	14
	371	353	361	371
1.2. Önnur framlög	403	421	423	424
Samtals	774	774	784	795

* Tekjur sem bundnar eru til framkvæmda í flugmálum samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

II. SKIPTING ÚTGJALDA. (Fjárhæðir í m.kr.)

	1988	1989	1990	1991
2.1. Rekstur:				
1. Yfirstjórn	37	37	37	37
2. Loftferðaeftirlit	17	17	17	17
3. Reykjavíkurlflugvöllur	58	60	62	64
4. Flugvallardeild	96	99	102	105
5. Flugleiðsöguþjónusta	60	62	64	66
6. Flugumferðarþjónusta	104	104	104	104
7. Alþjóðaflugþjónusta	121	123	126	130
	493	502	512	523
2.2. Áætlunarflugvellir I:				
1. Flugbrautir og stæði	116	68	71	21
2. Byggingar	49	0	23	0
3. Fjarskipta- og veðurmælingartæki	1	0	1	2
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	14	0	0	0
5. Snjóhreinsibúnaður	0	17	0	8
6. Aðflugs- og rafmagnsbúnaður	6	0	0	23
7. Ljósabúnaður	0	9	0	0
8. Bundið slitlag	0	0	0	41
	186	94	95	95
2.3. Áætlunarflugvellir II:				
1. Flugbrautir og stæði	32	6	28	0
2. Byggingar	1	0	14	16
3. Fjarskipta- og veðurmælingartæki	0	1	0	1
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	3	0	0	0
5. Snjóhreinsibúnaður	0	0	0	10
6. Aðflugs- og rafbúnaður	0	0	0	0
7. Ljósabúnaður	0	0	0	0
8. Bundið slitlag	0	0	0	0
	36	7	42	27
2.4. Áætlunarflugvellir III:				
1. Flugbrautir og stæði	13	113	47	0
2. Byggingar	18	10	13	34
3. Fjarskipta- og veðurmælingartæki	0	0	1	3
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	0	0	51
5. Snjóhreinsibúnaður	0	0	0	0
6. Aðflugs- og rafbúnaður	0	0	0	5
7. Ljósabúnaður	0	0	0	0
8. Bundið slitlag	0	0	0	0
	31	123	61	93
2.5. Aðrir flugvellir og landingarstaðir:				
1. Flugbrautir og stæði	10	19	19	19
2. Byggingar	0	0	0	0
3. Fjarskiptatæki	0	0	0	0
4. Slökkvibúnaður	0	0	0	0
5. Ljós- og rafbúnaður	0	0	0	0
	10	19	19	19
2.6. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta:				
1. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta	18	16	11	11
Til leiðréttingar og brýnna verkefna	0	13	44	27
Samtals	774	774	784	795

III. FLOKKUN FLUGVALLA.

3.1 Áætlunarflugvellir I.

Reykjavíkflugvöllur, Akureyrarflugvöllur, Egilsstaðaflugvöllur og Sauðárkróksflugvöllur.

3.2 Áætlunarflugvellir II.

Ísafjarðarflugvöllur, Vestmannaeyjaflugvöllur, Patreksfjarðarflugvöllur, Húsavíkflugvöllur og Hornafjarðarflugvöllur.

3.3 Áætlunarflugvellir III.

Grímseyjarflugvöllur, Siglufjarðarflugvöllur, Vopnafjarðarflugvöllur, Flateyrarflugvöllur, Bíldudalsflugvöllur, Norðfjarðarflugvöllur, Þingeyrarflugvöllur, Þórshafnarflugvöllur, Suðureyrarflugvöllur, Gjögersflugvöllur, Bakkafjarðarflugvöllur, Borgarfjarðarflugvöllur, Ólafsfjarðarflugvöllur, Raufarhafnarflugvöllur, Breiðdalsvíkurflugvöllur, Kópaskersflugvöllur, Fáskrúðsfjarðarflugvöllur, Rífsflugvöllur, Blönduósflugvöllur, Stykkishólmsflugvöllur, Hólmavíkflugvöllur og Grundarfjarðarflugvöllur.

3.4 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.

Arngerðareyri, Búðardalur, Bæir, Djúpvogur, Hella, Ingjaldssandur, Kirkjubæjarklaustur, Melgraseyri, Reykhólar, Reykjahlíð, Reykjanes, Sandskeið/Kapelluhraun, Selfoss og Vík, Álftaver, Bakki, Berjanesfitjar, Bolungarvík, Breiðabólstaður, Dagverðará, Einholtsmelar, Fagurhólsmýri, Flúðir, Geysir, Gímsstaðir, Gunnarsholt, Herðubreiðalindir, Hnausar, Hólakot, Hrafnseyri, Hrauneyjafoss, Húsafell, Hveravellir, Kaldármelar, Kárastaðir, Kerlingarfjöll, Króksfjarðarnes, Krókstaðamelar, Melanes, Múlakot, Narfastaðamelar, Núpur, Nýidalur, Sandármelar, Sandur, Selárdalur, Seyðisfjörður, Skálavatn, Skógarsandur, Sprengisandur, Steinasandur, Stórholt, Stóri-Kroppur, Svínafell, Tálknafjörður, Þórisós og Þórsmörk.

IV. SUNDURLIÐUN VERKEFNA.

(Fjárhæð í m.kr.)

	1988	1989	1990	1991
4.1. Reykjavík				
1. Öryggissvæði, girðing	14,4			
2. Tækjageymsla	25,0		21,0	
3. Hitamælar, segulbönd			0,5	0,6
4. Slökkvibifreið	5,0			
5. Vörubifreið		8,0		
6. Vararafstöð	5,3			
7. Ljósabúnaður, braut 14/32		7,3		
8. Radíóviti	1,0			
9. Malbik				40,6
	50,7	15,3	21,5	41,2
4.2. Akureyri				
1. Öryggissvæði, hlað	26,3			
2. Fjarskiptatæki	1,1			
3. Hitamælar, segulbönd				0,7
4. Slökkvibúnaður	8,2			
5. Vörubifreið, snjótönn		8,7		8,3
6. Ratsjá				23,1
	35,6	8,7	0	32,1

	1988	1989	1990	1991
4.3. Egilsstaðir.				
1. Flugbraut	75,3	68,0	68,0	21,5
2. Flugstöð	7,2			
3. Ljósabúnaður		1,5		
	82,5	69,5	68,0	21,5
4.4. Sauðárkrókur				
1. Hlað			3,6	
2. Flugstöð, tækjageymsla	16,3		1,9	
3. Hitamælar, segulbönd				0,3
4. Slökkvibúnaður	0,6			
	16,9	0	5,5	0,3
4.5. Ísafjörður				
1. Flugbraut, hlað	2,5		3,6	
2. Flugstöð	0,9			
3. Hitamælar, segulbönd				0,2
4. Slökkvibúnaður	0,7			
5. Vörubífreið, snjótönn				10,0
6. Fjarskiptatæki		0,5		
	4,1	0,5	3,6	10,2
4.6. Vestmannaeyjar				
1. Flugbraut	2,0			
2. Tækjageymsla			7,2	
3. Hitamælar, segulbönd				0,3
4. Slökkvibúnaður	0,6			
	2,6	0	7,2	0,3
4.7. Patreksfjörður				
1. Öryggissvæði	2,6			
2. Tækjageymsla			7,2	
3. Fjarskiptatæki		0,5		
4. Slökkvibúnaður	0,7			
5. Radióviti				0,3
	3,3	0,5	7,2	0,3
4.8. Húsavík				
1. Öryggissvæði, hlað	12,8		3,6	
2. Tækjageymsla				8,9
3. Hitamælar, segulbönd				0,2
4. Slökkvibúnaður	0,6			
5. Radióviti	0,3			
	13,7	0	3,6	9,1
4.9. Hornafjörður				
1. Flugbraut	12,0	6,0	20,9	
2. Tækjageymsla				7,2
3. Hitamælar, segulbönd				0,3
4. Slökkvibúnaður	0,7			
	12,7	6,0	20,9	7,5
4.10. Grímsey				
1. Flugbraut		13,1		
2. Tækjageymsla			1,7	
3. Segulband				0,1
4. Slökkvibúnaður				3,6
5. Radióviti				0,7
	0	13,1	1,7	4,4

	1988	1989	1990	1991
4.11. Siglufjörður				
1. Tækjageymsla			0,9	
2. Segulband				0,1
3. Fjarskiptatæki			0,4	
	0	0	1,3	0,1
4.12. Vopnafjörður				
1. Hlað			7,2	
2. Flugstöð	10,1			
3. Segulband				0,2
	10,1	0	7,2	0,2
4.13. Flateyri				
1. Farþegaafgreiðsla (flugstöð)		4,3	0,9	
2. Tækjageymsla				1,9
3. Segulband				0,1
4. Slökkvibúnaður				3,6
	0	4,3	0,9	5,6
4.14. Bíldudalur				
1. Flugbraut	3,8			
2. Tækjageymsla				1,9
3. Segulband				0,2
4. Slökkvibúnaður				3,6
	3,8	0	0	5,7
4.15. Norðfjörður				
1. Öryggissvæði, hlað	1,9		5,5	
2. Flugstöð, tækjageymsla	6,1	10,1	0,9	
3. Segulband				0,1
4. Radióviti				0,7
	8,0	10,1	6,4	0,8
4.16. Þingeyri				
1. Flugbraut		10,1		
2. Tækjageymsla			0,6	
	0	10,1	0,6	0
4.17. Þórshöfn				
1. Flugbraut		14,5		
2. Flugstöð, tækjageymsla			1,7	1,7
3. Segulband				0,1
4. Slökkvibúnaður				3,6
5. Radióviti				1,1
	0	14,5	1,7	6,5
4.18. Suðureyri				
1. Segulband				0,2
2. Sandgeymsla			1,2	
	0	0	1,2	0,2
4.19. Gjögur				
1. Flugbraut		4,9		
2. Tækjageymsla				7,2
3. Segulband				0,1
4. Slökkvibúnaður				3,6
5. Radióviti				0,7
	0	4,9	0	11,6

	1988	1989	1990	1991
4.20. Bakkafjöður				
1. Flugbraut		5,8		
2. Tækjageymsla				1,7
3. Segulband				0,2
4. Slökkvibúnaður				3,6
5. Radíóviti				1,0
	0	5,8	0	6,5
4.21. Borgarfjörður eystri				
1. Flugbraut	2,6			
2. Segulband				0,1
3. Slökkvibúnaður				3,6
	2,6	0	0	3,7
4.22. Ólafsfjörður				
1. Öryggissvæði, hlað		1,8	0,9	
2. Tækjageymsla				1,9
3. Segulband				0,1
4. Slökkvibúnaður				3,6
	0	1,8	0,9	5,6
4.23. Raufarhöfn				
1. Öryggissvæði		3,9		
2. Tækjageymsla, sandgeymsla			1,2	0,9
3. Radíóviti				0,7
	0	3,9	1,2	1,6
4.24. Breiðdalsvík				
1. Öryggissvæði, hlað	2,8		1,7	
2. Tækjageymsla				1,9
3. Hitamælar, segulbönd				0,3
4. Slökkvibúnaður				3,6
5. Fjarskiptatæki			0,1	
6. Loftþrýstimælir				0,1
	2,8	0	1,8	5,9
4.25. Kópasker				
1. Flugbraut, hlað		11,4	3,6	
2. Tækjageymsla				7,2
3. Segulband				0,2
4. Slökkvibúnaður				3,6
	0	11,4	3,6	11,0
4.26. Fáskrúðsfjörður				
1. Flugbraut, hlað		8,0	5,3	
2. Flugstöð, tækjageymsla			1,7	1,9
3. Hitamælir, segulband				0,3
4. Slökkvibúnaður				3,6
5. Loftþrýstimælir				0,1
	0	8,0	7,0	5,9
4.27. Rif				
1. Flugbraut		14,4		
2. Segulband				0,2
	0	14,4	0	0,2
4.28. Blönduós				
1. Öryggissvæði, hlað	2,2	3,6		
2. Flugstöð, tækjageymsla	1,7			1,9
3. Segulband				0,1
	3,9	3,6	0	2,0

	1988	1989	1990	1991
4.29. Stykkishólmur				
1. Öryggissvæði, hlað			5,6	
2. Tækjageymsla				1,9
3. Slökkvibúnaður				3,6
	0	0	5,6	5,5
4.30. Hólmavík				
1. Flugbraut, hlað		17,6	11,9	
2. Flugstöð, tækjageymsla			1,7	0,1
3. Segulband				0,1
4. Slökkvibúnaður				3,6
	0	17,6	13,6	3,8
4.31. Grundarfjörður				
1. Flugbraut, hlað			3,6	
2. Flugstöð, tækjageymsla			1,7	1,7
3. Hitamælir, segulband				0,3
4. Fjarskiptatæki			0,1	
5. Loftþrýstímælir				0,1
6. Slökkvibúnaður				3,6
	0	0	5,4	5,7
4.32. Aðrir flugvellir og landingarstaðir				
1. Sandskeið/Kapelluhraun	1,5			
2. Kirkjubæjarklaustur	1,8			
3. Reykjahlíð	6,7			
4. Óskipt		19,0	19,0	19,0
	10,0	19,0	19,0	19,0
4.33. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta				
1. Myndrænt ATS gagnaflutningskerfi	0,8			
2. Myndvarpa í ACC/OAC	0,5			
3. Aðbúnaður í flugstjórn	0,9			
4. MDS – skjár	0,5			
5. Fjarskiptakerfi	2,0			
6. Radíóvitar	1,6			
7. ATS – skóli	4,8			
8. RK – turn	0,8			
9. Varavél E-5	0,6			
10. Ratsjártengi vegna Færeyja	1,8			
11. Star Con vegna korta	1,5			
12. Gagnagreininir	0,9			
13. Hugbúnaður	0,5			
14. Veðurgagnaflutningur	1,0			
15. Óskipt		16,0	11,0	11,0
	18,2	16,0	11,0	11,0
4.34. Til leiðréttinga og brýnna verkefna	0	13,0	44,4	27,0
Samtals	281,5	272,0	272,0	272,0

Samgönguráðuneytið, 25. maí 1988.

Matthías Á. Mathiesen.

Birgir Guðjónsson.

AUGLÝSING

um þingsályktun um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1987–1990.

Alþingi hefur hinn 9. maí 1988 samþykkt þingsályktun þá sem hér fer á eftir um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1987–1990.

Alþingi ályktar að árið 1988 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN. (Fjárhæðir í m.kr.)

1.1. Markaðar tekjur 1988:	
1. Bensíngjald skv. fjárlögum 1988	2000
2. Km-gjald	700
3. Þungaskattur, árgjald	200
Markaðar tekjur skv. fjárlögum 1988	2900
4. Áætlað bensíngjald 1988 umfram fjárlög	90
Markaðar tekjur 1988 alls	2990
1.2. Markaðar tekjur 1987 umfram útgjöld	160
Samtals	3150

II. SKIPTING ÚTGJALDA. (Fjárhæðir í m.kr.)

	1988	
2.1. Stjórn og undirbúningur:		
1. Skrifstofukostnaður	88	
2. Tæknilegur undirbúningur	66	
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	16	
4. Eftirlaunagreiðslur	7	
		177
2.2. Viðhald þjóðvega:		
1. Sumarviðhald		
1. Viðhald malarvega	236	
2. Viðhald vega með bundið slitlag	181	
3. Viðhald brúa	42	
4. Viðhald varnargarða	5	
5. Heflun vega	134	
6. Rykbinding	49	
7. Vinnsla efnis	126	
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	35	
9. Vegmerkingar	10	
	818	
2. Vetrarviðhald	245	
		1063
2.3. Til nýrra þjóðvega:		
1. Stofnbrautir		
1. Almenn verkefni	306,5	
2. Bundin slitlög	216,1	
3. Sérstök verkefni	224,0	
4. Ó-vegir	125,0	
5. Höfuðborgarsvæðið	111,0	
	982,6	
2. Þjóðbrautir	169,4	
3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kaптúnunum	29,0	
4. Girðingar og uppgræðsla	17,0	
5. Vegur að Bessastöðum	4,0	
		1202
2.4. Til brúagerða:		
1. Brýr 10 m og lengri	81	
2. Smábrýr	13	
		94
2.5. Til fjallvega o.fl.:		
1. Aðalfjallvegir	9	
2. Aðrir fjallvegir	6	
3. Þjóðgarðavegir o.fl.	5	
4. Vegir á Þingvöllum	3	
5. Reiðvegir	3	
		26
2.6. Til sýsluvega:		125
2.7. Til vega í kaupstöðum og kaптúnunum:		164
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa:		0
2.9. Til tilrauna:		14
		2865
Óráðstafað til 1989 af mörkuðum tekjum 1987 og 1988		285
		3150
	Samtals	

SUNDURLIÐUN
2.3. Til nýrra þjóðvega.
1. Stofnbrautir.
1.1. Almenn verkefni.

Vegnr. Kaflannr.	Vegheiti Kafllaheiti	1988 Fjár- m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
22—28	Hvolsvöllur — Þjórsá	2,4
35	Biskupstungnabraut	
04	Laugarvatnsvegur — Skálholtsvegur	20,2
	Vesturlandsvegur	
18	Laxá — Breiðamýri	11,4
19	Rannsóknir í Hvalfirði	1,0
41	Reykjanesbraut	
04—11	Hafnarfjörður — Flugstöð	3,5
10	Hafnavegur — Grænás	2,0
12	Flugvallarvegur — Víknavegur	1,0
416	Álftanesvegur	
02	Landakot — Sviðholt	6,0
1	Vesturlandsvegur	
01	Rannsóknir í Hvalfirði	1,0
01	Önundarhóll — Fjarrétt	5,4
09	Eskiholtslækur — Gljúfurá	12,0
12	Hvammur — Sanddalsá	6,7
54	Ólafsvíkurvegur	
07	Vegamót — Hrísdalur	7,8
08	Staðará — Urriðaá	2,0
11	Snæfellsnesvegur — Fossá	2,6
57	Snæfellsnesvegur	
08	Gríshóll — Helgafellssveitarvegur	7,0
12	Grundarfjörður — Kvíabryggja	3,9
60	Vestfjarðavegur	
10	Rannsóknir í Gilsfirði	1,0
60	Vestfjarðavegur	
01	Rannsóknir í Gilsfirði	1,0
14	Vatnsdalsá — Flókalundur	9,8
61	Djúpvegur	
18	Djúpagil — Arnarneshamar	17,0
62	Barðastrandarvegur	
05	Stapar — Patreksfjörður	13,3
65	Súgandafjarðarvegur	
02	Botn — Suðureyri	12,2
68	Hólmavíkurvegur	
06	Guðlaugsvík — Þambá	13,2
1	Norðurlandsvegur	
06	Víðidalsvegur vestri — Víðidalsvegur eystri	18,8
18	Miðhús — Miklibær	11,2
19	Miklibær — Kjálkavegur	8,3

Vegnr. Kafanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjár. m.kr.
72	Hvammstangavegur	
01	Norðurlandsvegur — Hvammstangi	7,9
76	Siglufjarðarvegur	
02	Um Gljúfurá	4,4
04	Sleitustaðir — Hofsósbraut	0,5
11	Gangamunni — Siglufjörður	2,0
1	Norðurlandsvegur	
04	Hörgárdalsvegur — Krossastaðir	13,5
20	Skútustaðir — Garður	2,7
85	Norðausturvegur	
26	Hafralónsá — Þórshöfn	8,7
821	Eyjafjarðarbraut vestri	
01—02	Hvammur — Miðbraut	10,0
845	Aðaldalsvegur	
02	Syðra Fjall — Norðausturvegur	3,7
1	Austurlandsvegur	
22	Stigi — Krossá	4,0
47	Fátækramannahóll — Bakkalækur	12,0
85	Norðausturvegur	
12	Sunnudalsvegur — Teigará	7,0
92	Norðfjarðarvegur	
07	Hólmaháls	5,3
09	Við Eskifjörð	8,0
96	Suðurfjarðarvegur	
03	Skriður — Höfðahús	15,1
Samtals		306,5

1.2. Bundin slitlög.

Vegnr. Kafanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjár. m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
10—11	Um Mýrdalssand	17,2
30	Skeiðavegur	
04	Þjórsárdalsvegur — Hrunavegur	6,0
34	Eyrbakkavegur	
05	Um Ölfusárós	5,6
39	Þrengslavegur	
01	Suðurlandsvegur — Þorlákshafnarvegur	2,4
1	Vesturlandsvegur	
18	Laxá — Breiðamýri	5,1
36	Þingvallavegur	
01	Kjósarskarðsvegur — Litla Sauðafell	4,0
431	Hafravatnsvegur	
02	Reykjalundarvegur — Vesturlandsvegur	7,2
1	Vesturlandsvegur	
01	Önundarhóll — Fjárrétt	4,6

Vegnr.	Vegheiti	1988
Kaflnr.	Kaflaheiti	Fjárn. m.kr.
54	Ólafsvíkurvegur	
02	Tungulækur — Brókarlækur	8,2
04	Hítará — Kaldá	4,1
07	Vegamót — Hrísdalur	3,8
11	Snæfellsnesvegur — Fossá	5,5
57	Snæfellsnesvegur	
08	Gríshóll — Helgafellssveitarvegur	16,8
12	Grundarfjörður — Kvíabryggja	0,8
60	Vestfjarðavegur	
03	Mýrartunga — Hríshóll	4,8
05	Þorskafjarðarvegur — Gröf	10,4
14	Vatnsdalsá — Flókalundur	3,7
68	Hólmavíkurvegur	
06	Guðlaugsvík — Stikuháls	7,5
1	Norðurlandsvegur	
14—15	Gilshús — Valadalsá	8,7
74	Skagastrandarvegur	
02	Þverárfjallsvegur — Skagavegur	2,6
76	Siglufjarðarvegur	
01	Norðurlandsvegur — Hjaltastaðir	1,1
04	Sleitustaðir — Hofsósbraut	4,3
1	Norðurlandsvegur	
15	Fnjóskadalsvegur eystri — Kross	8,5
85	Norðausturvegur	
21	Raufarhöfn — Flugvöllur	3,7
821	Eyjafjarðarvegur vestri	
01—02	Hvammur — Miðbraut	3,7
845	Aðaldalsvegur	
02	Syðra Fjall — Norðausturvegur	4,8
1	Austurlandsvegur	
29	Blábjörg — Starmýri	12,3
33	Össurá — Þorgeirsstaðir	7,2
92	Norðfjarðarvegur	
04	Neðstabrú — Skriður	6,3
07	Um Hólmaháls	4,8
93	Seyðisfjarðarvegur	
03	Neðri Stafur — Efri Stafur	13,8
94	Borgarfjarðarvegur	
01	Vegamót — Mýnes	7,9
96	Suðurfjarðavegur	
10	Stöðvará — Kambanes	1,1
931	Upphéraðsvegur	
08	Atlavík — Hafursá	7,6
	Samtals	216,1

1.3. Sérstök verkefni.

Vegnr. Kafanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjár. m.kr.
34	Eyrbakkavegur	
05	Um Ölfusárós	75,7
36	Þingvallavegur	
01	Kjósarskarðsvegur — Litla Sandfell	18,5
1	Vesturlandsvegur	
14	Holtavörðuheiði	28,2
60	Vestfjarðavegur	
22	Dýrafjörður	14,6
61	Djúpvegur	
01—05	Tenging Inn-Djúps	14,6
1	Norðurlandsvegur	
14—15	Gilshús — Valadalsá	15,3
1	Norðurlandsvegur	
09	Leiruvegur	33,0
85	Norðausturvegur	
10—16	Vopnafjörður — Hérað	1,0
92	Norðfjarðarvegur	
09	Eskifjörður — Göng	23,1
	Samtals	224,0

1.4. Ó-vegir.

Vegnr. Kafanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjár. m.kr.
61	Djúpvegur	
25	Óshlíð	14,9
82	Ólafsfjarðarvegur	
06	Um Ólafsfjarðarmúla	110,1
	Samtals	125,0

1.5. Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr. Kafllanr.	Vegheiti Kafllaheiti	1988 Fjár- m.kr.
1	Vesturlandsvegur	
13	Grafarholt — Lágafell	8,0
13—14	Við Langatanga og Álafossveg	4,0
14	Við Brúarland	7,0
40	Hafnarfjarðarvegur	
03	Kópavogur — Arnarnes	14,0
41	Reykjanesbraut	
02—03	Reykjavík — Hafnarfjörður	30,0
04	Hvammabraut — Ásbraut	3,0
04	Gatnamót Lækjargötu	5,7
431	Hafravatnsvegur	
02	Reykjalundarvegur — Vesturlandsvegur	1,3
	Þjóðvegir samtals	73,0
	Greiðsla upp í skuld við Reykjavík vegna þjóðvega í þéttbýli	26,0
	Þjóðvegir í þéttbýli í Reykjavík	6,0
	Þjóðvegir í þéttbýli í Kópavogi	6,0
	Samtals	111,0

Stofnbrautir: óráðstafað til 1989.

Suðurland	23,0
Reykjanes	13,0
Vesturland	24,0
Vestfirðir	32,0
Norðurland vestra	18,0
Norðurland eystra	32,0
Austurland	32,0
Ólafsfjarðarmúli	25,0
Höfuðborgarsvæðið	25,0
Samtals	224,0

2. Þjóðbrautir.

Vegnr. Kafllanr.	Vegheiti Kafllaheiti	1988 Fjár. m.kr.
26	Landvegur	
01	Suðurlandsvegur — Hagabraut	6,1
204	Meðallandsvegur	2,4
215	Reynishverfisvegur	1,3
240	Stórhöfðavegur	7,9
252	Landeyjavegur	
06	Ártúnsvegur — Suðurlandsvegur	1,4
255	Akureyjarvegur	2,3
261	Fljótshlíðarvegur	
03—04	Hlíðarendi — Hámúli	7,5
32	Þjórsárdalsvegur	
01	Skeiðavegur — Stóra-Núpsvegur	4,8
33	Gaulverjabæjarvegur	
01	Suðurlandsvegur — Hamarsvegur	2,4
37	Laugarvatnsvegur	
03	Laugarvatnsvegur — Reykjavegur	4,8
305	Villingaholtsvegur	2,4
42	Krýsuvíkurvegur	
01	Bláfjallavegur — Vatnsskarð	5,0
461	Meðalfellsvegur	
01	Um Svínadalsá og Bugðu	7,0
50	Borgarfjarðarbraut	
01	Um Þverá hjá Geitabergi	1,5
04	Kleppjárnsreykir — Deildartunga	5,0
518	Hálasveitarvegur	
01	Borgarfjarðarbraut — Reykholtisdalsvegur	13,9
03	Um Húsafellsskóg	3,5
577	Helgafellssveitarvegur	
01	Snæfellsnesvegur — Snæfellsnesvegur	5,9
593	Efribyggðarvegur	
01	Hella — Flekkudalsá	3,9
69	Steinadalsvegur	
02	Steinadalur — Hól mavíkurvegur	0,8
612	Örlygshafnarvegur	
03	Kollsvíkurvegur — Látur	2,0
633	Vatnsfjarðarvegur	
03	Skálavík — Kelda	10,3
645	Drangsnisvegur	
01	Strandavegur — Drangsnis	4,9
711	Vatnsnisvegur	
07	Síðuvegur — Norðurlandsvegur	0,5
731	Svínvetningabraut	
02—03	Tindar — Blöndubrú	4,8

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjár- m.kr.
734	Svartárdalsvegur	
01	Um Fjósaklif	3,0
745	Skagavegur	
08	Í Laxárdal	1,3
767	Hólavegur	
01	Víðinesá — Hólar	3,0
02	Hólar — hesthús	1,7
769	Ásavegur	4,2
792	Flugvallarvegur í Siglufirði	2,0
83	Grenivíkurvegur	
02	Norðurlandsvegur — Fagranes	4,6
803	Kleifavegur	
02	Flugvöllur — Sólheimar	2,0
824	Finnastaðavegur	
01	Finnastaðir — Gilsbakki	6,3
846	Austurhlíðarvegur	
01	Norðurlandsvegur — Laugar	0,6
848	Mývatnsvegur	
01	Vagnbrekka — Stekkjarnes	3,7
850	Flugvallarvegur Mývatnssveit	
01	Kísilvegur — Flugvöllur	3,0
870	Kópaskersvegur	
01	Norðausturvegur — Kópasker	2,4
94	Borgarfjarðarvegur	
01	Vegamót — Mýnes	0,7
923	Jökuldalsvegur	
04	Jökla — Hrafnkeldalsmynni	7,0
931	Upphéraðsvegur	
08	Atlavík — Hafursá	5,3
953	Mjóafjarðarvegur	2,5
955	Flugvallarvegur Norðfirði	3,8
	Samtals	169,4

Þjóðbrautir: óráðstafað til 1989.

Suðurland	9
Reykjanes	2
Vesturland	8
Vestfirðir	5
Norðurland vestra	5
Norðurland eystra	5
Austurland	5
	<hr/>
Samtals	39
	<hr/>

2.4. Til brúagerða.**1. Til brúa 10 m og lengri.**

	1988
	Fjárv.
	m.kr.
Háfsós (275)	5,5
Skurður hjá Krossi (sýsluvegur)	2,6
Bugða (461)	3,6
Svínadalsá (461)	4,0
Straumfjarðará (54)	14,0
Gilsfjörður — rannsóknir (60)	1,2
Bæjará (60)	4,3
Haukabergsá (62)	3,5
Gljúfurá (76)	4,8
Eyjafjarðará (823)	1,6
Grænilækur (1)	6,5
Hafralónsá (85)	24,4
Laxá (sýsluvegur S-Ping.)	3,7
Morsá (fjallvegur)	1,3
	<hr/>
Samtals	81,0
Brýr: óráðstafað til 1989	22,0
	<hr/>

Samgönguráðuneytið, 30. maí 1988.

Matthías Á. Mathiesen.

Halldór S. Kristjánsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG um frestun á hækkun launa og búvöruverðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefir tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að skapa svigrúm fyrir undirbúning efnahagsaðgerða sem miða að því að skapa rekstrargrundvöll fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinar atvinnulífsins og að hemja verðbólgu. Verði því að fresta launahækkunum og hækkun búvöruverðs sem koma áttu til framkvæmda í septembermánuði og ákveða um leið almenna verðstöðvun.

Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 14, 20. maí 1988, skal launahækkun sú, sem samkvæmt þeim lögum skyldi taka gildi 1. september 1988 eigi koma til framkvæmda á gildistíma laga þessara.

2. gr.

Aðrar launahækkunir, þar með taldar hvers kyns greiðslur fyrir vinnuframlag, launahluti í gjaldskráum fyrir útselda vinnu eða sambærilegar þóknunir, sem koma áttu til framkvæmda 1. september 1988 eða annan dag á gildistíma laga þessara, skulu eigi koma til framkvæmda á gildistíma laga þessara.

3. gr.

Prátt fyrir ákvæði laga nr. 46, 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, skal eigi hækka verð búvara á gildistíma laga þessara.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum á lögnum fara að hætti opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til loka september 1988.

Gjört á Blönduósi, 26. ágúst 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 7. júní 1988 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

XII. kafli fær fyrirsögnina **Viðskipta- og hagfræðideild** og orðast svo:

XII. KAFLI

Viðskipta- og hagfræðideild.

90. gr.

Viðskipta- og hagfræðideild veitir kennslu í viðskiptafræðum til cand.oecon prófs og í hagfræði til B.S. (econ.) prófs. Skipan námsins miðast við, að viðskiptafræðanám taki fjögur ár og hagfræðinám taki þrjú ár. Nám er vegið í einingum (e), og skal ársnám talið 30 e. Til cand. oecon. prófs í viðskiptafræði er krafist 120 e, en til B.S. (econ.) prófs í hagfræði 90 e. Deildin getur skipulagt framhaldsnám til M.S. (econ.) prófs í hagfræði.

Stjórn deildarinnar er í höndum skorfunda, skorfarmanna, deildarfunda og deildarforseta. Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum, sem deildin er bær að taka ákvörðun um.

Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli viðskiptaskorar og hagfræðiskorar eftir ákvörðun deildarfundar. Hvor skor fer með málefni kennslugreina sinna í umboði deildarfundar, ákvarðar námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli kennara í skor og gerir tillögur til deildarfundar um ráðningu aðjúnkta og stundakennara. Áður en deildin gerir tillögur um skipun eða setningu í prófessorsembætti, dósentstöður eða lektorstöður, skal leita álits viðkomandi skorar, og eiga fulltrúar stúdenta á skorfundi þá ekki atkvæðisrétt. Skorir gera tillögur til deildarfundar um nauðsynlegar fjárveitingar og nýjar stöður.

Á skorfundi eiga sæti prófessorar, dósentar og lektorar í kennslugreinum skorar og tveir fulltrúar stúdenta kjörnir ár hvert af félagasamtökum þeirra úr hópi stúdenta í sömu skor, og taka þeir sæti á skorfundum við upphaf næsta háskólaárs. Enginn getur átt sæti í tveimur skorum. Deildarfundur ákveður, í hvorri skor kennari á sæti.

Hvor skor kys í apríl ár hvert formann og varaformann úr hópi prófessora, dósentar og lektora skorfarmanna. Skor heldur fundi eftir þörfum. Gerðir skorfunda skulu bókfærðar.

91. gr.

Kennslugreinar eru þessar: Prófgreinar í fyrri hluta, sbr. 92. gr., prófgreinar í síðari hluta, sbr. 93. gr., og kjörgreinar samkvæmt ákvörðun deildarinnar.

92. gr.

Prófgreinar í fyrri hluta náms í viðskiptafræðum eru fornámskeið í stærðfræði (0 e), stærðfræði (3 e), bókfærsla og reikningshald (12 e), tölfræði (6 e), upplýsingatækni (3 e), íslensk haglýsing (6 e), aðferðafræði (3 e), lögfræði (6 e), þjóðhagfræði (6 e), rekstrarhagfræði (9 e), skattaréttur, skattskil (3 e) og félagsfræði (3 e), alls 60 e.

Prófgreinar í fyrri hluta náms í hagfræði eru rekstrarhagfræði (6 e), þjóðhagfræði (6 e), tölfræði (6 e), stærðfræði (6 e) og reikningshald (6 e), alls 30 e.

Kennslu í fyrri hluta skal haga þannig, að farið sé yfir allt námsefni árlega og unnt sé að ljúka prófi í fyrri hluta á tveim árum í viðskiptaskor og á einu ári í hagfræðiskor. Stúdent telst hafa staðist próf í prófgreinum 1. árs, hafi hann hlotið lágmarkseinkunnina 6,5 í rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði og jafnframt 6,5 að meðaltali í öllum prófgreinum. Nám í kennslugreinum 2. árs skal hefja að hausti. Stúdent í hagfræðiskor skal hafa staðist próf í öllum prófgreinum 1. árs, áður en hann hefur nám á 2. ári. Stúdent í viðskiptaskor skal hafa staðist próf í prófgreinum 1. árs, sem gilda a.m.k. 24 e, áður en hann hefur nám á 2. ári. Viðskiptaskor ákveður, í hvaða prófgreinum 1. árs unnt er að þreyta próf samhliða námi í 2. árs greinum.

93. gr.

Til prófs í síðari hluta teljast kjarni (30 e) og kjörsvið ásamt frjálsum kjörgreinum og ritgerð (samtals 30 e). Kjarnarnir eru tveir, viðskiptakjarni í viðskiptaskor og hagfræðikjarni í hagfræðiskor.

Prófgreinar í viðskiptakjarna eru stjórnun (6 e), fjármál fyrirtækja (6 e), markaðsfræði (6 e), framleiðsla (6 e), aðgerðarannsóknir (3 e) og upplýsingatækni (3 e):

Prófgreinar í hagfræðikjarna eru rekstrarhagfræði (6 e), þjóðhagfræði (6 e), haggrannsóknir (6 e) og aðrar greinar (samtals 12 e) samkvæmt ákvörðun hagfræðiskorar.

Kennslu í síðari hluta skal haga þannig, að farið sé yfir námsefni í kjarnagreinum og kjörsviðsgreinum árlega, en námsefni í öðrum greinum a.m.k. annað hvert ár. Nám í kennslugreinum 3. árs skal hefja að hausti og skal stúdent þá hafa staðist próf í öllum kennslugreinum 2. árs í hlutaðeigandi skor.

94. gr.

Deildin setur reglur um skipan kjörgreina í kjörsvið og vægi þeirra. Eitt kjörsvið í viðskiptafræðum skal vera endurskoðunarsvið.

Stúdent velur frjálsar kjörgreinar, er teljast hvorki til kjarna né kjörsviðs hans. Heimilt er honum einnig að áskildu samþykki deildarinnar að velja frjálsar kjörgreinar í öðrum deildum eða námsbrautum.

Efni ritgerðar skal valið í samráði við a.m.k. einn fastan kennara deildarinnar. Ritgerð vegur 3,6 eða 9 e, eftir vali stúdents að fengnu samþykki kennara. Stúdent á endurskoðunarsviði er þó ekki skylt að skila ritgerð. Deildin setur nánari reglur um samningu ritgerða og skil. Heimilt er að prófa stúdent munnlega um efni ritgerðar og meta frammistöðu hans sem hluta af einkunn fyrir ritgerðina.

95. gr.

Heimilt er kennara með samþykki skorar að meta ritgerðir og æfingar sem hluta af prófi og áskilja lágmarkseinkunn í hverjum prófhluta greinar. Heimilt er einnig að meta vinnu stúdenta í fyrirtækjum og stofnunum og vinnu við ákveðin verkefni utan deildar til jafns við ritgerðir og æfingar í einstökum greinum.

Deildin getur haldið æfinganámskeið utan reglulegs kennslutíma.

Próf skulu vera skrifleg, nema deildin ákveði annað. Próf eru haldin í lok námskeiðs. Endurtekningarp próf eru haldin að hausti.

Falli stúdent úr deildinni, skal hann fá viðurkennd þau próf, sem hann hefur lokið með lágmarkseinuninni 6,5, enda endurinnritist hann eigi síðar en á næsta háskólaári.

Stúdent í viðskiptafræðum skal hafa lokið prófi í fyrri hluta eigi síðar en á því almanaksári, er hann hefur verið skráður í deildina í 3 ár samfleytt, og prófi í síðari hluta eigi síðar en 6 árum eftir skráningu. Stúdent í hagfræði skal hafa lokið prófi í fyrri hluta eigi síðar en á því almanaksári, er hann hefur verið skráður í deildina í 2 ár samfleytt, og prófi í síðari hluta eigi síðar en 5 árum eftir skráningu. Deildin getur veitt undanþágu frá þessum tímamörkum, ef veikindum eða öðrum vítaleysisástæðum er til að dreifa.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt skal viðskipta- og hagfræðideild að veita stúdent, sem hefur innritast á endurskoðunarsvið fyrir gildistöku nýrrar reglugerðar, undanþágu frá ritgerð, sbr. 3. mgr. 94. gr.

Stúdentar, sem hafið höfðu nám í viðskiptadeild fyrir lok vormisseris 1988, eiga rétt á að ljúka námi sínu í samræmi við fyrri reglugerðarákvæði.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 8. júní 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Knútur Hallsson.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 3. júlí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Benediktsson.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 9. júlí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Benediktsson.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 26. júlí 1988 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

2. og 3. málsg. 75. gr. orðist svo:

Próf að lokinni kennslu haustmisseris 1. árs eru ekki endurtekin á öðrum árstímum. Þeir einir sitja áfram á vormisseri fyrsta árs, sem lokið hafa þeim prófum með gildandi lágmarkseinkunn í hverri grein.

Nú er fjöldi stúdenta, sem stenst próf í lok haustmisseris meiri en svo, að veita megi þeim öllum framhaldskennslu við aðstæður á hverjum tíma, og getur háskólaráð þá eftir rökstuddum tillögum læknadeildar takmarkað fjölda þeirra, sem halda áfram námi. Réttur stúdenta til framhaldsnáms skal miðaður við árangur prófa í lok haustmisseris 1. árs. Ákvörðun háskólaráðs skal tilkynna fyrir upphaf þess háskólaárs, sem prófin eru haldin.

2. gr.

1. málsg. 115. gr. orðist svo:

Deildin skiptist eftir fræðigreinum í eftirtaldar skorir: *Stærðfræðiskor*, *tölvunarfræðiskor*, *eðlisfræðiskor*, *efnafræðiskor*, *líffræðiskor* og *jarð- og landfræðiskor*. Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli skora og sker deildarráð úr um þá skiptingu. Hver skor fer í umboði deildarráðs með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í skor, gerir tillögur til deildarráðs um ráðningu aðjúnkta og ráðstöfun kennslu til annarra skora og deilda.

3. gr.

5. málsg. 115. gr. orðist svo:

Hver skor kys eigi síðar en í apríl ár hvert formann úr hópi prófessora, dósentna og lektora skorarinnar. Varaformaður er kjörinn á sama hátt og formaður. Sé þörf annars varamanns skal kveðja til skorarmenn eftir starfsaldri.

4. gr.

116. gr. orðist svo:

Raunvísindadeild veitir kennslu og þjálfun í raunvísindum sem hér segir:

1. Til B.S.-prófs í raungreinum: Stærðfræði, tölvunarfræði, eðlisfræði, jarðeðlisfræði, efnafræði, matvælafræði, líffræði, jarðfræði og landafræði. Ennfremur í öðrum greinum eftir því sem deildin ákveður og fé er veitt til. Skipan námsins miðast við, að það taki 3 ár, og er heildarnámið minnst 90 námseiningar.
2. Til áfangaprófa (fyrrihlutaprófa) í eðlisverkfræði og efnaverkfræði. Skipan námsins miðast við, að það taki 2 ár, og er heildarnámið minnst 60 námseiningar. Deildin skal stefna að því, að prófið veiti rétt til framhaldsnáms við tiltekna erlenda tækniháskóla.
3. Til framhaldsnáms fyrir þá sem lokið hafa prófi við deildina eða samsvarandi prófi.

Deildin tekur ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið, um vægi þeirra og skiptingu þeirra í námsáfanga.

Skorir gera í kennsluskrá grein fyrir námsskipan og skyldunámskeiðum innan aðalgreinar. Samval námskeiða er háð samþykki skorar.

Framhaldsnám, sem nemur 30 einingum að loknu B.S.-prófi, er viðurkennt með sérstöku prófskírteini. Um það gilda reglur er deildin setur.

Prófgráðan M.S. er veitt fyrir 60 eininga framhaldsnám að loknu B.S.-prófi.

Deildin setur nánari reglur um M.S.-nám eftir því sem þurfa þykir.

5. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 27. júlí 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 5. ágúst 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Benediktsson.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 10. ágúst 1988.

Matthías Á. Mathiesen.

Guðrún Sigurðardóttir.

L Ö G

um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 33. gr. laga nr. 30 2. maí 1988, um breyting á lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, hefi látið fella meginmál hinna fyrrnefndu inn í lög nr. 109/1984, með síðari breytingum og gef þau út svo breytt:

I. KAFLI

Hlutverk.

1. gr.

- 1.1. Lögum þessum er ætlað að tryggja landsmönnum svo heilnæm lífsskilyrði sem á hverjum tíma eru tök á að veita.
- 1.2. Með markvissum aðgerðum skal vinna að þessu, m. a. með því að tryggja sem best eftirlit með umhverfi, húsnæði og öðrum vistarverum, almennri hollustu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara og vernda þau lífsskilyrði, sem felast í ómenguðu umhverfi, hreinu lofti, úti og inni, og ómenguðu vatni. Ennfremur með því að veita alhliða fræðslu og upplýsingar um þessi mál fyrir almenning.
- 1.3. Lög þessi ná yfir alla starfsemi og framkvæmd sem hefur eða haft getur í för með sér mengun lofts, láðs eða lagar, að svo miklu leyti sem það er ekki falið öðrum með sér-lögum eða með framkvæmd alþjóðasamninga.
- 1.4. Með mengun er átt við þegar örverur, efni og efnasambönd valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, hvers konar hávaða og titrings og varmaflæðis.

2. gr.

- 2.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd laga þessara setur ráðherra heilbrigðisreglugerð eða reglugerðir um atriði, þar með talið eftirlit, sem sérlög ná ekki yfir, og gilda þær fyrir allt landið, lofthelgi og landhelgi.
- 2.2. Í heilbrigðisreglugerð skulu vera almenn ákvæði um:
 1. Hreinlæti og þrífnað utanhúss.
 2. Neysluvatn, vatnsból, vatnsveitur og baðvatn.
 3. Salerni og frárennsli.
 4. Meðferð og eyðingu sorps og annars úrgangs.
 5. Meindýr og eyðingu þeirra svo og ónytjadyr, vargfugla og aflífun þeirra.
 6. Íbúðarhúsnæði.
 7. Gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði.
 8. Matvæli og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur svo og húsakynni, tæki og allt er snertir matvælaframleiðslu og matvælaíðnað, þar með talin notkun aukefna í matvæli, matvörugeymslur og matvæladreifing, sbr. og reglugerð nr. 250/1976 ásamt síðari breytingum.
 9. Matvælaeftirlit og efna- og gerlafræðilegar rannsóknir vegna þess.
 10. Meðferð og notkun matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, sem ekki uppfylla settar reglur.
 11. Skóla og aðra kennslustaði.
 12. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, nuddstofur og hvers konar aðrar snyrtistofur.
 13. Barnaheimili, upptökuheimili og leikvelli.

14. Heilbrigðisstofnanir, stofnanir fyrir þroskahefta, drykkjusjúka og tilsvarendi, lækningastofur, dvalarheimili fyrir aldraða skv. lögum þar um og aðrar slíkar stofnanir.
15. Íþróttastöðvar, íþróttahús, sundhallir, sundlaugar, baðhús, gufubaðstofur og almenna baðstaði o. þ. u. l.
16. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
17. Samkomuhús, þ. á. m. kirkjur.
18. Kirkjugarða, líkhús og bálstofur, svo og meðferð líka.
19. Báta og skip, vélknúin ökutæki, flugvélar o. þ. u. l.
20. Gripahús og alifuglabú.
21. Hávaða, titring, hitastreymi og óþef, m. a. frá hvers konar starfsemi og farartækjum.
22. Starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem ekki fellur að öllu leyti undir mengunarvarnareglugerð skv. 3. gr.
23. Þátttöku heilbrigðisnefnda í sóttvörnum og framkvæmd þeirra.
24. Önnur sambærileg atriði.
Ennfremur skal setja ákvæði um:
25. Valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins svo og dagsektir.
26. Viðmiðunarreglur og staðla um efna- og gerlainnihald matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.
27. Reglur um töku sýna og úrvinnslu þeirra.
28. Undanþágur og heimildir til slíks og hvaða takmörkun slíkt skuli háð, jafnframt viðurlög og málsmeðferð.

3. gr.

- 3.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd mengunarvarna setur ráðherra mengunarvarnareglugerð eða reglugerðir að höfðu samráði við önnur ráðuneyti, sem fara með einstaka málaflokka er snerta umhverfismál, og gilda þær fyrir allt landið, lofthelgi og landhelgi.
- 3.2. Í mengunarvarnareglugerð skulu vera almenn ákvæði um:
 1. Starfsleyfi fyrir allan atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun þar sem m. a. skulu vera ákvæði um staðarval, mengunarvarnir í einstökum atvinnugreinum og um rekstur og viðhald mengunarvarnaútbúnaðar.
 2. Eftirlit, skráningu og tilkynningaskyldu.
 3. Úttekt á hugsanlegri mengunarhættu.
 4. Meðferð vatns og sjávar í iðnaði.
 5. Úrgangsefni, svo sem eyðingu sorps og annars úrgangs.
 6. Frárennsli og skolp.
 7. Varnir gegn loftmengun, þar sem fram skulu koma viðmiðunarreglur fyrir loftmengun.
 8. Hávaða og titring, þar sem fram koma viðmiðunarreglur fyrir leyfilegan hávaða og titring með hliðsjón af umhverfi.
 9. Varmmengun, þar sem fram skulu koma reglur um takmörkun slíks.
 10. Önnur sambærileg atriði.
Ennfremur skal setja ákvæði um:
 11. Undanþáguheimildir og hvaða takmörkun þær skuli háðar, jafnframt viðurlög og málsmeðferð.
 12. Valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda, heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins svo og dagsektir.

II. KAFLI

Stjórn og skipan.

4. gr.

- 4.1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.
- 4.2. Landlæknir er ráðgjafi ráðherra og ríkisstjórnar um allt er að hollustuháttum og heilbrigðiseftirliti lýtur.

5. gr.

- 5.1. Ekkert sveitarfélag skal vera án viðhlítandi heilbrigðiseftirlits.
- 5.2. Sveitarfélög greiða kostnað við heilbrigðiseftirlit í héruðum að svo miklu leyti sem lög mæla ekki um á annan veg, sbr. 5.5.
- 5.3. Heimilt er sveitarstjórnnum að höfðu samráði við hlutaðeigandi svæðisnefndir að innheimta gjald af eftirlitsskyldri starfsemi, sem talin er upp í 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölul. 2. gr. og 3. gr. að svo miklu leyti sem Hollustuvernd ríkisins er ekki falið eftirlit með mengandi starfsemi. Skal gjald þetta innheimt samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir og birt skal í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld samkvæmt þessari grein má innheimta með lögtaki.
- 5.4. Svæðisnefnd hefur yfirumsjón með fjármálum heilbrigðiseftirlits á viðkomandi svæði og gerir tillögur að fjárhagsáætlun og skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga á svæðinu fyrir næsta reikningsár og skal hafa sent þær hlutaðeigandi sveitarstjórnnum til staðfestingar fyrir 1. nóv. ár hvert. Við kostnaðarskiptingu skal miða við að allar tekjur af eftirlitsskyldri starfsemi á svæðinu, sbr. 5.3., renni í sameiginlegan sjóð til greiðslu reksturskostnaðar og það sem á vantar samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun greiðist af sveitarfélögunum í samræmi við íbúafjölda 1. des. næstliðins árs, sbr. 5.5.
- 5.5. Tillögur svæðisnefnda, sbr. 5.4., skulu lagðar fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir sem hafa frest til athugasemda til 1. des. sama ár. Komi fram athugasemdir ber svæðisnefnd að ræða þær við viðkomandi forsvarsmenn sveitarfélaga og leita samkomulags. Náist ekki samkomulag ræður fjárhagslegur meirihluti.
- 5.6. Náist ekki samkomulag um hver skuli annast fjárreiður fyrir heilbrigðiseftirlit svæðisins ber stærsta sveitarfélaginu að annast það gegn hæfilegri þóknun.

6. gr.

- 6.1. Í landinu skulu starfa 46 heilbrigðisnefndir kosnar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Um skipan nefndarmanna og kosningar fer sem hér segir:
- 6.2. Reykjavíkursvæði:
Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum kosnum af borgarstjórn.
Starfssvæði: Reykjavíkurborg.
- 6.3. Akranessvæði:
Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur. Akraneskaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
- 6.4. Vesturlandssvæði:
Þar starfa fjórar nefndir:
 1. Borgarnes, ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Borgarneshreppur, Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinstaðahreppur, Eyjahreppur, Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur.

ur, Pverárhliðarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur. Borgarneshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn en hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.

2. Ólafsvík, ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Ólafsvíkurhreppur, Fróðárhreppur, Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur og Neshreppur. Ólafsvíkurhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Neshreppur einn, kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
3. Stykkishólmur, ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Helgafellssveit, Stykkishólmsahreppur, Skógarstrandarhreppur, Miklaholtshreppur, Eyrarsveit og Flateyjarhreppur. Stykkishólmsahreppur skal eiga tvo fulltrúa og Eyrarsveit einn, kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
4. Búðardalur, ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalahreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur. Laxárdalshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.

6.5. Vestfjarðasvæði:

Þar starfa 6 nefndir:

1. Austur-Barðastrandarsýsla, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Geiradalshreppur, Reykhólahreppur, Gufudalshreppur og Múlahreppur. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um alla fulltrúana.
2. Patreksfjörður, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Ketildalahreppur og Suðurfjarðahreppur. Patrekshreppur skal eiga tvo fulltrúa, Tálknafjarðarhreppur einn og Suðurfjarðahreppur einn, kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
3. Vestur-Ísafjarðarsýsla, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur, Auðkúluhreppur, Mosvallahreppur, Flateyrahreppur og Suðureyrahreppur. Þingeyrarhreppur á einn fulltrúa, Flateyrahreppur einn og Suðureyrahreppur einn, kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
4. Bolungarvík, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Bolungarvíkurkaupstaður.
5. Ísafjörður, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrahreppur og Snæfjallahreppur. Ísafjarðarkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
6. Hólmavík, skipuð þrem fulltrúum.
Starfssvæði: Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hrófborgshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrahreppur. Hólmavíkurhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

6.6. Norðurlandssvæði vestra:

Þar starfa 4 nefndir:

1. Hvammstangi, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur, Þorkelshólshreppur og Bæjarhreppur. Hvammstangahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa komi sér saman um þrjá.

2. Blönduós, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfulækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðahreppur, Engihlíðahreppur, Vindhælishreppur. Höfðahreppur og Skagahreppur. Blönduóshreppur skal eiga tvo fulltrúa og Höfðahreppur einn, kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

3. Sauðárkrókur, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur og Fellshreppur. Sauðárkrókskaupstaður skal eiga tvo fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um þrjá.

4. Siglufjörður, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Siglufjarðarkaupstaður, Haganeshreppur og Holtshreppur. Siglufjarðarkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Haganeshreppur einn og Holtshreppur einn, kosna af sveitarstjórnnum.

6.7. Eyjafjarðarsvæði:

Þar starfa 3 nefndir:

1. Ólafsfjörður, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.

Starfssvæði: Ólafsfjarðarkaupstaður.

2. Dalvík, skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Dalvíkurkaupstaður, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur og Hríseyjarhreppur. Dalvíkurkaupstaður skal eiga tvo fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

3. Akureyri, skipuð sjö fulltrúum.

Starfssvæði: Akureyrarkaupstaður, Grímseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur og Hálshreppur. Akureyri skal eiga fimm fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

6.8. Norðurlandssvæði eystra:

Þar starfa 4 nefndir:

1. Húsavík, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Aðaldælahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Ljósa vatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykjahreppur, Reykdælahreppur og Skúta staðahreppur. Húsavíkurkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

2. Kópasker, skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur. Presthólahreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

3. Þórshöfn, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Sauðaneshreppur. Þórshafnarhreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
4. Raufarhöfn, skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.
Starfssvæði: Raufarhafnarhreppur.

6.9. Austurlandssvæði:

Þar starfa 9 nefndir:

1. Vopnafjörður, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Vopnafjarðarhreppur og Skeggjastaðahreppur. Vopnafjarðarhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Skeggjastaðahreppur einn kosna af sveitarstjórnnum.
2. Seyðisfjörður, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn Seyðisfjarðar.
Starfssvæði: Seyðisfjarðarkaupstaður og Seyðisfjarðarhreppur.
3. Egilsstaðir, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Tunguhreppur, Fellahreppur, Fljótisdalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðdalshreppur, Hjaltastaðahreppur og Borgarfjarðarhreppur. Egilsstaðahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um þrjá.
4. Neskaupsstaður, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Neskaupstaður, Mjóafjarðarhreppur, Norðfjarðarhreppur. Neskaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
5. Eskifjörður, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Eskifjarðarkaupstaður og Helgustaðahreppur. Eskifjarðarkaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn og Helgustaðarhreppur einn kosinn af sveitarstjórn.
6. Reyðarfjörður, skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.
Starfssvæði: Reyðarfjarðarhreppur.
7. Fáskrúðsfjörður, skipuð þremur fulltrúum. Starfssvæði: Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur og Stöðvarhreppur. Búðahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
8. Djúpvogur, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur og Breiðdalshreppur. Búlandshreppur skal eiga einn fulltrúa og Breiðdalshreppur einn, kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
9. Höfn, Hornafirði, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Bæjarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Hafnarhreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur. Hafnarhreppur skal eiga þrjá fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

6.10. Suðurlandssvæði:

Þar starfa 9 nefndir:

1. Kirkjubæjarklaustur, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallarhreppur og Álftavershreppur. Kirkjubæjarhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

2. Vík í Mýrdal, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur. Hver hreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af hreppsnefnd.
3. Hvolsvöllur, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðahreppur og Hvolhreppur. Hvolhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
4. Hella, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur. Rangárvallahreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
5. Laugarás, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskups-tungnahreppur, Grímsneshreppur og Laugardalshreppur. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um alla fulltrúana.
6. Selfoss, skipuð sjö fulltrúum.
Starfssvæði: Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosskaupstaður, Grafningshreppur, Eyrarbyggahreppur, Stokkseyrarhreppur og Þingvallahreppur. Selfosskaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Eyrarbyggahreppur einn og Stokkseyrarhreppur einn kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
7. Hveragerði, skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.
Starfssvæði: Hveragerðishreppur.
8. Þorlákshöfn, skipuð þremur fulltrúum kosnum af Ölfushreppi.
Starfssvæði: Ölfushreppur og Selvogshreppur.
9. Vestmannaeyjar, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Vestmannaeyjar.
- 6.11. Suðurnesjasvæði:
Þar starfar ein nefnd skipuð sjö fulltrúum.
Starfssvæði: Keflavíkarkaupstaður, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Njarðvíkurkaupstaður, Hafnahreppur, Vatnsleysustrandarhreppur og Grindavíkarkaupstaður. Hvert sveitarfélag kys einn fulltrúa.
- 6.12. Hafnarfjarðarsvæði:
Þar starfa 2 nefndir:
 1. Hafnarfjörður, skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Hafnarfjarðarkaupstaður.
 2. Garðabær, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Garðakaupstaður og Bessastaðahreppur. Garðakaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn og Bessastaðahreppur einn kosinn af hreppsnefnd.
- 6.13. Kópavogssvæði:
Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Kópavogskaupstaður.

- 6.14. Kjósarsvæði:
Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Seltjarnarneshreppur skal eiga tvo fulltrúa, Mosfellshreppur tvo fulltrúa, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur koma sér saman um einn.
- 6.15. Ráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og að fengnu álit Hollustuverndar ríkisins ákveðið með reglugerð, breytingar á skipan sveitarfélaga í heilbrigðisnefndir og um kosningar fulltrúa í þær.
- 6.16. Þau sveitarfélög sem eiga ekki fulltrúa í heilbrigðisnefnd, skulu eiga rétt til að sitja fundi og koma á framfæri sjónarmiðum sínum í nefndum sé fjallað um málefni er snerta þau.
- 6.17. Heimilt er að sameina umdæmi heilbrigðisnefnda innan hvers svæðis. Í slíkum tilvikum skulu viðkomandi sveitarfélög gera með sér samning um stofnun einnar nefndar. Skal þar m. a. kveða á um tölu nefndarmanna, sem aldrei mega þó vera fleiri en níu, um kosningu þeirra svo og skiptingu kostnaðar af störfum nefndarinnar, sbr. 5. gr.
- 6.18. Heilbrigðisnefnd skiptir með sér störfum.
- 6.19. Formaður svæðisnefndar sér um að kosningar í heilbrigðisnefndir fari fram þar sem við á.
7. gr.
- 7.1. Heilbrigðisnefnd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum þessara laga, heilbrigðisreglugerðar, mengunareglugerðar, heilbrigðissamþykktar sveitarfélaga, sömuleiðis ákvæðum í sérstökum lögum eða reglum, sem heilbrigðisnefndum er eða kann að vera falið að annast um framkvæmd á.
- Heilbrigðisnefndir skulu sérstaklega vinna að:
1. Bættri heilbrigðisvernd í héraðinu.
 2. Bættum mengunaryörnum í héraðinu.
 3. Fræðslu um hollustuháttamál.
 4. Samvinnu við önnur yfirvöld og aðila er vinna að þessum málum beint eða óbeint.
8. gr.
- 8.1. Sveitarstjórnir, bygginganefndir og önnur yfirvöld héraðanna skulu leita álits heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir og framkvæmdir, sem lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunaryarnareglugerð og samþykktir sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum taka til.
9. gr.
- 9.1. Heilsugæslulæknar (yfirlæknar) skulu vera faglegir ráðunautar heilbrigðisnefnda með málfrelsi og tillögurétt. Þeir geta krafist þess, að fundir verði haldnir, þegar þeim þykir þörf og að þar verði tekin fyrir tiltekin mál.
- 9.2. Héraðslæknar, hver í sínu læknishéraði, segja fyrir um og skipuleggja þjónustu heilsugæslulækna við heilbrigðisnefndir.
- 9.3. Heilbrigðisnefndum og svæðisnefndum ber að senda viðkomandi sveitarstjórnunum og héraðslæknum afrit fundargerða þegar að loknum fundum.
- 9.4. Heilbrigðisfulltrúar (framkvæmdastjórar) skulu sitja fundi heilbrigðisnefnda og svæðisnefnda með málfrelsi og tillögurétt. Þeir geta krafist þess, að fundir verði haldnir og tekin verði þar fyrir tiltekin mál.
- 9.5. Héraðsdýralæknum er heimilt að sitja fundi heilbrigðisnefnda með málfrelsi og tillögurétt. Þeir geta krafist þess, að fundir verði haldnir og að tiltekin mál verði tekin fyrir.

- 9.6. Heilbrigðisnefnd getur leitað þeirrar sérfræðiaðstoðar og kvatt á sinn fund þá aðila, sem hún telur þörf á.
- 9.7. Formaður heilbrigðisnefndar skal sjá um að nefndarmenn og aðrir, sem sækja eiga fundi nefndarinnar séu boðaðir.

10. gr.

- 10.1. Heilbrigðisnefndir skulu halda fundi eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.
- 10.2. Afgreiðsla í heilbrigðisnefnd telst fullnægjandi sé helmingur nefndarmanna viðstaddir.
- 10.3. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður afgreiðslu máls.
- 10.4. Um vanhæfni heilbrigðisnefndarmanna til afgreiðslu mála gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga.

11. gr.

- 11.1. Á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði, sbr. 23. gr., skal starfa svæðisnefnd skipuð formönnum heilbrigðisnefnda á svæðinu auk héraðslæknis (borgarlæknis í Reykjavík) sem er formaður. Á Reykjavíkursvæði, Akranessvæði, Suðurnesjasvæði, Kópavogsvæði og Kjósarsvæði fara heilbrigðisnefndir með störf svæðisnefnda auk héraðslæknis sem er formaður.
- 11.2. Svæðisnefndir koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári.
- 11.3. Verkefni svæðisnefndar er að skipuleggja og samræma heilbrigðiseftirlit á svæðinu í samræmi við 24. og 26. gr. laga þessara og ákvæði reglugerða sem settar verða og hafa yfirumsjón með fjármálum í samræmi við 5. gr.

12. gr.

- 12.1. Svæðisnefndir skulu fyrir 1. júní ár hvert senda Hollustuvernd ríkisins skýrslu varðandi starfsemi nefndarinnar næsta almannaksár á undan og um áformaða starfsemi. Skýrslur þessar skulu gerðar á þar til gerð eyðublöð, sem Hollustuvernd ríkisins lætur útbúa.

III. KAFLI

Hollustuvernd ríkisins.

13. gr.

- 13.1. Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Hollustuvernd ríkisins.
- 13.2. Stofnunin hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti, mengunarvarnaeftirliti, eiturefnaeftirliti og rannsóknnum, sem þessu eru tengdar, og sér um framkvæmd þeirra í samræmi við lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og ákvæði annarra laga og reglna er þessi mál snerta og heilbrigðisyfirvöldum er falið að sjá um framkvæmd á.
- 13.3. Stofnunin skal vinna að samræmingu ofangreinds eftirlits í landinu, m.a. á þann hátt að koma á samvinnu allra þeirra stofnana er að málum þessum starfa. Skal stofnunin sérstaklega gæta hagkvæmni í öllu eftirliti á þessu sviði, m.a. með því að fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt.
- 13.4. Stofnunin fer því aðeins með beint eftirlit að um sérhæfð verkefni sé að ræða og lög mæli svo fyrir eða ráðherra ákveði það og að höfðu samráði við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir.
- 13.5. Stofnunin er til ráðuneytis yfirstjórn heilbrigðismála, heilbrigðisnefndum og öðrum sem með opinbert heilbrigðiseftirlit fara.

- 13.6. Stofnunin skal sjá um að haldið sé uppi fræðslu fyrir almenning um mál er varða hollustuhætti.
- 13.7. Stofnunin skal, svo sem þurfa þykir, beita sér fyrir námskeiðum til að fræða þá aðila er að þessum málum starfa í landinu.
- 13.8. Stofnunin leitar ráðgjafar landlæknis og yfirdýralæknis í málum sem snerta starfsemi þessara embætta.
- 13.9. Stofnunin skal hafa sem nánasta samvinnu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaganna og veita þeim alla þá þjónustu um hollustuháttamál sem hún getur og aðstæður gera nauðsynlegar.
- 13.10. Stofnunin gefur árlega út skýrslu um starfsemi sína á liðnu ári ásamt upplýsingum um ástand hollustuháttamála í landinu.
- 13.11. Upplýsingar og tilkynningar stofnunarinnar til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

14. gr.

- 14.1. Stofnuninni skal skipuð sérstök stjórn sem í eiga sæti sjö menn. Sameinað Alþingi kýs tvo, landlæknir tilnefni einn, Samband íslenskra sveitarfélaga einn, Heilbrigðisfulltrúafélag Íslands einn og Samtök heilbrigðisstétta einn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skipunartími stjórnar er fjögur ár.
- 14.2. Stjórnin hefur undir yfirstjórn ráðherra ædsta vald í málefnum stofnunarinnar. Hún skal koma saman eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og móta stefnu í málefnum stofnunarinnar og hafa umsjón með gerð fjárhagstillagna.
- 14.3. Rekstur stofnunarinnar skal að öðru leyti vera í höndum þriggja manna framkvæmdastjórnar sem skipuð skal formanni og tveimur öðrum stjórnarmönnum sem ráðherra velur.

15. gr.

- 15.1. Ráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar til fjögurra ára. Einungis má skipa mann sem hefur menntun og reynslu á stjórnunar- og rekstrarsviði.
- 15.2. Framkvæmdastjóri annast fjármálalega stjórnun og stjórn almennrar skrifstofu. Hann situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

16. gr.

- 16.1. Í tengslum við almenna skrifstofu skal unnið að áætlanagerð, útgáfu upplýsinga og fræðsluefnis í samráði við svið stofnunarinnar.
- 16.2. Þar skal vera bókasafn stofnunarinnar með sem fullkomnustum fagbókakosti.

17. gr.

- 17.1. Stofnuninni skal skipt í fjögur svið: Heilbrigðiseftirlit, rannsóknastofu, mengunarvarnir og eiturefnaeftirlit og skal starfa forstöðumaður yfir hverri.
- 17.2. Heilbrigðiseftirlit hefur yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum heilbrigðisreglugerðar eða reglugerða, sbr. 2. tölul. 2. gr., að svo miklu leyti sem slíkt er ekki falið öðrum sviðum stofnunarinnar, sbr. 3. og 4. tölul. 17. gr. Heilbrigðiseftirlit annast vöruskráningu og eftirlit með innflutningi matvæla og annarra neysluvara. Heilbrigðiseftirlit annast vöruskráningu innlendra vörutegunda á sviði matvæla og neysluvara samkvæmt tilkynningu frá heilbrigðiseftirlitssvæðum.

- 17.3. Rannsóknastofa annast efna- og gerlafræðilegar rannsóknir sem lög þessi gera ráð fyrir á sviði matvæla-, neyslu- og nauðsynjavara og mengunar. Ennfremur annast rannsóknastofa sérstök rannsóknarverkefni eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður hverju sinni.
- 17.4. Mengunarvarnir hafa yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum mengunarvarnareglugerðar eða reglugerða, sbr. 2. tölul. 3. gr. Mengunarvarnir annast ennfremur:
1. Tillögur að starfsleyfum og úrvinnslu gagna hvað snertir mengunarvarnir.
 2. Skipulagningu og umsjón með framkvæmd mengunarrannsókna í samræmi við lög þessi.
- 17.5. Eiturefnaeftirlit annast yfirumsjón með vöruskráningu og innflutningi eiturefna og hættulegra efna í nauðsynjavörum. Jafnframt skal eiturefnaeftirlit hafa yfirumsjón með eftirliti annarra vara sem geta verið skaðlegar heilsu manna og sem ekki er falið öðrum samkvæmt lögum. Skráning innlendra vörutegunda á sviði nauðsynjavara fer fram að fengnum tilkynningum frá heilbrigðiseftirlitssvæðum.
- 17.6. Ráðherra getur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar sett gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og sérhæfð verkefni sem stofnuninni er falið að annast.
- 17.7. Hollustuvernd ríkisins getur tekið að sér verkefni, bæði rannsóknir og ráðgjöf, að fengnum tillögum stjórnar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur.
18. gr.
- 18.1. Ráðherra setur stofnuninni starfsreglur að fengnum tillögum stjórnar hennar þar sem fram skulu koma frekari ákvæði um verkefni og verkaskiptingu.
19. gr.
- 19.1. Við stofnunina starfa fjórir forstöðumenn:
1. Forstöðumaður heilbrigðiseftirlits skal hafa háskólamenntun og viðhlítandi sérþekkingu í heilbrigðisvernd og starfsreynslu í heilbrigðiseftirliti.
 2. Forstöðumaður rannsóknastofu skal hafa háskólamenntun á sviði örveru- og/eða efnafræði og sérþekkingu og starfsreynslu á sviði rannsókna á matvælum og neyslu- og nauðsynjavörum.
 3. Forstöðumaður mengunarvarna skal hafa háskólamenntun á sviði verk- eða efnafræði og sérþekkingu og starfsreynslu á sviði mengunarvarna.
 4. Forstöðumaður eiturefnaeftirlits skal hafa háskólamenntun og viðhlítandi sérþekkingu á eiturefnafræði og starfsreynslu á því sviði.
- 19.2. Ráðherra skipar forstöðumenn til sex ára að fengnum tillögum stjórnar.
- 19.3. Forstöðumenn sitja stjórnarfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.
20. gr.
- 20.1. Framkvæmdastjóri ræður skrifstofufólk.
- 20.2. Stjórnin ræður menn með sérþekkingu til starfa á ýmsum sviðum stofnunarinnar að fengnum tillögum viðkomandi forstöðumanna.
- 20.3. Forstöðumenn ráða annað starfsfólk á einstökum sviðum að höfðu samráði við framkvæmdastjórn.
21. gr.
- 21.1. Eiturefnanefnd, samkvæmt lögum nr. 85/1968, manneldisráð, samkvæmt lögum nr. 45/1978, og tóbaksvarnanefnd, samkvæmt lögum nr. 74/1984, skal sköpuð aðstaða innan stofnunarinnar og vinna í nánú samstarfi við hana, en halda að fullu sjálfstæði samkvæmt fyrrgreindum lögum. Ráðinn skal erindreki að stofnuninni til fræðslu- og upplýsingastarfa.
- 21.2. Stofnunin skal hafa samvinnu við Náttúruverndarráð, Vinueftirlit, Siglingamálastofnun og Ríkismat sjávarafurða um öll mál er varða starfsemi þeirra.

IV. KAFLI

Samþykktir sveitarfélaga.

22. gr.

- 22.1. Sveitarfélög geta sett sér eigin heilbrigðissamþykktir, um þætti sem ekki er fjallað um í heilbrigðisreglugerð, sbr. 2. gr., og mengunarvarnareglugerð, sbr. 3. gr., eða til þess að gera um einstök atriði ítarlegri kröfur en þar er gert.
- 22.2. Heimilt er auk annars að setja í slíkar samþykktir ákvæði um:
 1. Bann eða takmörkun hundahalds og annars gæludýrahalds.
 2. Meðferð og eyðingu sorps og skolps.
 3. Gjaldtöku vegna leyfa, leigu eða veittrar þjónustu.
 4. Sérstakar ábyrgðartryggingar.
- 22.3. Upphæð gjalda skv. þessum kafla skal ákveðin í sérstakri gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir. Skulu slík gjöld tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga, sé leyfi, leiga eða þjónusta tengd notkun fasteignar.
- 22.4. Hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd semur drög að slíkum samþykktum og breytingum þar á og leggur fyrir viðkomandi sveitarstjórn, sem afgreiðir þau til ráðherra í formi samþykktar. Synji ráðherra staðfestingar endursendir hann samþykktina til sveitarstjórnar með leiðbeiningum um, hvað þurfi til að til staðfestingar komi.
- 22.5. Samþykktir og gjaldskrá samkvæmt þessum kafla skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

V. KAFLI

Heilbrigðiseftirlitssvæði og heilbrigðisfulltrúar.

23. gr.

- 23.1. Landið skiptist í heilbrigðiseftirlitssvæði í samræmi við svæðaskiptingu 2.14. tölul. 6. gr.

24. gr.

- 24.1. Svæðisnefnd viðkomandi svæðis, sbr. 11. gr., ákveður aðsetur heilbrigðisfulltrúa innan svæðisins.
- 24.2. Sé aðsetur heilbrigðisfulltrúa ákveðið þar sem heilsugæslustöð er skal heilbrigðiseftirlit starfrækt frá stöðinni.
- 24.3. Á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði skal starfa heilbrigðisfulltrúi sem framkvæmdastjóri eftirlitsins í fullu starfi. Þar sem aðeins einn heilbrigðisfulltrúi er starfandi á eftirlitssvæði skal hann jafnframt vera framkvæmdastjóri.
- 24.4. Ekki skulu að jafnaði koma fleiri en 10 000 íbúar á hvert stöðugildi heilbrigðisfulltrúa.

25. gr.

- 25.1. Ráðherra getur í reglugerð, að ósk viðkomandi sveitarfélaga og að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins, kveðið á um aðra skiptingu heilbrigðiseftirlitssvæða en gert er í 23. gr.

26. gr.

- 26.1. Svæðisnefndir hinna einstöku eftirlitssvæða skipuleggja heilbrigðiseftirlit innan svæðisins í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir og sveitarstjórnir, að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins.
- 26.2. Svæðisnefndir viðkomandi eftirlitssvæða ráða heilbrigðisfulltrúa að fengnum tillögum heilbrigðisnefnda svæðisins.

- 26.3. Svæðisnefndir setja heilbrigðisfulltrúum erindisbréf að höfðu samráði við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir og Hollustuvernd ríkisins.
- 26.4. Ráðherra setur að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, reglugerð um sérmenntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa.

VI. KAFLI

Valdsvið og þvingunarúrræði.

27. gr.

Heilbrigðisnefndir.

- 27.1. Til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar skv. lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð, heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrir-mælum skv. þessum ákvæðum, getur heilbrigðisnefnd beitt eftirfarandi aðgerðum:
1. Veitt áminningu.
 2. Veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta.
 3. Stöðvað viðkomandi starfsemi eða notkun að öllu leyti eða að hluta til, með aðstoð lögreglu ef með þarf.
- 27.2. Stöðvun skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekuð sé að ræða, eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests. Sé um slíkt brot að ræða, getur heilbrigðisnefnd afturkallað starfsleyfi viðkomandi rekstrar teljist rík ástæða til.
- 27.3. Þar sem innsíglun er beitt við stöðvun skulu heilbrigðisnefndir nota sérstök innsigli, er auðkenni þær.
- 27.4. Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrir-mælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Hámark dagsekta skal ákveðið í heilbrigðisreglugerð og mengunarvarnareglugerð.
- 27.5. Ef aðili vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað í samræmi við þessi lög og reglur, er nefndinni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins vinnuskylda. Kostnaður skal til bráðabirgða greiddur úr sveitarsjóði en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi.
- 27.6. Kostnað og dagsektir skv. 27. gr. 4. og 5. tl. má innheimta með lögtaki.
- 27.7. Sé vinna sú, sem heilbrigðisnefnd lætur framkvæma skv. 27. gr. 5.tl., til komin vegna vanhirdu, óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki, er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki tvö ár eftir að greiðslu er krafist.
- 27.8. Heilbrigðisnefndum skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits. Þ. á m. sýna- og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og heilbrigðissamþykktir ná yfir, og geta leitað aðstoðar lögreglu ef með þarf.
- 27.9. Heilbrigðisnefndum er heimilt að gefa fyrir-mæli um meðferð og notkun matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara þar sem settum reglum hefur ekki verið fylgt. Nefndirnar geta lagt hald á slíkar vörur og fyrirskipað förgun þeirra teljist slíkt nauðsynlegt.
- 27.10. Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita heilbrigðisnefndum allar nauðsynlegar upplýsingar, sem krafist er vegna heilbrigðiseftirlitsins.
- 27.11. Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að afhenda heilbrigðisnefndum nauðsynleg sýni vegna heilbrigðiseftirlitsins endurgjaldslaust.

28. gr.

B. Heilbrigðisfulltrúar.

- 28.1. Heilbrigðisfulltrúar hafa sama rétt til skoðunar og eftirlits innan síns eftirlitssvæðis og viðkomandi heilbrigðisnefndir, sbr. 8. tl.–11. tl. 27. gr.
- 28.2. Heilbrigðisfulltrúi getur beitt sömu aðferðum til þess að knýja fram úrbætur og greinir frá í 1. tl. 27. gr. Meti hann ástandið svo alvarlegt að beita verði stöðvun, sbr. 1. tl. 3. 27. gr., skal hann tilkynna það viðkomandi heilbrigðisnefnd og leita staðfestingar hennar eins fljótt og við verður komið.

29. gr.

C. Hollustuvernd ríkisins.

- 29.1. Telji stjórn stofnunarinnar nauðsyn ráðstöfunar samkvæmt lögum þessum og viðkomandi heilbrigðisnefnd lætur ekki málið til sín taka eða gengur ekki nægilega ríkt eftir framkvæmdum þrátt fyrir ábendingar stofnunarinnar skal hún gera tillögur til ráðherra um framkvæmd ráðstöfunarinnar.
- 29.2. Telji stofnunin svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkunina þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir, en tilkynna skal hún það tafarlaust hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd. Fallist heilbrigðisnefnd ekki á ráðstöfunina skal stofnunin að fenginni greinargerð heilbrigðisnefndar, sem skal vera skrifleg, skjóta málinu til úrskurðar ráðherra. Málskotsfrestur stofnunarinnar er tvær vikur eftir að greinargerð heilbrigðisnefndar berst og frestur heilbrigðisnefndar til þess að tilkynna um ágreining er tvær vikur.
- 29.3. Ráðherra getur heimilað rýmri frest til málskots en kveðið er á um í 2. tl. 29. gr. sé sótt um slíkt og mæli ríkar ástæður með.
- 29.4. Málskot frestar ekki upphaflegri ákvörðun stofnunarinnar.
- 29.5. Fulltrúar stofnunarinnar eiga rétt til setu á fundum heilbrigðisnefnda og annarra opinberra nefnda, sem um mál skv. lögum þessum fara, með tillögurétt og málfrelsi.
- 29.6. Fulltrúum stofnunarinnar er heimilt í samráði við heilbrigðisnefndir að taka sýni þar sem starfræksla og notkun fer fram og lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunaryarnareglugerð og heilbrigðissamþykktir sveitarfélaga ná til, sbr. 8., 10. og 11. tölul. 27. gr.

VII. KAFLI**Málsmeðferð, úrskurðir og viðurlög.**

30. gr.

- 30.1. Rísi upp ágreiningur um framkvæmd laga þessara, heilbrigðisreglugerðar, mengunaryarnareglugerðar, heilbrigðissamþykktar sveitarfélaga og ákvarðana heilbrigðisyfirvalda, annar en skv. 1.–2. tl. 29. gr. og 31. gr., er heimilt að vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins til úrskurðar. Séu aðilar ekki sáttir við úrskurð stjórnarinnar er heimilt að vísa málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar, er starfar skv. lögum þessum, sbr. 2. tl. 30. gr. Málskot skv. þessum tölulíð frestar ekki upphaflegri ákvörðun.
- 30.2. Í úrskurðarnefnd eiga sæti þrír menn:
Embættisgengur lögfræðingur, tilnefndur af Hæstarétti og er hann jafnframt formaður. Einn skal tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn af landlækni.
- 30.3. Ráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn.
- 30.4. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.
- 30.5. Nefndinni er heimilt að kveðja tvo sérfróða menn til ráðgjafar telji hún þörf á við úrlausn einstakra mála.

31. gr.

- 31.1. Sé öðrum en heilbrigðisnefnd falið með sérlögum eftirlit með starfsemi sem lög þessi taka til og fari fyrir mæli þeirra í bága við fyrir mæli heilbrigðisnefndar og takist ekki að samræma fyrir mælin skal leggja málið undir fullnaðarúrskurð ráðherra. Þetta gildir þó ekki sé um að ræða eftirlit með starfsemi samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 53/1984, um ríkismat sjávarafurða, og lögum nr. 31/1970, um dýralækna.
- 31.2. Rísi ágreiningur um framkvæmd eftirlits, sem fallið getur undir lög nr. 46/1980, lög nr. 53/1984, lög nr. 31/1970 og lög nr. 32/1986, skal ágreiningur borinn upp í sérstakri samstarfsnefnd, sem í eiga sæti hlutadeigandi forstöðumenn Hollustuverndar ríkisins, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, forstjóri Ríkismats sjávarafurða, siglingamálastjóri og yfirdýralæknir. Skal samstarfsnefndin koma sér saman um framkvæmd heilbrigðiseftirlits í takmarkatilvikum og gæta þess að þessir aðilar fari ekki inn á svið annarra eða mismunandi kröfur séu gerðar um sömu atriði. Rísi upp ágreiningur í nefndinni og verði hann ekki jafnaður sker heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra úr. Samstarfsnefndinni er ennfremur heimilt að gera tillögur til stjórna viðkomandi stofnana eða ráðuneyta um samnýtingu hinna einstöku eftirlitsaðila þar sem slíku verður við komið.
- 31.3. Rísi upp ágreiningur milli svæðisnefndar eða heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim skulu aðilar vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins til málamiðlunar. Takist málamiðlun ekki skal leita fullnaðarúrskurðar ráðherra.

32. gr.

- 32.1. Fyrir brot gegn lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð, heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga svo og fyrir mælum heilbrigðisnefnda og annarra réttthæfra aðila, gefnum skv. ákvæðum í nefndum lögum og reglum, skal refsa með sektum, en með varðhaldi, séu sakir miklar.

33. gr.

- 33.1. Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð eða heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga, skal farið að hætti opinberra mála.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

34. gr.

- 34.1. Hollustuvernd ríkisins getur samið við aðrar rannsóknastofnanir um að annast rannsóknir fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu.

35. gr.

- 35.1. Ráðherra getur að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Starfsreglur skv. 17. gr. skulu taka gildi við gildistöku laganna.
2. Innan árs frá gildistöku laga þessara skal á vegum Hollustuverndar ríkisins (heilbrigðiseftirlits og eiturefnaeftirlits, sbr. 2. og 5. tölul. 17. gr.) komið upp innflutningseftirliti með matvælum og öðrum neysluvörum, svo og nauðsynjavörum sem innihalda eiturefni eða hættuleg efni.

3. Þegar í stað skal hafist handa við uppbyggingu aðstöðu innan rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins til að annast efnafræðilegar rannsóknir vegna almenns heilbrigðiseftirlits, eftirlits með matvælum og öðrum neysluvörum, mengunarvarna og eiturefnaeftirlits. Áætlun um þessa uppbyggingu skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en í upphafi þings haustið 1988. Áætlunin skal miðast við að aðstaða á öðrum rannsóknastofum í landinu verði nýtt eftir því sem frekast er kostur.
4. Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku.

Gjört í Reykjavík, 3. ágúst 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

ÞINGSÁLYKTUN

um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis.

Alþingi ályktar að setja eftirfarandi

Reglur

um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis.

1. gr.

Hlutverk umboðsmanns Alþingis er að gæta þess að stjórnvöld virði rétt einstaklinga og samtaka þeirra. Hann hefur í því skyni eftirlit með því að jafnræði sé virt í stjórnsýslustörfum og að stjórnsýsla sé að öðru leyti í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti.

2. gr.

Starfssvið umboðsmanns Alþingis tekur til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga með þeim undantekningum sem taldar eru í 3. gr.

3. gr.

Starfssvið umboðsmanns nær ekki til eftirtalinna starfa:

1. Starfa Alþingis og stjórnsýslu í þágu Alþingis sem háð er eftirliti þingforseta, sbr. 11. gr. laga nr. 52/1985, um þingsköp Alþingis.
2. Starfa nefnda sem Alþingi kýs og skila eiga Alþingi skýrslu til umfjöllunar.
3. Starfa yfirskoðunarmanna ríkisreikninga og Ríkisendurskoðunar, sbr. lög nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun.
4. Dómsathafna.
5. Ákvarðana og annarra athafna stjórnvalda sem bera skal undir dómstóla samkvæmt beinum lagafyrirmælum.
6. Stjórnsýslu sveitarfélaga, nema ákvarðana sem skjóta má til ráðherra eða annars stjórnvalds ríkisins.

4. gr.

Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að eigin frumkvæði. Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar samkvæmt eigin ákvörðun í tilefni af kæru sem ekki fullnægir skilyrðum 2. og 3. liðar 5. gr. í reglum þessum eða er ekki höfð uppi af réttum aðila.

5. gr.

Hver sá sem telur sig hafa verið beittan rangsleitni af hálfu einhvers þess aðila sem hefur á hendi stjórnáráð getur kvartað af því tilefni til umboðsmanns enda sé eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

1. Að kvörtunarefni sé á starfssviði umboðsmanns, sbr. 2. og 3. gr. reglna þessara.
2. Að máli hafi verið skotið til æðsta stjórnvalds sem bært er til að fjalla um málið ef þess er kostur.
3. Að kvörtun sé borin upp við umboðsmann innan árs frá því að lokaákvörðun var tekin í málinu, sbr. 2. lið þessarar greinar.

Kvörtun skal vera skrifleg og þar skal greina nafn, heimilisfang og kennitölu þess sem kvartar. Kvörtun skal undirrituð af þeim sem hana ber fram eða umboðsmanni hans, enda fylgi þá kvörtun skriflegt umboð. Umboðsmaður getur ákveðið að kvörtun skuli skilað á sérstöku eyðublaði sem skrifstofa umboðsmanns lætur í té.

Sá sem sviptur er frelsi á rétt til að bera mál undir umboðsmann í lokuðu bréfi.

Í kvörtun skal lýst þeirri úrlausn eða annarri háttsemi stjórnvalda sem er tilefni kvörtunar. Kvörtun skal fylgja rökstuðningur og þau sönnunargögn sem tiltæk eru og máli skipta.

Starfslið á skrifstofu umboðsmanns skal, eftir því sem við verður komið, veita aðstoð við samningu kvörtunar ef þess er óskað.

6. gr.

Umboðsmaður getur krafist stjórnvöld um þær upplýsingar sem hann þarfnast vegna starfs síns, þar á meðal um hvers konar skýrslur, skjöl, bókanir og önnur gögn sem mál varða.

Umboðsmanni er heimilt að kveðja stjórnáráðsstarfsmenn á sinn fund til viðræðna um málefni sem eru á starfssviði umboðsmanns og til að veita munnlega upplýsingar og skýringar er varða einstök mál.

Umboðsmaður á frjálsan aðgang að starfsstöðvum stjórnvalda til athugana í þágu starfs síns og skulu starfsmenn láta honum í té alla nauðsynlega aðstoð af því tilefni.

Umboðsmaður getur ekki krafist upplýsinga sem varða öryggi ríkisins eða utanríkismál, er leynt skulu fara, nema með leyfi ráðherra þess sem í hlut á.

7. gr.

Umboðsmaður getur óskað þess við sakadómar að hann kveðji mann fyrir dóm til að bera vitni um atvik sem máli skipta að dómi umboðsmanns. Við þá skýrslugjöf skal fara eftir reglum laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Heimilt er þeim manni, sem mál varðar sérstaklega, að vera viðstaddur skýrslugjöfina. Honum skal, ef þörf krefur, skipa réttargæslumann skv. 2. mgr. 80. gr. laga nr. 74/1974 á kostnað ríkissjóðs. Ákveða má að skýrsla sé gefin fyrir luktum dyrum.

Umboðsmanni er heimilt að leita aðstoðar sérfræðinga, þegar sérstaklega stendur á, og afla nauðsynlegra sérfræðilegra gagna.

8. gr.

Telji umboðsmaður að kvörtun fullnægi ekki lagaskilyrðum til að hljóta nánari athugun og meðferð skv. 9. gr. reglna þessara eða að kvörtun gefi ekki tilefni til þess af öðrum ástæðum skal hann tilkynna þeim, sem kvartað hefur, þá niðurstöðu. Er málinu þá lokið af hálfu umboðsmanns.

9. gr.

Ákveði umboðsmaður að taka mál til meðferðar skal hann skýra því stjórnvaldi, sem í hlut á, frá efni þess nema hættu sé á að rannsókn kunni að torveldast af þeim sökum.

Umboðsmanni er rétt að leggja fyrir stjórnvald að afhenda gögn og láta í té aðrar upplýsingar sem mál varða, svo og að skýra viðhorf sitt til málsins. Hann getur sett stjórnvaldi ákveðinn frest í þessu skyni.

Eftir því sem ástæða þykir til kynnir umboðsmaður þeim, sem kvartað hefur, þau gögn sem greinir í 2. mgr. nema um sé að ræða gögn er leynt eiga að fara samkvæmt þeim reglum er gilda um það stjórnvald sem málið varðar.

Jafnan skal gefa stjórnvaldi, sem mál beinist að, kost á að skýra málið fyrir umboðsmanni áður en hann lýkur málinu með álitserð skv. b-lið 10. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis.

10. gr.

Hafi umboðsmaður tekið mál til meðferðar, sbr. 9. gr. reglna þessara, er honum heimilt að ljúka því með eftirfarandi hætti:

1. Hann getur látið mál niður falla að fenginni leiðréttingu eða skýringu stjórnvalds.
2. Hann lætur í ljós álit sitt á því hvort athöfn stjórnvalds brjóti í bága við lög eða hvort annars hafi verið brotið gegn góðum stjórnsýsluháttum. Ef því er að skipta getur hann látið í ljós þá skoðun að stjórnvald hafi við mat, sem er í valdi þess, brotið bersýnilega gegn kröfum um sanngirni eða góða stjórnsýsluhætti.
3. Varði kvörtun réttarágreining, sem á undir dómstóla og edlilegt er að þeir leysi úr, getur umboðsmaður lokið máli með ábendingu um það. Honum er heimilt að leggja til við dómsmálaráðuneyti að það veiti gjafsókn í því skyni.

Telji umboðsmaður að um sé að ræða brot í starfi er varði viðurlögum samkvæmt lögum skal hann gera viðeigandi yfirvöldum viðvart.

11. gr.

Ef umboðsmaður verður þess var að meinbugir séu á gildandi lögum, almennum stjórnvaldsfyrirmælum eða starfsháttum í stjórnsýslu skal hann tilkynna það Alþingi og jafnframt hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórn eftir því sem við á.

12. gr.

Umboðsmaður skal fyrir 1. mars ár hvert gefa Alþingi skýrslu um starf sitt á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega fyrir 1. september ár hvert.

Ef umboðsmaður verður áskynja stórvæðilegra mistaka eða afbrota stjórnvalds getur hann gefið Alþingi eða hlutaðeigandi ráðherra sérstaka skýrslu um málið. Ef starfsmaður sveitarstjórnar á í hlut getur umboðsmaður gefið sveitarstjórn sérstaka skýrslu.

Umboðsmaður ákveður sjálfur hvort hann gefur opinbera tilkynningu um mál og á hvern hátt hann gerir það.

Ávallt er umboðsmaður lætur frá sér fara tilkynningu um mál skal hann greina hvað stjórnvald það, sem hlut á að máli, hefur fært fram sér til varnar.

13. gr.

Umboðsmaður ræður sjálfur starfsmenn sína eftir því sem fjárveitingar leyfa. Umboðsmanni er með sama skilorði heimilt að ráða menn til að vinna að einstökum verkefnum.

Forsetar Alþingis hafa aðild og úrskurðarvald um réttindi og skyldur starfsmanna umboðsmanns sbr. lög nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og gera kjarasamninga við starfsmenn umboðsmanns, sbr. 3. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

14. gr.

Ef umboðsmaður víkur sæti við meðferð einstaks máls skipa forsetar Alþingis mann til að fara með það mál.

15. gr.

Umboðsmanni ber að gæta þagnarskyldu um þau atvik sem honum verða kunn í starfi og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Sama gildir um starfsmenn umboðsmanns. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

16. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 2. maí 1988.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Friðrik Ólafsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um efnahagsaðgerðir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefir tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að ákveða þegar aðgerðir til að koma í veg fyrir stöðvun mikilvægra útflutningsfyrirtækja, styrkja afkomu atvinnuvega, draga úr verðbólgu og lækka vexti, og koma þannig í veg fyrir yfirvofandi atvinnuleysi og leggja grunn að atvinnuöryggi og stöðugleika í efnahagslífinu.

Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar:

I. KAFLI

Aðgerðir í atvinnumálum.

1. gr.

Stjórn deildar fyrir frystar afurðir í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins er heimilt að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 800 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu láns þessa.

Allt að 750 milljónum króna af andvirði láns samkvæmt 1. mgr. skal varið til greiðslu verðbóta á freðfisk en allt að 50 milljónum króna af andvirði þess skal varið til greiðslu verðbóta á hörpudisk. Við ákvörðun verðbóta skal fylgt ákvæðum laga nr. 72, 28. maí 1969, með síðari breytingum. Þó skal tekið sérstakt tillit til afkomu viðkomandi vinnslugreina og er í því skyni heimilt að breyta ákvörðunum um viðmiðunarverð og verðjöfnun frá 1. júní 1988.

Lán skv. 1. mgr. þessarar greinar skal undanþegið stimpilgjaldi. Skal það endurgreitt af tekjum Verðjöfnunarsjóðs af viðkomandi afurðum á næstu þremur árum eftir að það er tekið. Það sem þá kann að vera ógreitt fellur á ríkissjóð.

2. gr.

Prátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 72, 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, með síðari breytingum, skal á tímabilinu 1. júní 1988 til 31. maí 1989, einkum hafa hliðsjón af verðlagi áranna 1986 og 1987 við ákvörðun viðmiðunarverðs fyrir skelfletta rækju í deild fyrir frystar afurðir í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Stjórn deildar fyrir frystar afurðir skal heimilt að endurskoða ákvörðun um viðmiðunarverð og verðjöfnun frá 1. júní 1988.

3. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Atvinnuþryggingarsjóður útflutningsgreina. Hlutverk sjóðsins er að veita lán til endurskipulagningar, hagræðingar og framleiðniaukningar hjá útflutningsfyrirtækjum. Jafnframt skal sjóðurinn hafa forgöngu um að breyta lausaskuldum fyrirtækja í útflutningsgreinum í föst lán til langs tíma.

4. gr.

Forsætisráðherra skipar fimm menn í stjórn Atvinnuþryggingarsjóðs. Skulu fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra og viðskiptaráðherra hver um sig tilnefna einn stjórnarmann en einn skal skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður sjóðsstjórnar. Stjórn sjóðsins ákveður lánveitingar að fengnum tillögum samstarfsnefndar lánastofnana atvinnuveganna og Bygðastofnunar. Ríkisendurskoðun fylgist með starfsemi sjóðsins og gefur Alþingi reglulega skýrslu um starfsemi hans.

5. gr.

Stofnfé Atvinnuþryggingarsjóðs skal vera 1 000 milljónir króna. Skal ríkissjóður leggja sjóðnum til 600 milljónir króna sem koma til lækkunar á framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingarsjóðs, skv. 15. gr. laga nr. 64, 2. júní 1981, vegna tímabilsins 1. júlí 1988 til 30. júní 1990. Jafnframt skal ríkissjóður leggja Atvinnuþryggingarsjóði til 400 milljónir króna sem aflað skal með sérstökum tekjuskattsauka á árunum 1989 og 1990.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 1 000 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu láns þessa.

6. gr.

Atvinnuþryggingarsjóði er heimilt að hafa milligöngu um skuldbreytingu á allt að 5 000 milljónum króna af lausaskuldum útflutningsfyrirtækja. Í því skyni er sjóðnum heimilt að taka við skuldabréfum frá fyrirtækjum í útflutningsgreinum og gefa út skuldabréf til lánardrottna þeirra. Ber sjóðurinn ábyrgð á greiðslu þeirra skuldabréfa með eignum sínum.

7. gr.

Bygðastofnun annast reikningshald og rekstur sjóðsins eftir nánara samkomulagi við stjórn Atvinnuþryggingarsjóðs.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga Atvinnuþryggingarsjóðs.

8. gr.

Atvinnuþryggingarsjóður útflutningsgreina skal undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánnum sem sjóðurinn veitir eða tekur, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

9. gr.

Forsætisráðherra setur með reglugerð nánari reglur um Atvinnuþryggingarsjóð, sbr. 3. til 8. gr. laga þessara.

10. gr.

Greiða skal sérstakt gjald af loðnu og öðrum bræðslufiski sem fluttur er óunninn til vinnslu erlendis. Gjaldið rennur til reiknings fyrir loðnuafurðir í deild fyrir mjöl og lýsi í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins.

Gjaldið skal ákveðið sem tiltekin fjárhæð á hvert tonn bræðslufisks. Sjávarútvegsráðherra skal að fenginni umsögn stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins ákveða með reglugerð fjárhæð gjaldsins til þriggja mánaða í senn. Við þessa ákvörðun skal taka mið af áætluðum greiðslum til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins vegna útflutnings á loðnuafurðum miðað við hvert hráefnistonn samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar.

Gjaldið fellur í gjalddaga við skil á gjaldeyri vegna sölunnar þó eigi síðar en þrjátíu dögum eftir löndun erlendis.

Um innheimtu gjalds þessa þ. á m. um dráttarvexti, lögtaksrétt og ábyrgð, gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 13, 16. mars 1988, um aðgerðir í sjávarútvegi, eftir því sem við getur átt. Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

11. gr.

4. mgr. 4. gr. veðlaga nr. 18, 4. nóvember 1887, sbr. 1. gr. laga nr. 87, 28. desember 1960 og 1. gr. l. 43, 23. apríl 1986, orðist svo:

Svo er og útgerðarmanni, framleiðanda sjávarafurða, landbúnaðarafurða og eldisfisks og öðrum, sem vörur þessar hefur til sölu, heimilt að setja rikissjóði svo og banka eða öðrum lánastofnunum að sjálfsvörsluvedði afla, eldisfisk og tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur sjávarútvegs og landbúnaðar, sem veðsali á eða eignast kann eða hefur til sölu á tilteknu tímabili, til tryggingar lánum þeim er hann tekur út á hin veðsettu verðmæti. Veðsetning þessi nær til afla, eldisfisks og afurða, án tillits til verkunar- eða framleiðslustigs og nær veðrétturinn einnig til hvers konar verðbóta og gjaldeyrisfríðinda sem fylgja afla, eldisfiski eða afurðum á hverjum tíma. Veðsölum, öðrum en framleiðendum eldisfisks, er þó óheimilt að veðsetja framangreind verðmæti til lengri tíma en eins árs í senn. Veðsetning á eldisfiski er óheimil til lengri tíma en fjögurra ára í senn.

II. KAFLI

Verðlags- og kjaramál.

12. gr.

1. gr. bráðabirgðalaga nr. 14, 20. maí 1988, orðist svo:

Laun, þ.e. launataxtar og kjaratengdir liðir, þar á meðal kauptrygging sjómanna, í síðast gildandi kjarasamningum, skulu hinn 1. júní 1988 hækka um það sem á kann að vanta 10% hækkun frá 31. desember 1987 að telja.

Í stað launahækkana, sem koma skyldu til framkvæmda á tímabilinu 1. september 1988 til og með 1. mars 1989, skulu laun hækka um 1,25% hinn 15. febrúar 1989. Ákvæði kjarasamninga um aðrar launahækkningar eftir 1. mars 1989 halda gildi sínu.

Kjarasamningar, sem ákveða minni hækkun launa en felast í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, breytast í samræmi við þær.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar raska ekki þeim ákvæðum gildandi kjarasamninga, sem falið hafa í sér meiri hækkun launa en kveðið er á um í 1. mgr., enda hafi sú hækkun komið til framkvæmda fyrir gildistöku bráðabirgðalaga nr. 74, 26. ágúst 1988.

Frekari hækkun launa, kjaratengdra liða og hvers konar endurgjalds fyrir unnin störf en kveðið er á um í þessari grein er óheimil til 15. febrúar 1989. Ákvæði þessarar greinar breyta ekki reglum um starfsaldurshækkningar eða aðrar einstaklingsbundnar launabreytingar samkvæmt þegar gildandi kjarasamningum.

13. gr.

2. gr. bráðabirgðalaga nr. 14, 20. maí 1988, orðist svo:

Fjárhæðir launaliða í verðlagsgrundvelli búvöru skulu til 1. mars 1989 ekki taka meiri hækkunum en mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 1. gr.

14. gr.

3. gr. bráðabirgðalaga nr. 14, 20. maí 1988, orðist svo:

Fjárhæðir launaliða í gjaldskráum sjálfstætt starfandi sérfræðinga skulu til 28. febrúar 1989 ekki hækka meira en greinir í 1. og 2. mgr. 1. gr. Sama gildir um hvers kyns útselda vinnu og þjónustu.

15. gr.

1. málsgrein 4. gr. bráðabirgðalaga nr. 14, 20. maí 1988, orðist svo:

Með þeim breytingum á kaupgjaldsákvæðum kjarasamninga, sem kveðið er á um í lögum þessum, framlengjast allir gildandi og síðast gildandi kjarasamningar til 15. febrúar 1989. Heimilt skal að segja upp kjarasamningum frá 15. febrúar 1989 með þeim uppsagnarfresti sem um þá gildir.

16. gr.

7. gr. bráðabirgðalaga nr. 14, 20. maí 1988, orðist svo:

Gjaldskrár fyrirtækja og stofnana á vegum ríkis og sveitarfélaga skulu ekki hækka til 28. febrúar 1989. Þó skal heimilt að taka tillit til hækkana á verði innfluttra aðfanga enda liggi fyrir mat Verðlagsstofnunar á þeirri þörf.

17. gr.

Óheimilt er að hækka endurgjald fyrir afnot af fasteignum frá gildistöku laga þessara til 28. febrúar 1989.

18. gr.

3. tl. 29. gr. laga nr. 46, 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum falli brott.

19. gr.

Almennt fiskverð samkvæmt tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 6, 3. júní 1988, skal gilda óbreytt til 15. febrúar 1989 en hækkar þann dag um 1,25% og gildir það verð til 31. maí 1989. Verð á óslægðum þorski skal þó vera 88.5% í stað 85.5% af verði slægðs þorsks á tímabilinu 1. janúar 1989 til 15. apríl 1989.

Fiskverð samkvæmt 1. mgr. er uppsegjanlegt með viku fyrirvara miðað við 15. febrúar 1989.

III. KAFLI

Vaxtaákvæðinir.

20. gr.

Við 9. gr. vaxtalaga nr. 25, 27. mars 1987, bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Dráttarvextir skulu ætíð reiknast sem dagvextir, nema á annan veg sé sérstaklega mælt í lögum.

21. gr.

2. mgr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25, 27. mars 1987, orðist svo:

Seðlabanki Íslands skal eigi sjaldnar en mánaðarlega reikna vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og birta meðaltal þetta í Lögbirtingablaði ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr., og skulu þeir dráttarvextir gilda uns næsta tilkynning er birt í Lögbirtingablaði.

22. gr.

Við 2. mgr. 9. gr. laga nr. 36, 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands, bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Á sama hátt getur Seðlabankinn ákveðið hámark þess álags er innlánsstofnanir mega bæta við vexti gengisbundins fjár er þær endurlána í formi afurðalána.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

23. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1988 að hækka ríkisútgjöld um 600 milljónir króna.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði XIII. kafla laga nr. 75, 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, er fjármálaráðherra heimilt að kveða á um í reglugerð að þeir einstaklingar, sem ekki höfðu aðrar tekjur en þær sem um ræðir í 1. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr., 2.—4. tl. A-liðs 7. gr. og C-liðs 7. gr. laga nr. 75/1981 á því tekjuári sem skatturinn varðar, geri upp vangoldinn tekjuskatt og eignarskatt álagðan á árinu 1987 eða fyrr með eftirfarandi hætti:

- A) Með því að greiða hina vangoldnu skattkröfu upp á nánar tilteknum gjalddögum fyrir árslok 1988 gegn því að felld verði niður allt að 50% af dráttarvöxtum sem reiknaðir hafa verið af skuldinni.
- B) Með því að greiða hina vangoldnu skattkröfu upp á nánar tilteknum gjalddögum fyrir 1. júlí 1989 gegn því að felld verði niður allt að 25% af dráttarvöxtum sem reiknaðir hafa verið af skuldinni.
- C) Með því að gefa út skuldabréf til allt að fimm ára til greiðslu á höfuðstól hinnar vangoldnu skattkröfu ásamt dráttarvöxtum.

Fjármálaráðherra setur í reglugerðinni nánari ákvæði um framkvæmd þessarar heimildar, þar á meðal um lánskör og tryggingar, svo og skilyrði sem einstaklingar þurfa að uppfylla til þess að fá að gera upp hina vangoldnu skattkröfu með framangreindum hætti.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 20. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. nóvember 1988. Gjald skv. 10. gr. skal innheimt vegna landana erlendis sem eiga sér stað eftir 30. september 1988.

Gjört að Bessastöðum, 28. september 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

AUGLÝSING

um skipting starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, er störfum þannig skipt með ráðherrum:

Steingrímur Hermannsson fer með forsætisráðuneytið og Hagstofu Íslands.

Jón Baldvin Hannibalsson fer með utanríkisráðuneytið.

Guðmundur Bjarnason fer með heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Halldór Ásgrímsson fer með dóms- og kirkjumálaráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið.

Jóhanna Sigurðardóttir fer með félagsmálaráðuneytið.

Jón Sigurðsson fer með iðnaðarráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.

Ólafur Ragnar Grímsson fer með fjármálaráðuneytið.

Steingrímur J. Sigfússon fer með landbúnaðar- og samgönguráðuneytið.

Svavar Gestsson fer með menntamálaráðuneytið.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skipting starfa ráðherra.

Forsætisráðuneytið, 28. september 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 14 — 1988

Nr. 85

222

28. september 1988

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar
mánudaginn 10. október 1988.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 10. október 1988.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 28. september 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 15 – 1988

28. september 1988

223

Nr. 86

L Ö G

um Húsnæðisstofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 9. gr. laga nr. 56 20. maí 1988 hef látið fella meginmál laga nr. 77 2. júlí 1985, nr. 54 7. maí 1986, nr. 27. 27. mars 1987, nr. 84 29. desember 1987, nr. 23 og 24 16. maí 1988, nr. 25 18. maí 1988 og nr. 56 20. maí 1988 inn í lög nr. 60 1. júní 1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, og gef þau út svo breytt:

I. KAFLI

Markmið laganna.

1. gr.

Markmið laganna er:

- að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála og húsbýgginga að landsmenn geti búið við öryggi í húsnæðismálum,
- að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum þannig að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika launafólks til að eignast húsnæði.

II. KAFLI

Hlutverk og skipulag stofnunarinnar.

2. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun sem lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir félagsmálaráðuneytið.

Á vegum stofnunarinnar skal unnið að samræmingu og skipulagi opinberra afskipta af húsnæðismálum. Stofnunin skal hafa forustu um stefnumótun í húsnæðismálum. Hún fer með stjórn hins opinbera veðlánakerfis til húsnæðismála skv. lögum þessum.

3. gr.

Húsnæðisstofnunin starfar sem ein heild, en skiptist í þrjár deildir:

Deild fyrir almenn íbúðaveðlán sem fari með málefni Byggingarsjóðs ríkisins og lánveitingar úr honum.

Deild fyrir félagslegar íbúðir sem annist málefni Byggingarsjóðs verkamanna og lánveitingar úr honum.

Tæknideild sem hafi með höndum tæknileg málefni stofnunarinnar og þjónustu við lántakendur.

Rekstrarbókhald stofnunarinnar skal ríkisbókhald annast.

4. gr.

Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, *húsnæðismálastjórn*, skipa tíu menn, sjö kjörnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum alþingiskosningum, tveir skipaðir/af félagsmálaráðherra eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einn eftir

tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands. Varamenn skulu kjörnir og skipaðir á sama hátt. Alþingi kys tvo endurskoðendur og tvo til vara.

Félagsmálaráðherra skipar formann og varaformann stjórnarinnar en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar og greiðist hún á sama hátt og annar kostnaður við stofnunina skv. 7. gr.

5. gr.

Hlutverk húsnæðismálastjórnar er:

1. Að marka meginstefnu í málefnum Húsnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.
2. Að hafa eftirlit með starfsemi stofnunarinnar og gæta þess að hún starfi í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
3. Að skera úr vafa- eða ágreiningsmálum varðandi einstakar lánveitingar og ákveða greiðsludaga þeirra.
4. Að gera tillögur um skiptingu ráðstöfunarfjár milli útlánaflokka, afgreiða fjárhagsáætlanir og úrskurða ársreikninga stofnunarinnar og byggingarsjóðanna.
5. Að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um löggjafaratriði á sviði húsnæðismála.
6. Að fjalla um önnur mál sem ráðherra eða framkvæmdastjóri leggur fyrir hana.

6. gr.

Félagsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og ræður starfsfólk stofnunarinnar skv. tillögum húsnæðismálastjórnar.

7. gr.

Kostnaður við rekstur Húsnæðisstofnunar ríkisins greiðist af Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna í hlutfalli við útlán sjóðanna.

Kostnaður við rekstur tæknideildar skal borinn uppi af sölu á þjónustu deildarinnar.

III. KAFLI

Byggingarsjóður ríkisins.

8. gr.

Hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins er að veita lán til íbúðabygginga og kaupa á nýjum eða notuðum íbúðum, til viðhalds og endurbóta á notuðu íbúðarhúsnæði og til nýjunga í byggingariðnaði í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða á grundvelli þeirra.

9. gr.

Fjár í Byggingarsjóð ríkisins skal aflað á þann hátt sem hér segir:

1. Með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ.e. afborgunum, vöxtum og verðtryggingu af veittum lánum.
2. Með árlegu framlagi úr ríkissjóði skv. fjárlögum.
3. Með sölu skuldabréfa til Atvinnuleysistryggingasjóðs, til lífeyrissjóða skv. samningum Húsnæðisstofnunar við lífeyrissjóði, svo og með öðrum lántökum skv. nánari ákvörðun í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hverju sinni.
4. Með tekjum af skyldusparnaði skv. VIII. kafla þessara laga.

Samningar Húsnæðisstofnunar við lífeyrissjóði um skuldabréfakaup skv. 3. tölul. 1. mgr. skulu ekki vera til skemmri tíma en tveggja ára. Lánskjör af skuldabréfum skulu miðast við þau kjör sem ríkissjóður býður almennt á fjármagnsmarkaði.

10. gr.

Byggingarsjóður ríkisins er í vörslu Seðlabanka Íslands.

Afgreiðsla lána úr sjóðnum og innheimta fer fram í almennum lánastofnunum sem húsnæðismálastjórn semur við um þá þjónustu.

11. gr.

Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán skv. 1.–10. tölul., enda hafi verið gert ráð fyrir þessum lánaflokkum í fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir það ár sem veiting láns fer fram:

1. Lán til kaupa eða bygginga á nýjum íbúðum.
2. Lán til kaupa á notuðum íbúðum.
3. Lán til bygginga leiguíbúða eða heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða.
4. Lán til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði.
5. Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.
6. Sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir.
7. Lán til orkusparandi breytinga á húsnæði.
8. Lán til tækninýjunga í byggingariðnaði.
9. Lán til viðurkenndra framkvæmdaaðila í byggingariðnaði.
10. Lán til almennra kaupleiguíbúða.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að ákveða nýja lánaflokkka að fengnu samþykki félagsmálaráðherra.

12. gr.

Einstaklingar, sem sannanlega hafa greitt iðgjöld til lífeyrissjóða í samtals 20 mánuði á undanförunum 24 mánuðum áður en lánsúmsókn er lögð fram, eiga rétt á lánnum skv. 13., 14., 18. og 25. gr. laga þessara, enda hafi lífeyrissjóður umsækjanda gert samning við Húsnæðisstofnun ríkisins um skuldabréfakaup, sbr. 13. gr. Kaupi lífeyrissjóður skuldabréf fyrir a.m.k. 55% af ráðstöfunarfé sínu eiga greiðendur iðgjalda til þess sjóðs hámarkslánsrétt en lágmarkslánsrétt ef sjóðurinn kaupir skuldabréf fyrir 20% af ráðstöfunarfé sínu. Að öðru leyti ákvarðast lánsréttur hlutfallslega þar á milli miðað við skuldabréfakaup. Greiðendur iðgjalda til lífeyrissjóða, sem kaupa skuldabréf fyrir minna en sem nemur 20% af ráðstöfunarfé sínu, eiga ekki rétt til ofangreindra lána. Lánsréttur einstaklings, sem greitt hefur iðgjöld til tveggja eða fleiri sjóða í samtals 20 mánuði á undanförunum 24 mánuðum áður en hann sækir um lán, ákvarðast með hliðsjón af þeim lánsréttindum sem skuldabréfakaup hvers einstaks sjóðs veita og greiðslutíma iðgjaldanna til hinna einstöku sjóða.

Lánsréttur þeirra, sem hafa verið tímabundið utan vinnumarkaðar vegna árstíðabundinnar atvinnu eða veikinda, skal ekki skerðast af þeim sökum. Hið sama gildir um lánsrétt þeirra sem hverfa tímabundið frá störfum vegna endurmenntunar eða annars náms, enda hafi þeir átt lánsrétt áður, sbr. 1. mgr. þessarar greinar.

Hafi maður haft heimilisstörf að aðalstarfi og ekki haft meiri launuð störf á vinnumarkaði en nemur fjórðungi ársverks eða meiri árslaua en 75 000 kr. miðað við kauplag á árinu 1985 á hann hámarkslánsrétt skv. 1. mgr. sé hann ekki í hjúskap eða sambúð en annars á hann sama lánsrétt og maki hans.

Elli- og örorkulífeyrisþegar, sem greitt hafa til lífeyrissjóða í samtals 20 mánuði á undanförunum 24 mánuðum, eiga sama rétt og einstaklingar skv. 1. mgr. Hafi elli- og örorkulífeyrisþegi lífeyri frá fleiri en einum lífeyrissjóði miðast lánsréttur hans við skuldabréfakaup þess sjóðs sem greiðir honum mestan lífeyri á þeim tíma sem sótt er um lánið. Þeir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem fullnægja ekki skilyrðum þessarar mgr., eiga hámarkslánsrétt skv. 1. mgr. þessarar greinar. Sama máli gegnir um þá sem hafa verið utan vinnumarkaðar vegna fötlunar og örorku þótt þeir séu ekki lífeyrisþegar.

Lánsréttur hjóna og sambýlisfólks miðast við meðaltal lánsréttar þeirra.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–5. mgr. er húsnæðismálastjórn heimilt að skerða eða synja um lán ef umsækjandi á fyrir fleiri en eina íbúð. Einnig er húsnæðismálastjórn heimilt, þrátt fyrir ákvæði 12., 13., 14. og 48. gr. laga þessara, að skerða lán og breyta kjörum á lánum umsækjanda sem eiga fyrir fullnægjandi íbúðarhúsnæði, skuldlaust eða skuldlítið og stærra en 180 m² brúttó, að fráregnum bílskúr. Um stærðarútreikning íbúða gilda sömu reglur og skv. c-lið 13. gr. Ef umsækjandi er í hjónabandi eða óvígðri sambúð skal miða við íbúðareign beggja. Ákvörðun húsnæðismálastjórnar um skerðingu eða synjun á láni skal vera rökstudd. Nánari reglur um framangreind atriði skal setja í reglugerð.

Umsækjendur, sem uppfylla skilyrði laga þessara um lánveitingu skv. 13., 14., 18. og 25. gr., skulu innan þriggja mánaða frá því að umsókn var lögð fram fá svar um hvort þeir eigi rétt á láni. Í svari Húsnæðisstofnunar til umsækjanda skal koma fram að lánið sé háð því að lífeyrissjóður eða sjóðir, sem umsækjandi er félagi í, hafi fullnægt samningi við Húsnæðisstofnun um ráðstöfunarfé til Byggingarsjóðs ríkisins. Endanleg svör um afgreiðslutíma láns og lánsupphæð berist eigi síðar en einu ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu. Áður en gengið er frá lánsamningi skal kostnaðar- og greiðsluáætlun liggja fyrir og skal Húsnæðisstofnun kynna umsækjanda þá greiðslubyrði sem væntanleg lántaka hans hefur í för með sér. Telji Húsnæðisstofnun að augljóst sé að umsækjandi geti með engu móti staðið undir fjármögnun viðkomandi íbúðar skal skýra umsækjanda frá því. Húsnæðismálastjórn er þá jafnframt heimilt að krefjast ríkari ábyrgðar á láninu en að öðrum kosti synja um lánveitingu.

Úthlutun lána til þeirra sem eru að byggja eða kaupa íbúð í fyrsta sinn, svo og lána til meiri háttar viðbygginga, endurbóta eða orkusparnaðar, skal ganga fyrir úthlutun lána til þeirra sem eiga íbúð fyrir og skulu fyrrnefnd lán afgreidd í sömu röð og umsóknir berast þegar íbúðir verða veðhafar. Á sama hátt er húsnæðismálastjórn heimilt að láta úthlutun lána til þeirra ganga fyrir sem eiga fyrir ófullnægjandi íbúð og þurfa að skipta um húsnæði af fjölskylduástandum. Nánari reglur um framangreind atriði skulu settar í reglugerð. Heimilt er að skipta láni í allt að þrjú hluta eftir nánari reglum sem húsnæðismálastjórn setur enda fylgi lánið eða lánshlutarnir að fullu ársfjórðungslegum breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar.

Hafi húsnæðismálastjórn gert samning við lánastofnun um afgreiðslu lána skv. 10. gr. skal lántakanda gefinn kostur á að lánsamningur, afgreiðsla og útborgun lánsins verði á vegum viðkomandi lánastofnunar sem þá annast mat kostnaðar- og greiðsluáætlana.

Lán til sama umsækjanda skv. 13., 14. og 25. gr. laga þessara skal ekki veita oftár en á fimm ára fresti að jafnaði.

Lán til kaupa eða bygginga á nýjum íbúðum.

13. gr.

Lán skv. 1. tölul. 11. gr. eru veitt til að byggja eða kaupa nýjar íbúðir. Þegar einstaklingur á í hlut ræðst lánsfjárhæð af samningi lífeyrissjóðs umsækjanda um skuldabréfakaup af Húsnæðisstofnun ríkisins skv. 12. gr., því hvort umsækjandi er að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð eða ekki og af stærð íbúðarinnar sem hér segir:

- a. Eigi umsækjandi, sem er að byggja eða kaupa í fyrsta sinn, hámarkslánsrétt skv. 1. mgr. 12. gr. nemur lán til hvernar íbúðar 2 100 000 kr., en eigi hann lágmarkslánsrétt nemur lán til hvernar íbúðar 700 000 kr. Önnur lán eru hlutfallslega þar á milli eftir lánsrétti umsækjanda í samræmi við skuldabréfakaup lífeyrissjóðs hans skv. 1. mgr. 12. gr. Ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar íársbyrjun 1986, 250 stig (desember 1982 = 100) og breytast ársfjórðungslega í samræmi við breytingar vísitölnnar. Umsækjandi getur talist vera að byggja eða kaupa í fyrsta sinn þótt hann hafi

áður fengið lán úr Byggingarsjóði ríkisins, enda hafi hann misst íbúð sína eða mestan hluta eignar sinnar í henni, svo sem vegna hjónaskilnaðar, greiðsluerfiðleika eða gjaldþrots. Nánar skal kveða á um þessi atriði í reglugerð.

b. Eigi umsækjendur íbúð fyrir nemur lán til hvorrar íbúðar 70% af lánsfjárhæðum skv. a-lið þessarar greinar.

c. Lán skv. a- og b-liðum þessarar málsgreinar skulu skerðast um 2% fyrir hvern m² sem íbúðin er stærri en 180 m² brúttó að frádregnum bílskúr. Stærðarútreikningur íbúða skal nánar skilgreindur í reglugerð þar sem tekið verði skýrt fram hvert sé nýtingargildi húsnæðis.

Þrátt fyrir ákvæði a- og b-liða þessarar greinar má lánsfjárhæð samkvæmt þessari grein aldrei vera hærri en nemur 70% af kostnaðaráætlun viðkomandi íbúðar, eða 70% af raunverulegu kaupverði íbúðar.

Ef húsnæði, sem íbúðarlán hefur verið veitt til, er tekið til annarra nota en íbúðar fellur allt lánið í gjalddaga án fyrirvara. Sama gildir ef íbúð, sem lánað er til, er sameinuð annarri íbúð sem áður hefur hlotið fullt lán úr Byggingarsjóði ríkisins.

Lán samkvæmt þessari grein er einnig heimilt að veita þeim sem byggja sérhannaðar söluíbúðir fyrir aldráða eða leiguíbúðir fyrir almennan markað. Þegar slíkir aðilar eiga í hlut skal lánsfjárhæð miðast við lágmarkslánsrétt skv. a-lið 1. mgr. þessarar greinar, sbr. og 1. mgr. 12. gr.

Einnig er heimilt að veita sveitarfélögum, félagasamtökum eða fyrirtækjum lán til að byggja eða kaupa nýjar almennar kaupleiguíbúðir enda hafi verið sýnt fram á að nauðsynlegt sé af sérstökum tilgreindum ástæðum að auka framboð íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu, sbr. 32. gr. Lánsfjárhæð má nema 70% af kostnaðaráætlun eða af raunverulegu kaupverði íbúðar, þó ekki hærri fjárhæð en 70% af kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt, sbr. 2. og 3. mgr. 31. gr.

Lán samkvæmt þessari grein skulu veitt gegn 1. veðrétti og skal lánstími vera allt að 40 árum. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 48. gr.

Lán til kaupa á notuðum íbúðum.

14. gr.

Lán skv. 2. tölul. 11. gr. eru veitt til kaupa á íbúðum sem áður hafa verið í notkun og hlotið hafa samþykki byggingaryfirvalda.

Þegar einstaklingar eiga í hlut miðast lánsfjárhæð við lánsrétt umsækjanda skv. 12. gr., svo og það hvort umsækjandi er að kaupa íbúð í fyrsta sinn eða á íbúð fyrir. Umsækjandi, sem er að kaupa íbúð í fyrsta sinn, á rétt á láni sem nemur 70% af lánnum skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

Umsækjandi, sem átt hefur íbúð áður, skal á sama hátt eiga rétt á láni sem nemur 70% af láni skv. b-lið 1. mgr. 13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. má lán, sem veitt er samkvæmt þessari grein að viðbættum áhvílandi lánnum, uppfærðum, úr Byggingarsjóði ríkisins, aldrei nema hærri fjárhæð en 70% af nýbyggingarláni miðað við lánsrétt umsækjanda. Enn fremur má lánið aldrei nema hærri fjárhæð en sem svarar 70% af raunverulegu kaupverði íbúðar.

Lán samkvæmt þessari grein er einnig heimilt að veita þeim aðilum sem reka stofnanir, svo sem fyrir öryrkja eða fatlaða, enda hafi viðkomandi stofnun hlotið starfsleyfi hlutadeigandi ráðuneytis. Sama gildir um kaup á íbúðum fyrir öryrkja eða fatlaða. Þegar slíkir aðilar eiga í hlut miðast lánsfjárhæð við hámarkslán skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Einnig er heimilt að veita sveitarfélögum, félagasamtökum eða fyrirtækjum lán til að kaupa almennar kaupleiguíbúðir enda hafi verið sýnt fram á að nauðsynlegt sé af sérstökum

tilgreindum ástæðum að auka framboð íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu, sbr. 32. gr. Lán, að viðbættum áhvilandi lánum úr Byggingarsjóði ríkisins, má nema 70% af raunverulegu kaupverði íbúðar, þó ekki hærri fjárhæð en 70% af kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt, sbr. 2. og 3. mgr. 31. gr.

Lánið skal að jafnaði veitt gegn 1. og 2. veðrétti.

Lánstími skal vera allt að 40 árum. Um lánskjör og tryggingar gilda að öðru leyti ákvæði 48. gr.

Lán til bygginga leiguíbúða eða heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða.

15. gr.

Lán skv. 3. tölul. 11. gr. er heimilt að veita þeim sem byggja leiguíbúðir, hjúkrunarheimili eða dagvistarstofnanir handa börnum eða öldruðum.

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar hverju sinni ákvarða hámarkshlutfall lána skv. þessari grein af byggingarkostnaði. Lánsfjárhæð skal miðast við verðlag þess ársfjórðungs þegar byggingin verður fókheld. Sé lán greitt út í tveimur eða fleiri hlutum skulu láns hlutarnir fylgja breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar.

Heimilt er að selja lífeyrisþegum hlutdeild í íbúð sem byggð er skv. þessari grein með þeim kvöðum að eignarhluti kaupanda standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni en greiðist síðan með fullum verðbótum samkvæmt lánsklaravísitölu en án vaxta. Nánari reglur um slíka hlutareign leigutaka verði settar í reglugerð.

Að fengnu leyfi Seðlabanka Íslands er sveitarfélögum eða öðrum, sem byggja skv. þessari grein, heimilt að selja verðtryggð skuldabréf til einstaklinga sem með kaupum á þeim vilja tryggja sér leigurétt á íbúð eða vistun á dvalarheimili. Skuldabréfin skulu tryggð með öðrum veðrétti í viðkomandi íbúð næst á eftir veði Byggingarsjóðs ríkisins og vera verðtryggð skv. lánsklaravísitölu en vaxtalaus.

Heimilt er að setja í skuldabréfin ákvæði um að skylt sé að innleysa þau ef eigandi þeirra flytur úr íbúðinni eða vistheimilinu svo og við andlát hans.

Ekki er heimilt að ráðstafa meira en helmingi íbúða eða vistrýma í hverjum byggingaráfanga gegn sölu á skuldabréfum nema með sérstöku leyfi húsnæðismálastjórnar.

16. gr.

Sá sem hyggst hefjast handa um byggingu leiguíbúða fyrir aldraða eða dvalarheimilis skal fyrst láta fara fram athugun á þörf fyrir slíkar leiguíbúðir eða heimili í samvinnu við sveitarstjórn.

Umsókn um lán til byggingar leiguíbúða, dagvistarstofnana eða dvalarheimila skv. niðurstöðum slíkrar könnunar skal fylgja umsögn heilbrigðisráðuneytis. Umsókn um lán til byggingar dagvistarstofnunar fyrir börn skal fylgja umsögn menntamálaráðuneytis. Er það skilyrði lánveitingar að þessar umsagnir mæli með henni.

Óheimilt er að selja leiguíbúðir sem byggðar eru skv. ákvæðum þessarar greinar meðan á þeim hvíla lán úr Byggingarsjóði ríkisins.

17. gr.

Heimilt er að greiða út lán skv. 3. tölul. 11. gr. í samræmi við framkvæmdahraða og gera sérstakan framkvæmdalánssamning þess efnis. Lokagreiðsla láns skal þó aldrei fara fram fyrr en framkvæmdum er að fullu lokið.

Lán þessi eru til allt að 21 árs og veitt gegn 1. og 2. veðrétti. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 48. gr.

**Lán til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar
á notuðu íbúðarhúsnæði.**

18. gr.

Lán skv. 4. tölul. 11. gr. er heimilt að veita til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar en ekki til almenns viðhalds.

Lán til viðbyggingar eða endurbóta miðast við lánsrétt umsækjanda skv. 12. gr. og má nema allt að 70% af samþykktri kostnaðaráætlun en þó ekki hærri fjárhæð en lán skv. b-lið 1. mgr. 13. gr., sbr. og c-lið þeirrar greinar.

Umsóknum um lán til endurnýjunar og viðbygginga skal fylgja kostnaðaráætlun og verklýsing gerð af trúnaðarmanni húsnæðismálastjórnar og skulu umrædd gögn hljóta samþykki Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Umsóknum skal einnig fylgja samþykki viðkomandi sveitarstjórnar ef um útlitsbreytingar er að ræða.

Lán til meiri háttar endurbóta má að jafnaði fyrst veita ef íbúð er eldri en 15 ára og ekki má veita slíkt lán til sömu íbúðar oftari en á 15 ára fresti.

19. gr.

Heimilt er að greiða fyrri hluta láns til framkvæmda skv. 18. gr. meðan á þeim stendur. Síðari hluta lánsins má ekki greiða fyrr en framkvæmdum er lokið og þær hafa verið teknar út af trúnaðarmanni stofnunarinnar. Greiðslu láns til meiri háttar viðbygginga má þó haga í samræmi við reglur um greiðslu nýbyggingarlána.

Þessi lán skal að jafnaði veita gegn 2. veðrétti, en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall brunabótamats eða fasteignamats viðkomandi íbúðar. Lánstími skal vera allt að 21 ár, en um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 48. gr.

Lán skv. þessari grein mega koma til viðbótar lánnum skv. 2. tölul. 11. gr. en samtals mega þau þó aldrei nema hærri fjárhæð en lán skv. b-lið 1. mgr. 13. gr.

Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.

20. gr.

Lán skv. 5. tölul. 11. gr. er heimilt að veita sveitarstjórnnum og öðrum sem með skipulegum hætti vinna að útrýmingu heilsuspillandi íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu.

Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði geta verið með eftirtöldum hætti:

- a. Lán skv. 1. tölul. 11. gr. til byggingar íbúða handa fólki sem býr í heilsuspillandi íbúðum. Lánskjör eru hin sömu og á öðrum lánnum skv. þeim tölulíð.
- b. Viðbótarlán skv. 21. gr. þessara laga.
- c. Lán til byggingar leiguíbúða skv. IV. kafla þessara laga um leiguíbúðir sveitarfélaga. Gilda þá ákvæði 75. gr. varðandi lánskjör og aðra skilmála.

Heimilt er að greiða þessi lán út með sama hætti og greinir í 1. mgr. 17. gr.

21. gr.

Nú sækir sá sem vinnur að útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis um viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins skv. b-lið 20. gr. til þess að byggja eða kaupa íbúð handa fólki sem býr í heilsuspillandi húsnæði að dómi læknis eða heilbrigðisfulltrúa í viðkomandi sveitarfélagi og skal þá húsnæðismálastjórn heimilt að veita lán allt að 70% af hámarksláni skv. b-lið 13. gr. Aldrei mega þau lán samanlagt þó nema hærri fjárhæð en 70% af byggingarkostnaði. Lán skv. þessari mgr. skal greiða í tvennu lagi ef um nýbyggingar er að ræða. Fyrri hluta lánsins má greiða þegar íbúðin er fokheld en síðari hlutann þegar hún hefur verið tekin í notkun og hlutaðeigandi sveitarstjórn lagt fram vottorð bæjarfógeta eða sýslumanns um að fyrri íbúð viðkomandi fjölskyldu hafi verið tekin úr notkun.

Lán þessi skulu veitt gegn 1. veðrétti í viðkomandi íbúð samhliða láni skv. 1. tölul. 11. gr. en gegn 2. veðrétti að jafnaði ef keypt er notuð íbúð.

Lánstími skal vera allt að 26 ár. Um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 48. gr.

22. gr.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita lán úr Byggingarsjóði ríkisins til þess að endurbyggja heilsuspillandi húsnæði sem hagkvæmt er talið að endurnýja að mati byggingarfróðra manna sem Húsnæðisstofnun ríkisins og viðkomandi sveitarstjórn tilnefnir.

Skulu matsmenn gera úttekt á húsnæðinu og gera kostnaðaráætlun um nauðsynlegar endurbætur.

Lán þessi mega nema allt að 70% af viðgerðarkostnaði en þó aldrei hærra upphæð en 70% af hámarksláni skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

Lánið skal veitt gegn 2. veðrétti að jafnaði, en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall brunabótamats eða fasteignamats.

Lánstími má vera allt að 26 árum en um lánskjör fer að öðru leyti eftir ákvæðum 48. gr.

Sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir.

23. gr.

Lán skv. 6. tölul. 11. gr. er aðeins heimilt að veita ellilífeyrisþegum og öryrkjum sem búa við skerta starfsorku eða eru hreyfihamlaðir. Lánin eru veitt til byggingar íbúðarhúsnæðis vegna aukins kostnaðar af völdum sérþarfa umsækjanda og geta komið til viðbótar lánum skv. 1. tölul. 11. gr.

Lán þessi má enn fremur veita til endurbóta á íbúðarhúsnæði og er þá heimilt að þau komi til viðbótar lánum skv. 2. tölul. 11. gr.

Lán skv. þessari grein má einnig veita þeim sem hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna fráfalls maka eða af öðrum ástæðum lækkað svo í tekjum að þeir geta ekki haldið íbúðum sínum. Umsókn um lán skv. þessari málsgrein skal fylgja umsögn félagsmálastofnunar eða viðkomandi sveitarstjórnar.

24. gr.

Fjárhæð láns skv. 6. tölul. 11. gr. má nema allt að 80% af viðbótarbyggingarkostnaði eða endurbótakostnaði, enda séu framkvæmdir nauðsynlegar að mati húsnæðismálastjórnar. Þó má lán þetta aldrei nema hærra fjárhæð en 70% af hámarksláni skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

Lánið skal veitt gegn 2. veðrétti að jafnaði, en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall brunabótamats eða fasteignamats.

Lánstími má vera allt að 26 árum en um lánskjör fer að öðru leyti eftir ákvæðum 48. gr.

Ef lántaki er 70 ára eða eldri eða er fatlaður og fjárhag hans þannig varið að sýnt þykir að hann fái ekki staðið undir afborgunum af láninu er heimilt að fresta afborgunum um óákveðinn tíma. Gildir þá ekki ákvæði 3. mgr. um hámarkslánstíma. Lánið fellur þó í gjalddaga og endurgreiðist að fullu við eigendaskipti. Sama gildir ef lántaki flytur úr húsnæðinu og ljóst er að hann muni ekki flytja þangað aftur. Að öðru leyti gilda ákvæði 48. gr. um lánskjör.

Lán til orkusparandi breytinga á húsnæði.

25. gr.

Lán skv. 7. tölul. 11. gr. er aðeins heimilt að veita til orkusparandi endurbóta á íbúðum, enda liggja fyrir verklýsing og kostnaðaráætlun sem gerð sé af sérstökum trúnaðarmanni stofnunarinnar.

26. gr.

Fjárhæð láns má nema allt að 70% endurbótakostnaðar. Þó má lán þetta aldrei nema hærri fjárhæð en skv. b-lið 1. mgr. 13. gr.

Heimilt er að greiða fyrri hluta láns til slíkra framkvæmda meðan á þeim stendur, en síðari hluta lánsins má ekki greiða fyrr en framkvæmdum er lokið og þær hafa verið teknar út af trúnaðarmanni stofnunarinnar.

Lánið skal veitt gegn 2. veðrétti að jafnaði, en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall brunabótamats eða fasteignamats.

Lánstími skal vera allt að 21 ári en um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 48. gr.

Lán til tækninýjunga í byggingariðnaði.

27. gr.

Lán skv. 8. tölul. 11. gr. er heimilt að veita til þess að gera tilraunir með tækninýjungar sem leitt geta til lækkunar byggingarkostnaðar, enda fylgi staðfesting á því að umsóknin sé ekki lánshæf hjá sérsjóðum iðnaðarins. Heimilt er að hafa fyrirgreiðsluna í formi styrks.

28. gr.

Fjárhæð láns skv. 8. tölul. 11. gr. og lánstíma skal ákveða hverju sinni af húsnæðismála- stjórn með hliðsjón af kostnaði við að koma nýjunginni í notkun, svo og mikilvægi hennar fyrir byggingariðnaðinn.

Að öðru leyti gilda ákvæði 48. gr. um lánskjörin.

Lán til viðurkenndra framkvæmdaaðila í byggingariðnaði.

29. gr.

Lán skv. 9. tölul. 11. gr. er aðeins heimilt að veita framkvæmdaaðilum í byggingar- iðnaði.

Framkvæmdalán greiðast til framkvæmdaaðila á byggingartímanum skv. samningum við húsnæðismálastjórn eða viðkomandi viðskiptabanka. Þau skulu veitt með lánskjörum eins og þau eru á hverjum tíma skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands og endurgreiðast með láni Byggingarsjóðs ríkisins til þeirra sem kaupa íbúðina skv. reglum sjóðsins.

Nú notfærir framkvæmdaaðili í byggingariðnaði sér ekki heimild til framkvæmdaláns hjá Byggingarsjóði ríkisins og skal þá heimilt að greiða út lán til ofangreindra aðila með þeim hætti að fyrri hluti lánsins komi til útborgunar einum mánuði eftir að bygging er fókheld og seinni hluti sex mánuðum síðar.

Lán til almennra kaupleiguíbúða.

30. gr.

Með almennum kaupleiguíbúðum er átt við íbúðir, byggðar eða keyptar á vegum sveitarfélaga, viðurkenndra félagasamtaka eða fyrirtækja, fjármagnaðar með lánum úr Byggingarsjóði ríkisins (70% lán og 15% lán) og 15% framlagi af hálfu sveitarfélaga, félagasamtaka eða fyrirtækja, þar sem íbúar eiga kost á því að velja um leigu eða kaup með þeim hætti er greinir í lögum þessum.

Þeir sem staðið geta að byggingu eða kaupum á almennum kaupleiguíbúðum eru sveitarfélög, félagasamtök eða fyrirtæki eða þessir aðilar í sameiningu, hér eftir nefndir framkvæmdaaðilar.

Með félagasamtökum er hér átt við almennasamtök sem starfa að húsnæðismálum með það að markmiði að koma á fót húsnæði og sjá um rekstur þess í þágu félagsmanna sinna. Félagasamtökin skulu hafa hlotið staðfestingu félagsmálaráðherra að fenginni umsögn húsnæðismálastjórnar. Félagsmálaráðherra skal með reglugerð setja skilyrði um fjárhags-

lega ábyrgð félagasamtaka, t.d. um stofnun varasjóðs o.fl., sem og nánari ákvæði um skilyrði fyrir lánnum til fyrirtækja.

Fyrirtæki, sem hér er átt við, geta verið einstaklingar, félög og aðrir aðilar sem reka sjálfstæða starfsemi og þurfa af brynni nauðsyn að koma upp íbúðarhúsnæði vegna starfsemi sinnar.

31. gr.

Heimilt er að veita framkvæmdaaðilum, sem þurfa af sérstökum tilgreindum ástæðum að auka framboð af íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu, sérstakt lán til almennra kaupleiguíbúða. Skilyrði er að umsækjendur eigi kost á láni til almennra kaupleiguíbúða skv. 13. eða 14. gr.

Fjárhæð láns nemi allt að 15% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúðar, þó ekki hærrí fjárhæð en sem nemur 15% af þeim kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt og liggur til grundvallar lánveitingum úr Byggingarsjóði verkamanna.

Verði byggingarkostnaður meiri eða kaupverð íbúðar hærra en kostnaðargrundvöllur að lánveitingu, sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt hjá Byggingarsjóði verkamanna, greiðir hlutaðeigandi framkvæmdaaðili þann kostnað sem umfram er.

Lánstími lána samkvæmt þessari grein skal vera allt að 25 árum, sjá þó næstu málsgrein, en um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 48. gr.

Við sölu framkvæmdaaðila á íbúð, sbr. 39. gr., skal kaupandi greiða framkvæmdaaðila lánið á fimm árum samkvæmt nánari reglum er settar skulu í reglugerð.

32. gr.

Sá sem hyggst hefjast handa um byggingu eða kaup á almennum kaupleiguíbúðum samkvæmt lögum þessum skal senda húsnæðismálastjórn umsókn og komi þar fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími og áætlaður byggingarkostnaður. Með umsókn fylgi jafnframt greinargerð um stöðu og horfur byggingarframkvæmda á vegu : framkvæmdaaðila. Í greinargerð skal liggja fyrir áætluð byggingarþörf næstu þrjú árin og helstu forsendur fyrir þeirri þörf sem áætluð er.

Skilyrði fyrir því, að húsnæðismálastjórn veiti allt að 70% lán skv. 13. eða 14. gr. og allt að 15% lán skv. 31. gr., er að í greinargerð með umsókn komi í ljós að í hlutaðeigandi sveitarfélagi þurfi af sérstökum ástæðum að auka framboð húsnæðis. Húsnæðismálastjórn skal við úthlutun lána jafnan hafa til hliðsjónar stöðu húsnæðismála í sveitarfélaginu, einkum stöðu byggingarframkvæmda á síðastliðnum árum og þörf á íbúðarhúsnæði á næstu þremur árum.

Framkvæmdaaðilar bera fulla ábyrgð á byggingu eða kaupum á almennum kaupleiguíbúðum í sveitarfélaginu. Standi félagasamtök eða fyrirtæki ein að framkvæmdum skulu þær hafa hlotið samþykki viðkomandi sveitarstjórnar.

Um leið og umsókn samkvæmt þessari grein er lögð fram skuldbindur framkvæmdaaðili sig til þess að afla framlags sem nemi 15% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúðar. Fari byggingarkostnaður eða kaupverð fram yfir kostnaðargrundvöll lána Byggingarsjóðs verkamanna ber framkvæmdaaðili einn þann umframkostnað.

Með umsókn fylgi staðfesting á því að fjármögnun á framlagi skv. 4. mgr. liggir fyrir.

33. gr.

Eigi skal ganga frá framkvæmdum né kaupum á almennum kaupleiguíbúðum fyrr en borist hefur staðfesting húsnæðismálastjórnar um byggingarkostnað, húsaagerð, íbúðarstærð, framkvæmdahraða og önnur helstu framkvæmdaatriði.

Ekki skulu veitt lán til nýbygginga sem eru stærri en 130 m² brúttó. Stærðarútreikningur íbúða skal nánar tilgreindur í reglugerð.

Eftir því sem við verður komið skal ekki byggja eða kaupa almennar kaupleiguíbúðir þar sem kvöð er um bílskúr eða bílskýli. Sé hins vegar nauðsynlegt af skipulagsástæðum að bílskúr eða bílskýli fylgi íbúð verður ekki lánað vegna þess kostnaðarauka sem það hefur í för með sér. Þó er heimilt að víkja frá þeirri reglu þegar um fatlaða er að ræða sem þurfa nauðsynlega á bílskúr eða bílskýli að halda vegna fötlunar sinnar.

34. gr.

Framkvæmdaaðilar, sem fá lán úr Byggingarsjóði ríkisins til almennra kaupleiguíbúða, þ.e. annars vegar lán, sbr. 13. eða 14. gr. (70%), og hins vegar sérstakt lán til kaupleiguíbúða (15%), sbr. 31. gr., skulu sjá um að afla 15% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúðar.

Framkvæmdaaðilum er einnig heimilt að selja skuldabréf öldruðum eða öryrkjum, sem með kaupum á þeim vilja tryggja sér afnotarétt á íbúð, sbr. 38. gr., fyrir 15% af kostnaðarverði.

Einnig er framkvæmdaaðila heimilt að selja einstaklingum skuldabréf, sem með kaupum á þeim vilja tryggja sér afnotarétt á íbúð, sbr. 38. gr., fyrir 30% af kostnaðarverði enda sé þá eingöngu um lán að ræða skv. 13. eða 14. gr.

Skuldabréf skv. 2. og 3. mgr. skulu vera tryggð samkvæmt lánskjaravísitölu en vaxtalaus.

Í skuldabréfum skv. 2. og 3. mgr. skulu vera ákvæði um að skylt sé að innleysa þau ef eigandi þeirra segir upp leigusamningi á íbúðinni, svo og við andlát hans, sbr. þó 6. mgr. 38. gr.

35. gr.

Ráðstöfun almennra kaupleiguíbúða í hverju sveitarfélagi er á vegum framkvæmdaaðila.

Framkvæmdaaðila ber að kynna á opinberum vettvangi þær úthlutunarreglur sem gilda hverju sinni.

36. gr.

Sá sem fengið hefur úthlutað almennri kaupleiguíbúð getur valið um leigu með kauprétti, sbr. 37. gr., leigu með kaupum á eignarhlut í íbúð, sbr. 38. gr., eða kaup á íbúðinni, sbr. 39. gr.

Framkvæmdaaðila er óheimilt að ákveða fyrir fram hvort íbúð verður leigð eða seld.

37. gr.

Um leigu með kauprétti skal gerður skriflegur samningur milli aðila.

Í samningnum felst leigusamningur þar sem leigutaki á rétt á því að festa kaup á íbúðinni innan ákveðins tíma. Framkvæmdaaðili ákveður frest sem leigutaki hefur til að neyta kaupréttar og skal sá frestur kynntur leigjanda. Frestur sá skal þó eigi vera skemmri en fimm ár.

Með leigusamningi með kauprétti stofnast persónulegur réttur leigutaka til afnota af íbúð og til kaupa á henni. Í samningnum skal koma skýrt fram hvaða kjör eru í boði verði kaupréttarinn neytt. Réttur þessi er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Þó getur framkvæmdaaðili heimilað að maki yfirtaki leiguíbúð með kauprétti við andlát leigutaka, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi.

Meðan leigutaki, sem á kauprétt á íbúð, stendur í skilum að sínu leyti eiga uppsagnarákvæði laga um húsaleigusamninga ekki við. Verði hins vegar vanefndir af hans hálfu má rifta leigusamningi í samræmi við ákvæði laga um húsaleigusamninga.

Framkvæmdaaðili skal senda tilkynningu til leigutaka um lokafrest hans til að neyta kaupréttar þremur mánuðum áður en sá frestur rennur út. Neyti leigjandi ekki kaupréttar

eiga ákvæði laga um húsaleigusamninga um uppsögn á leiguhúsnæði við frá þeim tíma er fyrrnefndur frestur rann út.

Leigugjald miðast við afborganir og vexti af lánum Byggingarsjóðs ríkisins og vaxtakostnað af framlagi framkvæmdaaðila þegar það á við, auk almenns rekstrarkostnaðar. Leiga greiðist með jöfnum mánaðarlegum afborgunum. Um ákvörðun húsaleigu skal kveðið nánar á í reglugerð.

Að öðru leyti gilda lög nr. 44/1979, um húsaleigusamninga, eftir því sem við á, m.a. um heimild framkvæmdaaðila til að rifta samningi ef íbúð er framleigð án heimildar.

38. gr.

Heimilt er að tryggja leigutaka ótímabundinn afnotarétt á íbúð með því að selja honum eignarhlut í íbúð fyrir 30% kostnaðarverðs eða kaupverðs íbúðar með þeim kvöðum að eignarhlutur hans standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni. Þegar um elli- eða örorkulífeyrisþega er að ræða er heimilt að eignarhlutur þeirra nemi 15–30%.

Frá og með undirritun samnings um kaup leigutaka á eignarhlut í íbúð, sbr. 1. mgr., eiga ákvæði laga um húsaleigusamninga um uppsögn leigusala á húsnæði ekki við, enda verði ekki um meiri háttar vanefndir af hálfu leigutaka að ræða.

Leigutaki ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi húsnæðisins í samræmi við eignarhlut sinn enda lækki leigugjald sem því nemi. Nánari ákvæði um félagsskap í tengslum við reksturinn má setja í reglugerð.

Eftir að kaup á eignarhlut í íbúð samkvæmt þessari grein hafa farið fram lækkar leigugjald sem nemur vöxtum af því framlagi sem leigutaki hefur fest kaup á.

Eignarhlut leigutaka, sbr. 1. mgr., skal þinglýst sem kvöð á íbúðinni.

Réttur leigutaka til íbúðar samkvæmt þessari grein er persónulegur, þ.e. er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Hætti leigutaki afnotum af íbúð skal eignarhluturinn endurgreiddur með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu, án vaxta. Framkvæmdaaðili getur þó heimilað að réttur til afnota af íbúð með eignarhlut færist yfir til maka við andlát leigutaka, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi.

Um heimild framkvæmdaaðila til að rifta leigusamningi, ef íbúð er framleigð í heimildarleysi, gilda ákvæði laga um húsaleigusamninga, nr. 44/1979, með síðari breytingum.

39. gr.

Tilkynni leigutaki innan tilskilins frests, sbr. 37. gr., að hann hyggist neyta kaupréttar síns skal gerður skriflegur kaupsamningur milli aðila enda sé áður staðfest af hálfu Húsnæðisstofnunar ríkisins að leigutaki eigi lánsrétt skv. 12. gr.

Kaupverð íbúðar er upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð, framreiknað samkvæmt vísitölu lánskjara. Frá því verði skal draga 1% fyrningu fyrir hvert ár sem liðið er frá þeim tíma er upphaflegt kostnaðarverð eða síðasta söluverð var ákveðið. Við framreiknað verð íbúðarinnar má bæta kostnaðarverði endurbóta sem á henni hafa verið gerðar.

Við kaupin greiðir kaupandi eftirfarandi útgjöld:

1. ársvexti, afborganir og verðbætur af áhvílandi lánum Byggingarsjóðs ríkisins,
2. 15% framlag sem aflað hefur verið af hálfu framkvæmdaaðila; framlagið skal framreiknað skv. 44. gr. Lánstími verði allt að 30 árum,
3. vaxtakostnað af 15% framlagi; heimilt er framkvæmdaaðila að ákveða að kaupandi greiði hærri vexti af framlagi en greiddir voru samkvæmt leigusamningi, allt að þeim vöxtum er framkvæmdaaðili greiðir lánardrottni sínum.

Jafnframt ber kaupandi ábyrgð á öllum gjöldum vegna íbúðarinnar, svo og ábyrgð á rekstri hennar og viðhaldi samkvæmt almennum reglum.

Réttur kaupanda, sem stofnast við kaupsamning á almennri kaupleiguíbúð, er persónulegur réttur. Hann er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Þó getur framkvæmdaaðili heimilað nafnaskipti á íbúð í sérstökum tilfellum, sbr. 45. gr.

Kaupandi greiðir kaupverðið, sbr. 1.–3. tölul. 3. mgr. þessarar greinar, til framkvæmdaaðila með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, þó að undanskildu 15% láni úr Byggingarsjóði ríkisins er skal gjaldfellt og endurgreitt framkvæmdaaðila á fimm árum á sömu kjörum og gilda um skuldabréfakaup lífeyrissjóða hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Framkvæmdaaðili skal sjá um að greiða afborganir af láni eða lánnum Byggingarsjóðs ríkisins þar til afsal er gefið út.

Ef kaupandi ætlar að selja íbúðina áður en framlag til framkvæmdaaðila er greitt að fullu skal hann gera full skil við framkvæmdaaðila um greiðslu á framlaginu.

Kaupanda er óheimilt að veðsetja almenna kaupleiguíbúð meðan hann hefur ekki að fullu greitt framlag til framkvæmdaaðila nema að fengnu veðleyfi hans.

40. gr.

Þegar kaupandi hefur að fullu greitt framlag til framkvæmdaaðila og staðið í skilum með aðrar greiðslur fær hann afsal fyrir íbúðinni og yfirtekur um leið áhvilandi veðskuldir.

Í afsali skal tekið fram að íbúðin sé háð ákvæðum laga þessara eins og þau verða á hverjum tíma.

41. gr.

Kaupanda almennrar kaupleiguíbúðar, sbr. 39. og 40 gr., er óheimilt að leigja hana út nema að fengnu leyfi framkvæmdaaðila. Ef ekki er farið eftir settum reglum um þetta efni skal fella niður verðbætur til eiganda þann tíma sem íbúðin hefur verið leigð án heimildar.

Framkvæmdaaðila er heimilt að gjaldfella 15% lán sitt til kaupanda ef íbúð er leigð án samþykkis hans.

42. gr.

Framkvæmdaaðili hefur kaupskyldu á almennum kaupleiguíbúðum, fyrstu fimm árin frá útgáfu afsals, á verði sem tilgreint er í 44. gr. Eftir þann tíma á framkvæmdaaðili forkaupsrétt á kaupleiguíbúðum sem boðnar eru til sölu.

Þegar kaupleiguíbúðir, sem forkaupsréttur er á, eru til sölu skal eigandi senda tilkynningu þess efnis til viðkomandi aðila. Sveitarstjórn eða annar framkvæmdaaðili skal tilkynna eiganda afstöðu sína skriflega innan 30 daga. Berist tilkynning ekki innan þess tíma telst forkaupsrétti hafnað.

Hafni framkvæmdaaðili forkaupsrétti á almennri kaupleiguíbúð eða hafi íbúð verið í eigu sama aðila í 30 ár, miðað við útgáfu afsals, er eiganda heimilt að selja íbúðina á frjálsum markaði, enda greiði hann upp skuld gagnvart framkvæmdaaðila. Framkvæmdaaðili skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar allar kvaðir sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst.

43. gr.

Framkvæmdaaðili skal sjá um að leysa inn og endurselja almennar kaupleiguíbúðir þegar forkaupsréttar er neytt.

Við innlausn íbúðar skal seljandi fá endurgreitt það framlag sem hann hefur greitt til framkvæmdaaðila og þær afborganir sem hann hefur greitt af lánnum Byggingarsjóðs ríkisins frá þeim tíma þegar kaupsamningur var gerður. Við greiðslur þessar bætast verðbætur samkvæmt vísitölu lánskjara frá greiðsludegi til söludags.

Þá skal seljandi íbúðarinnar fá greiddar þær endurbætur sem hann hefur gert á fasteigninni frá og með gerð kaupsamnings samkvæmt samkomulagi milli aðila eða að mati sérstakra matsmanna.

Frá greiðslu til seljanda skal draga fyrningu sem nemur 1% af framreiknuðu verði íbúðarinnar fyrir hvert ár fyrstu 20 árin frá gerð kaupsamnings. Eftir þann tíma er heimilt að lækka fyrninguna í ½% fyrir hvert ár ef íbúð og sameign er vel við haldið.

Vanræksla á viðhaldi íbúðarinnar frá og með gerð kaupsamnings skal einnig koma til frádráttar frá greiðslu til seljanda samkvæmt samkomulagi eða að mati sérstakra matsmanna. Sama gildir um lausaskuldir og vangreidd gjöld vegna íbúðarinnar.

Kostnað af mati greiðir sá sem óskaði eftir því.

44. gr.

Framkvæmdaaðili skal annast útreikning á söluverði almennra kaupleiguíbúða þar sem kaupskyldu eða forkaupsréttar er neytt. Húsnæðisstofnun ríkisins skal staðfesta útreikninginn. Ágreiningi milli aðila um verðlagningu íbúðanna skal vísa til húsnæðismálastjórnar sem sker úr um hann með rökstuddri ákvörðun.

Við endursölu íbúðar skal framreikna upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð samkvæmt vísitölu lánskjara frá gerð kaupsamnings til söludags.

Frá því verði skal draga 1% fyrningu fyrir hvert ár sem seljandi hefur átt íbúðina. Eftir 20 ár frá gerð kaupsamnings er heimilt að lækka fyrninguna í ½% fyrir hvert ár ef íbúð og sameign er vel við haldið.

Við framreiknað verð íbúðarinnar má bæta kostnaðarverði endurbóta sem á henni hafa verið gerðar.

Ef uppfærðar eftirstöðvar yfirtekinna lána nema lægri fjárhæð en 85% (70% og 15%) af endursöliverði íbúðarinnar er heimilt að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins þannig að heildarlán til kaupanda nemi allt að 85% af söluverði íbúðarinnar.

Heildarlán má þó ekki nema hærri fjárhæð en 85% af kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

45. gr.

Framkvæmdaaðili getur heimilað nafnaskipti á íbúðum án sölu við andlát leigutaka, hjónaskilnað eða kaupmála milli hjóna, setu í óskiptu búi, arftöku eða önnur áþekk tilfelli.

46. gr.

Nú er almenn kaupleiguíbúð seld á nauðungaruppboði og skal framkvæmdaaðili þá neyta forkaupsréttar síns og krefjast þess á uppboðsþingi að eignin verði lögð honum út til eignar á því verði sem hæst hefur verið boðið í eignina eða söliverði skv. 44. gr. ef það er lægra en hæsta boð. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni.

47. gr.

Að öðru leyti gilda lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986, um réttarsamband þetta.

Lánskjör.

48. gr.

Öll lán Byggingarsjóðs ríkisins skv. 1.–8. tölul. 11. gr. laga þessara skulu vera að fullu verðtryggð og miðast höfuðstóll lánsins við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 39. gr. laga nr. 13. frá 10. apríl 1979.

Hvert lán skal að jafnaði tryggt með 1. eða 2. veðrétti í þeirri íbúð sem lánað er til, eins og nánar greinir í lögum þessum. Jafnframt má ákveða að veitt lán og áhvílandi megi ekki fara fram úr tilteknu hlutfalli af kaupverði, fasteignamati eða brunabótamati.

Vextir af lánnum Byggingarsjóðs ríkisins skulu vera breytilegir. Ríkisstjórn Íslands tekur ákvörðun um vexti af hverjum lánaflokki á hverjum tíma að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og umsögn Seðlabankans. Lántökugjöld og aðrar þóknanir af lánnum sjóðsins skulu ákveðnar með reglugerð.

Lán skv. 1.–7. tölul. 11. gr. skulu vera afborgunarlaus fyrstu tvö árin en endurgreiðast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum skv. lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á eftirstöðvum lánstímans. Heimilt skal þó lántakanda að greiða lán upp á skemmri tíma og skal þess getið í skuldabréfi. Af lánnum skv. 8. tölul. 11. gr. skal að jafnaði greiða afborgun strax á fyrsta ári nema húsnæðismálastjórn ákveði annað.

Gjalddagar lána skv. 1.–7. tölul. 11. gr. skulu eigi vera færri en fjórir á ári.

Gjalddaga lána skv. 8. tölul. ákveður húsnæðismálastjórn hverju sinni.

Lán skv. 10. tölul. 11. gr. endurgreiðast með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á eftirstöðvum lánstímans. Greiða skal afborgun strax á fyrsta ári. Gjalddagar skulu eigi vera færri en fjórir á ári.

49. gr.

Að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar ákveður félagsmálaráðherra skiptingu áætlaðs ráðstöfunarfjár Byggingarsjóðs ríkisins milli einstakra lánaflokka skv. 11. gr. eitt almanaksár í senn.

Ráðherra er heimilt að flytja ráðstöfunarfé milli lánaflokka innan ársins, að tillögu húsnæðismálastjórnar, ef sérstakar ástæður mæla með því.

IV. KAFLI

Byggingarsjóður verkamanna og félagslegar íbúðabyggingar.

50. gr.

Hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna er að annast lánveitingar til félagslegra íbúðabygginga með það að markmiði að bæta úr húsnæðisþörf láglaunafólks.

Félagslegar íbúðir teljast skv. lögum þessum:

- a. Íbúðir í verkamannabústöðum sem byggðar eru eða keyptar á vegum stjórna verkamannabústaða og ætlaðar eru til sölu handa láglaunafólki sem fullnægir skilyrðum þeim sem sett eru í þessum kafla laganna.
- b. Leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum handa láglaunafólki eða öðrum þeim sem þarfnast af félagslegum ástæðum aðstoðar við húsnæðisöflun.
- c. Leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða af félagssamtökum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja.
- d. Félagslegar kaupleiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar á vegum sveitarfélaga eða félagasamtaka og ætlaðar eru láglaunafólki eða öðrum þeim sem af félagslegum ástæðum þurfa aðstoð við húsnæðisöflun og fullnægja skilyrðum laga þessara um lánveitingar úr Byggingarsjóði verkamanna. Um félagslegar kaupleiguíbúðir gilda ákvæði VI. kafla laga þessara.

51. gr.

Byggingarsjóður verkamanna er í vörslu Seðlabanka Íslands. Fjár til hans skal aflað sem hér segir:

- a. Með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ.e. afborgunum, vöxtum og verðtryggingu af veittum lánnum.

- b. Með árlegum framlögum úr ríkissjóði sem nemi tekjum hans af 1% launaskatti og framlagi á fjárlögum ef með þarf til þess að framlag ríkissjóðs ár hvert nemi 30% af fjármagnspörf sjóðsins.
- c. Með framlagi sveitarfélaga sem nemi 10% af því fjármagni sem Byggingarsjóður verkamanna lánar til verkamannabústaða í viðkomandi sveitarfélagi ár hvert.
- d. Með sérstökum lántökum sem ákveðnar verða í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hverju sinni þegar ráðstöfunarfé skv. staflíðum a, b og c nægir ekki til áformaðra framkvæmda. Stefna skal að því að fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna verði með þeim hætti að sjóðurinn geti fjármagnað a.m.k. einn þriðja hluta af árlegri íbúðapörf landsmanna. Afgreiðsla lána úr sjóðnum og innheimta þeirra fara fram í almennum lánastofnunum sem Húsnæðisstofnun semur við um þá þjónustu.

52. gr.

Framlög ríkissjóðs og sveitarfélaga skv. 51. gr. skulu greidd Byggingarsjóði verkamanna í samræmi við greiðslubyrði hans á hverjum tíma.

53. gr.

Í öllum kaupstöðum, kaupúnahreppum og öðrum sveitarfélögum, sem þess óska, skulu stillta stjórnir verkamannabústaða skipaðar mönnum sem búsetu eiga í sveitarfélaginu. Skulu sveitarstjórnir í upphafi kjörtímabils síns tilnefna þrjá fulltrúa í stjórn verkamannabústaða í sveitarfélaginu, en fulltrúaráð eða aðildarfélag ASÍ í hlutaðeigandi sveitarfélagi tilnefna tvo fulltrúa og félag opinberra starfsmanna tilnefna einn fulltrúa í stjórnina.

Félagsmálaráðherra skipar stjórnir verkamannabústaða og skal kjörtímabil þeirra vera hið sama og sveitarstjórnar.

Varamenn skulu vera jafnmargir og tilnefndir á sama hátt og aðalmenn. Í kaupstöðum með yfir 10 000 íbúa skipar félagsmálaráðherra til viðbótar einn mann í stjórn verkamannabústaða án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Í öðrum sveitarfélögum skipta stjórnirnar sjálfar með sér verkum.

54. gr.

Stjórnnum verkamannabústaða er skylt að hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf lágláunafólks í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Í því skyni að kanna þörf fyrir nýjar íbúðir lágláunafólks í sveitarfélaginu latur stjórnin fara fram skipulega könnun meðal þeirra sem ákvæði IV. kafla laga þessara taka til eftir því sem þörf er á að mati stjórnarinnar.

Nánari reglur um framkvæmd könnunarinnar setur ráðherra með reglugerð.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um félagslegar kaupleiguíbúðir skv. VI. kafla laga þessara.

55. gr.

Að lokinni könnun skv. 54. gr. skal stjórn verkamannabústaða skila greinargerð um hana og tillögum um byggingu íbúða í samræmi við niðurstöður hennar til hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Gera skal grein fyrir fjölda íbúða sem nauðsynlegt er að byggja, æskilegum stærðum íbúða, húsagerð og áætluðum byggingartíma.

Enn fremur skal stjórn verkamannabústaða gera tillögu til sveitarstjórnar um æskilega skiptingu íbúða milli söluíbúða (verkamannabústaða) og leiguíbúða sem sveitarfélagið byggir til eignar og útleigu.

Afrít af greinargerð sinni og tillögum skal stjórn verkamannabústaða senda Húsnæðisstofnun ríkisins.

Verði umsóknir um lán úr Byggingarsjóði verkamanna til byggingar verkamannabústaða eða leigubúða fleiri en sjóðurinn getur veitt á því ári skal húsnæðismálastjórn gera áætlun til þriggja ára í senn um það hvernig þörfum hvers sveitarfélags fyrir slíkar íbúðir verði fullnægt.

56. gr.

Ef nauðsynlegt er vegna aðstöðu á byggingarstað eða af öðrum ástæðum að byggja bílskúr eða bílskýli með íbúðum í verkamannabústöðum skal kostnaður við þær framkvæmdir dreginn frá byggingarkostnaði íbúðanna áður en lán til þeirra er ákveðið.

Við endursölu á íbúð í verkamannabústöðum skal bílskúr eða bílskýli, sem tilheyrir íbúðinni, metið sérstaklega og er eigi skylt að staðgreiða seljanda þann hlut eignarinnar.

57. gr.

Sveitarstjórn skal fjalla um tillögur stjórnar verkamannabústaða, svo fljótt sem við verður komið, og tilkynna Húsnæðisstofnun ríkisins ákvörðun sína. Skal sveitarstjórn jafnframt sækja formlega um lán úr Byggingarsjóði verkamanna og komi þar fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það sem nauðsynlegt er til þess að stofnunin geti tekið afstöðu til lánveitinga til framkvæmdanna.

Með umsókn sinni skuldbindur sveitarstjórn sig til framlags skv. c-lið 51. gr. laga þessara.

Sveitarstjórn skal tilkynna Húsnæðisstofnun ríkisins fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir fyrir 1. ágúst árið áður en hefja á framkvæmdir.

58. gr.

Stærð íbúða í verkamannabústöðum miðast við fjölskyldustærð umsækjanda.

Húsnæðismálastjórn skal yfirfara tillögur stjórnar verkamannabústaða. Skal sérstaklega huga að stærð íbúða, hagkvæmni þeirra og leiðum til að tryggja sem lægst íbúðarverð með sameiginlegum efniskaupum eftir því sem við verður komið, með stöðlun og samkeppnisútbodum. Senda skal skriflega álitgerð um framangreind atriði til hlutadeigandi sveitarstjórnar og stjórnar verkamannabústaða til umsagnar.

59. gr.

Telji húsnæðismálastjórn að ekki sé gætt ákvæða 58. gr. eða að íbúðir séu óhóflegar að stærð og gerð synjar hún um lán til slíkra framkvæmda.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal vera framkvæmdaaðilum til ráðuneytis um fjárhagsleg og tæknileg atriði framkvæmda.

60. gr.

Jafnframt veitingu framkvæmdaheimildar gerir Húsnæðisstofnunin framkvæmdalánssamning við hlutadeigandi stjórn verkamannabústaða. Heimilt er að greiða á byggingartímanum allt að 95% af áætlaðri lánsfjárhæð skv. 66. gr. Miða skal við að lánið komi til greiðslu í samræmi við verkstöðu á hverjum tíma samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Heimilt er þó að greiða út lánsfé umfram verkstöðu þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna fyrirframgreiðslu við gerð stórra verksamninga og efniskaupa, enda komi þá til fullnægjandi trygging að mati húsnæðismálastjórnar fyrir því lánsfé sem er umfram verkstöðu. Að öðru leyti skulu framkvæmdirnar sjálfar standa til tryggingar framkvæmdaláni.

Framkvæmdalán skulu veitt með sömu kjörum og lán skv. 74. gr. Verðbætur teljast til byggingarkostnaðar.

61. gr.

Réttur til kaupa á íbúð í verkamannabústöðum er bundinn við þá sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a. Eiga lögheimili í hlutaðeigandi sveitarfélagi þegar könnun fer fram.
- b. Eiga ekki íbúð fyrir eða samsvarandi eign í öðru formi.
- c. Hafa haft í meðaltekjur þrjú síðustu árin áður en úthlutun fer fram eigi hærri fjárhæð en sem svarar 318 000 kr. fyrir einhleyping eða hjón og 29 000 kr. fyrir hvert barn á framfæri innan 16 ára aldurs.

Með tekjum er átt við heildartekjur umsækjanda, maka hans og barna. Ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við meðaltöl tekna á árinu 1983. Tekjumörk þessi skulu ákvörðuð af húsnæðismálastjórn í upphafi hvers árs að fengnum upplýsingum hjá Þjóðhagsstofnun um breytingar á atvinnutekjum milli ára.

Skilyrði er að viðkomandi hafi unnið a.m.k. 1032 stundir árlega síðustu þrjú árin. Jafngildar unnum klukkustundum teljast þó fjarvistir vegna veikinda, slysa, orlofs, verkfalla eða verkþanna, allt að 8 klst. hvern fjarvistardag, svo og skráðir atvinnuleysisdagar. Jafngildar unnum stundum teljast hins vegar ekki álags- og ákvæðisgreiðslur eða aðrar þess háttar greiðslur.

Þeim sem vinna fasta hlutavinnu skal þó heimilt að kaupa íbúð í verkamannabústað og skal þá miða við 516 árlegar vinnustundir hið minnsta.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum b-liðar þegar um er að ræða umsækjendur sem búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu. Frá ákvæði c-liðar er heimilt að víkja, að því er varðar fjölda árlegra vinnustunda, gagnvart umsækjendum sem hafa orðið fyrir varanlegri örorku.

Enn fremur er heimilt að víkja frá b- og c-liðum þegar umsækjendur hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna fráfalls maka eða af öðrum ástæðum lækkað svo í tekjum að þeir geta ekki haldið íbúðum sínum. Umsóknnum um lán skv. þessari málsgrein skal fylgja umsögn félagsmálastofnunar eða viðkomandi sveitarstjórnar.

62. gr.

Stjórnir verkamannabústaða annast ráðstöfun íbúða í verkamannabústöðum, sem byggðar eru skv. lögum þessum, eftir þeim meginreglum sem ákveðnar eru í 61. gr. og nánari ákvæðum sem sett verða í reglugerð.

Þegar húsnæðismálastjórn hefur samþykkt lánveitingu til byggingaráfanga og framkvæmdir eru hafnar skal stjórn verkamannabústaða auglýsa íbúðirnar til sölu. Í auglýsingu skal koma fram hverjir eigi rétt til kaupa á verkamannabústað, áætlaður afhendingartími og greiðsluskilmálar. Umsóknarfrestur má ekki vera skemmri en þrjár vikur frá birtingu auglýsingar.

Stjórn verkamannabústaða ákveður skiptingu heildarbyggingarkostnaðar á einstakar íbúðir skv. ákvæðum reglugerðar um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsum og með hliðsjón af öðrum sérstökum ástæðum, svo sem staðsetningu og sérbúnaði íbúðar. Söluverð íbúðar skal vera kostnaðarverð hennar.

63. gr.

Umsækjandi, sem fær úthlutað íbúð, skal inna af hendi fyrstu greiðslu sína upp í áætlað kostnaðarverð innan mánaðar frá því að úthlutun fer fram. Stjórn verkamannabústaða ákveður gjalddaga á framlagi kaupenda og skiptingu fjárhæðarinnar milli gjalddaga en miða skal við að hluti kaupenda greiðist á byggingartíma íbúðanna. Standi kaupandi að íbúð í verkamannabústað ekki í skilum með framlag sitt á réttum gjalddögum skv. ákvörðun stjórnar verkamannabústaða fellur réttur hans til íbúðarinnar niður og fær hann þá endurgreitt það sem hann var búinn að greiða auk verðbóta samkvæmt lánskjaravísitölu en án vaxta.

64. gr.

Pegar íbúð er fullgerð skal stjórn verkamannabústaða gera upp byggingarkostnað en Húsnæðisstofnun staðfesta með úttekt sinni. Stjórn verkamannabústaða fær síðan kaupanda í hendur skriflegt afsal fyrir íbúðinni enda hafi kaupandi undirritað veðskuldabréf til Byggingarsjóðs verkamanna og staðið í skilum með útborgun og aðrar greiðslur sem honum ber að inna af hendi.

Í afsali skal taka fram að íbúðin sé háð ákvæðum laga þessara eins og þau verða á hverjum tíma. Enn fremur skal í afsali kveða á um skyldu íbúðareiganda til þátttöku í húsfélagi með öðrum íbúðareigendum í sambýlishúsinu sem annist sameiginleg verkefni.

Eigi skal greiða stimpilgjald af afsölum fyrir verkamannabústöðum en kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

65. gr.

Íbúðareiganda er heimilt að veðsetja íbúð í verkamannabústað fyrir öðrum lánnum en þeim sem greinir í 66. gr. laga þessara.

Ekki er heimilt að leigja íbúð í verkamannabústað án samþykkis stjórnar verkamannabústaða og er leigusamningur ella ógildur. Stjórnin getur bundið samþykki sitt til útleigu skilyrðum um fjárhæð leigunnar og leigutíma. Ef ekki er farið eftir settum reglum er heimilt að gjaldfella lán þau sem greinir í 66. gr. laga þessara. Einnig skal fella niður verðbætur til íbúðareiganda við sölu íbúðar, sbr. 68. og 80. gr. laga þessara, þann tíma sem íbúðin er leigð án heimildar.

66. gr.

Húsnæðismálastjórn veitir lán úr Byggingarsjóði verkamanna til hvernar íbúðar sem byggð er eða keypt sem verkamannabústaður skv. lögum þessum. Lánið má nema allt að 85% af byggingarkostnaði eða kaupverði en þó ekki hærrí fjárhæð en 85% af þeim kostnaðargrundvelli að lánveitingu sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt. Heimilt er húsnæðismálastjórn að hækka lánshlutfallið í allt að 90% ef um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsástæður. Einnig er heimilt að veita sérstök lán til allt að þriggja ára til þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum með útborgun.

Áður en framkvæmdir hefjast við hvern áfanga í byggingu verkamannabústaða eða íbúðir eru keyptar skal Húsnæðisstofnun fara yfir teikningar og gera tillögur um lánveitingu.

Sveitarstjórn eða stjórn verkamannabústaða í hennar umboði ber fulla ábyrgð á byggingu eða kaupum verkamannabústaða í sveitarfélaginu. Verði byggingarkostnaður meiri eða kaupverð íbúðar hærra en sá kostnaðargrundvöllur sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt að lánveitingu greiðir viðkomandi sveitarstjórn þann kostnað sem umfram er.

Lán Byggingarsjóðs verkamanna skulu vera að fullu verðtryggt og skal höfuðstóll lánsins miðast við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979.

Hvert lán skal tryggt með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð.

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar hvert ár gera tillögur til félagsmálaráðuneytisins um vexti af lánnum Byggingarsjóðs verkamanna. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um vexti af lánnum Byggingarsjóðs verkamanna að fenginni umsögn Seðlabankans. Húsnæðismálastjórn ákveður lántökugjald og aðra þóknun af lánnum sjóðsins.

Lánin eru til 43 ára, afborgunarlaus fyrsta árið en endurgreiðast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum skv. lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á eftirstöðvum lánstímans. Sé veitt sérstakt lán til þriggja ára til þeirra, sem eiga í erfiðleikum með útborgun, skulu lánin vera afborgunarlaus fyrstu þrjú árin.

Gjalddagar lána skulu eigi vera færri en fjórir á ári. Húsnæðisstofnun ríkisins er heimilt að fjölga gjalddögum ef það er talið æskilegt.

Byggingarsjóður verkamanna veitir samsvarandi fyrirgreiðslu með sömu kjörum vegna endursöluíbúða sem sveitarstjórnir leysa til sín skv. ákvæðum þessara laga um kaupskyldu og forkaupsrétt.

Húsnæðismálastjórn getur heimilað frestun á greiðslum hjá einstökum lánþegum ef greiðslubyrði afborgana, vaxta og verðbóta fer yfir tiltekið hlutfall af dagvinnutekjum greiðanda.

67. gr.

Sveitarstjórn hefur kaupskyldu á öllum íbúðum í verkamannabústöðum, byggðum eftir gildistöku laga nr. 51/1980 og koma til endursölu, við verði sem tilgreint er í 68. gr., fyrstu 15 árin frá útgáfu afsals. Eftir þann tíma á sveitarstjórn forkaupsrétt að þeim íbúðum sem boðnar verða til sölu. Hafni sveitarstjórn forkaupsrétti að verkamannabústað eða hafi íbúð í verkamannabústað verið í eigu sama eiganda í 30 ár samfelt er eiganda heimilt að selja íbúðina á frjálsum markaði, enda greiði hann upp áhvílandi uppfærðar eftirstöðvar láns Byggingarsjóðs verkamanna. Sveitarstjórn skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar allar kvaðir sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst.

68. gr.

Eigandi íbúðar í verkamannabústað, sem hyggst selja íbúð sína, skal tilkynna það stjórn verkamannabústaða eða sveitarstjórn sem kaupir íbúðina og selur að nýju skv. ákvæðum þessara laga og reglugerða skv. þeim.

Stjórn verkamannabústaða skal í umboði sveitarstjórnar annast kaup og endursölu íbúða í verkamannabústöðum ef sveitarstjórn neytir forkaupsréttar. Við kaup íbúðar skal seljandi hennar fá endurgreitt það fjármagn sem hann lagði fram við kaup íbúðarinnar og þær afborganir sem hann hefur greitt af láni Byggingarsjóðs verkamanna. Við greiðslur þessar bætast verðbætur skv. vísitölu lánskjara frá greiðsludegi til söludags.

Þá skal seljandi íbúðarinnar fá greiddar þær endurbætur sem hann hefur gert á fasteigninni samkvæmt samkomulagi eða að mati matsnefndar félagslegra íbúða.

Frá greiðslu til seljanda skal draga fyrningu sem nemur 1% af framreiknuðu verði íbúðarinnar fyrir hvert ár sem seljandi hefur átt íbúðina fyrstu 20 árin eftir að íbúðin er afhent í fyrsta sinn. Eftir þann tíma er heimilt að lækka fyrninguna í ½% fyrir hvert ár ef íbúð og sameign er vel við haldið. Vanræksla á viðhaldi íbúðarinnar skal einnig koma til frádráttar frá greiðslu til seljanda skv. samkomulagi eða mati matsnefndar, svo og lausa-skuldir og vangreidd gjöld vegna íbúðarinnar.

Nú verður framreiknað innkaupsverð íbúðar skv. ákvæðum þessarar greinar herra en markaðsverð sambærilegrar íbúðar í sama sveitarfélagi og skal þá afskrifa verð íbúðarinnar þar til markaðsverði er náð og skal þar m.a. byggt á upplýsingum Fasteignamats ríkisins. Eftirstöðvar áhvílandi lána úr Byggingarsjóði verkamanna skulu þá afskrifaðar í sama hlutfalli.

Við endursölu íbúðar skal framreikna upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð skv. vísitölu lánskjara frá þeim tíma, þegar íbúðin var afhent, til söludags. Frá því verði skal draga fyrningu skv. 4. mgr. þessarar greinar. Við framanreiknað verð íbúðarinnar má bæta kostnaðarverði endurbóta sem á henni hafa verið gerðar.

Kaupandi íbúðarinnar tekur við eftirstöðvum af láni Byggingarsjóðs verkamanna uppfærðum til söludags. Ef uppfærðar eftirstöðvar lánsins nema lægri fjárhæð en 85% af endursöluverði íbúðarinnar er heimilt að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði verkamanna að því marki að heildarlán sjóðsins nemi allt að 85% af endursöluverði íbúðarinnar.

69. gr.

Stjórn verkamannabústaða getur heimilað nafnaskipti á íbúðum án sölu þegar um er að ræða hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna, setu í óskiptu búi, arftöku eða önnur áþekk tilfelli.

70. gr.

Nú er íbúð, sem byggð hefur verið skv. þessum lögum eða eldri lögum um verkamannabústaði, seld á nauðungaruppbóði og skal sveitarstjórn þá neyta forkaupsréttar síns, sbr. þó 67. gr., og krefjast þess á uppboðsþingi að eignin verði lögð henni út til eignar á því verði sem hæst hefur verið boðið í eignina eða söluverði skv. 2. mgr. 68. gr. ef það er lægra en hæsta boð. Að fengnu afsali skv. þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni.

71. gr.

Nú samþykkir sveitarstjórn í kaupstað eða kauptúnahreppi að leysa hluta af íbúðaþörf þeirri, sem fram kemur við könnun skv. 54. gr. þessara laga, með byggingu leiguíbúða skv. b-lið 50. gr. og sendir þá sveitarstjórn Húsnæðisstofnun ríkisins tilkynningu um þá ákvörðun sína. Jafnframt sendir sveitarstjórnin Byggingarsjóði verkamanna formlega umsókn um lán til framkvæmdanna. Á sama hátt skulu þeir aðilar, sem hyggjast standa að byggingu leiguíbúða skv. c-lið 50. gr., að höfðu samráði við viðkomandi sveitarstjórn, senda inn formlega umsókn til Byggingarsjóðs verkamanna. Í umsókn skal koma fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það sem nauðsynlegt er til þess að stofnunin geti tekið afstöðu til lánveitingar.

Umsókn skal berast Húsnæðisstofnun eigi síðar en 1. ágúst árið áður en framkvæmdir skulu hafnar.

72. gr.

Húsnæðismálastjórn skal yfirfara tillögu byggingaraðila á sama hátt og fyrir er mælt í 58. gr. að því er verkamannabústaði varðar.

73. gr.

Telji húsnæðismálastjórn fyrirhugaðar framkvæmdir falla undir ákvæði b- eða c-liðar 50. gr. þessara laga heimilar hún byggingaraðila að hefjast handa um lokaundirbúning og framkvæmdir.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal vera framkvæmdaaðila til ráðuneytis um fjárhagsleg og tæknileg atriði framkvæmdanna.

74. gr.

Þegar framkvæmdaheimild hefur verið veitt gerir Húsnæðisstofnun framkvæmdalánssamning við hlutadeigandi byggingaraðila leiguíbúða. Skal þar kveðið á um lánveitingu úr Byggingarsjóði verkamanna sem svarar hluta hans í fjármögnun framkvæmdanna skv. 1. mgr. 75. gr. þessara laga. Miða skal við að lánið komi til greiðslu í samræmi við framkvæmdahraða og skal byggingaraðili senda skriflega úttekt á verkstöðu, staðfesta af trúnaðarmanni sem Húsnæðisstofnun nefnir til.

Framkvæmdalánin skulu verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu.

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar fyrir hvert ár gera tillögur til félagsmálaráðuneytisins um vexti af lánum þessum. Ákvörðun um vextina tekur ríkisstjórnin að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands.

75. gr.

Lán Byggingarsjóðs verkamanna til leiguíbúða skv. b- og c-lið 50. gr. mega nema allt að 85% af byggingarkostnaði eða kaupverði, þó ekki hærri fjárhæð en 85% af þeim kostnaðargrundvelli að lánveitingu sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

Verði byggingarkostnaður meiri eða kaupverð íbúðar herra en ofangreindur kostnaðar-
grundvöllur greiðir hlutaðeigandi byggingaraðili þann kostnað sem umfram er.

Heimilt er aðilum, er byggja leiguíbúðir skv. c-lið 50. gr., að selja leigutaka eignarhlut í íbúð með þeim kvöðum að eignarhluti kaupanda standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni, en greiðist síðan með fullum verðbótum skv. lánskjaravísitölu auk vaxta. Nánari reglur um eignarhlut leigutaka skulu settar í reglugerð.

Lán til leiguíbúða skulu að fullu verðtryggt og miðist höfuðstóll lánsins við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979. Lánin skulu tryggð með 1. veðrétti í þeim íbúðum sem byggðar eru.

Lán skv. b- og c-liðum 50. gr. eru til 43 ára, afborgunarlaus fyrsta árið, en endurgreiðast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu á eftirstöðvum lánstímans. Lánin skulu bera sömu vexti og lán skv. 66. gr.

Gjald dagar lánanna skulu eigi vera færri en fjórir á ári.

76. gr.

Leiguíbúðum, sem byggðar eru á vegum sveitarfélaga skv. b-lið 50. gr., skal sveitarstjórn ráðstafa. Við úthlutun íbúðanna skulu þeir hafa forleigurétt sem búa við lakastar aðstæður, svo sem láglaunafólk, einstæð foreldri og aðrir þeir sem þarfnast vegna félagslegra aðstæðna sérstakrar húsnæðisfyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera.

Leiguíbúðum, sem byggðar eru skv. c-lið 50. gr., skal lantakandi ráðstafa.

Nánari reglur um ráðstöfun leiguíbúða og um ákvörðun húsaleigu skulu settar í reglugerð.

77. gr.

Nú er talið hagkvæmt að kaupa húsnæði til nota sem leiguíbúð og er þá Byggingarsjóði verkamanna heimilt að veita lán til slíkra kaupa skv. 75. gr., enda fullnægi húsnæðið þeim almennu kröfum sem gerðar eru um íbúðarhúsnæði og kaupverð sé eigi herra en nemur byggingarkostnaði nýrrar íbúðar. Lán sjóðsins má þá nema sama hlutfalli af kaupverði, að frádögnum áhvílandi lánnum, og lánað er til nýbygginga.

78. gr.

Óheimilt er að selja leiguíbúðir sem byggðar eru skv. lögum þessum meðan á þeim hvíla lán úr Byggingarsjóði verkamanna.

V. KAFLI

Forkaupsréttur sveitarfélaga á íbúðum byggðum skv. lögum fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.

79. gr.

Sveitarfélög eiga forkaupsrétt á íbúðum sem byggðar hafa verið skv. eldri lögum um verkamannabústaði og veitt hefur verið lán til úr Byggingarsjóði verkamanna, enda hafi sveitarstjórn ekki áður hafnað forkaupsrétti eða hann fallið niður af öðrum ástæðum, sbr. þó 67. gr.

Pegar eigandi íbúðar í verkamannabústað hyggst selja íbúð sína skal hann senda tilkynningu þess efnis til stjórnar verkamannabústaða. Stjórnin skal tilkynna eiganda afstöðu sína innan 30 daga ella telst forkaupsrétti hafnað og gilda þá ákvæði 3. másl. 67. gr.

Um íbúðir, sem byggðar voru af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar skv. lögum nr. 97/1965, svo og þær íbúðir sem byggðar voru skv. lögum nr. 58/1973 og lögum nr. 38/1976, skulu gilda sömu reglur og um íbúðir í verkamannabústöðum skv. þessum kafla. Stjórnir verkamannabústaða skulu fara með kaup og sölu slíkra íbúða og varðandi fjármögnun þeirra við sölu skulu gilda ákvæði 66. gr.

Sveitarfélög eiga forkaupsrétt á íbúðum sem byggðar voru til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, enda hafi ríki og sveitarfélög lánað til kaupa þeirra íbúða og þau lán verið til 40 ára eða lengri tíma. Þar sem sérstakar matsnefndir hafa ekki verið skipaðar til að meta kaupverð slíkra íbúða við gildistöku laga þessara skulu sveitarstjórn og stjórn verkamannabústaða tilnefna hvor sinn mann í tveggja manna matsnefnd til að meta verð til seljenda þessara íbúða. Skal við matið taka fullt tillit til þeirra matsreglna sem gilt hafa við kaup íbúðanna. Óski sveitarstjórn eftir því er heimilt að endurfjármagna íbúðir þessar við endursölu skv. 66. gr. þessara laga. Sveitarstjórn getur samþykkt að gefa út kvaðalaust afsal fyrir þessum íbúðum áður en 30 ára eignarhaldstími er liðinn. Um íbúðir þessar skulu að öðru leyti gilda ákvæði þessa kafla eftir því sem við á.

80. gr.

Seljandi íbúðar skal fá endurgreidda þá fjárhæð, sem hann greiddi af kaupverði íbúðarinnar þegar hann festi kaup á íbúðinni, með 1% vöxtum og verðbótum. Að auki skal hann fá greiddan eftir því sem við á $\frac{1}{26}$, $\frac{1}{33}$ eða $\frac{1}{42}$ hluta upphaflegra lána fyrir hvert ár, sem hann hefur átt íbúðina, einnig með vöxtum og verðbótum. Verðbætur skal greiða miðað við hækkun lánskjaravísitölu en heimilt er að miða við byggingarvísitölu ef lánskjaravísitala liggur ekki fyrir. Draga skal frá $\frac{1}{2}$ %-fyrningu fyrir hvert ár eignarhaldstíma.

Stjórn verkamannabústaða skal greiða seljanda andvirði endurbóta á íbúðinni skv. nánara samkomulagi milli þeirra. Sömuleiðis skal taka tillit til ástands íbúðar við afhendingu, einnig skv. nánara samkomulagi.

Heildarkaupverð má þó aldrei vera hærra en sannanlegt markaðsverð sambærilegra íbúða á staðnum, sbr. ákvæði 5. mgr. 68. gr. Heimilt er að lækka útreikning eða afskrifa eftirstöðvar lána úr Byggingarsjóði verkamanna eða Byggingarsjóði ríkisins í sama hlutfalli og verð íbúðar.

Seljandi íbúðar á rétt til fullnaðargreiðslu skv. þessari grein, eða úrskurði matsnefnda, innan 8 vikna frá afhendingu íbúðar. Afhending skal að jafnaði ekki fara fram fyrr en niðurstaða liggur fyrir um fjárhæð greiðslu til seljanda íbúðar.

Þegar liðin eru 30 ár frá sölu íbúðar getur eigandi hennar óskað eftir að fá gefið út kvaðalaust afsal. Þeim sem fer með málefni þessara íbúða í sveitarfélaginu er skylt að verða við slíkri ósk, enda hafi eigandi íbúðar eða maki hans átt íbúðina allan þann tíma og hann greiði upp eftirstöðvar áhvilandi lána úr Byggingarsjóði ríkisins og/eða Byggingarsjóði verkamanna.

81. gr.

Stjórn verkamannabústaða skal ákveða söluverð íbúða í verkamannabústöðum þar sem kaupskyldu eða forkaupsréttar er neytt, skv. 67. og 79. gr. Við ákvörðun söluverðs skal m.a. taka tillit til byggingarkostnaðar íbúða á þeim tíma sem sala fer fram, markaðsverðs íbúða í sveitarfélaginu, áhvilandi lána frá Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna og ástands íbúðar. Við ákvörðun markaðsverðs skal m.a. stuðst við upplýsingar frá Fasteignamati ríkisins. Stjórn verkamannabústaða annast sölu íbúða í umboði sveitarstjórnar.

Heimilt er að veita nýtt lán úr Byggingarsjóði verkamanna til þess sem kaupir gamla íbúð í verkamannabústað, sbr. 2. og 3. mgr. 79. gr.

Slíkt lán má nema allt að 85% söluverðs íbúðar en þó ekki hærri fjárhæð en 85% af þeim kostnaðargrundvelli að lánveitingu sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt. Heimilt er að láta áhvilandi lán hvíla áfram á íbúðinni og veita viðbótarlán allt að fyrrnefndu hámarki.

Hagnaður, sem verða kann af sölu eldri íbúða í verkamannabústöðum, skal renna til Byggingarsjóðs verkamanna, enda verði sveitarstjórn þá ekki skylt að greiða 10% af viðbótarláni til Byggingarsjóðs verkamanna.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að nota hluta hagnaðar, sem myndast við sölu, til þess að greiða kostnað við eigendaskipti íbúðar eða leggja ákveðinn hundradshluta á söluverð íbúðar til þess að mæta slíkum kostnaði.

Pegar íbúð hefur verið endurseld skv. þessari grein og nýtt lán veitt kaupanda hennar úr Byggingarsjóði verkamanna gilda reglur 67. og 68. gr. um verðlagningu hennar ef hún er keypt inn öðru sinni.

82. gr.

Nú innleysir sveitarfélag íbúð sem er þinglýst eign Byggingarfélags verkamanna og skal þá stjórn hlutaðeigandi byggingarfélags eða sveitarstjórn, hafi hún tekið við hlutverki þess, leysa íbúðina úr veðböndum, enda verði eftirstöðvar áhvilandi láns úr Byggingarsjóði verkamanna greiddar upp.

Við sölu slíkrar íbúðar er heimilt að veita nýtt lán til kaupanda hennar skv. 81. gr. og skulu félagsmenn í hlutaðeigandi byggingarfélagi að öðru jöfnu ganga fyrir um kaup hennar.

83. gr.

Heimilt er félagsmönnum í byggingarfélögum verkamanna, sem annast sameiginlegt viðhald á íbúðum félagsmanna, að stofna húsfélög í samræmi við ákvæði laga nr. 59/1976, um fjölbýlishús, þannig að húsfélögin taki sameignilegt viðhald í sínar hendur. Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

84. gr.

Matsnefnd félagslegra íbúða skal vera sveitarstjórnnum og stjórnnum verkamannabústaða til ráðuneytis um málefni endursöluíbúða. Nefndin skal úrskurða um þann ágreining milli seljanda íbúða og stjórna verkamannabústaða sem til hennar er vísað og varðar útreikning greiðslu til seljanda samkvæmt 68. og 80. gr., svo og ákvarðanir um endursölu íbúða skv. 68. og 81. gr.

VI. kafli.

Félagslegar kaupleiguíbúðir.

85. gr.

Með félagslegum kaupleiguíbúðum er í lögum þessum átt við íbúðir, byggðar eða keyptar á vegum sveitarfélaga eða félagasamtaka, fjármagnaðar með láni úr Byggingarsjóði verkamanna og fjármagni á vegum sveitarfélags eða félagasamtaka, þar sem íbúar, sem fullnægja ákvæðum laga um lánveitingar úr Byggingarsjóði verkamanna, eiga kost á að velja um leigu eða kaup með þeim hætti er greinir í lögum þessum.

Þeir sem stadið geta að byggingum eða kaupum á félagslegum kaupleiguíbúðum eru annars vegar sveitarfélög og hins vegar félagasamtök eða þessir aðilar í sameiningu, hér eftir nefndir framkvæmdaðilar.

86. gr.

Nú samþykkir sveitarstjórn að hefjast handa um byggingu eða kaup á félagslegum kaupleiguíbúðum samkvæmt lögum þessum og sendir sveitarstjórn þá húsnæðismálastjórn tilkynningu um þá ákvörðun sína. Jafnframt sendir sveitarstjórn Byggingarsjóði verkamanna formlega umsókn um lán til framkvæmdanna eða kaupanna og komi þar fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími og áætlaður byggingarkostnaður. Með umsókn fylgi jafnframt greinargerð um stöðu félagslegra íbúðabygginga og áætlaðan fjölda íbúa sem af félagslegum ástæðum þarf aðstoð við húsnæðisöflun. Í greinargerð skal liggja fyrir áætluð byggingarþörf næstu þrjú árin og helstu forsendur fyrir þeirri þörf sem áætluð er.

Á sama hátt skulu viðurkennd félagasamtök, sem hyggjast standa að byggingu eða kaupum á félagslegum kaupleiguíbúðum, senda inn umsókn til Byggingarsjóðs verkamanna.

Standi félagasamtökin ein að framkvæmdunum skulu þær hafa hlotið samþykki sveitarstjórnar. Með félagasamtökum er hér átt við almennasamtök sem starfa að húsnæðismálum með það að markmiði að koma á fót húsnæði og sjá um rekstur þess í þágu félagsmanna sinna.

Félagasamtökin skulu hafa hlotið staðfestingu félagsmálaráðherra. Félagsmálaráðherra skal með reglugerð setja skilyrði um fjárhagslega ábyrgð félagasamtaka, t.d. um stofnun varasjóðs o.fl.

Með umsókn um lán samkvæmt þessari grein skuldbindur framkvæmdaaðili sig til þess að afla framlags sem nemi 15% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúðar. Með umsókn fylgi staðfesting á því að fjármögnun á framlagi liggi fyrir.

87. gr.

Eigi skal hefja framkvæmdir né ganga frá kaupum á félagslegum kaupleiguíbúðum fyrr en borist hefur staðfesting húsnæðismálastjórnar um byggingarkostnað, húsgerð, íbúðarstærð, framkvæmdahraða og önnur helstu framkvæmdaatriði. Um atriði þessi gilda ákvæði 58.–60. gr., þar á meðal um framkvæmdalánsamning Húsnæðisstofnunar við framkvæmdaðila.

Ekki skulu veitt lán til nýbygginga sem eru stærri en 130 m² brúttó. Stærðarútreikningur íbúða skal nánar tilgreindur í reglugerð.

Eftir því sem við verður komið skal ekki byggja eða kaupa félagslega kaupleiguíbúð þar sem kvöð er um bílskúr eða bílskýli. Sé hins vegar nauðsynlegt af skipulagsástæðum að bílskúr eða bílskýli fylgi íbúð verður ekki lánað vegna þess kostnaðarauka sem það hefur í för með sér. Þó er heimilt að vikja frá þeirri reglu þegar um fatlaða er að ræða sem þurfa nauðsynlega á bílskúr eða bílskýli að halda vegna fötlunar sinnar.

88. gr.

Lán Byggingarsjóðs verkamanna til félagslegra kaupleiguíbúða mega nema allt að 85% af byggingarkostnaði eða kaupverði, þó ekki hærrí fjárhæð en 85% af þeim kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

Framkvæmdaaðilar bera fulla ábyrgð á byggingu eða kaupum á félagslegum kaupleiguíbúðum í sveitarfélaginu.

Verði byggingarkostnaður meiri eða kaupverð íbúðar hærra en ofangreindur kostnaðargrundvöllur greiðir hlutadeigandi framkvæmdaaðili þann kostnað sem umfram er.

Um lánskjör gilda ákvæði 66. gr., sbr. þó sérreglu 5. mgr. 93. gr. um endurskoðun á lánskjörum þegar kaupsamningur er gerður og sérreglu í 5. mgr. þessarar greinar.

Eftir að kaupsamningur hefur verið gerður á félagslegri kaupleiguíbúð endurskoðar Byggingarsjóður verkamanna tekjur kaupanda að átta árum liðnum frá undirritun kaupsamnings og upp frá því á fimm ára fresti. Leiði sú endurskoðun í ljós að tekjur kaupanda eru yfir þeim tekjumörkum sem gilda hverju sinni skv. 61. gr. skal breyta vaxtakjörum þannig að þau verði hin sömu og gilda um lán til almennra kaupleiguíbúða. Sinni kaupandi ekki upplýsingaskyldu sinni um tekjur þegar endurskoðun vaxtakjara fer fram, þrátt fyrir umleitan framkvæmdaaðila, verða vaxtakjörin færð til samræmis við þau sem gilda um almennar kaupleiguíbúðir.

89. gr.

Framkvæmdaaðilar, sem fá úthlutað láni úr Byggingarsjóði verkamanna til félagslegra kaupleiguíbúða, skulu sjá um að afla 15% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúðar.

90. gr.

Framkvæmdaaðili skal sjá um að ráðstafa félagslegum kaupleiguíbúðum. Til greina við úthlutun íbúðar koma þeir sem uppfylla skilyrði 61. gr.

91. gr.

Sá sem fengið hefur úthlutað félagslegri kaupleiguíbúð getur valið um leigu með kauprétti, sbr. 92. gr., eða kaup, sbr. 93. gr.

Framkvæmdaaðila er óheimilt að ákveða fyrir fram hvort íbúð verði leigð eða seld.

92. gr.

Um leigu með kauprétti skal gerður skriflegur leigusamningur milli aðila.

Í samningnum felst leigusamningur þar sem leigutaki á rétt á því að festa kaup á íbúðinni innan ákvæðins tíma. Framkvæmdaaðili ákveður frest sem leigutaki hefur til að neyta kaupréttar og skal sá frestur kynntur leigjanda. Frestur sá skal þó eigi vera skemmri en fimm ár.

Með leigusamningi með kauprétti stofnast persónulegur réttur leigutaka til afnota af íbúð og til kaupa á henni. Í samningnum skal koma skýrt fram hvaða kjör eru í boði verði kaupréttarins nýtt. Réttur þessi er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Þó getur framkvæmdaaðili heimilað að maki yfirtaki leiguíbúð með kauprétti við andlát leigutaka, hjóna-skilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi.

Meðan leigutaki, sem á kauprétt á íbúð, stendur í skilum að sínu leyti eiga uppsagnar-ákvæði laga um húsaleigusamninga ekki við. Verði hins vegar vanefndir af hans hálfu má rifta leigusamningi í samræmi við ákvæði laga um húsaleigusamninga.

Framkvæmdaaðili skal senda tilkynningu til leigutaka um lokafrest hans til að neyta kaupréttar þremur mánuðum áður en sá frestur rennur út. Neyti leigjandi eigi kaupréttar eiga ákvæði laga um húsaleigusamninga um uppsögn á leiguhúsnaði við frá þeim tíma er fyrrnefndur frestur rann út.

Leigugjald miðast við afborganir og vexti af láni Byggingarsjóðs verkamanna og vaxtakostnað af framlagi framkvæmdaaðila, að viðbættum almennum rekstrarkostnaði. Við ákvörðun á vaxtakostnaði af framlagi framkvæmdaaðila skal við það miðað að vextir verði að hámarki þeir sömu og eru á hverjum tíma af lánum nýrra eða notaðra íbúða hjá Byggingarsjóði ríkisins. Leiga greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Nánari reglur um ákvörðun húsaleigu skulu settar í reglugerð.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 44/1979, um húsaleigusamninga, eftir því sem við á, m.a. um heimild framkvæmdaaðila til að rifta leigusamningi ef íbúð er framleigð án heimildar.

93. gr.

Tilkynni leigutaki innan tilskilins frests, sbr. 92. gr., að hann hyggist neyta kaupréttar síns skal gerður skriflegur kaupsamningur milli aðila.

Kaupverð íbúðar er upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð, framreiknað samkvæmt vísitölu lánskjara. Frá því verði skal draga 1% fyrningu fyrir hvert ár sem liðið er frá þeim tíma er upphaflegt kostnaðarverð eða síðasta söluverð var ákveðið. Við framreiknað verð íbúðarinnar má bæta kostnaðarverði endurbóta sem á henni hafa verið gerðar.

Við kaupin greiðir kaupandi eftirfarandi útgjöld:

1. ársvexti, afborganir og verðbætur af áhvílandi láni Byggingarsjóðs verkamanna;
2. 15% framlag sem aflað hefur verið af hálfu framkvæmdaaðila; framlagið skal framreiknað samkvæmt ákvæði 97. gr. Lánstími verði allt að 30 árum;

3. vaxtakostnað af 15% framlagi; heimilt er framkvæmdaaðila að ákveða að kaupandi greiði hærri vexti af framlagi en greiddir voru samkvæmt leigusamningi, sbr. 92. gr., allt að þeim vöxtum er framkvæmdaaðili greiðir lánardrottni sínum.

Jafnframt ber kaupandi ábyrgð á gjöldum vegna íbúðarinnar samkvæmt almennum reglum svo og ábyrgð á rekstri hennar og viðhaldi.

Ef kaupandi, sem áður hefur haft íbúðina á leigu, er yfir þeim tekjumörkum sem gilda hverju sinni skv. 61. gr. á þeim tíma sem kaupsamningur er undirritaður skal breyta kjörum láns Byggingarsjóðs verkamanna þannig að það verði með sömu kjörum og um væri að ræða lán til almennra kaupleiguíbúða.

Réttur kaupanda, sem stofnast við kaupsamning á félagslegri kaupleiguíbúð, er persónulegur réttur. Hann er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Þó getur framkvæmdaaðili heimilað nafnaskipti á íbúð í sérstökum tilfellum, sbr. 99. gr.

Kaupandi greiðir kaupverð samkvæmt þessari grein með jöfnum mánaðarlegum greiðslum til framkvæmdaaðila, þar á meðal greiðslur af láni Byggingarsjóðs verkamanna. Framkvæmdaaðili skal sjá um greiðslur afborgana af láni til Byggingarsjóðs verkamanna þar til afsal er gefið út.

Ef kaupandi ætlar að selja íbúðina áður en framlag til framkvæmdaaðila er að fullu greitt skal hann gera full skil við framkvæmdaaðila um greiðslu á framlaginu.

Kaupanda er óheimilt að veðsetja félagslega kaupleiguíbúð meðan hann hefur ekki greitt að fullu framlag til framkvæmdaaðila, nema að fengnu veðleyfi hans.

94. gr.

Pegar kaupandi hefur að fullu greitt framlag til framkvæmdaaðila skv. 93. gr. og staðið í skilum með aðrar greiðslur fær hann afsal að íbúðinni og yfirtekur um leið áhvílandi veðskuldir.

Í afsali skal tekið fram að íbúðin sé háð ákvæðum laga þessara eins og þau verða á hverjum tíma.

Ekki skal greiða stimpilgjald af afsölum fyrir félagslegum kaupleiguíbúðum en kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

95. gr.

Íbúðareiganda er óheimilt að leigja félagslega kaupleiguíbúð nema að fengnu samþykki framkvæmdaaðila. Ef ekki er farið eftir settum reglum um þetta efni skal fella niður verðbætur til eiganda þann tíma sem íbúðin hefur verið í leigu án heimildar.

Framkvæmdaaðila er heimilt að gjaldfella 15% lán sitt til kaupanda ef íbúð er leigð án hans samþykkis.

96. gr.

Framkvæmdaaðili hefur kaupskyldu á félagslegum kaupleiguíbúðum við verði, sem tilgreint er í 97. gr., fyrstu 15 árin frá útgáfu afsals. Eftir þann tíma á framkvæmdaaðili forkaupsrétt á kaupleiguíbúðum sem boðnar eru til sölu.

Pegar félagslegar kaupleiguíbúðir, sem sveitarfélag eða félagasamtök hafa forkaupsrétt á, eru til sölu skal eigandi senda tilkynningu þess efnis til sveitarstjórnar eða annars framkvæmdaaðila. Framkvæmdaaðili skal tilkynna eiganda afstöðu sína skriflega innan 30 daga. Berist tilkynning ekki innan þess tíma telst forkaupsrétti hafnað.

Hafni sveitarstjórn eða félagasamtök forkaupsrétti á félagslegri kaupleiguíbúð eða hafi íbúð verið í eigu sama aðila í 30 ár, miðað við útgáfu afsals, er eiganda heimilt að selja íbúðina á frjálsum markaði, enda greiði hann upp áhvílandi uppfærðar eftirstöðvar láns Byggingarsjóðs verkamanna, svo og skuld gagnvart sveitarfélagi. Framkvæmdaaðili skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar allar kvaðir sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst.

97. gr.

Framkvæmdaaðili skal annast útreikning á söluverði félagslegra kaupleiguíbúða þar sem kaupskylda gildir eða forkaupsréttar er neytt. Húsnæðisstofnun ríkisins skal staðfesta útreikninginn. Ágreiningi milli aðila um verðlagningu íbúðanna skal vísað til matsnefndar félagslegra íbúða.

Við innlausn íbúðar skal seljandi fá endurgreitt það fjármagn sem hann hefur greitt skv. 2. og 3. tölul. 3. mgr. 93. gr. og þær afborganir sem hann hefur greitt af láni Byggingarsjóðs verkamanna frá þeim tíma sem kaupsamningur var gerður. Við greiðslur þessar bætast verðbætur samkvæmt vísitölu lánskjara frá greiðsludegi til söludags.

Þá skal seljandi íbúðarinnar fá greiddar þær endurbætur sem hann hefur gert á fasteigninni frá gerð kaupsamnings samkvæmt samkomulagi milli aðila eða að mati sérstakra matsmanna.

Frá greiðslu til seljanda skal draga fyrningu sem nemur 1% af framreiknuðu verði íbúðarinnar fyrir hvert ár fyrstu 20 árin frá gerð kaupsamnings. Eftir þann tíma er heimilt að lækka fyrninguna í ½% fyrir hvert ár ef íbúð og sameign er vel við haldið.

Vanræksla á viðhaldi íbúðarinnar skal frá og með gerð kaupsamnings einnig koma til frádráttar frá greiðslu til seljanda samkvæmt samkomulagi eða að mati sérstakra matsmanna. Sama gildir um lausaskuldir og vangreidd gjöld vegna íbúðarinnar.

Kostnað af mati greiðir sá aðili sem óskaði eftir því.

98. gr.

Við endursölu íbúðar skal framreikna upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð samkvæmt vísitölu lánskjara frá þeim tíma þegar kaupsamningur var gerður til söludags. Frá því verði skal draga 1% fyrningu fyrir hvert ár sem seljandi hefur átt íbúðina. Eftir 20 ár frá gerð kaupsamnings er heimilt að lækka fyrninguna í ½% fyrir hvert ár ef íbúð og sameign er vel við haldið. Við framreiknað verð íbúðarinnar má bæta kostnaðarverði endurbóta sem á henni hafa verið gerðar.

Ef uppfærðar eftirstöðvar yfirtekinna lána nema lægri fjárhæð en 85% af endursöluverði íbúðarinnar er heimilt að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði verkamanna þannig að heildarlán til kaupanda nemi allt að 85% af söluverði íbúðarinnar.

Heildarlán má þó ekki nema hærri fjárhæð en 85% af kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

99. gr.

Framkvæmdaaðili getur heimilað nafnaskipti á íbúðum án sölu við andlát leigutaka, hjónaskilnað eða kaupmála milli hjóna, setu í óskiptu búi, arftöku eða önnur áþekk tilfelli.

100. gr.

Nú er félagsleg kaupleiguíbúð seld á nauðungaruppboði og skal framkvæmdaaðili þá neyta forkaupsréttar síns og krefjast þess á uppboðsþingi að eignin verði lögð honum út til eignar á því verði sem hæst hefur verið boðið í eignina eða söluverði skv. 97. gr. ef það er lægra en hæsta boð. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni.

101. gr.

Að öðru leyti gilda lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986, um réttarsamband þetta.

VII. KAFLI

Tækni- og þjónustudeild Húsnæðisstofnunar.

102. gr.

Hlutverk deildarinnar er tvíþætt. Annars vegar skal hún vera húsnæðismálastjórn til ráðuneytis um tæknileg atriði. Hins vegar skal hún veita húsnæðismálastjórn með ráðgjöf um byggingarmál og sölu íbúðateikninga.

Verkefni tækni- og þjónustudeildar eru þessi:

a. Tæknisvið:

1. Að semja skilyrði fyrir lánshæfni íbúða og endurmeta þau að staðaldri með hliðsjón af breyttum þjóðfélagsháttum og nýjungum í byggingartækni. Gera skal grein fyrir gæða- og stærðarkröfum og nauðsynlegum tæknilegum atriðum. Heimilt er að áskilja að forsenda lánshæfni sé hönnun húss í MÁT-kerfi og notkun almennra byggingarstaðla.
2. Að gera tillögu um staðalíbúðir til viðmiðunar við ákvörðun lánsréttar og áætla byggingarkostnað slíkra íbúða í samráði við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.
3. Að hafa á hendi eftirlit með framkvæmdum þeirra aðila sem njóta lána úr veðlánakerfinu, eftir því sem þörf er á, og sjá um að settum skilyrðum sé fullnægt.
4. Að vera ráðgjafi Húsnæðisstofnunar og stjórnar hennar um tæknileg málefni og annast samskipti við aðra opinbera aðila sem vinna að áætlunargerð, rannsóknnum og tilraunum á sviði húsnæðis- og byggingarmála.

b. Þjónustusvið:

1. Að veita umsækjendum um íbúðalán almennar upplýsingar og ráðgjöf á sviði byggingarmála, svo sem um þær reglur sem gilda um hönnun, gerð og gæði íbúðarhúsnæðis, byggingaraðferðir og val byggingarefnis.
2. Að sjá um viðhald og dreifingu teikningasafns stofnunarinnar og afla nýrra lausna með því að gangast fyrir opinberri samkeppni um gerð uppdrátta af húsum eða byggingarhlutum og dreifa til byggjenda bestu lausnum sem fást úr slíkri samkeppni.
3. Að vera sveitarstjórnnum og stjórnnum verkamannabústaða, sem þess óska, til aðstoðar við undirbúning, útboð og samningsgerð vegna félagslegra íbúðabygginga.
4. Að fylgjast með og kynna tækninýjungar sem stuðlað geta að lækkun byggingarkostnaðar.

103. gr.

Tæknideild skal verðleggja þjónustu sína með þeim hætti að endurgjald fyrir hana standi að fullu undir kostnaði við starfrækslu deildarinnar.

Félagsmálaráðuneytið setur deildinni sérstaka gjaldskrá að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

VIII. KAFLI

Skyldusparnaður ungs fólks til íbúðabygginga.

104. gr.

Öllum einstaklingum á aldrinum 16–25 ára, sem ekki hafa formlega undanþágu skv. 106. gr., skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum sem greidd eru í peningum, eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða bústofnunar í sveit. Skyldusparnaður hefst við næstu áramót eftir að hlutadeigandi verður 16 ára og lýkur þegar hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins.

Fé það, sem lagt er til hliðar á þennan hátt, er undanþegið tekjuskatti og útsvari. Sem eign er það, að vöxtum meðtöldum, skattfrjálst en framtalsskylt.

105. gr.

Pegar sá, sem sparað hefur fé og lagt í sjóð skv. 1. mgr. 104. gr., hefur náð 26 ára aldri, byggt eða keypt íbúð til eigin þarfa eða stofnað heimili og hefur barn á framfæri skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt. Enn fremur skulu þeir, sem stundað hafa nám samfellt í sex mánuði skv. vottorði skólustjóra, eiga þess kost að fá endurgreitt það fjármagn er þeir hafa lagt í sjóðinn, þó ekki á sama ári og til skyldusparnaðarins er stofnað.

Ríkisstjórn Íslands tekur ákvörðun um vexti af innlánum á skyldusparnaðarreikningum hjá Byggingarsjóði ríkisins að fenginni umsögn Seðlabankans. Vextir skulu ákveðnir til eins árs í senn frá áramótum að telja. Við ákvörðun vaxta skal hafa hliðsjón af ávöxtunarkjörum hjá ríkisbönkum og þeim sem ríkissjóður býður á hverjum tíma. Vextir reiknast frá þeim tíma sem fjármagn er lagt í sjóðinn að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands skv. 39. gr. laga frá 10. apríl 1979. Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

Innlagður skyldusparnaður á hverjum tíma fái grunnildi lánskjaravísitölu þess mánaðar. Þegar skyldusparnaðurinn er tekinn út sé sömuleiðis miðað við gildandi lánskjaravísitölu í þeim mánuði. Vextir af innstæðu skulu leggjast við höfuðstól um hver áramót og verðtryggjast á sama hátt og höfuðstóllinn. Innstæða á skyldusparnaðarreikningi, sem reikningseigandi leysir ekki út við 26 ára aldur, skal bera sömu ávöxtun og að ofan greinir.

106. gr.

Undanþegnir sparnaðarskyldu eru:

- a. Gift fólk, sem stofnað hefur heimili, og sambýlisfólk, þ.e. karl og kona sem búa saman og eru ógift, hafi þau átt saman barn og sambúðin varað í eitt ár samfleytt.
- b. Skólafólk sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári.
- c. Þeir sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu og hafa fyrir heimili að sjá.
- d. Þeir sem eiga íbúð til eigin þarfa.
- e. Þeir sem búa við varanlega örorku skv. vottorði frá Tryggingastofnun ríkisins.
- f. Útlendingar sem hafa landvistar- eða atvinnuleyfi hér á landi um tiltekinn tíma og dvelja hér um stundarsakir.

Sá sem telur sig eiga rétt á undanþágu frá sparnaðarskyldu skal sanna það með formlegu vottorði, ella verður hann að láta tilskilið sparifé af hendi, en á þá rétt til endurgreiðslu svo fljótt sem við verður komið.

107. gr.

Heimilt er að veita tímabundna undanþágu frá sparnaðarskyldu þeim sem verða fyrir veikindum eða slysum eða hafa sérstaklega þungar fjárhagsbyrðar. Beiðnir um slíkar undanþágur skal senda Húsnæðisstofnun ríkisins.

108. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins eða innlánsstofnanir, sem hún semur við, skulu annast innheimtu á skyldusparnaði skv. lögum þessum.

Skylt er launagreiðendum að halda eftir tilskildum hluta af launagreiðslu við hverja útborgun og skila því til Húsnæðisstofnunar ríkisins skv. nánari fyrirmælum í reglugerð. Kaupgreiðendur hafa rétt til þess að krefjast þess að starfsmenn færi sönnur á aldur sinn með framvísun persónuskilríkja. Óheimilt er launagreiðanda að samþykkja undanþágu frá sparnaðarskyldu nema starfsmaður hans framvísi vottorði um undanþáguheimild sína.

109. gr.

Ef launagreiðandi vanrækir að taka skyldusparnað af starfsmanni skv. lögum þessum eða vanrækir að skila því sem hann hefur tekið af launum starfsmanna sinna er hann ábyrgur

fyrir því fjármagni eins og um eigin skattgreiðslur væri að ræða. Með innheimtur á slíkum vanskilum skal fara með sama hætti og innheimtu launaskatts, sbr. lög nr. 14 frá 15. mars 1965, ásamt síðari breytingum.

IX. KAFLI

Byggingarsamvinnufélög.

110. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota á sem hagkvæmastan hátt ásamt öðrum byggingum, sem teljast vera í eðlilegum tengslum við íbúðarhúsnæðið, og reka lánastarfsemi vegna félagsmanna sinna. Tilgangur byggingarsamvinnufélags getur enn fremur verið eftirfarandi:

- a. Að taka til ávöxtunar sparifé félagsmanna er þeir hyggjast síðar nota til öflunar íbúðarhúsnæðis.
- b. Að eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum skv. lögum nr. 46/1937, um samvinnufélög, og hlutafélögum, enda starfi hlutadeigandi fyrirtæki á sviði byggingariðnaðar eða að öðrum verkefnum sem mikilvæg verða að teljast fyrir byggingarsamvinnufélagið.
- c. Að útvega lán til byggingarframkvæmda þeirra sem félagið annast.

Félag, sem ákvæði þessa kafla taka til, skal í nafni sínu hafa orðið „byggingarsamvinnufélag“ og jafnframt er öðrum félögum óheimilt að bera slík heiti.

111. gr.

Um félagsstofnun, skrásetningu, félagsstjórn og félagsslit byggingarsamvinnufélags fer, eftir því sem við getur átt, eftir ákvæðum laga nr. 46/1937, um samvinnufélög, sjá þó 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Lágmarkstala stofnenda sé 10 manns, en í sveitarfélögum með yfir 15 þúsund íbúum skal lágmarkstala stofnenda vera 50 manns. Óheimilt er að skrásetja byggingarsamvinnufélag fyrr en samþykktir þess hafa verið staðfestar af félagsmálaráðuneytinu. Skal ráðuneytið gera fyrirmynd að samþykktum er miði m.a. að því að ákvæði um réttindi og skyldur einstakra félagsmanna og byggingarflokka, svo og ákvæði um fjárhagsáætlanir og tilhögun byggingarframkvæmda, verði sem skýrust.

Ef tvö eða fleiri byggingarsamvinnufélög óska að sameinast skal stjórnnum hlutadeigandi félaga skylt að kynna á fullnægjandi hátt félagsmönnum að tillaga um sameiningu liggi fyrir.

Tillagan skal síðan rædd á tveimur almennum félagsfundum og skoðast samþykkt ef $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærra fundarmanna á síðari fundinum samþykkja tillöguna, enda séu fundirnir lögmætir skv. samþykktum hlutadeigandi félags. Nú næst ekki tilskilinn meiri hluti í öðru eða einu þeirra félaga sem í hlut á og er tillagan þá felld að því er það félag varðar.

112. gr.

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár:

- a. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins sem ákveðið skal í samþykktum þess og sé sjóði þessum varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þar með talinn kostnaður af auknum rekstri meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda og byggingarframkvæmdunum sjálfum og uppgjöri þeirra stendur, telst ekki rekstrarkostnaður í þessu sambandi.
- b. Með lánum skv. 11. gr. laga þessara. Íbúðum, sem byggingarsamvinnufélögum er veitt lán til, skal að jafnaði skila fullgerðum, en þó skal húsnæðismálastjórn veita undanþágu frá því skilyrði ef tryggilega er kveðið á um á hvaða verkstigi lokaáfangi skuli skilað.
- c. Með varasjóðstillagi er nemi allt að 1% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Til varasjóðs skulu enn fremur renna aðrar tekjur byggingarsamvinnufélags en þær sem

skv. ákvæðum laga þessara renna í stofn- og rekstrarsjóð. Nánari ákvæði um ráðstofun varasjóðs skulu sett í reglugerð.

- d. Stjórn félagsins getur ákveðið að afla félaginu fjár með frjálsum framlagi hvers félagsmanns í stofnsjóð er nemur minnst $\frac{1}{5}$ hluta andvirðis þess húsnæðis sem ákveðið verður að félagið komi upp fyrir hann og færist á nafn hans og er séreign hans. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar í Byggingarsjóði ríkisins eða innlánsstofnunum. Vaxtakjör skulu vera þau sömu og eru á ársinnstæðubókum innlánsstofnana á innstæðutímum. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna endurgreiddast að viðbættum vöxtum þegar framkvæmdir hefjast í byggingarflokki sem þeir eiga aðild að og ganga þá ásamt vöxtunum upp í byggingarkostnað. Stofnsjóðsinnstæður, sem ekki hafa verið endurgreiddar, falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við það.

113. gr.

Byggingarsamvinnufélag skal gera byggingarsamning við félagsmenn áður en framkvæmdir hefjast. Í samningnum skal m.a. kveðið á um greiðslutilhögun, afhendingartíma og viðurlög við vanefndum. Þar skal enn fremur kveðið á um rétt félagsmanna byggingarflokksins til að fylgjast með framkvæmdum á byggingarstigi og vera með í ráðum.

Þegar nýr byggingarflokkur er stofnaður skulu þeir, sem aðild eiga að honum, kjósa þrjá menn úr sínum hópi til þess að fylgjast með framkvæmdum og fjárreiðum byggingarflokksins. Þessir menn skulu hafa aðgang að öllum gögnum félagsins varðandi þeirra byggingarflokk og hafa rétt til að vera viðstaddir opnun tilboða og fylgjast með samningum við verktaka. Enn fremur skulu þeir ásamt löggiltum endurskoðanda yfirfara öll fylgiskjöl og árita reikninga byggingarflokksins. Þannig frágengnir skulu reikningar lagðir fyrir fund viðkomandi byggingarflokks til staðfestingar. Félagsstjórn úrskurðar um skiptingu byggingarkostnaðar milli einstakra íbúðareigenda í samræmi við ákvæði byggingarsamnings og almennar reglur ef til eru.

Nú óska fleiri félagsmenn að gerast aðilar að byggingarsamningi en unnt er að sinna og skal þá umsækjendum ráðað eftir því í hvaða röð þeir uppfylltu skilyrði um stofnsjóðseign, þannig að þeir sem fyrir uppfylltu skilyrðið gangi fyrir hinum sem fullnægðu því síðar. Næst á eftir þeim, sem fullnægt hafa settum skilyrðum, koma þeir sem að vísu hafa lagt í stofnsjóð en ekki enn eignast tilskilinn $\frac{1}{5}$ hluta andvirðis húsnæðis í sjóðnum, þannig að þeir sem eiga meiri stofnsjóðseign ganga fyrir hinum sem minna eiga í stofnsjóði. Annars ganga að öðru jöfnu þeir fyrir um rétt til húsnæðis sem fyrir gengu í félagið.

Nú hættir þátttakandi í byggingarflokki við að byggja íbúð á framkvæmdatímanum eða þarf að selja íbúðina áður en 5 ár eru liðin frá lóðarúthlutun og yfirtekur þá félagið eignarhluta hans í framkvæmdunum og endurgreiðir framlag hans að viðbættum innlánsvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma.

Skal þá sá félagmaður sem næstur er á umsóknarlista um íbúðir taka við byggingarréttinum á kostnaðarverði að viðbættum fjármagnskostnaði sem leiða kann af eigendaskiptunum.

114. gr.

Byggingarsamvinnufélag annast byggingarframkvæmdir í umboði félagsmanna hlutaðeigandi byggingarflokks, þar með talda samningagerð við verktaka og aðra í sambandi við þær. Kemur stjórn félagsins fram fyrir hönd íbúðareigenda í málum sem rísa kunna í sambandi við framkvæmdirnar uns íbúðirnar hafa verið afhentar og heimilt er henni að taka að sér málarekstur á síðara stigi ef íbúðareigendur bera fram skriflega beiðni þess efnis. Kostnaður við málaferli og úrbætur telst til sameiginlegs kostnaðar félagsmanna í hlutaðeigandi byggingarflokki og skal jafnað niður á íbúðirnar eftir eignarhlutföllum. Heimilt er þó að ákveða að varasjóður félagsins taki þátt í slíkum kostnaði allt að þeirri fjárhæð sem nemur framlagi hlutaðeigandi byggingarflokks til varasjóðs.

115. gr.

Ákvæðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags að enginn, sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins, megi selja hana fyrstu fimm árin frá lóðarúthlutun nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, enda hafi lokauppgjör farið fram. Söluverð íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má á 5 ára tímabilinu aldrei vera hærra en kostnaðarverð hennar að viðbætti verðhækkun skv. vísitölu byggingarkostnaðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu skv. mati dómkvaddra manna.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni sem félagsstjórn samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja eða ekill látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau félagsmenn.

Prátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur ráðherra heimilað eftir tillögu viðkomandi byggingarflokks og að fenginni umsögn stjórnar byggingarsamvinnufélags að byggingarflokkur sem heild segi sig úr félaginu. Slík úrsögn úr byggingarsamvinnufélagi getur þó aldrei átt sér stað fyrr en fimm árum eftir að byggingarsamvinnufélagið hefur lokið framkvæmdum enda hafi uppgjör byggingarflokksins farið fram og allir byggjendur hans séu skuldlausir við félagið.

Enda þótt heimild skv. 3. mgr. verði veitt geta einstakir íbúðareigendur eftir sem áður verið félagar í byggingarsamvinnufélaginu enda komi fram sérstök viljayfirlýsing þeirra þar að lútandi.

116. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal vera stjórnnum byggingarsamvinnufélaga til aðstoðar og leiðbeiningar við byggingarframkvæmdir og undirbúning þeirra. Enn fremur skal hún með lánum skv. 29. gr. laga þessara stuðla að því að unnt sé að ljúka framkvæmdum á sem skemmstum tíma.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal hafa eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum byggingarsamvinnufélaga. Skal þeim skylt að senda Húsnæðisstofnuninni ársreikninga sína, og jafnan skal hún hafa aðgang að bókhaldi þeirra.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

117. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

118. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum skv. þeim varða sektum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ríkisstjórninni er heimilt að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar að lækka vexti af hlutaverðtryggðum lánum Byggingarsjóðs ríkisins sem veitt voru á árunum 1974 til 1979. Við ákvörðun um vaxtalækkun skal við það miðað að greiðslubyrði lánsins verði ekki meiri en ef lánið hefði verið veitt með þeim kjörum sem gilda um lán Byggingarsjóðs ríkisins þegar ákvörðun er tekin um vaxtalækkun.

II.

Á tímabilinu september til desember 1986 skal lánsréttur einstaklinga ráðast af því hve háu hlutfalli af ráðstöfunarfé sínu á árinu 1986 lífeyrissjóðir þeirra verja til kaupa á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar.

III.

Peir, sem lagt hafa inn fullgilda umsókn um lán úr Byggingarsjóði ríkisins fyrir gildistöku laga nr. 54/1986 en eiga eftir að fá lánið greitt að öllu leyti eða hluta þess, skulu eiga kost á því að farið verði með lánsúmsóknir þeirra eftir þeim lögum á eftirfarandi hátt, enda hafi lífeyrissjóðir umsækjanda þá gert samning við Húsnæðisstofnun ríkisins um skuldabréfakaup skv. 9. gr. laga þessara:

Finna skal þann mismun sem er á ógreiddum láns hlutum miðað við lánsrétt skv. lögum nr. 54/1986 og á ógreiddum láns hlutum skv. eldri lögum að viðbættu samsvarandi hlutfalli af þeim lífeyrissjóðslánum sem umsækjandi hefur fengið síðan 1. september 1985. Umsækjandi á þess kost að fá hækkun sem ofangreindum mismun nemur á þeim láns hlutum sem til greiðslu koma frá 1. september 1986, enda sé lífeyrissjóður umsækjanda reiðubúinn til að auka sérstaklega skuldabréfakaup sín af Húsnæðisstofnun ríkisins sem mismuninum nemur.

IV.

Á árinu 1987 er heimilt að undanþiggja þá námsmenn, sem verið hafa í námi er veitti þeim rétt til láns úr Lánasjóði ísl. námsmanna, skilyrðum um greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs í 20 mánuði samtals á undanförunum 24 mánuðum. Sama á við um þá námsmenn sem lögðu inn lánsúmsókn á tímabilinu september til desember 1986.

V.

Ákvæði 1.–3. másl. 7. mgr. 12. gr. og 8. mgr. 12. gr. gilda um umsóknir sem borist hafa Húsnæðisstofnun ríkisins frá og með 13. mars 1987.

Gjört að Bessastöðum, 28. september 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 5. október 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 16 — 1988

9. október 1988

257

Nr. 88

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 9. október 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

19. október 1988

Nr. 89

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda. Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 19. október 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

27. október 1988

Nr. 90

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 27. október 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

A 16

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 9. nóvember 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 92

19. nóvember 1988

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 19. nóvember 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 93

2. desember 1988

LÖG

um breyting á lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Félagið starfrækir íþróttagetraunir, en með íþróttagetraunum er átt við að á þar til gerða miða, getraunaseðla, sem félagið eitt hefur rétt til að gefa út, eru merkt væntanleg úrslit íþróttakappleikja, íþróttamóta.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Að minnsta kosti 40% af heildarsöluverði raða eða miða skal varið til vinninga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. desember 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 17 – 1988

23. desember 1988

259

Nr. 94

L Ö G

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1989 o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Par til fjárlög fyrir árið 1989 taka gildi, þó ekki lengur en til 31. janúar 1989, er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1988, að teknu tilliti til almennrar verðlagsþróunar, öll venjuleg rekstrargjöld og önnur gjöld er teljast til venjulegra fastra greiðslna ríkisins þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn. Þá er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði nauðsynlegar greiðslur til að standa við þegar gerða samninga vegna fjárfestinga ríkisins.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt á árinu 1989 að stofna til tímabundins yfirdráttar á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins.

3. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út fyrir hönd ríkissjóðs til sölu innan lands á árinu 1989 verðbréf, spariskírteini og ríkisvixla að fjárhæð allt að 3.000.000 þús. kr.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 6.500.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að greiða upp skammtímaskuldir við Seðlabanka Íslands vegna greiðsluhalla ríkissjóðs á árunum 1987 og 1988, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

Stjórnartíðindi A 17, nr. 94. Útgáfudagur 23. desember 1988.

STJÓRNARTÍÐINDI A 18 — 1988

Nr. 95

260

27. desember 1988

L Ö G

um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 9% vörugjald:

1701.1100	1703.1001	2009.3001	2206.0000	3209.9001	3305.1001
1701.1200	1703.1002	2009.3009		3209.9002	3305.1009
1701.9101	1703.1009	2009.4001	2208.9009	3209.9009	3305.2000
1701.9102	1703.9001	2009.4009			3305.3000
1701.9103	1703.9009	2009.5001	2209.0000	3210.0011	3305.9000
1701.9104		2009.5009		3210.0012	
1701.9105	1704.1000	2009.6001	2523.1000	3210.0019	3307.1000
1701.9106	1704.9001	2009.6009	2523.2100	3210.0021	3307.2000
1701.9107	1704.9002	2009.7001	2523.2900	3210.0029	3307.3000
1701.9109	1704.9003	2009.7009	2523.3000		3307.4100
1701.9901	1704.9004	2009.8001	2523.9000	3211.0000	3307.4900
1701.9902	1704.9005	2009.8009			3307.9002
1701.9903	1704.9009	2009.9001	3003.9004	3212.1000	3307.9009
1701.9904		2009.9009		3212.9001	
1701.9905	1805.0001		3004.5004	3212.9009	3917.2100
1701.9906	1805.0009	2106.9011	3004.9004		3917.2200
1701.9907		2106.9019		3213.1000	3917.2300
1701.9909	1806.1000	2106.9021	3208.1001	3213.9000	3917.2900
	1806.2001	2106.9022	3208.1002		3917.3100
1702.1000	1806.2009	2106.9029	3208.1003	3214.1001	3917.3200
1702.2000	1806.3100	2106.9031	3208.1004	3214.1009	3917.3300
1702.3001	1806.3201		3208.1009	3214.9000	3917.3900
1702.3002	1806.3209	2201.1000	3208.2001		3917.4000
1702.3009	1806.9009		3208.2002	3302.1002	
1702.4001		2202.1001	3208.2003		3918.1001
1702.4002	1905.2000	2202.1009	3208.2009	3303.0001	3918.1002
1702.4009	1905.3000	2202.9001	3208.9001	3303.0002	3918.9001
1702.5000		2202.9009	3208.9002		3918.9002
1702.6000	2009.1101		3208.9003	3304.1000	
1702.9001	2009.1109	2203.0001	3208.9004	3304.2000	3919.9001
1702.9002	2009.1901	2203.0009	3208.9009	3304.3000	
1702.9003	2009.1909			3304.9100	3920.1002
1702.9004	2009.2001	2204.2101	3209.1001	3304.9900	3920.2001
1702.9009	2009.2009	2204.2901	3209.1002		3920.3001
		2204.3000	3209.1009		3920.4101

3920.4202	4403.3500	4412.1101	5702.5900	6808.0000	7005.1000
3920.6101	4403.9100	4412.1109	5702.9100		7005.2100
3920.6201	4403.9200	4412.1201	5702.9200	6809.1101	7005.2900
3920.6301	4403.9900	4412.1209	5702.9900	6809.1901	7005.3000
3920.6901		4412.1901		6809.9001	
3920.7101	4407.1001	4412.1909	5703.1001		7006.0000
3920.7301	4407.1009	4412.2101	5703.1009	6810.1100	
3920.7901	4407.2101	4412.2109	5703.2001	6810.1900	7007.1900
3920.9101	4407.2109	4412.2901	5703.2009	6810.9100	7007.2900
3920.9201	4407.2201	4412.2909	5703.3001	6810.9900	
3920.9301	4407.2209	4412.9101	5703.3009		7008.0000
3920.9401	4407.2301	4412.9109	5703.9001	6811.1000	
3920.9902	4407.2309	4412.9901	5703.9009	6811.2001	7009.9100
	4407.9101	4412.9909		6811.9001	7009.9200
3921.1201	4407.9109		5704.1000	6811.9009	
3921.1202	4407.9201	4413.0001	5704.9000		7016.1000
3921.9003	4407.9209	4413.0009		6814.1000	7016.9009
	4407.9901		5705.0001		
3922.1000	4407.9909	4418.1000	5705.0009	6815.9101	7019.3101
3922.2000		4418.2000		6815.9901	7019.3901
3922.9001	4408.1000	4418.3000	5805.0000		7019.9009
3922.9009	4408.2000	4418.5000		6901.0000	
	4408.9000	4418.9001	5904.1000		7210.1100
3925.2000		4418.9009	5904.9100	6902.1000	7210.1200
3925.3000	4409.1000		5904.9200	6902.2000	7210.2001
3925.9000	4409.2000	4504.1002		6902.9000	7210.2009
			5905.0000		7210.3101
3926.3001	4410.1001	4601.2000		6904.1000	7210.3109
	4410.1009		6801.0000	6904.9000	7210.3901
4008.1101	4410.9001	4814.1000			7210.3909
4008.2101	4410.9009	4814.2000	6802.1000	6905.1000	7210.4100
		4814.3000	6802.2109	6905.9000	7210.4900
4009.1000	4411.1101	4814.9000	6802.2209		7210.5001
4009.2001	4411.1109		6802.2309	6907.1000	7210.5009
4009.2009	4411.1901	4815.0000	6802.2909	6907.9000	7210.6001
4009.3001	4411.1909		6802.9109		7210.6009
4009.3009	4411.2101	5701.1000	6802.9209	6908.1000	7210.7001
4009.4000	4411.2109	5701.9000	6802.9309	6908.9000	7210.7009
4009.5000	4411.2901		6802.9909		7210.9000
	4411.2909	5702.1000		6910.1000	
4016.9100	4411.3101	5702.2000	6803.0000	6910.9000	7211.1100
4016.9919	4411.3109	5702.3100			7211.1200
	4411.3901	5702.3200	6806.1000	7003.1100	7211.1900
4403.1000	4411.3909	5702.3900	6806.2000	7003.1900	7211.2100
4403.2000	4411.9101	5702.4100	6806.9001	7003.2000	7211.2200
4403.3100	4411.9109	5702.4200	6806.9009	7003.3000	7211.2900
4403.3200	4411.9901	5702.4900			7211.3000
4403.3300	4411.9909	5702.5100	6807.1001	7004.1000	7211.4100
4403.3400		5702.5200	6807.9001	7004.9000	7211.4900
					7211.9000

7212.1000	7216.2200	7307.1100	7407.2911	7604.1009	8004.0001
7212.2101	7216.3100	7307.1900	7407.2919	7604.2100	8004.0009
7212.2109	7216.3200	7307.2100	7407.2921	7604.2900	
7212.2901	7216.3300	7307.2200	7407.2929		8006.0000
7212.2909	7216.4000	7307.2300		7605.1100	
7212.3001	7216.5000	7307.2900	7408.1100	7605.1900	8303.0000
7212.3009	7216.6000	7307.9100	7408.1900	7605.2100	
7212.4001	7216.9001	7307.9200	7408.2100	7605.2900	8403.1000
7212.4009	7216.9009	7307.9300	7408.2200		8403.9000
7212.5001		7307.9900	7408.2900	7606.1101	
7212.5009	7217.1100			7606.1109	8407.3100
7212.6001	7217.1200	7308.3001	7409.1100	7606.1201	8407.3200
7212.6009	7217.1900	7308.3009	7409.1900	7606.1209	8407.3300
	7217.2100	7308.9001	7409.2100	7606.9101	8407.3400
7213.1001	7217.2200	7308.9009	7409.2900	7606.9109	
7213.1009	7217.2900		7409.3100	7606.9201	8408.2000
7213.2001	7217.3100	7313.0000	7409.3900	7606.9209	
7213.2009	7217.3200		7409.4000		8414.5101
7213.3101	7217.3900	7314.2000	7409.9000	7608.1000	8414.5109
7213.3109		7314.3000		7608.2000	8414.5901
7213.3901	7301.1000	7314.4100	7411.1000		8414.5909
7213.3909	7301.2000	7314.4200	7411.2100	7609.0000	8414.6001
7213.4101		7314.4900	7411.2200		8414.6009
7213.4109	7303.0000	7314.5000	7411.2900	7610.1000	8414.8001
7213.4901				7610.9002	8414.8009
7213.4909	7304.1000	7321.1100	7412.1000	7610.9009	8414.9000
7213.5001	7304.2000	7321.1200	7412.2000		
7213.5009	7304.3100	7321.1300		7615.2000	8415.1000
	7304.3900	7321.8100	7417.0000		8415.8100
7214.1000	7304.4100	7321.8200		7803.0001	8415.8200
7214.2001	7304.4900	7321.8300	7418.2000	7803.0002	8415.8300
7214.2009	7304.5100	7321.9000		7803.0009	8415.9000
7214.3001	7304.5900		7419.9905		
7214.3009	7304.9000	7322.1100		7804.1101	8418.1001
7214.4001		7322.1901	7505.1101	7804.1109	8418.2100
7214.4009	7305.1100	7322.1909	7505.1109	7804.1901	8418.2200
7214.5001	7305.1200	7322.9000	7505.1201	7804.1909	8418.2900
7214.5009	7305.1900		7505.1209		8418.3001
7214.6001	7305.2000	7324.1000	7505.2100	7805.0000	8418.4001
7214.6009	7305.3100	7324.2100	7505.2200		8418.6101
	7305.3900	7324.2900		7904.0001	8418.6901
7215.1000	7305.9000	7324.9000	7506.1000	7904.0009	
7215.2000			7506.2000		8421.1201
7215.3000	7306.1000	7407.1001		7905.0000	8421.3901
7215.4000	7306.2000	7407.1009	7507.1100		
7215.9000	7306.3000	7407.2101	7507.1200	7906.0000	8422.1100
	7306.4000	7407.2109	7507.2000		
7216.1000	7306.5000	7407.2201		8003.0001	8428.1001
7216.2100	7306.6000	7407.2209	7604.1001	8003.0002	8428.4000
	7306.9000			8003.0009	

8431.3100	8518.5000	8536.1000	8714.1100	9404.1000
	8518.9000	8536.2000	8714.1900	9404.2100
8450.1100		8536.3000		9404.2900
8450.1200	8519.1000	8536.4100	8716.9002	9404.9000
8450.1900	8519.2100	8536.4900	8716.9009	
8450.2000	8519.2900	8536.5000		9405.1001
8450.9000	8519.3100	8536.6100	9007.1000	9405.1009
	8519.3900	8536.6900	9007.1900	9405.2001
8451.1000	8519.4000	8536.9000	9007.2100	9405.2009
8451.2100	8519.9100		9007.2900	9405.3000
8451.2900	8519.9901	8537.1000	9007.9100	9405.4001
8451.3001	8519.9909	8537.2000	9007.9200	9405.4009
				9405.5000
8452.1000	8520.1000	8538.1000	9401.1000	9405.6001
	8520.2000	8538.9000	9401.2000	9405.6009
8479.8901	8520.3100		9401.3000	9405.9101
	8520.3900	8543.8001	9401.4000	9405.9109
8481.1000	8520.9001	8543.9001	9401.5000	9405.9201
8481.2000	8520.9009		9401.6100	9405.9209
8481.3000		8544.1100	9401.6900	9405.9901
8481.4000	8521.1009	8544.1900	9401.7100	9405.9909
8481.8000	8521.9009	8544.2000	9401.7900	
8481.9000		8544.3000	9401.8000	
	8522.1000	8544.4100	9401.9000	
8507.1000	8522.9000	8544.4900		
8507.2000		8544.5100	9402.1000	
8507.3000	8527.1100	8544.5900	9402.9000	
8507.4000	8527.1900	8544.6000		
8507.8000	8527.2100	8544.7000	9403.1001	
8507.9000	8527.2900		9403.1009	
	8527.3100	8706.0009	9403.2001	
8509.2000	8527.3200		9403.2002	
8509.3000	8527.3900	8707.1000	9403.2003	
8509.8000	8527.9009	8707.9000	9403.2009	
8509.9000			9403.3001	
	8528.1009	8708.1000	9403.3009	
8516.4009	8528.2009	8708.2900	9403.4000	
8516.5000		8708.3100	9403.5001	
8516.6001	8529.1009	8708.3900	9403.5009	
8516.6002	8529.9009	8708.4000	9403.6001	
8516.6009		8708.5000	9403.6002	
8516.7901	8535.1000	8708.6000	9403.6009	
8516.7909	8535.2100	8708.7000	9403.7001	
	8535.2900	8708.8000	9403.7002	
8518.2100	8535.3000	8708.9100	9403.7009	
8518.2200	8535.4000	8708.9200	9403.8001	
8518.2900	8535.9001	8708.9300	9403.8002	
8518.3000	8535.9009	8708.9400	9403.8003	
8518.4000		8708.9900	9403.8009	
			9403.9000	

B. Auk vörugjalds skv. A-lið skal greiða sérstakt vörugjald, 16%, af vörum í eftirtöldum tollskránum:

1701.1100	1702.3001	1704.1000	2009.1101	2106.9011	2206.0000
1701.1200	1702.3002	1704.9001	2009.1109	2106.9019	
1701.9101	1702.3009	1704.9002	2009.1901	2106.9021	2208.9009
1701.9102	1702.4001	1704.9003	2009.1909	2106.9022	
1701.9103	1702.4002	1704.9004	2009.2001	2106.9029	2209.0000
1701.9104	1702.4009	1704.9005	2009.2009	2106.9031	
1701.9105	1702.5000	1704.9009	2009.3001		3003.9004
1701.9106	1702.6000		2009.3009	2201.1000	
1701.9107	1702.9001	1805.0001	2009.4001		3004.5004
1701.9109	1702.9002	1805.0009	2009.4009	2202.1001	3004.9004
1701.9901	1702.9003		2009.5001	2202.1009	
1701.9902	1702.9004	1806.1000	2009.5009	2202.9001	3302.1002
1701.9903	1702.9009	1806.2001	2009.6001	2202.9009	
1701.9904		1806.2009	2009.6009		
1701.9905	1703.1001	1806.3100	2009.7001	2203.0001	
1701.9906	1703.1002	1806.3201	2009.7009	2203.0009	
1701.9907	1703.1009	1806.3209	2009.8001		
1701.9909	1703.9001	1806.9009	2009.8009	2204.2101	
	1703.9009			2204.2901	
1702.1000		1905.2000	2009.9001	2204.3000	
1702.2000		1905.3000	2009.9009		

2. gr.

Í stað 3. mgr. 8. gr. komi þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Vörugjaldi, ásamt vörugjaldsskýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, skal skila eigi síðar en á gjalddaga. Gjalddagi er fimmtándi dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörs-tímabils vegna sölu eða afhendingar á því tímabili. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.

Sé vörugjald ekki greitt á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar því vörugjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef vörugjaldsskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og vörugjald því áætlað, nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga vörugjaldsins upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum.

Álag samkvæmt 4. mgr. skal vera sem hér segir:

1. 4% álag af þeirri upphæð, sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 20%.
2. Álag til viðbótar af vangreiddri upphæð fyrir hvern byrjaðan mánuð, reiknað í fyrsta sinn fyrsta dag næsta mánaðar eftir gjalddaga, hið sama og dráttarvextir eru á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

3. gr.

Við 10. gr. laganna bætist svohljóðandi mgr.:

Ákvæði laga þessara um vörugjald gilda að öllu leyti um sérstakt vörugjald.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi hvað varðar innfluttar vörur en frá og með 1. janúar 1989 varðandi innlenda framleiðslu.

Ákvæði til bráðabirgða.**I.**

Allir þeir, sem stunda starfsemi sem skattskyld er samkvæmt lögum þessum og eru ekki skráðir á vörugjaldsskrá við gildistöku laga þessara, skulu tilkynna fyrir 10. janúar 1989 um rekstur sinn og starfsemi til skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir.

II.

Af birgðum innfluttra gjaldskyldra vara samkvæmt lögum þessum, sem hlotið hafa fullnaðartollafgreiðslu fyrir gildistöku laga þessara og vörugjald verið greitt af samkvæmt ákvæðum laga nr. 97/1987, skal eigi innheimta gjald samkvæmt lögum þessum. Frá og með gildistöku laga þessara skal hins vegar innheimta gjald samkvæmt ákvæðum þessara laga af vörum sem þá eru ótollafgreiddar.

Af vörum sem afhentar hafa verið innflytjendum fyrir gildistöku laga þessara, með leyfi tollyfirvalda gegn eða án tryggingar fyrir greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt heimild í tollalögum eða heimildum í öðrum lögum, skal greiða vörugjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 97/1987.

III.

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um afhendingu eða sölu vöru sem vörugjaldsskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna er svarar vörugjaldi, nema sannað sé að gjaldið hafi verið talið með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

IV.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 4. gr. skal ekki greiða vörugjald af innlendri húsgagna- og innréttingaframleiðslu í tollskránum 9401.1000 til 9404.9000 fyrr en frá og með 1. mars 1989.

V.

Prátt fyrir ákvæði 16. gr. bráðabirgðalaga nr. 83/1988, um efnahagsaðgerðir, og fyrirmæli stjórnvalda um stöðvun á hækkun verðs vöru og þjónustu má hækka verð vöru sem nemur álagningu gjalda samkvæmt lögum þessum.

VI.

Lög þessi verði endurskoðuð fyrir 1. janúar 1991.

Gjört í Reykjavík, 27. desember 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við lög nr. 55, 30. mars 1987, tollalög, sbr. lög nr. 96 31. desember 1987, um breyting á þeim lögum.

1. gr.

Á einstökum köflum tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Við 5. kafla:
Við nr. 0505 bætist tnr. 0505.1003 er orðist svo:
1003 – – Annar dúnn 0
2. Við 18. kafla:
Við nr. 1806 bætist tnr. 1806.9003 er orðist svo:
9003 – – Páskaegg 20 0
3. Við 19. kafla:
Tnr. 1901.2000 orðist svo:
– Blöndur og deig til framleiðslu á brauðvörum í tnr. 1905:
2001 – – Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna 0
2009 – – Annað 0
4. Við 21. kafla:
a. Tnr. 2102.3000 orðist svo:
– Unnið bökunarduft:
3001 – – Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna 0
3009 – – Annað 0
b. Tnr. 2106.9031 – 2106.9039 orðist svo:
– Búðingsduft:
9031 – – – Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna 0
9039 – – – Annað 0
9041 – – Sælgæti sem hvorki inniheldur sykur eða kakó 20 0
9042 – – Ávaxtasúpur og -grautar 0
9049 – – Annað 0
5. Við 39. kafla:
a. Tnr. 3918.1001 og 3918.1002 orðist svo:
– Úr vinylklóríðfjölliðum:
1001 – – Gólfefni 5 0
1002 – – Veggfóður 5 0
b. Í stað orðanna: Klæðingarefni til bygginga í tnr. 3920.1002, 3920.2001, 3920.3001, 3920.4101, 3920.4202, 3920.6101, 3920.6201, 3920.6301, 3920.6901, 3920.7101, 3920.7301, 3920.7901, 3920.9101, 3920.9201, 3920.9301, 3920.9401, 3920.9902 og 3921.9003 og orðanna: Klæðingarefni til mannvirkjagerðar í tnr. 3921.1201 komi orðin: Til bygginga.
c. Við nr. 3921 bætist tnr. 3921.1902 er orðist svo:
1902 – – – Klæðingarefni og einangrun til bygginga 5 0
d. Tnr. 3925.9000 orðist svo:
– Annað:
9001 – – Vörur sem lýst er í ij-lið 11. athugasemdar við 39. kafla 5 0
9009 – – Annars 5 0

6. Við 48. kafla:
 a. Tnr. 4814.2000 orðist svo:
 2000 – Veggfóður og áþekk veggklæðning, úr pappír húðuðum eða hjúp-
 uðum á framhlið með æðóttu, upphleyptu, lituðu, mynsturprent-
 uðu eða á annan hátt skreyttu plastlagi 5 0
 b. Tnr. 4823.9001 – 4823.9009 orðist svo:
 – Annað:
 9001 – – Péttingar, þéttilistar, skífur o.þ.h. 0
 9002 – – Plötur, ræmur, stengur, prófilar o.þ.h. 0
 9003 – – Vörur sem almennt eru notaðar í vélbúnaði eða verksmiðjum . . . 0
 9004 – – Varningur til flutnings eða umbúða, ót.a. 5 0
 9005 – – Til bygginga 5 0
 9009 – – Annað 10 0
7. Við 70. kafla:
 a. Í stað orðsins „saltpéturssýra“ í b-lið 4. athugasemdar við 70. kafla komi:
 bóroxíð.
 b. Við nr. 7019 bætist tnr. 7019.9003 er orðist svo:
 9003 – – Til bygginga 5 0
8. Við 73. kafla:
 Við nr. 7322 bætist tnr. 7322.1902 er orðist svo:
 1902 – – – Hálfunnir ofnar 5 0
9. Við 74. kafla:
 a. Tnr. 7410.2101 og 7410.2201 orðist svo:
 2101 – – – í prentásir 0
 2201 – – – í prentásir 0
 b. Tolltaxti við tnr. 7419.9906 verði 0%
10. Við 76. kafla:
 Tollur í tnr. 7615.1001 verði 10% í A-dálki en 0% í E-dálki.
11. Við 78. kafla:
 Tnr. 7804.2009 verði tnr. 7804.2002 og orðist svo:
 2002 – – Blýflögur 0
12. Við 80. kafla:
 a. Tnr. 8004.0001 og 8004.0009 falli brott en nr. 8004 orðist svo:
 8004.0000 Tinplötur, tinblöð og tinræmur, meira en 0,2 mm að þykkt 0
 b. Í stað tnr. 8005.1001 og 8005.1009 komi tnr. 8005.1000 er orðist svo:
 1000 – Pynnur 0
13. Við 82. kafla:
 Tnr. 8201.5000 orðist svo.
 5000 – Annarrar handar klippur (secateurs) (þar með taldar kjúklinga-
 klippur) 0

14.	Við 85. kafla:		
	a. Við nr. 8519 bætist tnr. 8519.9902 er orðist svo:		
	9902 – – – Geislaspilarar	15	
	b. Tnr. 8521.1001 – 8521.9009 orðist svo:		
	– Fyrir segulband:		
	1010 – – – Fyrir sjónvarpsstarfsemi, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0	
	– – Annað:		
	1021 – – – Eingöngu til endurskila á mynd	15	
	1029 – – – Annars	15	
	– Önnur:		
	9010 – – – Fyrir sjónvarpsstarfsemi, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0	
	– – Annað:		
	9021 – – – Eingöngu til endurskila á mynd	15	
	9029 – – – Annars	15	
	c. Við nr. 8523 bætist tnr. 8523.1102, 8523.1202 og 8523.1302 sem orðist svo:		
	1102 – – – Myndbönd	10	0
	1202 – – – Myndbönd	10	0
	1302 – – – Myndbönd	10	0
	d. Tnr. 8527.1100 orðist svo:		
	– – Sambyggð hljódupptöku- eða hljóðflutningstækjum:		
	1101 – – – Eingöngu sem segulbandstæki	30	
	1102 – – – Með plötuspilara og segulbandstæki	30	
	1109 – – – Önnur	30	
	e. Tnr. 8527.2100 orðist svo:		
	– – Sambyggð hljódupptöku- eða hljóðflutningstækjum:		
	2101 – – – Eingöngu með segulbandstæki	30	
	2102 – – – Með plötuspilara og segulbandstæki	30	
	2109 – – – Önnur	30	
	f. Tnr. 8527.3100 orðist svo:		
	– – Sambyggð hljódupptöku- eða hljóðflutningstækjum:		
	3101 – – – Eingöngu með segulbandstæki	30	
	3102 – – – Með plötuspilara og segulbandstæki	30	
	3109 – – – Önnur	30	
	g. Við nr. 8528 bætast tnr. 8528.1002, 8528.1003 og 8528.2003 er orðist svo:		
	1002 – – Hljóð- og myndbandsupptökutæki með búnaði fyrir móttöku á sjónvarpsmerki (videotæki) þó ekki með myndskjá, ót. a.	15	
	1003 – – Skjáiir fyrir gagnavinnsluvélar í nr. 8471 eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0	
	2002 – – Skjáiir fyrir gagnavinnsluvélar í nr. 8471 eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0	
	h. Tnr. 8537.1000 orðist svo:		
	– Fyrir 1000 V spennu eða minna:		
	1001 – – Fyrir kerfi og tæki í tnr. 8531.1000	0	
	1009 – – Önnur	0	
	i. Tnr. 8544.1100 orðist svo:		
	1100 – – Úr kopar	0	

15.	Við 87. kafla: Tnr. 8703.3131 orðis svo: 3131 – – – – Með alhjóladrifi	10	
16.	Við 89. kafla: Tnr. 8905.9000 orðist svo: – Annað: 9001 – – Flotkvíar 9009 – – Annars	0 0	
17.	Við 90. kafla: a. Tnr. 9007.1000 verði tnr. 9007.1100 b. Tnr. 9025.8000 orðist svo: 8000 – Önnur áhöld	0	
18.	Við 92. kafla: Í stað tnr. 9207.1009 komi tvö ný númer, 9207.1002 og 9207.1009 er orðist svo: 1002 – – Orgel 1009 – – Önnur	0 0	
19.	Við 94. kafla: a. Tnr. 9405.6009 orðist svo: 6009 – – Annað b. Tnr. 9405.9201 og 9405.9901 orðist svo: 9201 – – – Lampaskermar 9901 – – – Lampaskermar	10 10 10	0 0 0
20.	Við 95. kafla: Tnr. 9507.9000 orðist svo: – Annað: – – Önglar með gervibeitu: 9011 – – – Fyrir sportveiðar 9019 – – – Aðrir 9090 – – Annars	10 0 10	0 0 0

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 6. og 143. gr. laga nr. 55 30. mars 1987, tollalaga, sbr. lög nr. 96 31. desember 1987, um breyting á þeim, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1988.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI A 19 — 1988

Nr. 97

270

29. desember 1988

L Ö G

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt,
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 30. gr.:

- a. Í stað „57.375“ og „114.750“ í 1. másl. 2. tölul. B-liðar 1. mgr. kemur: 90.000 og 180.000.
- b. Í stað „45.900“ og „91.800“ í 2. másl. 4. tölul. B-liðar 1. mgr. kemur: 72.000 og 144.000.
- c. Í stað „9.180.000“ og „18.360.000“ í 3. másl. 2. mgr. kemur: 15.400.000 og 30.800.000.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 38. gr.:

- a. 1. másl. orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 29. gr. og 1. másl. 1. mgr. 31. gr. skal fyrning vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna eða eignarflokks sem hér segir:
- b. Í stað „10%“ í 1. og 2. tölul. kemur: 8%.
- c. Í stað „15%“ í 3. tölul. kemur: 12%.
- d. 4. tölul. greinarinnar hljóði svo:
 - a. Skrifstofuáhöld og -tæki 20%.
 - b. Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og önnur flutningatæki, svo og annað lausafé sem fellur ekki undir 1.–3. tölul. og a-lið þessa töluliðar 15%.

3. gr.

40. gr. fellur niður.

4. gr.

Við 52. gr. bætist nýr töluliður, er verður 5. tölul., og orðast svo:

Kostnað við rekstur fólksbifreiða, sem látnar eru framkvæmdastjórum eða öðrum sambærilegum starfsmönnum atvinnurekstrar í té til eigin afnota, nema að því marki sem hlunnindi af notkun viðkomandi fólksbifreiðar hafa verið talin til tekna, samkvæmt matsreglum ríkisskattstjóra, hjá þeim aðila sem heimilt er að hafa hana til umráða í eigin þágu.

5. gr.

Í stað 2. másl. 4. mgr. 53. gr. koma tveir nýir málslíðir er orðast svo:

Skuldir og inneignir stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félaga, sbr. 1., 2. og 4. tölul.

2. gr., svo og skuldir og inneignir hluthafa í hlutafélögum og ógreidd hlutafjárloforð, teljast ekki til eigna eða skulda við útreikning þennan nema því aðeins að skuldir þessar og inneignir séu vaxtareiknaðar með sambærilegum kjörum og gilda í innlánsstofnunum á hverjum tíma. Skuldir og inneignir eignaraðila sameignarfélaga, sbr. 3. tölul. 2. gr., teljast ekki til eigna eða skulda við útreikning þennan.

6. gr.

Í stað „30%“ í 2. másl. 1. mgr. 54. gr. kemur: 15%.

7. gr.

Við lögin bætist ný grein, er verður 57. gr. A, og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 56. og 57. gr. skulu eftirstöðvar rekstrartaps frá fyrri árum, hjá því félagi sem slitið var, ekki flytjast til þess félags sem við tekur nema það stundi skyldan rekstur eða haldi að mestu leyti áfram svipuðum rekstri eða starfsemi og það félag sem slitið var. Sama gildir þegar það félag sem slitið var átti fyrir slitin óverulegar eignir og hafði engan rekstur með höndum.

8. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á A-lið 68. gr.:

a. Í stað „158.820“ í 1. mgr. kemur: 214.104.

b. 2. mgr. orðast svo:

Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður tekjuskattur af tekjuskattsstofni skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun, og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða útsvar hans á álagningarárinu og því, sem þá kann að vera óráðstafað, til greiðslu eignarskatts hans á álagningarárinu. Sá persónuafsláttur, sem þá er enn óráðstafað, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., og skulu þá 80% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans bætast við persónuafslátt hins. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða útsvar hans á álagningarárinu og því, sem þá kann að vera óráðstafað, til greiðslu eignarskatts hans á álagningarárinu. Sá hluti persónuafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður.

9. gr.

Í stað „365“ í 1. mgr. B-liðar 68. gr. kemur: 492.

10. gr.

Í stað „16.000“, „24.000“ og „48.000“ í A-lið 69. gr. kemur: 21.568, 32.353 og 64.705.

11. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á B-lið 69. gr.:

a. Í stað „38.000“ í 2. mgr. kemur: 51.224.

b. Í stað „600.000“ og „400.000“ í 3. mgr. kemur: 825.000 og 550.000.

c. Í stað „1.850.000“ og „2.475.000“ í 4. mgr. kemur: 2.850.000 og 4.275.000.

12. gr.

Í stað „38.000“ í C-lið 69. gr. kemur: 47.400.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr.:

a. 2. mgr. orðast svo:

Í tekjuskattsstofn manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. en hafa einungis verið heimilisfastir hér á landi hluta tekjuársins, skal deila með fjölda dvalardaga þeirra hér á landi á árinu og margfalda síðan þá útkomu með 365. Tekjuskattur skal síðan reiknast skv. 67. gr. af þannig reiknuðum tekjuskattsstofni, að teknu tilliti til 68. gr., eins og um væri að ræða menn heimilisfasta hér á landi allt árið. Í þá fjárhæð skal deila með 365 og margfalda þá útkomu með fjölda dvalardaga þeirra hér á landi á árinu. Sú fjárhæð sem þannig fæst skal vera endanlega ákvarðaður og álagður tekjuskattur eða ákvarðaður ónýttur persónuafsláttur.

b. 3. mgr. fellur niður.

14. gr.

Í stað „48%“ í 72. gr. kemur: 50%.

15. gr.

Í stað „573.700“ og „1.147.400“ í 78. gr. kemur: 900.000 og 1.800.000.

16. gr.

83. gr. laganna orðast svo:

Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 2.500.000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af eignarskattsstofni yfir 2.500.000 kr. greiðist 1,2%. Af eignarskattsstofni yfir 7.000.000 kr. greiðist að auki 1,5%.

17. gr.

Í stað „0,95%“ í 84. gr. kemur: 1,2%.

18. gr.

1. mgr. 121. gr. orðast svo:

Fjárhæðir, sem um ræðir í 68. gr., A-lið 69. gr., 2. mgr. B-liðs 69. gr. og C-lið 69. gr., skulu hinn 1. júlí á staðgreiðsluári taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. desember næstan á undan staðgreiðsluári og lánskjaravísitölu sem er í gildi 1. júní á staðgreiðsluári.

19. gr.

122. gr. orðast svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir sem um ræðir í 2. og 4. tölul. B-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 30. gr., 41. gr., 68. gr., 69. gr., 78. gr. og 83. gr. í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1990.

20. gr.

Í stað „292.600“ og „585.200“ í 3. másl. 2. mgr. ákvæðis I til bráðabirgða í lögum nr. 92/1987, um breyting á lögum nr. 75/1981, kemur: 460.000 og 920.000.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1989 og gilda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1989 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1990 vegna tekna ársins 1989 og eigna í lok þess árs.

Þó skulu ákvæði 1. gr., 2. gr., 3. gr., 4. gr., 5. gr., 6. gr., b-liðar 8. gr., 11. gr., 14. gr., 15. gr., 16. gr., 17. gr. og 20. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts og ákvörðun bóta á árinu 1989 vegna tekna á árinu 1988 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. gr. laga nr. 49/1986, um þjóðaráttak til byggingar þjóðarbókhlöðu, með síðari breytingum, skal skattskylt mark til sérstaks eignarskatts vegna álagningar á árinu 1989 vera 4.250.000 kr.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna skal tekjuskattur manna reiknast 30,8% af tekjuskattsstofni við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1989 og við álagningu tekjuskatts á árinu 1990 vegna tekna ársins 1989.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., og orðast svo:

Launamanni skv. 2. tölul. 4. gr. ber að tilkynna skattstjóra um áætlaðar tekjur sínar á staðgreiðsluári, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, fyrir 20. janúar ár hvert, í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Á skattkorti skulu, auk upplýsinga sem um getur í 1. og 2. mgr., koma fram upplýsingar um hlutfall persónuafsláttar. Ríkisskattstjóri skal auglýsa skatthlutfall og fjárhæð persónuafsláttar fyrir upphaf hvers staðgreiðsluárs, svo og ef breytingar verða á staðgreiðsluári. Ráðherra getur í reglugerð sett ákvæði um hlutfallslega skiptingu persónuafsláttar sem draga skal frá staðgreiðslu á hverju greiðslutímabili.

b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ríkisskattstjóra er heimilt að ákveða að útgáfa skattkorta samkvæmt 1. mgr. falli

niður, enda gildi áður útgefin skattkort það ár sem skattkortaútgáfan fellur niður, þó ekki skattkort skv. 5. og 6. mgr. 12. gr. Þó skal gefa út skattkort til þeirra aðila er ekki hafa áður fengið skattkort en öðlast hafa rétt til þess.

3. gr.

Eftirtalдар breytingar verða á 12. gr. laganna:

- a. 2. másl. 5. mgr. fellur niður.
- b. Í stað „20%“ í 6. mgr. kemur: 50%.

4. gr.

Við 2. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr máslíður svohljóðandi:

Skattstjóra er heimilt að ákveða að laun hvers almanaksmánaðar séu hærri en $\frac{1}{12}$ hluti árlegs endurgjalds, enda liggi fyrir samþykkt greinargerð launamannsins.

5. gr.

Í stað orðanna „innan tíu virkra daga frá tilkynningu“ í 4. mgr. 28. gr. laganna kemur: innan 15 daga frá og með dagsetningu tilkynningar.

6. gr.

Síðari máslíður 6. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:

Innan 15 daga frá og með dagsetningu úrskurðar skattstjóra er heimilt að áfrýja mati hans til ríkisskattstjóra sem kveður upp endanlegan úrskurð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Viðskiptabankar, sparisjóðir og veðdeildir við innlánsstofnanir skulu með þeim takmörkunum, er síðar greinir, skyldir til þess að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, í samræmi við ákvæði laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Skattskyldan tekur til þessara aðila sem lögaðila skv. 2. gr. laga nr. 75/1981 þrátt fyrir

undanþáguákvæði 4. gr. sömu laga eða ákvæði annarra laga sem kunna að hafa undanþegið einstakar stofnanir opinberum gjöldum og sköttum.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Til skattskyldra tekna og eigna aðila skv. 1. gr. þessara laga teljast þó ekki tekjur og eignir stofnlánasjóða sem stofnaðir eru með sérstökum lögum eða með reglugerð á grundvelli heimilda í lögum. Séu sjóðir þessir hluti af eða tengdir annarri skattskyldri starfsemi samkvæmt lögum þessum skal fjárhagur þeirra greinilega aðskilinn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1989 vegna tekna á árinu 1988 og eigna í lok þess árs. Við gildistöku laga þessara fellur 11. gr. laga nr. 13/1975 úr gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Með skattframtali á árinu 1989 vegna tekna á árinu 1988 og eigna í lok þess árs skulu aðilar, sem skattskyldir verða samkvæmt ákvæðum þessara laga, framkvæma endurmat á þeim fyrnanlegu eignum, sbr. 32. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem voru í eigu þeirra í byrjun þess árs.

Endurmatið skal framkvæma þannig að kostnaðarverði (stofnverði) skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár. Kostnaðarverð, þannig framreiknað, myndar fyrningargrunn sem fyrning reiknast af, í fyrsta sinn á árinu 1988.

Til frádráttar framreiknuðu stofnverði reiknast sá hundraðshluti fyrninga af stofnverðinu, sem um getur í 38. gr. laga nr. 75/1981, eftir því sem við á, fyrir hvert ár frá og með kaup- eða byggingarári til ársloka 1987. Samtala þessara fyrninga telst fengin heildarfyrning, en hún skal þó aldrei vera hærri en 90% af framreiknuðu stofnverði, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1981.

Mismunur fyrningargrunns, sbr. 2. mgr. þessa ákvæðis, og framreiknaðra fyrninga, sbr. 3. mgr., telst eftirstöðvar fyrningarverðs. Fyrningargrunnur og fengnar fyrningar breytast síðan árlega, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981.

Ríkisskattstjóri skal reikna verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem aðili skv. 1. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis hefur eignast á árunum 1973 til 1987. Stuðullinn reiknast í samræmi við ákvæði 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögum nr. 75/1981, sbr. 26. gr. sömu laga. Hafi skattaðili eignast fyrnanlegar eignir skv. 1., 3., 4. eða 5. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981 fyrir ársbyrjun 1973 skulu þær ekki endurmetnar samkvæmt þessu ákvæði. Þegar endurmetnar eru eignir skv. 2. tölul. greindrar 32. gr. sem verið hafa í eigu skattaðila í fimmtán ár eða lengur skal ríkisskattstjóri reikna stuðul til notkunar í því sambandi og skal hann hafa sömu viðmiðun og um getur í upphafi þessarar málsgreinar. Liggi byggingarvísitala ekki fyrir skal stuðullinn reiknaður eftir hliðstæðum upplýsingum og skal ríkisskattstjóri hafa samráð við Hagstofu Íslands við útreikninginn.

Endurmatsverð mannvirkja, sbr. 2. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981, er skattaðila heimilt að ákveða jafnt gildandi fasteignamati í árslok 1988 í stað framreiknaðs kostnaðarverðs (stofnverðs). Sé þessi heimild notuð myndar fasteignamatið nýjan fyrningargrunn. Sé fasteignamatið notað sem fyrningargrunnur samkvæmt þessari málsgrein reiknast ekki fyrningar skv. 3. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis fyrir liðinn tíma.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi má víkja frá skyldu til endurmats samkvæmt ákvæði þessu að því er varðar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981 og veitir ríkisskattstjóri heimild til slíkra frávíka.

Reglur þessa ákvæðis gilda einnig um endurmat ófyrnanlegra eigna eftir því sem við á.

Aðilar skv. 1. mgr. þessa ákvæðis, sem eiga eignir í ársbyrjun 1988 sem ber að endurmeta, skulu senda skattstjóra, eigi síðar en með skattframtali 1989, greinargerð um endurmatið í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Endurmatsbreyting samkvæmt þessu ákvæði telst ekki til tekna heldur færast í sérstakan reikning, endurmatsreikning, sem telst til eigin fjár.

II.

Við ákvörðun á söluhagnaði eigna, sem skattaðili skv. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I hefur eignast fyrir árið 1988, skal stofnverð þeirra framreiknað eftir sömu verðbreytingarstuðlum og með sama hætti og endurmetið er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I, eftir því sem við á. Eftir þann tíma gilda ákvæði 26. gr. laga nr. 75/1981 um beitingu verðbreytingarstuðuls. Sé um sölu á fyrnanlegum eignum að ræða fer á sama hátt um framreikning fyrninga umræddra eigna.

Pegar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981, sem aðili eignaðist fyrir ársbyrjun 1973, eru seldar skal framreikna stofnverð þeirra frá kaupári til söluárs með verðbreytingarstuðli kaupárs og telst söluhagnaður þá mismunur á söluverði og 10% af þannig framreiknuðu stofnverði.

Nú hefur ríkisskattstjóri veitt undanþágu frá endurmati eigna, sbr. 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, og telst þá söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári.

III.

Aðilar, sem skattskyldir verða samkvæmt lögum þessum, skulu reikna verðbreytingarfærslu skv. 53. gr. laga nr. 75/1981 í fyrsta sinn vegna ársins 1988 miðað við stöðu eigna og skulda í lok ársins 1987.

IV.

Við mat á eignum í ársbyrjun 1988 skulu skattskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum draga 1% frá samanlögðum útlánnum og veittum ábyrgðum í árslok 1987.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

L Ö G

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eigendur fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1989 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskylda hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, auk þess bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1988 á fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1988.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annars, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Með skattframtali 1989 skal fylgja skrá yfir eignir sem falla undir lög þessi ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð þeirra eða eftir atvikum kostnaðarverð í árslok 1988. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Aðilar, sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara en undanþegnir eru tekjuskatts- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1989 skila skráum skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 2,2% af skattstofni skv. 3. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt, sem ekki nær 4000 kr., skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts eftir því sem við á nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1988 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1989. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1989.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu 1988.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. 2. másl. 2. tölul. 3. mgr. orðist svo:

Sama á við um lán sem tekin eru erlendis vegna kaupa eða reksturs á kaupskipum og flugvélum sem notaðar eru í atvinnuskyni.

b. Orðin „eða lengingu á lánstíma“ í 3. tölul. 3. mgr. falli niður.

c. Við 3. mgr. bætist nýr tölul., 4. tölul., svohljóðandi:

Lán sem tekin eru vegna sérstakra aðgerða stjórnvalda í þágu útflutningsgreina. Sama á við um stofnlán til fyrirtækja sem hyggjast stunda endurvinnslu úrgangsefna til útflutnings eða sinna öðrum verkefnum á sviði umhverfisverndar.

2. gr.

Í stað orðanna „31. desember 1988“ í 4. mgr. 22. gr. laganna komi: 31. desember 1989.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 96/1987, um breytingu á lögum nr. 55
30. mars 1987, tollalögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III orðast svo:

Tollur á vörum í tollskrárnúmerum 2001.1000–2005.9000 skal lækka í 20% 1. janúar 1990, 10% 1. janúar 1991 og falla niður 1. janúar 1992.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

L Ö G

um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar sex menn í eiturefnanefnd til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Eru þeir skipaðir til sex ára í senn. Einn nefndarmanna skal vera eiturefnafræðingur (toxicolog), annar skal vera lyfjafræðingur (candidatus pharmaciae), þriðji skal vera efnafræðingur, fjórði skal vera efnaverkefnafræðingur, fimmti skal vera heilsufræðingur eða maður með heilsufræðilega þekkingu og sjötti skal vera sérfróður um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði, garðyrkju og til útrýmingar meindýra, tilnefndur af landbúnaðarráðuneyti. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna. Falli atkvæði jöfn í nefndinni ræður atkvæði formanns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

L Ö G

**um breytingu á lögum nr. 8/1988, um breytingu á lögum nr. 59/1983,
um heilbrigðisþjónustu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 8/1988 orðast svo:

Í Reykjavíkurlæknishéraði skal frestur þessi standa til ársloka 1989.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. desember 1988.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

L Ö G

**um breytingu á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda til 31. desember 1989.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. desember 1988.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum,
sbr. lög nr. 101/1987.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 57/1988.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. másl. 42. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði III. og VIII. kafla laganna skulu ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1990. Ákvæði þau um niðurfellingu laga, sem um er getið í 41. gr., koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1990 að því er varðar kostnaðarskiptingu og fjármál skólanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

um breytingu á lagaákvæðum og niðurfellingu laga vegna breytinga á skipan sveitarstjórnarmála samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Lög sem heyra undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

1. gr.

Um breytingu á **áfengislögum**, nr. 82/1969.

3. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Áður en vínveitingaleyfi er veitt skal leita umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar og er ráðherra óheimilt að veita slíkt leyfi ef sveitarstjórnin reynist leyfisveitingu mótfallin.

2. gr.

Um breytingu á **lögum um lögreglumenn**, nr. 56/1972.

Í stað orðsins „sýslunefndar“ í 1. mgr. 7. gr. laganna komi orðið „sýslumanns“.

3. gr.

Um breytingu á **lögum um lögreglumenn**, nr. 56/1972.

13. gr. laganna falli brott.

4. gr.

Um breytingu á **lögum um lögreglumenn**, nr. 56/1972.

1. og 3. mgr. 14. gr. laganna falli brott.

II. KAFLI

Lög sem heyra undir félagsmálaráðuneytið.

5. gr.

Um breytingu á **lögum um heimilishjálpi í viðlögum**, nr. 10/1952.

Orðin „og sýslunefndum“ í 1. mgr. 1. gr. laganna falli brott.

6. gr.

Um breytingu á **lögum um heimilishjálpi í viðlögum**, nr. 10/1952.

Orðin „eða sýslunefnd“ í 2. og 3. gr. og 1. og 2. másl. 4. gr. laganna falli brott. Jafnframt orðin „eða sýslunefndar“ í 3. gr. laganna.

7. gr.

Um breytingu á **lögum um Bjargráðasjóð**, nr. 51/1972.

13. gr. laganna orðist svo:

Séreignir sýslu- og bæjarfélaga við gildistöku laga þessara skulu vera í vörslu almennu deildar sjóðsins og ávaxtast í Lánasjóði sveitarfélaga.

III. KAFLI

Lög sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

8. gr.

Um breytingu á **berklavarnalögum**, nr. 66/1939.

1. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Nú þarf læknir að taka sér ferð á hendur vegna fyrirmæla laga þessara, og greiðir þá hlutaðeigandi sveitarsjóður ferðakostnaðinn, en ríkissjóður endurgreiðir helminginn.

9. gr.

Um breytingu á **lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki**, nr. 7/1953.

1. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða með samþykkt, er heilbrigðismálaráðuneytið staðfestir, að takmarka eða banna hundahald í sveitarfélaginu.

10. gr.

Um breytingu á **lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki**, nr. 7/1953.

2. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Skatturinn rennur í sveitarsjóð.

11. gr.

Um breytingu á **lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki**, nr. 7/1953.

5. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórnir skulu sjá um hreinsun hunda til útrýmingar bandormum, hver í sínu umdæmi. Kostnaður greiðist úr sveitarsjóði.

12. gr.

Um breytingu á **lögum um Brunabótafélag Íslands**, nr. 9/1955.

5. gr. laganna orðist svo:

Félagið skiptist í deildir og er hvert sveitarfélag sérstök deild í félaginu. Ári eftir hverjar reglulegar sveitarstjórnarkosningar skal hver kaupstaður eða bær utan Reykjavíkur og allar héraðsnefndir í landinu, samkvæmt lögum nr. 8/1986, sem gert hafa samning um fasteignatryggingar hjá félaginu, tilnefna einn mann hvert og annan til vara í fulltrúaráð fyrir félagið. Réttur til tilnefningar í fulltrúaráð og þátttöku í starfsemi þess fellur niður, er kaupstaður, bær eða öll sveitarfélög í héraðsnefnd hafa sagt upp tryggingum hjá félaginu. Atkvæðisréttur manns á fundi í héraðsnefnd við tilnefningu í fulltrúaráð er við það bundinn að sveitarfélag það, sem hann er fulltrúi fyrir, hafi ekki sagt upp tryggingum hjá félaginu.

13. gr.

Um breytingu á **lögum um Brunabótafélag Íslands**, nr. 9/1955.

1. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Brunabótafélagið kallar fulltrúaráðið saman til aðalfundar fjórða hvert ár, næsta ár á eftir reglulegum sveitarstjórnarkosningum. Fulltrúaráð skal auk þess kallað saman til aukafunda hvenær sem framkvæmdastjórn ákveður og ætíð ef eigi færri en $\frac{1}{3}$ fulltrúaráðsmanna óskar þess.

14. gr.

Um breytingu á **farsóttalögum**, nr. 10/1958.

2. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Nú óskar sveitarstjórn að afkvía sveitarfélagið eða hluta þess, til þess að ekki berist þangað hættuleg farsótt, og getur þá ráðherra, ef gild ástæða þykir til, heimilað afkvíunina og falið hlutaðeigandi lögreglustjóra framkvæmdirnar í samráði við hlutaðeigandi lækni. Kostnaður af slíkri afkvíun greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

15. gr.

Um breytingu á **farsóttalögum**, nr. 10/1958.

Orðin „eða sýslusjóði“ í 1. mgr. 16. gr. laganna falli brott.

IV. KAFLI

Lög sem heyra undir iðnaðarráðuneytið.

16. gr.

Um breytingu á **vatnalögum**, nr. 15/1923.

3. tölul. 28. gr. laganna orðist svo: Þá er hreppsnefnd hefir löglega samþykkt að koma upp vatnsveitu samkvæmt 1. og 2. lið, skal senda samþykktina ásamt öllum þeim gögnum, sem í sömu liðum segir, ráðherra til staðfestingar. Þegar fengin er staðfesting hans á samþykktina getur hreppsnefnd látið framkvæma verkið.

17. gr.

Um breytingu á **vatnalögum**, nr. 15/1923.

2. tölul. 46. gr. laganna orðist svo:

Nú telur stjórn áveitufélags eða landþurrkunar- og áveitufélags nauðsynlegt að taka lán til stofnkostnaðar samáveitu og er þá hlutaðeigandi sveitarstjórn heimilt að ábyrgjast lán þetta.

18. gr.

Um breytingu á **vatnalögum**, nr. 15/1923.

2. tölul. 91. gr. laganna orðist svo:

Þá er hreppsnefnd hefir samþykkt að leggja holræsi skv. 1. lið skal senda samþykktina ásamt þeim gögnum, sem í sama lið greinir, ráðherra til staðfestingar. Þegar fengin er staðfesting hans á samþykktina getur hreppsnefnd látið framkvæma verkið.

19. gr.

Um breytingu á **lögum um Hitaveitu Suðurnesja**, nr. 100/1974.

14. gr. laganna orðist svo:

Um skyldu Hitaveitu Suðurnesja til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóða fer á sama hátt sem um skyldu sveitarfélaga er slíkan rekstur hafa með höndum. Hitaveita Suðurnesja skal undanþegin stimpilgjöldum.

20. gr.

Um breytingu á **lögum um raforkuver**, nr. 60/1981.

4. gr. laganna orðist svo:

Virkjunar- og rekstraraðili skv. 1. gr. er undanþeginn tekjuskatti, stimpilgjöldum, útsvari, aðstöðugjaldi og öðrum gjöldum til ríkis og sveitarfélaga að því er varðar framkvæmdir skv. 1. gr. Þó skal greiða sveitarfélögum þau gjöld sem rekstraraðila er gert að greiða vegna húseigna samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

21. gr.

Um breytingu á **lögum um Landsvirkjun**, nr. 42/1983.

16. gr. laganna orðist svo:

Landsvirkjun er undanþegin tekjuskatti, eignarskatti, stimpilgjöldum vegna lána sem fyrirtækið tekur eða vegna eignaafsala til fyrirtækisins, útsvari, aðstöðugjaldi svo og öðrum gjöldum til sveitarfélaga. Þó skal Landsvirkjun greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af húseignum Landsvirkjunar samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

22. gr.

Um breytingu á **lögum um Landsvirkjun**, nr. 42/1983.

17. gr. laganna orðist svo:

Sveitarfélögum, samtökum þeirra og sameignarfélögum þeirra er heimilt að gerast eignaraðilar að Landsvirkjun með þessum skilyrðum.

V. KAFLI

Lög sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið.

23. gr.

Um breytingu á **lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra**, nr. 23/1956.

Síðasti másl. 3. mgr. 7. gr. laganna orðist svo: Nægi það eigi greiðir ríkissjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður það sem til vantar að hálfu hvor.

24. gr.

Um breytingu á **lögum um eyðingu refa og minka**, nr. 52/1957.

1. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Stjórnir sveitarfélaga eða aðrir sem annast eyðingu refa og minka samkvæmt lögum þessum skulu ár hvert gera sundurliðað reikningsyfirlit um kostnað við starfsemi þessa. Skulu reikningar lagðir fyrir sýslumann til úrskurðar. Nú úrskurðar sýslumaður reikninga rétta og hóflega og endurgreiðir þá ríkissjóður sveitarfélögum $\frac{3}{4}$ hluta útlagðs kostnaðar við framkvæmd laga þessara.

25. gr.

Um breytingu á **girðingarlögum**, nr. 10/1965.

Upphaf 8. gr. laganna orðist svo:

Nú vilja sveitarfélög, eitt eða fleiri, girða af sitt afréttarland, en fá ekki samþykki aðliggjandi hreppa, og skal þá sýslumaður, áður en tekur til ákvæða 5., 6. og 7. gr. um þau atriði, fella úrskurð um hvort fyrirhuguð girðing skuli heyra undir ákvæði ofan nefndra lagagreina. Skal úrskurður sýslumanns reistur á þrem eftirtöldum atriðum . . .

26. gr.

Um breytingu á **girðingarlögum**, nr. 10/1965.

9. gr. laganna orðist svo:

Nú er afréttargirðing úrskurðuð hæf af sýslumanni samkvæmt næstu grein hér á undan, og skulu þá þau sveitarfélög, sem samliggjandi afréttir eiga þeim megin sem þátttaka var úrskurðuð, vera þátttakendur í úrskurðuðum kostnaði hvort sem afréttarlönd þeirra liggja að hinu afgirta landi eða ekki ef búfé frá þeim hefur síðastliðin fimm ár, áður en girt var, komið fram í fjallskilum að hausti á hinu afgirta landi. Skal tala þessa búfjár vera skiptingarundvöllur.

27. gr.

Um breytingu á **girðingarlögum**, nr. 10/1965.

19. gr. laganna falli brott.

28. gr.

Um breytingu á **lögum um landgræðslu**, nr. 17/1965.

19. gr. laganna orðist svo:

Í hverri sýslu, kaupstað og bæ skal starfa þriggja manna gróðurverndarnefnd. Héraðsnefndir og bæjarstjórnir kjósa nefndirnar til fjögurra ára í senn. Í sýslum skal áður

leitað tillagna viðkomandi búnaðarsambands. Nefndin kýs sér formann. Funda- og ferða-
kostnaður svo og þóknun fyrir unnin störf gróðurverndarnefndar greiðist af fé Landgræðslu
ríkisins að $\frac{2}{3}$ hlutum og viðkomandi héraðssjóði eða bæjarsjóði að $\frac{1}{3}$ hluta.

29. gr.

Um breytingu á **lögum um eyðingu svartbaks**, nr. 50/1965.

Í 12. gr. laganna komi orðið „félagsmálaráðuneytisins“ í stað orðsins „sýslusjóðs“.

30. gr.

Um breytingu á **lögum um eyðingu svartbaks**, nr. 50/1965.

14. gr. laganna orðist svo:

Þau sveitarfélög, sem samkvæmt lögum þessum greiða verðlaun fyrir unna svartbaka,
skulu gera árlegt reikningsyfirlit um þau gjöld. Yfirlitin skulu síðan send félagsmálaráðu-
neytinu sem annast innheimtu á hluta ríkissjóðs, $\frac{2}{3}$.

31. gr.

Um breytingu á **lögum um lax- og silungsveiði**, nr. 76/1970.

6. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Rétt er ráðherra að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum og
um tiltekinn tíma enda æski veiðinotendur eða veiðifélag slíkrar friðunar og hlutaðeigandi
sveitarstjórn eða -stjórnir mæli með henni.

32. gr.

Um breytingu á **lögum um lax- og silungsveiði**, nr. 76/1970.

1. mgr. 90. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra ákveður kaup eftirlitsmanna að fengnum tillögum veiðimálastjóra. Greiðist
það að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu af veiðieigendum í hlutfalli við veiði þeirra næstliðið ár.
Sýslumaður jafnar gjaldinu niður og innheimtir það af veiðieigendum. Má taka gjaldið
lögteki.

33. gr.

Um breytingu á **lögum um lax- og silungsveiði**, nr. 76/1970.

2. mgr. 95. gr. laganna orðist svo:

Matsmenn skv. 1. mgr. skulu leita umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar.
Skadabætur greiðast að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr hlutaðeigandi sveitarsjóði eða
-sjóðum.

34. gr.

Um breytingu á **lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og
byggingar í sveitum**, nr. 45/1971.

2. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Tryggingar þær, sem taldar eru undir 1. tölul., skulu fullgildar einar saman ef um er að
ræða lán til jarðakaupa, ræktunar eða byggingar íbúðarhúsa, peningshúsa og geymsluhúsa á
lögbylum, en ef um er að ræða lán til verksmiðja, véla, gróðurhúsa og bústofnsauka skulu
þau veð, sem látin eru til tryggingar skv. 2.–4. tölul., styrkt með fasteignaveði eða einfaldri
ábyrgð sveitarfélags ef nauðsynlegt þykir.

35. gr.

Um breytingu á **búfjárræktarlögum**, nr. 31/1973.

38. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er sveitarstjórn að ákveða að öllum hrossaeigendum í sveitarfélaginu sé skylt að hafa hross sín í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta þess nema að því leyti sem leyfilegt er að hafa stóðhross í sameiginlegum afrétti.

36. gr.

Um breytingu á **ábúðarlögum**, nr. 64/1976.

1. másl. 2. mgr. 44. gr. laganna orðist svo: Sýslumaður skipar tvo menn í nefndina til sex ára og varamenn til sama tíma.

37. gr.

Um breytingu á **jarðalögum**, nr. 65/1976.

Í 4., 11. og 19. gr. laganna komi orðið „héraðsnefnd“ í stað orðsins „sýslunefnd“.

38. gr.

Um breytingu á **jarðalögum**, nr. 65/1976.

20. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við störf jarðanefndar greiðist að hálfu af viðkomandi sveitarsjóðum og bún- aðarsambandi og að hálfu af ríkissjóði.

39. gr.

Um breytingu á **lögum um sauðfjárbaðanir**, nr. 22/1977.

1. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er landbúnaðarráðherra, að fengnum umsóknum sýslumanns, að veita undanþágu frá böðunarskyldu um ótiltekinn tíma í tilteknum fjárskiptahólfum og öðrum einangruðum svæðum þar sem rækilega hefur verið framfylgt lögum og reglum um böðun og óþrifa þá ekki orðið vart, enda mæli yfirdýralæknir og hlutadeigandi héraðsdýralæknar með því að undanþága sé veitt. Umsóknum skulu fylgja vottorð héraðsráðunauta í sauðfjárrækt og garnaveikisbólusetningarmanna, gærumatsmanna og heilbrigðiseftirlitsmanna í sláturhúsum á svæðinu um að þeir hafi ekki í starfi sínu orðið varir við kláða eða önnur óþrif í sauðfé og geitfé í hólfinu síðastliðin fjögur ár eða lengur.

40. gr.

Um breytingu á **lögum um sauðfjárbaðanir**, nr. 22/1977.

2. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Annars staðar skipar landbúnaðarráðherra eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum, einn í hverri sýslu eða hluta úr sýslu eða bæjarfélagi, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og héraðsnefnda eða bæjarstjórnar.

Í 5. mgr. 6. gr. laganna komi orðið „héraðssjóði“ í stað orðsins „sýslusjóði“.

41. gr.

Um breytingu á **lögum um dýralækna**, nr. 77/1981.

16. gr. laganna orðist svo:

Meðan eigi fást dýralæknar í öll hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi er sveitarfélögum heimilt að semja við menn þar búsetta, sem ekki eru dýralæknar að menntun en hlotið hafa tilsögn dýralæknis og reyndir eru að sérstakri hæfni til að hjálpa sjúkum búpeningi, að annast dýralæknastörf innan umdæmisins eftir því sem geta þeirra og kunnáttu leyfir, önnur en

þau sem um getur í 7., 8. og 9. gr., enda komi til samþykki landbúnaðarráðherra og meðmæli yfirdýralæknis. Sveitarfélög njóta styrks til að greiða mönnum sem ráðnir eru á þennan hátt. Þá skal styrkur sá, sem greiddur er í hvert umdæmi, sem er án dýralæknis, ekki nema hærri upphæð en $\frac{2}{3}$ þeirra launa sem héraðsdýralækni væru greidd samkvæmt launalögum. Styrkur þessi fellur niður þegar dýralæknir fæst í embættið.

42. gr.

Um breytingu á **lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.**, nr. 6/1986.

Í 1., 2., 3., 5., 6., 19., 20., 21., 48. og 55. gr. laganna komi orðið „héraðsnefnd“ í stað orðsins „sýslunefnd“. Jafnframt komi orðið „héraðsnefndir“ í stað orðsins „sýslunefndir“ í 18. gr. laganna og orðið „héraðsnefndar“ í stað orðsins „sýslunefndar“ í 3. másl. 48. gr. laganna.

43. gr.

Um breytingu á **lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.**, nr. 6/1986.

Í 9. og 45. gr. laganna komi orðið „sýslumanns“ í stað orðsins „sýslunefndar“.

44. gr.

Lög um samþykktir til að friða skóg og mel, nr. 11/1894, falli niður.

45. gr.

Lög um samþykktir um heyforðabúr, nr. 44/1911, falli niður.

46. gr.

Lög um samþykktir um mótak, nr. 23/1912, falli niður.

47. gr.

Lög um mælingar á túnnum og matjurtagörðum, nr. 58/1915, falli niður.

48. gr.

Lög um samþykktir um kornforðabúr til skepnufóðurs, nr. 73/1917, falli niður.

49. gr.

Lög um löggiltar reglugerðir sýslunefnda um eyðing refa o.fl., nr. 48/1919, falli niður.

50. gr.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán til að koma upp frystihúsum á kjötútflutningshöfnum, nr. 52/1932, falli niður.

51. gr.

Lög um samþykktir um mat á heyi til sölu, nr. 21/1933, falli niður.

52. gr.

Lög um gelding húsdýra, nr. 123/1935, 1.-5. gr. falli niður. Í stað þeirra komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Sérstakir geldingamenn, er skipaðir hafa verið samkvæmt lögum þessum, skulu starfa áfram á grundvelli skipunarbréfa sem sýslunefndir hafa sett þeim.

53. gr.

Lög um fóðurtryggingarsjóði, nr. 80/1936 falli niður.

VI. KAFLI

Lög sem heyra undir menntamálaráðuneytið.

54. gr.

Um breytingu á **lögum um bæjarnöfn**, nr. 35/1953.

Í stað orðsins „sýslufélagi“ í 5. gr. laganna komi orðið „héraði“ og í stað orðsins „sýslufélaginu“ komi orðið „héraðinu“.

55. gr.

Um breytingu á **lögum um bæjarnöfn**, nr. 35/1953.

Í stað orðsins „sýslunefnd“ í 7. gr. laganna komi orðið „sveitarstjórn“.

56. gr.

Um breytingu á **íþróttalögum**, nr. 49/1956.

Í stað orðanna „bæjar-, sveitar- og sýslufélögum“ í 23. gr. laganna komi orðið „sveitarfélögum“.

57. gr.

Um breytingu á **lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun**, nr. 33/1966.

Í stað orðsins „sýslunefndum“ í 15. gr. laganna komi orðið „sveitarstjórnnum“ og í stað orðsins „héraði“ í sömu grein komi orðið „sveitarfélagi“.

58. gr.

Um breytingu á **lögum um fuglafriðun og fuglaveiðar**, nr. 33/1966.

Í stað orðsins „sýslunefnd“ í 1. og 2. mgr. 16. gr. laganna komi orðið „sveitarstjórn“ og í stað orðsins „sýslumaður“ í 2. mgr. sömu greinar komi orðin „oddviti eða bæjarstjóri“.

59. gr.

Um breytingu á **lögum um fuglafriðun og fuglaveiðar**, nr. 33/1966.

18. gr. laganna falli brott.

60. gr.

Um breytingu á **lögum um iðnfræðslu**, nr. 68/1966.

Í stað orðanna „bæjarstjórna og sýslunefnda“ í 16. gr. laganna komi orðið „sveitarstjórna“ og í stað orðanna „bæjarstjórnir eða sýslunefndir“ komi orðið „sveitarstjórnir“.

61. gr.

Um breytingu á **þjóðminjalögum**, nr. 52/1969.

Orðin „(bæjarfélög, sýslufélög, hreppar)“ í 1. mgr. 42. gr. laganna falli niður.

62. gr.

Um breytingu á **lögum um náttúruvernd**, nr. 47/1971.

1. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Í hverri sýslu, kaupstað og bæ skal starfa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Héraðsnefndir og bæjarstjórnir ákveða fjölda nefndarmanna og kjósa þá til fjögurra ára í senn og ákveða formann. Varamenn skulu kosnir jafnmargir til sama tíma.

63. gr.

Um breytingu á **lögum um almenningsbókasöfn**, nr. 50/1976.

Í stað orðsins „sýslusjóður“ í b- og c-lið 8. gr. laganna komi orðið „sveitarsjóður“.

64. gr.

Um breytingu á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985.

Í stað orðanna „sýslunefndum og bæjarstjórnnum“ í 12. gr. laganna komi orðið „sveitarstjórnnum“ og í stað orðanna „eina sýslu eða kaupstað“ komi orðin „eitt sveitarfélag“.

65. gr.

Lög um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum, nr. 28/1936, falli niður.

VII. KAFLI

Lög sem heyra undir samgönguráðuneytið.

66. gr.

Um breytingu á lögum um leigubifreiðar, nr. 36/1970.

Í stað orðanna „sýslunefnd“, „sýslunefndar“ og „sýslunefndunum“ í 1., 3. og 5. gr. laganna komin orðin „héraðsnefnd“, „héraðsnefndar“ og „héraðsnefndinni eða -nefndunum“. Jafnframt komi orðin „héraðsnefnd eða -nefnda“ í stað orðsins „sýslunefnda“ í 2., 4. og 6. gr. laganna og orðin „héraðsnefnd eða -nefndir“ í stað orðsins „sýslunefndir“ í 7. gr. þeirra.

67. gr.

Um breytingu á vegalögum, nr. 6/1977.

Í stað orðsins „sýslunefndum“ í 1. mgr. 9. gr. laganna komi orðin „héraðsnefndum eða sérstökum byggðasamlögum sem stofnuð verða (vegasamlögum)“. Jafnframt komi orðin „héraðsnefndir eða stjórnir vegasamlaga“ í stað orðsins „sýslunefndir“ í 17., 19. og 48. gr. laganna, orðin „héraðsnefnd eða stjórn vegasamlags“ í stað orðsins „sýslunefnd“ í 17., 19., 48., 49. og 66. gr. laganna og loks orðin „héraðsnefndar eða stjórnar vegasamlags“ í stað orðsins „sýslunefndar“ í 25. gr. þeirra.

68. gr.

Um breytingu á hafnalögum, nr. 69/1984.

8. gr. laganna orðist svo:

Eigendur hafna samkvæmt lögum þessum eru sveitarfélög, eitt eða fleiri.

69. gr.

Um breytingu á hafnalögum, nr. 69/1984.

Í 25. gr. laganna falli brott orðin „eða sýslufélag“.

70. gr.

Lög um samþykktir um akfæra sýslu- og hreppavegi, nr. 38/1919, falli niður.

VIII. KAFLI

Lög sem heyra undir sjávarútvegsráðuneytið.

71. gr.

Lög um samþykktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi, nr. 54/1913, falli niður.

72. gr.

Lög um fiskveiðasamþykktir og lendingasjóði, nr. 86/1917, falli niður.

IX. KAFLI

Lög sem heyra undir viðskiptaráðuneytið.

73. gr.

Um breytingu á lögum um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík, nr. 1/1900.

Í stað orðanna „sýslunefndir“ og „sýslufélaginu“ í 8. gr. laganna komi orðin „sveitarstjórn“ og „sveitarfélaginu“.

74. gr.

Um breytingu á lögum um samvinnufélög, nr. 46/1937.

Í stað orðanna „héraðsstjórnar“ í 9. tölul. 3. gr. laganna komi orðið „sveitarstjórnar“ og í stað orðanna „sýslunefndar eða bæjarstjórnar“ komi orðið „sveitarstjórnar“. Jafnframt komi orðið „viðskiptaráðherra“ í stað orðsins „atvinnumálaráðherra“.

75. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gróðurverndarnefndir samkvæmt lögum nr. 17/1965 og náttúruverndarnefndir samkvæmt lögum nr. 47/1971, sem kosnar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, skulu halda umboði sínu þar til næstu reglulegu sveitarstjórnarkosningar fara fram. Tilnefning fulltrúa í fulltrúaráð fyrir Brunabótafélag Íslands samkvæmt ákvæðum í lögum þessum skal fyrst fara fram ári eftir næstu reglulegu sveitarstjórnarkosningar.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

L Ö G

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 91. gr. laganna orðast svo:

Sá sem fengið hefur úthlutað félagslegri kaupleiguíbúð getur valið um leigu með kauprétti, sbr. 92. gr., leigu með kaupum á eignarhlut í íbúð, sbr. 93. gr., eða kaup, sbr. 95. gr.

2. gr.

6. og 7. mgr. 92. gr. laganna falli brott.

3. gr.

Á eftir 92. gr. laganna kemur ný grein, 93. gr., er orðast svo:

Heimilt er að tryggja leigutaka ótímabundinn afnotarétt af íbúð með því að selja honum eignarhlut í íbúð fyrir 15% kostnaðarverðs eða kaupverðs íbúðar með þeim kvöðum að eignarhlutur hans standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni.

Frá og með undirritun samnings um kaup leigutaka á eignarhlut í íbúð, sbr. 1. mgr., eiga ákvæði laga um húsaleigusamninga um uppsögn leigusala á húsnæði ekki við, enda verði ekki um meiri háttar vanefndir af hálfu leigutaka að ræða.

Eignarhlut leigutaka, sbr. 1. mgr., skal þinglýst sem kvöð á íbúðinni.

Réttur leigutaka til íbúðar samkvæmt þessari grein er persónulegur, þ.e. er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Hætti leigutaki afnotum af íbúð skal eignarhlutinn endurgreiddur með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu, án vaxta. Framkvæmdaaðili getur þó heimilað að réttur til afnota af íbúð með eignarhlut færist yfir til maka við andlát leigutaka, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi.

4. gr.

Á eftir 92. gr. laganna kemur enn ný grein, 94. gr., en töluröð annarra greina breytist samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Leigugjald af íbúðum skv. 92. og 93. gr. miðast við afborganir og vexti af láni Byggingarsjóðs verkamanna og vaxtakostnað af framlagi framkvæmdaaðila að viðbættum almennum rekstrarkostnaði. Við ákvörðun á vaxtakostnaði af framlagi framkvæmdaaðila skal við það miðað að vextir verði að hámarki þeir sömu og eru á hverjum tíma af lánnum nýrra eða notaðra íbúða hjá Byggingarsjóði ríkisins. Leiga greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Nánari reglur um ákvörðun húsaleigu skulu settar í reglugerð.

Varðandi íbúðir sem um getur í 93. gr. skal þó taka tillit til eftirfarandi þátta:

Leigutaki ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi húsnæðisins í samræmi við eignarhlut sinn enda lækki leigugjald sem því nemi.

Eftir að kaup á eignarhlut í íbúð samkvæmt þeirri grein hafa farið fram lækkar leigugjald sem nemur vöxtum af því framlagi sem leigutaki hefur fest kaup á.

Nánari ákvæði um félagsskap í tengslum við reksturinn má setja í reglugerð.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 44/1979, um húsaleigusamninga, eftir því sem við á, m.a. um heimild framkvæmdaaðila til að rifta leigusamningi ef íbúð er framleigð án heimildar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

48. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, en skattheimta samkvæmt þeim kemur eigi til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1990. Frá þeim tíma falla úr gildi lög nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum. Ákvæði þeirra laga skulu þó gilda um söluskatt af sölu til og með 31. desember 1989.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á bráðabirgðaákvæðum laganna:

- a. Í stað orðanna „30. júní 1989“ í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I kemur: 31. desember 1989.
- b. Í stað orðanna „30. apríl 1989“ í ákvæði til bráðabirgða II kemur: 31. október 1989.
- c. Í stað ártalsins „1989“ í ákvæði til bráðabirgða III kemur: 1990.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

L Ö G

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Abendroth, Monika, hörpuleikari á Seltjarnarnesi, f. 14. júní 1944 í Þýskalandi.
2. Amble, Olil, tamningamaður, Stangarholti Mýrasýslu, f. 29. júlí 1963 í Noregi.
3. Behrend, Marie Elisabeth Undall, húsmóðir í Eyjafirði, f. 8. nóvember 1945 í Eyjafirði.
4. Brandt, Martha Dís, nemi á Húsavík, f. 3. október 1969 í Reykjavík.
5. Bryde, Leif Kordtsen, varðstjóri í Hafnarfirði, f. 30. apríl 1940 í Árnassýslu.
6. Bryde, Stefán Kordtsen, sjómaður í Hafnarfirði, f. 4. nóvember 1963 í Reykjavík.
7. Canete, Adoracion, húsmóðir í Reykjavík, f. 27. október 1958 á Filippseyjum.

8. Cooke, Rose Joan, húsmóðir á Akureyri, f. 6. september 1922 í Englandi.
9. Courageux, Jean Yves, sölumaður í Reykjavík, f. 5. desember 1954 í Senegal.
10. Datye, Shreekrishna Shantaram, læknir á Akureyri, f. 8. júní 1950 á Indlandi.
11. Davidson, Janet Shelagh, húsmóðir í Reykjavík, f. 27. júlí 1933 í Skotlandi.
12. Gallagher, Elísabet, barn í Keflavík, f. 12. maí 1975 í Reykjavík.
13. Gallagher, Kristinn Jósep, nemi í Keflavík, f. 3. janúar 1974 í Reykjavík.
14. Gallagher, Kristín Valgerður, barn í Keflavík, f. 12. september 1978 í Reykjavík.
15. Halla Sigurðardóttir, verkakona á Neskaupstað, f. 17. febrúar 1926 á Neskaupstað.
16. Hammer, Bjarni Debess, vélvirki í Eyjafirði, f. 18. ágúst 1944 í Færeyjum.
17. Joensen, Vignir Demusson, nemandi í Keflavík, f. 21. ágúst 1960 í Reykjavík.
18. Kjartan Már Sveinsson, bréffberi í Reykjavík, f. 26. ágúst 1957 í Reykjavík.
19. Kokholm, Anne-Mette Stokvad, nemandi í Reykjavík, f. 28. maí 1949 í Danmörku.
20. Letelier, Jaime Enrique Morales, vélvirki á Akureyri, f. 24. október 1951 í Chile.
21. Loknar, Marija, iðnverkakona á Akureyri, f. 29. apríl 1932 í Júgóslavíu.
22. Luchoro, Cristina Antonia, nemandi í Reykjavík, f. 14. júlí 1975 í Reykjavík.
23. Melsen, Herluf, bifvélavirki í Kópavogi, f. 10. maí 1951 í Danmörku.
24. Middleton, Garðar Thor, nemandi í Garðakaupstað, f. 6. nóvember 1958 á Caymaneyjum.
25. Nardeau, Martial Lucien Robert, tónlistarmaður í Kópavogi, f. 5. ágúst 1957 í Frakklandi.
26. Nielsen, Jens Hvidtfeldt, sóknarprestur í Hjarðarholti, f. 13. janúar 1954 í Danmörku.
27. Pajdak, Lech, verkfræðingur í Kópavogi, f. 10. maí 1957 í Póllandi.
28. Robelo, Carolina Eugenia Ruiz, nemandi á Eskifirði, f. 9. nóvember 1966 í Nikaragva.
29. Roberts, Geoffrey Sidney, lyftuviðgerðarmaður í Mosfellsbæ, f. 16. júlí 1951 í Englandi.
30. Rowney, Angela, kerfisfræðingur í Reykjavík, f. 22. janúar 1950 í Englandi.
31. Semlali, Ómar Örn, barn í Garðakaupstað, f. 29. júlí 1981 í Danmörku.
32. Solheim, Wilhelm Jónsson, ellilífeyrisþegi á Akureyri, f. 18. september 1913 á Ísafirði.
33. Thompson, Íris Edda, nemandi á Þingeyri, f. 14. október 1972 í Bandaríkjunum.
34. Thompson, Sonja Elín, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 22. maí 1962 í Bandaríkjunum.
35. Vadeboncoeur, Michelle, hlaðfreyja í Reykjavík, f. 20. júlí 1968 í Bandaríkjunum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafröfn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kys heldur, að breyta svo eiginnafröfn sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

